**allt**

SVARTIR KJÓLAR

*Bráðnauðsynlegir fyrir jólaboðin*

tíska • heimili • heilsa • jól

Í MIÐJU BLAÐSINS



STEFÁN MÁNI ER ÓSÁTTUR

*Sakar Eddu um að vilja ekki auglýsa Túrista*

Forlagið segir málið eiga sér sínar eðlilegu skýringar

FÓLK 70









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. desember 2005 — 339. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Elskar einfaldan mat



Hlynur Sigurðsson er mikið fyrir að grilla, einkum ef hann hefur kaldan bjór við höndina. Hann gefur uppskrift að girnilegum kjúklingarétti.

MATUR 54

### Er fátækt ólæknandi?



Þorvaldur Gylfason segir fátækustu lönd heims standa við stiga sem hangir yfir höfðum þeirra en þau ná ekki upp í og sökkva dýpra.

Í DAG 34

### Kristín Rós og Jón Oddur best



Kristín Rós Hákonardóttir og Jón Oddur Halldórsson voru í gær útnefnd íþróttamenn ársins í röðum fatlaðra en bæði eru þau í heimsklassa í sinni íþróttagrein.

ÍÞRÓTTIR 62

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGT KÓLNANDI Á LANDINU.** Skýjað og yfirleitt úrkomulítið, síst þó allra syðst. Hætt við stöku éljum úti við norðurströndina. Hiti 0-5 stig í dag en frystir víða með kvöldinu.

VEÐUR 4

# Heimabankaþjófar nýttu sér þráðlaus netsambönd

**Lögreglan í Reykjavík hefur rakið nokkrar færslur í heimabankaráninu til tölva í eigu einstaklinga sem talið er að séu saklausir. Rennir þetta stoðum undir grun um að tölvuþrjótar hafi brotist inn í viðkomandi tölvur, sem voru með þráðlausar nettengingar, og notað þær með þessum hætti.**

**LÖGREGLA** Rökstuddur grunur leikur á að þjófur eða þjófar í heimabankamálinu svokallaða hafi nýtt sér tölvubúnað hjá saklausu fólki til að færa þýfið inn á tvo bankareikninga sem það fannst á. Lögreglan í Reykjavík hefur rakið nokkrar færslur í þjófnaðarmálunum til innlendra IP-talna, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér.

Millifærslurnar af reikningunum voru framkvæmdar með þessum IP-tölum, sem skráðar voru á nokkra einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan telur ekki minnstu ástæðu til að gruna þá um aðild að þjófnaðinum eftir rannsókn málsins.

Hún leiddi það hins vegar í ljós að allir þessir einstaklingar áttu eitt sameiginlegt. Þeir notuðu allir tölvur tengdar við þráðlausan „router“ eða beini inn á netið. Beinir er tæki sem tölvur tengjast þráðlausri tengingu.

Maður á þrítugsaldri, sem sat í gæsluvarðhaldi um skeið vegna gruns um aðild að þjófnaðarmálunum fjórum, þar sem ríflega tveimur milljónum króna var stolið úr heimabönkum einstaklinga, játaði að hafa tekið við peningunum, tekið þá út í reiðufé og ráðstafað þeim til annarra. Hann hefur ekki viljað gefa upp hverjir það voru.

Rannsókn lögreglunnar hefur því meðal annars beinst að því að finna þann eða þá sem létu hann hafa peningana og þá sem við þeim tóku. Reikningarnir sem fjárhæðirnar fóru inn á voru í eigu mannsins. Ekki hefur reynst unnt, enn sem komið er, að rekja hver eða hverjir stóðu að færslum úr heimabönkunum til hans.

Lögreglan hefur áður fengist við mál þar sem eigandi þráðlauss netaðgangs taldi að einhver óviðkomandi hefði nýtt sér aðgang hans í heimildarleysi, farið inn á netið og hlaðið niður miklu magni af efni erlendis frá. Eigandinn fékk svo himinháan reikning, sem engan veginn fékk staðist miðað við afnot hans af netinu. Misnotkun af þessu tagi á sér stað með þeim hætti að forrit í stýribúnaði fartölva er útbúið á þann hátt að það leitar uppi þráðlaust netsamband tölva í nágrenninu. Þess vegna geta tölvuþrjótar lagt fyrir utan heimili fólks og látið tölvur sínar leita uppi tölvur með þráðlausum beinum og hlaðið niður efni í gríð og erg inn á eigin tölvur. Efnið fer í gegnum tölvur fórnarlambanna og heimsóknirnar eru raktar til þeirra. Tölvuþrjótarnir geta þannig athafnað sig með ýmsum hætti í gegnum tölvur með þráðlausri nettengingu, líkt og með færslum sem tengjast fjársvikamálum eins og heimabankamálinu. Þegar farið er að rekja færslurnar fellur grunur á saklausa einstaklinga, af því að þrjótarnir hafa misnotað tölvurnar þeirra.

Lögreglan telur ástæðu til að vekja athygli tölvueigenda sem nota þráðlausar gáttir á því að þeir gangi úr skugga um að þær séu læstar. Þar með er útilokað að óviðkomandi geti misnotað þær með ofangreindum hætti. **- jss**



**SVEINKI SKEMMTIR KRÖKKUNUM** Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu í Reykjavík er mikið fjör klukkan ellefu á hverjum morgni dagana fyrir jól. Þá mæta þeir einn af öðrum íslensku jólasveinarnir og uppfræða gestina sem safnið sækja heim um sögu sína og siði. Eins og sjá má hér að ofan gengur það ekki alltaf átakalaust fyrir sig, en þarna geiflar sig Giljagaur og gleður með því börnin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Málarekstur á hendur 365:

## Banni hafnað í héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær lögbanni sem Sýslumaðurinn í Reykjavík setti í haust á birtingu og umfjöllun um tiltekin mál í Fréttablaðinu. Bannið var sett á að beiðni Jónínu Benediktsdóttur.

Dómurinn telur Fréttablaðið hafa haldið sig innan þess ramma sem tjáningarfrelsinu er settur með lögum.

Lögbannið heldur þó gildi sínu áfram þar sem eftir uppkvaðningu tekur við þriggja vikna áfrýjunarfrestur. Áfrýjun til Hæstaréttar frestar svo réttaráhrifum dómsins fram yfir dóm æðra dómstigsins.

Lögmaður Jónínu hefur þegar lýst því yfir að málinu verði áfrýjað og gildir því lögbannið fram á vor.

Sjá síðu 18 / **-óká**

Ráðherrar biðja sameiginlega um úttekt á fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs:

## Spurt hvort reyni á ríkisábyrgð

**STJÓRNMÁL** Siv Friðleifsdóttir, formaður félagsmálanefndar Alþingis, segir að félags- og fjármálaráðherra hafi í gær óskað sameiginlega eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhagsstöðu Íbúðalánasjóðs.

Erindi ráðherranna barst inn á fund nefndarinnar í gær. Þar er farið fram á svör Ríkisendurskoðunar við því hvort eigið fé Íbúðalánasjóðs stefni niður fyrir áskilið hlutfall í náinni framtíð. Sé þeirri spurningu svarað játandi er spurt hvort um varanlegt eða tímabundið ástand sé að ræða. Í þriðja lagi er spurt hvort reyna muni á ríkisábyrgð á skuldbindingum Íbúðalánasjóðs.

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, situr í félagsmálanefnd. Hann segir að breytingar á áhættustýringu hafi sett Íbúðalánasjóð í uppnám og auki líkur á að ábyrgð falli á ríkissjóð. „Við sem viljum veg sjóðsins sem mestan höfum af þessu miklar áhyggjur. Sjálfstæðismenn vilja sjóðinn feigan og reyna að notfæra sér ástandið til að ná því pólitíska markmiði sínu að leggja hann niður,“ segir Lúðvík. Í sama streng tekur Jóhanna Sigurðardóttir sem einnig situr í nefndinni, en hún kallar málið tímasprengju í samstarfi stjórnarflokkanna.

Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi í félagsmálanefnd, segir sjóðinn tímaskekkju og lánastarfsemin sé best komin hjá bönkunum. Þess í stað gæti ríkið stundað minnihlutar íbúðalánastarfsemi á félagslegum grundvelli. **- jh**









## SPURNING DAGSINS

*Sigvaldi, ert þú þessi Gluggagægir?*

„Já, já, ég er hann."

Sigvaldi Snær Kaldalóns hefur þvegið glugga í 40 ár. Í gær birtist mynd af honum á forsíðu Fréttablaðsins að gera glugga Landsbankans hreina fyrir jólahátíðina.

Leikskólakennarar í Reykjavík krefjast kjaraviðræðna strax:

# Hóta fjöldauppsögnum

**KJARAMÁL** Stór hluti leikskólakennara Reykjavík mun segja upp störfum taki Launanefnd sveitarfélaga ekki kjarasamning leikskólakennara strax til endurskoðunar. Þetta segir Guðrún Jóna Thorarensen leikskólakennari sem flutti erindi á fundi Reykjavíkurdeildar Félags leikskólakennara á Grand hóteli í gærkvöldi.

Í kjölfar fundarins sendi stjórn félagsins frá sér harðorða ályktun þar sem meðal annars segir: „Fundurinn skorar á Launanefnd sveitarfélaga að taka strax til endurskoðunar kjarasamning leikskólakennara. Ella blasir við að leikskólakennarar í Reykjavík grípi til örþrifaráða og segi upp störfum."



BJÖRG BJARNADÓTTIR

Í ályktuninni segjast leikskólakennarar fagna kjarabótum réttindalausra starfsmanna leikskóla en segjast jafnframt ekki munu líða að vera lægra launaðir en þeir. „Ályktunin var lesin upp og það stóðu allir upp og klöppuðu fyrir þessu," segir Guðrún Jóna. Hún segist jafnframt geta séð fyrir sér að verði ekkert gert í málunum á allra næstu dögum geti komið til fjöldauppsagna fyrir áramót.

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, tekur í sama streng. „Uppsagnir eru auðvitað eitthvað sem hver verður að gera upp við sig en mér heyrist á fólki að það muni ekki líða þennan launamun. Það eru nokkuð skýr skilaboð sem við fáum frá félagsmönnum og þeir hafa ófáir látið í sér heyra," segir Björg og bætir við að hún voni innilega að ekki þurfi að grípa til örþrifaráða á borð við fjöldauppsagnir og að farsælli lausn finnist á málinu. - sh

Lögregla lýsir eftir pilti:

# Leit í Öskjuhlíð

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík óskar eftir upplýsingum um ferðir Einars Haraldssonar, 18 ára pilts. Síðast var vitað um ferðir hans við Laugarásbíó klukkan hálf eitt á þriðjudagskvöld. Einar er um 180 sentímetrar á hæð, ljósskolhærður með millistutt hár, þrekvaxinn um 85 kg, og gráeygður.

Að sögn lögreglu leikur grunur á að Einar hafi farið í átt að Öskjuhlíð en þar stóð yfir víðtæk leit í gærkvöldi og hafði þá staðið frá því um miðjan dag í gær. Við leitina naut lögregla aðstoðar liðmanna Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir Einars eru beðnir að snúa sér til lögreglu í síma 444-1100. - óká

Fíkniefnamál upplýst:

# Kannabisræktandi játaði

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fertugsaldri, sem lögreglan í Reykjavík tók 65 kannabisplöntur hjá á mánudag, hefur játað að hafa ræktað og átt plönturnar.

Það var við húsleit hjá manninum sem lögreglan fann plönturnar. Skorin höfðu verið niður um 40 grömm af þeim til undirbúnings fyrir neyslu. Maðurinn hefur ekki komið við sögu lögreglu fyrr. -jss

## KJARAMÁL

### Efling samþykkti kjarasamning

Mikill meirihluti félagsmanna Eflingar samþykkti samning stéttarfélagsins við Reykjavíkurborg. Á kjörskrá voru 1.922 félagsmenn og greiddu 694 atkvæði. Alls sögðu 659 manns já eða um 95% og 35 sögðu nei eða um 5%.

## ATHUGASEMD

### Egótónleikum frestað

Tónleikum hljómsveitarinnar Egó, og annarra hljómsveita og listamanna sem vísað er til í viðtali við Magnús Stefánsson í blaðinu í dag, hefur verið frestað vegna óviðráðanlegra orsaka. Að sögn Magnúsar verða þeir hins vegar haldnir í Austurbæ 21. janúar.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

# Matvörur dýrastar á Íslandi

**Verð á matvörum í verslunum á Íslandi er 42 prósentum hærra en í löndum Evrópusambandsins. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að þetta sé vísbending um að kraftar samkeppninnar vinni ekki nógu vel neytendum í hag og vill beina kastljósinu að aukinni samkeppni.**

**MATVÖRUMARKAÐUR** Íslendingar og Norðmenn eiga eitt sameiginlegt, hátt matvöruverð. Verð á matvörum í verslunum á Íslandi er 42 prósentum hærra á Íslandi og 38 prósentum hærra í Noregi en í löndum Evrópusambandsins. Helsta ástæðan er talin samkeppnishöft í innflutningi á búvörum.

Árið 2003 greiddu neytendur á Norðurlöndunum 12-42 prósentum hærra meðalverð fyrir mat- og drykkjarvörur en neytendur í 15 löndum Evrópusambandsins. Lægst var verðið í Grikklandi. Verð á mat og drykkjarvörum hefur hækkað meira á Íslandi en á hinum norðurlöndunum, eða um 14 prósent, 1999-2005.

Þetta kemur fram í norrænni matvöruskýrslu sem Samkeppniseftirlitið kynnti í gær. Í henni segir að neytendur á Norðurlöndunum hafi úr færri vörutegundum að velja í stórmörkuðum en neytendur í Frakklandi. Minnst sé vöruvalið á Íslandi og í Noregi.

Mikil samþjöppun hefur átt sér stað í smásöluverslun á norðurlöndum og er Ísland þar engin undantekning, ekki síst ef litið er til markaðshlutdeildar þriggja stærstu verslanakeðjanna. Þá kemur í ljós að meiri samþjöppun hefur átt sér stað á Norðurlöndum en í Þýskalandi og Bretlandi.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að kraftar samkeppninnar vinni ekki nógu vel neytendum í hag og vill til dæmis minnka samkeppnishömlur í innflutningi. Hann vill leggja áherslu á eftirlit með samkeppnisháttum á matvörumarkaði og mun á næstu vikum og mánuðum eiga viðræður við stjórnvöld og hagsmunaaðila um hvað sé tilráða og hvernig eigi að forgangsraða verkefnum.




Auka þurfi aðgang birgja að hilluplássi þannig að vöruval aukist og skipuleggja aðgang verslana að húsnæði og byggingarlóðum með tilliti til samkeppni. Fara þurfi yfir alla frekari samruna á þessum markaði og skoða hvort hugsanlegar samkeppnishindranir tengist aukinni samþjöppun og fákeppni.

Ásta Möller alþingismaður segir að 42 prósent séu geysimikill verðmunur og telur sjálfsagt að skoða innflutningshömlur á landbúnaðarvörum. „Ég held samt að Íslendingar séu tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir innlendar vörur. Ég held að það séu töluverðir möguleikar á hagræðingu í landbúnaði þannig að það getur verið gott að fá samkeppni utan frá. Það kemur mér á óvart að samþjöppun sé svipuð hér og á öðrum Norðurlöndum," segir Ásta Möller, alþingismaður.

**ghs@frettabladid.is**

sjá nánar bls. 14 í aukablaði Fréttablaðsins í dag






Jóhannes í Bónus og Sigurður Arnar forstjóri Kaupáss:

## Afnám hafta lækkar vöruverð

Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Kaupáss, fagnar skýrslunni um matvörumarkaðinn á Norðurlöndum og er sammála því að innflutningshöft á búvörum skýri að langstærstum hluta verðmuninn hér á landi og innan Evrópusambandsins. Verð myndi lækka verulega yrðu þau afnumin. Hann telur mikið verk bíða samkeppnisyfirvalda á þessu sviði.

„Stærsta verslanakeðjan á smásölumarkaði er með 43 prósenta markaðshlutdeild. Ég held að það sé eðlilegt að samkeppnisyfirvöld skoði hvort markaðsráðandi aðili hafi svo stóra sneið af kökunni. Ég tel að það hafi áhrif á markaðinn að einn aðili hafi svo mikla yfirburðastöðu," segir hann.

Jóhannes Jónsson í Bónus telur að vöruverð á Íslandi myndi snarlækka og þá sérstaklega verð á landbúnaðarvörum ef innflutningshömlur á búvörum yrðu afnumdar. Verðið yrði aldrei það sama og gerist innan ESB en kannski ekki nema 15 prósentum hærra en þar.

„Verðmunurinn getur aldrei þurrkast út því að við erum í þeirri fjarlægð frá framleiðslulöndunum en það yrði veruleg lækkun á þessum vörum. Við höfum margoft lýst því yfir að vöruverð í landbúnaðarvöruflokkunum myndi snarlækka ef það skapaðist samkeppni," segir hann.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra:

## Þjóðinni mikilvægt að brauðfæða sig

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra kveðst ekki vita hvort sanngjarnt sé að stjórnvöld skoði einhliða innflutningshömlur á búvörum fyrir utan þá vinnu sem fer fram í Hong Kong þessa dagana. Hann telur að innflutningshömlurnar séu ekki eina ástæðan fyrir háu matvælaverði hér. Vöruverð hækki í hafi.

„Íslenskur landbúnaður er íslenskri þjóð mikilvægur. Það er sjálfstæðri þjóð mikilvægt að brauðfæða sig. Landbúnaðurinn hefur staðið sig vel og íslenskir neytendur eru sáttir. Ég held þeir vilji ekki rústa landbúnaðinum. Þeir vilja gefa honum tíma til að mæta þeirri þróun sem verið hefur," segir hann.





Vodafone live!
Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun
GÓÐA SKEMMTUN
Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga
Vodafone live! SÍMI
19.900 kr.
NOKIA 6101
26.900 kr.
NOKIA 6230i
Vodafone live!
ótrúlegt verð
Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR
og
vodafone
Heyrumst!
Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30679 12/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,88 | 63,18 |
| Sterlingspund | 111,16 | 111,7 |
| Evra | 74,94 | 75,36 |
| Dönsk króna | 10,057 | 10,115 |
| Norsk króna | 9,401 | 9,457 |
| Sænsk króna | 7,936 | 7,982 |
| Japanskt jen | 90,08 | 90,62 |
| SDR | 88,46 | 89,06 |

*Gengisvísitala krónunnar*
105,4811

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stærsti fíkniefnafundur lögreglunnar á Selfossi:

# Fundu meira við aðra leit

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem handtekinn var þriðjudaginn var eftir að mikið magn af marijúana og fjöldi kannabisplantna fannst á heimili hans hefur kært gæsluvarðhaldsúrskurð lögreglu og er von á ákvörðun í dag.

Var hann úrskurðaður í viku gæsluvarðhald en alls fundust 165 stórar kannabisplöntur við húsleit hjá manninum auk fimm kílóa af marijúana. Fundust að auki tæp 200 grömm af handþurrkuðu marijúana við aðra leit lögreglu í gær.

Er þetta langstærsta fíkniefnamál sem upp hefur komið á Selfossi í þyngd talið að sögn lögreglu. Voru allar plönturnar stórar og miklar og greinilegt að ekki er um neinn byrjanda að ræða. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglunnar en aldrei þó vegna fíkniefnabrota. Líklegt er talið að kröfu hans um að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur niður verði hafnað. **-aöe**



**HLUTI PLANTNANNA SEM HALD VAR LAGT Á** Lögreglan á Selfossi hefur ekki áður lagt hald á svo mikið magn fíkniefna í kílóum talið. Heimili mannsins er það stórt að lögregla gerði aðra húsleit í gær og fann nokkur hundruð grömm til viðbótar því efni sem fannst á þriðjudaginn var. MYND/SUNNLENSKA

Úrvalsvísitalan hækkar:

# Meiri hækkun en síðustu ár

**HLUTABRÉF** Úrvalsvísitalan, sem er aðalmælikvarðinn á þróun hlutabréfa á Íslandi, hefur hækkað um 59,3 prósent á árinu. Metárið 1996 var hækkunin 59 prósent þannig að haldist vísitalan óbreytt til áramóta verður nýtt ársmet slegið.

Hækkunin í ár er orðin meiri en árin 2003 og 2004 sem þóttu mjög góð. Sá sem í ársbyrjun 2003 lagði eina milljón króna í hlutabréf, sem hreyfast í takt við úrvalsvísitöluna, á nú rúmlega 2,5 milljónir.

Greiningardeild Íslandsbanka spáði því snemma árs að úrvalsvísitalan myndi hækka um 15 prósent en 35-42 prósent í síðustu afkomuspá sinni í október. **-eþa**

Fölsuðu undirskrift á bréf:

# Mæðgur fengu fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Mæðgur, 28 og 60 ára, voru dæmdar í mánaðarfangelsi fyrir skjalafals í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudaginn. Refsing beggja var skilorðsbundin í tvö ár, en hvorug hefur áður hlotið dóm.

Önnur dóttir konunnar kærði móður sína og systur fyrir að hafa í tvígang falsað nafn hennar á skuldabréf. Í fyrra skiptið var nafn hennar sem ábyrgðarmanns ritað á 550 þúsund króna skuldabréf útgefið í mars 1999 og seinna skiptið sem ábyrgðarmanns á skuldabréfi í apríl 2002.

Systirin og móðirin báru fyrir dómi að nafnritunin hafi verið gerð í samráði við systurina sem kærði. Dómkvaddur rithandarsérfræðingur sagði ólíklegt að systirin sem kærði hefði ritað nafn sitt á bréfin. **-óká**

Jarðskjálftahrina við Grímsey:

# Skjálftans vart á Blönduósi

**JARÐSKJÁLFTAR** Jarðskjálfti, upp á þrjá á Richter, mældist aðfaranótt miðvikudags um 12 kílómetra norður af Grímsey. Frá því á þriðjudag hafa um 20 litlir skjálftar mælst á þessu svæði.

Veðurstofan hafði í dag spurnir af því að skjálftans hafi orðið vart á Blönduósi, í um 150 km fjarlægð frá upptökunum. Að sögn Gunnars B. Gunnarssonar, jarðeðlisfræðings hjá Veðurstofunni, getur þetta staðist. „Tímasetningar passa og ef það er nægilega stillt geta skjálftar af þessari stærð fundist ótrúlega langt frá upptökunum.“

Gunnar segir jarðskjálftahrinur algengar á þessu svæði og enga ástæðu til að óttast skjálfta af verulegri stærð, hvað þá eldgos. **-sh**

# Um 30 kg af amfetamíni á tveimur árum

**Fíkniefnabrotum fjölgar stöðugt frá ári til árs. Í fyrra gerði lögregla meira magns amfetamíns upptækt en dæmi eru um eða 16 kíló. Útlit er fyrir að annað eins af amfetamíni verði gert upptækt á þessu ári.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnabrotum fer stöðugt fjölgandi samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra. Þann 13. desember síðastliðinn voru þau orðin rúmlega 130 fleiri heldur en allt árið 2004. Mestu munar þar um brot vegna vörslu og meðferðar fíkniefna. Þeim fjölgar um 166 frá ári til árs, miðað við fyrirliggjandi tölur.

„Þróunin undanfarin ár hefur verið sú, að málum vegna vörslu og neyslu fíkniefna hefur farið fjölgandi,“ segir Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra. „Þessa breytingu má einkum greina frá og með árinu 2002 þegar ríkislögreglustjóri hvatti til að lögð yrði áhersla á þennan málaflokk, meðal annars með auknu götueftirliti. Þessi fjölgun mála virðist vera hjá öllum sýslumannsembættum á landinu þannig að þau virðast sinna málaflokknum nokkuð vel.“

Brotum vegna innflutnings á fíkniefnum virðist fækka á þessu ári miðað við árið á undan og segir Rannveig að þetta sé nokkuð misjafnandi eftir árum.



**AMFETAMÍN** Magn amfetamíns sem lögreglan hefur lagt hald á hefur farið vaxandi á tveimur síðustu árum. Myndin er tekin af amfetamíni sem var í vörslu lögreglu.

„Mér sýnist að í heildina verði minna tekið af efnum á þessu ári, heldur en í fyrra,“ segir hún. „Þá var lagt hald á meira magn amfetamíns en nokkru sinni fyrr. Alls voru gerð upptæk rúmlega sextán kíló af því efni. Yfirstandandi ár stefnir einnig í að verða metár á þessu sviði, með svipað magn. Aftur á móti virðist hafa verið tekið minna af kannabisefnum í ár heldur en á síðasta ári. Þess ber þó að geta að magntölurnar fyrir árið í ár eru frá því í september, þannig að þær gefa ekki nema vísbendingar um heildarmyndina.“

**jss@frettabladid.is**

**FJÖLDI FÍKNIEFNAMÁLA Á LANDINU ÖLLU**

| Ár | Innflutningur | Sala og Framleiðsla | Varsla og dreifing | Meðferð | Ýmis fíkniefnabrot |
|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 117 | 14 | 63 | 593 | 124 |
| 2002 | 121 | 26 | 70 | 632 | 145 |
| 2003 | 149 | 31 | 117 | 947 | 141 |
| 2004 | 164 | 30 | 112 | 1.143 | 172 |
| 2005* | 87 | 19 | 43 | 1.309 | 296 |

*Bráðabirgðatölur sem ná yfir styttra tímabil, það er frá 1. Janúar til 13. desember 2005. Önnur ártöl ná yfir allt árið.

**TÍÐNI FÍKNIEFNABROTA**






**ENN RÝKUR** Smáeldar hafa annað slagið komið upp í Buncefield síðustu daga en allt er þó undir stjórn slökkviliðs. AP

Buncefield-bruninn:

# Vörubílstjóri olli brunanum

**BRETLAND** Bílstjóri olíuflutningabíls hefur viðurkennt að hafa að líkindum orðið þess valdandi að eldur kviknaði í Buncefield-olíubirgðastöðinni nærri Lundúnum á sunnudag.

Í viðtali við dagblaðið Daily Mirror í gær kvaðst maðurinn hafa skilið bíl sinn eftir í gangi á svæðinu og skyndilega hafi hann greint eldsneytisgufur sem síðan myndaðist sprenging í. Hann náði að komast undan án teljandi meiðsla. Landssamband slökkviliðsmanna í Bretlandi gagnrýndi slökkviliðið í Hertford-skíri fyrir að hafa verið illa búið undir slíkan eld. Slökkviliðsstjórinn vísar þeirri gagnrýni hins vegar á bug. ■

Sókn í stöðutákn:

# Ríkidæmi sýnt með börnum

**KÍNA** Nýjustu stöðutákn ríkra Kínverja eru hvorki glæsivillur né lúxusbílar, heldur mikill barnafjöldi.

Kínverjar mega ekki eignast fleiri en eitt barn samkvæmt ákvörðun stjórnvalda vegna fólksfjölgunarvandans og vegna þess hversu mikill kostnaður því fylgir fyrir þjóðfélagið. Þeir sem af einhverjum ástæðum gera það samt þurfa að greiða allt að 1,2 milljónir króna í sekt.

Nýjustu fregnir herma að hinir efnameiri í Kína geri sér það nú að leik að hlaða niður börnum, eingöngu til að stæra sig af því að þeir hafi efni á því. ■



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SKAMMVINNT KULDAKAST**

Næstu dagar verða mjög svalir og byrjar það í raun í dag. Smám saman kólnar og nær hitinn lágmarki á morgun fyrir norðan en á laugardaginn dregur úr frosti og sums staðar verður frostlaust við suðurströndina. Það er ekki mikil úrkoma á landinu næstu daga en þó sleikir úrkomusvæði Suðurlandið í dag.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur hæg norðvestan átt. Skýjað með köflum. Frystir í kvöld.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Yfirleitt hægur vindur, síst þó fyrir austan.

*» laugardagur*




Strekkingur suðvestan til

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C hálfskýjað | París | 8°C alskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Osló | 0°C heiðskírt | Berlín | 7°C skúrir | Mílanó | 10°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 7°C skúrir | New York | 1°C alskýjað |
| Helsinki | 1°C hálfskýjað | Madríd | 10°C hálfskýjað | San Francisco | 16 °C hálfskýjað |
| London | 11°C léttskýjað | Barcelona | 10°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 22°C þrumur |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

## 42" Wide Prolux Plasma

m/**Samsung** skjá
birta, 1000 CD / M2
upplausn, 852(H) x 480(V) WXGA
skerpa, 3000 : 1
litir, 16.7 milljón
viðbragðstími, 8ms (mjög hraðvirkt)
hljóð, (2 x 8W) RMS
160° sjónarhorn
mynd í mynd (2 móttakarar)
íslenskt textavarp
fjarstýring fylgir
veggfestingar fáanlegar
borðstandur fylgir
NICAM stereó
2 SCART tengi - fyrir afruglara, DVD, Video
1 DVI tengi - stafrænt tengi fyrir ADSL
1 VGA - tölvutengi
2 RGB - tölvutengi
2 ára ábyrgð
1802570

Kynningarverð
**159.900**



PROLUX
SAMSUNG ELECTRONICS

# Harðir pakkar



**Billiardborð** 29.990
208x115x80 sm
1802802



15.990

**Borðtennisborð**
275x153x76 sm, samanbrotið 138x153x7 sm.
Net, 2 spaðar og 3 kúlur fylgja
1802801



19.990

**Fótboltaspil**
141x75x94 sm
1802800



**Fjarstýrður jeppi**
Breytir um lögun ef hann klessir á
1802811
2.490



1.690

**Leikfangahús**
Happy family
1802814

# Leikföngin færðu hjá okkur

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

*Viltu að eftirlitsmyndavélar verði settar upp á Laugaveginum?*

| | |
|---|---|
| Já | 86% |
| Nei | 14% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Skortir samkeppni á matvörumarkaði?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Bush Bandaríkjaforseti hélt fjórðu ræðu sína um hernaðinn í Írak í gær:

# Viðurkennir að mistök voru gerð

**WASHINGTON, AP** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, viðurkenndi í ræðu í gær að ráðist hefði verið inn í Írak á grundvelli rangra upplýsinga og á því bæri hann ábyrgð.

„Það er staðreynd að stór hluti leyniþjónustuupplýsinga reyndist rangur og sem forseti er ég ábyrgur fyrir innrásinni. En ég ber einnig ábyrgð á að laga það sem miður fór með því að bæta leyniþjónustuna og það erum við einmitt að gera,“ sagði Bush í ræðu sinni í Woodrow Wilson-stofnuninni í Washington en ræðan þar var sú síðasta í fundalotu sem hann hefur staðið fyrir að undanförnu um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum Íraks.



**FUNDALOTUNNI LOKIÐ** Bush kveðst fullviss um að rétt hafi verið að ráðast inn í Írak þótt engin gereyðingarvopn hafi verið þar að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Engu að síður sagði forsetinn að ákvörðunin um innrásina hefði verið rétt. „Saddam var ógnun og bandaríska þjóðin og heimsbyggðin öll er betur sett þegar hann er ekki lengur við völd.“ Bush sagði enn fremur að þingkosningarnar sem haldnar verða í Írak í dag væru tímamótaviðburður sem myndu hafa jákvæð áhrif á lýðræðisþróunina um gervöll Mið-Austurlönd.

Ný skoðanakönnun Pew-rannsóknasetursins sýnir að meirihluti Bandaríkjamanna, eða 56 prósent, telur að lýðræði sé í sjónmáli í Írak. Hins vegar sögðu nánast jafnmargir sem þátt tóku í könnuninni að þeir teldu að Bandaríkjamönnum væri að mistakast að koma í veg fyrir mannfall borgara og að borgarastyrjöld brytist út. **- shg**

Kosið í Írak í dag:

# Fjölmenn mótmæli

**BAGDAD, AP** Talsverð spenna ríkir nú í Írak enda ganga landsmenn í dag að kjörborðinu í þriðja sinn á einu ári. Landamærum landsins hefur verið lokað og í nótt ríkti útgöngubann.

Gærdagurinn gekk ekki að öllu leyti friðsamlega fyrir sig því bálreiðir sjíar efndu til mótmæla og var eldur meðal annars lagður að kosningaskrifstofu flokks Iyad Allawi, fyrrverandi forsætisráðherra. Búist er við að öll þjóðarbrot landsins muni skila sér vel á kjörstaðina 33.000 sem settir hafa verið upp. Í kosningunum bjóða sig fram 6.655 manns og fylla þeir framboðslista 307 stjórnmálahreyfinga. **- shg**




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá

# Sjálfstæði Hæstaréttar verði aukið

**Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins vill aukið sjálfstæði Hæstaréttar, veg umboðsmanns Alþingis meiri og betur hlúð að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í nýrri skýrslu bendir hann á fjölda hluta sem betur mættu fara.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin er hvött til að endurskoða reglur um hvernig hæstaréttardómarar eru hér skipaðir og lagðar til umbætur í fjölda annarra mannréttindamála í nýrri skýrslu embættis mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins sem birt var í gær.

Í skýrslunni leggur Alvaro Gil-Robles mannréttindafulltrúi til að stofnað verði embætti óháð ríkisstjórn og stjórnsýslu sem velji hóp dómara sem til greina komi í embætti og geri það á grundvelli menntunar, starfsreynslu, hæfileika og hæfni.

Alls kemur mannréttindafulltrúinn með 23 ábendingar og athugasemdir í ellefu málaflokkum. Ábendingarnar eru um skipan dóms-, fangelsis- og gæsluvarðhaldsmála, skipulag mannréttindamála, meðferð hælisleitenda, aðbúnað innflytjenda, jafnrétti kynjanna, viðbrögð við kynbundnu ofbeldi, misrétti, mansali og gagnaöryggi. Til dæmis er nefndur sá möguleiki í skýrslunni



FRÉTTABLAÐIÐ / AFP / FREDERICK FLORIN

**ALVARO GIL-ROBLES MANNRÉTTINDASTJÓRI EVRÓPURÁÐSINS** Í nýrri skýrslu Evrópuráðsins sem birt var í gær er fjallað um stöðu hælisleitenda, málefni fanga og fjölda annarra hluta og lagðar til leiðir til úrbóta. Skýrslan kemur í kjölfar heimsóknar mannréttindastjórans hingað til lands í sumar.



**BRYNHILDUR G. FLÓVENZ** Brynhildur, sem er stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands, fagnar ábendingum mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins.

að umboðsmaður Alþingis fái auknar fjárveitingar og vald til að vísa málum til dómstóla og hvort efla ætti embætti umboðsmanns barna.

Brynhildur G. Flóvenz, stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu Íslands, segist fagna því sérstaklega að mannréttindafulltrúinn styðji sjónarmið Mannréttindaskrifstofunnar varðandi málefni hennar. „Hún leggur áherslu á að stjórnvöld eigi að styrkja starfsemi hennar og ég vona að stjórnvöld taki þessar athugasemdir til greina,“ segir hún og bætir við að aðrar athugasemdir sem gerðar eru í nýju skýrslunni séu í takt við athugasemdir sem Mannréttindaskrifstofan hafi gert, svo sem varðandi málefni útlendinga, reglur um gæsluvarðhald og annað slíkt. Brynhildur segir skýrsluna staðfesta að annars staðar þyki sjálfsagt að styðja við bakið á óháðum mannréttindastofnunum. „Eins og í skýrslunni segir þá verðskuldar Ísland eins og allar aðrar þjóðir Evrópur að hafa sjálfstæða og hlutlausa mannréttindastofnun sem sinnir bæði fræðsluhlutverki og gegnir eftirlitshlutverki.“

Brynhildur vill þó ekki taka svo djúpt í árinni að skýrslan sé áfellisdómur yfir mannréttindamálum hér. „Auðvitað er það þannig að alltaf má finna eitthvað að hjá öllum og alltaf hægt að gera betur í mannréttindamálum. Því kemur ekki á óvart að gerðar séu einhverjar athugasemdir, en þær eru kannski fullmiklar engu að síður og nauðsynlegt að fara í gegn um þær, að á þær verði hlustað og eftir þeim farið.“ ■

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Sjóðfélagafundur

Sjóðfélagafundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Skúlagötu 17, Reykjavík á 2. hæð, 28. desember 2005 og hefst kl. 16.00

### Dagskrá fundarins er

- Nýjar samþykktir sjóðsins
- Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 21. nóvember 2005

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Dómsmálaráðherra er ósammála ábendingum mannréttindastjóra Evrópuráðsins:

# Lokaorðið verði hjá ráðherra

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir enn skoðun sína að ekki beri að afnema pólitíska ábyrgð á því hver skipaður sé hæstaréttardómari og lokaorðið verði áfram í höndum ráðherra. Ný skýrsla Evrópuráðsins hvetur stjórnvöld til að færa sig nær þeirri skipan mála sem viðhöfð er á hinum Norðurlöndunum.

„Hvort skýrslan verði tilefni til þess, að menn flytji að nýju tillögur um þetta efni á Alþingi er að sjálfsögðu ekki útilokað,“ segir Björn, en hann fundaði með mannréttindafulltrúanum í sumar. „Viðræður mínar við fulltrúann og fylgdarlið hans voru gagnlegar og ánægjulegar,“ segir



**BJÖRN BJARNASON** Dómsmálaráðherra segir oft og mikið hafa verið rætt um hvernig standa beri að skipan hæstaréttardómara.

dómsmálaráðherra og bendir á að hér hafi oft staðið umræður um aðferðir við skipan Hæstaréttardómara. „Mannréttindafulltrúinn vekur nú máls á þessu álitaefni og hvetur til þess að málið sé enn rætt með hliðsjón af þróun á Norðurlöndunum og ábendingum Evrópuráðsins. Í athugasemdum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kemur fram, að í raun sé aðferð okkar hér í góðu samræmi við það, sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.“ Dómsmálaráðherra segir hins vegar allar ábendingar af því tagi sem fram komi í nýju skýrslunni „að sjálfsögðu ígrundaðar af stjórnvöldum og lagt mat á þær,“ segir Björn og telur ekki felast í skýrslunni nokkurn áfellisdóm yfir stöðu mannréttinda hér. „Enda ætti slík niðurstaða ekki við nein rök að styðjast.“ **- óká**

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem þeir hafa smakkað!**




HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvar er ráðherrafundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar haldinn?*

2 *Hvað heitir maðurinn sem var tekinn af lífi í Kaliforníu í fyrradag?*

3 *Hvaða 16 ára leikmann í Southampton vilja mörg stórlið kaupa?*

Beirút lagðist í dvala þegar Gibran Tueni, andstæðingur Sýrlandsstjórnar, var borinn til grafar:

# Sýrlendingar segjast hafa sýnt samvinnu

**BEIRÚT, AP** Tugþúsundir Líbana fóru út á götur borga landsins með þjóðfánann í hönd til að minnast þingmannsins og ritstjórans Gibrans Tueni í gær en hann var ráðinn af dögum í vikubyrjun. Skýrsla rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna um morðið á Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanons, var kynnt í öryggisráðinu í gær.

Höfuðborg Líbanons lagðist í dvala þegar jarðarför Tuenis fór fram og var bönkum, skólum og stofnunum meðal annars lokað.

Bifreið Tuenis var sprengd í loft upp í Beirút á mánudaginn með hann og tvo aðra innanborðs. Tueni er fjórði andstæðingur Sýrlandsstjórnar sem myrtur hefur verið í röð tilræða síðan Hariri var ráðinn af dögum í febrúar.

Rannsóknarnefnd SÞ kynnti öryggisráðinu skýrslu sína um morðið á Hariri í fyrrakvöld og þar var því haldið fram að sterkar vísbendingar væru um aðild sýrlenskra stjórnvalda að tilræðinu. Detlev Mehlis, formaður nefndarinnar, átaldi þau mjög fyrir skort á samvinnu en tókst þó ekki að sannfæra ráðið um að refsa Sýrlandi fyrir vikið. Í staðinn var rætt um að framlengja umboð nefndarinnar og láta hana rannsaka fleiri skyld tilræði. Einnig kom til tals að setja á fót sérstakan dómstól í málinu.



**FAÐIRINN SYRGÐUR** Nayla Tueni, dóttir Gibrans Tueni, var með böggum hildar þegar faðir hennar var borinn til grafar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sýrlendingar svöruðu Mehlis að bragði og sögðust þvert á móti hafa sýnt fulla samvinnu við rannsókn málsins.

**- shg**





Jólatilboð

Toyota Corolla
frá 3.571 kr. á dag

Toyota Rav4
frá 4.471 kr. á dag

Toyota Land Cruiser
frá 5.071 kr. á dag

Innifalið: 100 km á dag og CDW (kaskótrygging).
Verð miðast við 7 daga leigu.
Tilboð gildir til 15.01.2006

Sjá nánar á hertz.is

Ekkert jafnast á við að aka um frjáls í bíl frá Hertz. Ef þú átt ekki bílinn sem hentar hverju sinni þá getum við hjá Hertz bætt úr því fyrir lægra verð en þig grunar. Það er óþarfi að eiga jeppa til að komast allt sem þú vilt fara. Engar áhyggjur, bara gleðileg jól.

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

Icelandair Vildarklúbbur

upplifðu ÍSLAND·SÆKJUM ÞAÐ HEIM

Sölustaðir: Keflavíkurflugvöllur, Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Höfn, Egilsstaðir




**TEKUR STÓRT UPP Í SIG** Mahmoud Ahmadinejad hefur aldrei áður gengið svo langt að afneita helförinni eins og hann gerði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segir helförina þjóðsögu

**Íransforseti bar í gær brigður á að helförin gegn gyðingum hefði átt sér stað og sagði hana þjóðsögu. Málið er talið skaða Írana umtalsvert.**

**TEHERAN, AP** Mahoumd Ahmadinejad, forseti Írans, er enn við sama heygarðshornið í árásum sínum á Ísraela og Vesturlönd en í gær afneitaði hann helförinni í fyrsta sinn opinberlega. Utanríkisráðherra Þýskalands segir ummælin tvímælalaust hafa áhrif á viðræður um kjarnorkuáætlun Írana sem fram fara síðar í þessum mánuði.

„Þeir hafa samið þjóðsögu í nafni helfararinnar og álíta hana hafna yfir Guð, trúarbrögð og spámennina,“ sagði Ahmadinejad á fjöldafundi í borginni Zahedan í suðaustanverðu Íran í gær. Hann sagði ennfremur að fyrst Evrópubúar héldu því statt og stöðugt fram að helförin hefði átt sér stað þá væru þeir ábyrgir fyrir henni, ekki Palestínumenn. „Þetta er okkar tilboð: Ef þið drýgðuð þennan glæp, þá skuluð þið gefa hluta af ykkar landi í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada til gyðinga svo þeir geti stofnað ríki sitt þar.“

Ummælunum svipar til þeirra sem Ahmadinejad lét falla á leiðtogafundi íslamskra ríkja í Sádi-Arabíu í síðustu viku en þá gekk hann ekki svo langt að afneita helförinni berum orðum. Í október sagði hann þess skammt að bíða að Ísrael „yrði þurrkað út af kortinu“.

Mark Regev, formælandi ísraelska utanríkisráðuneytisins, sagði ummæli forsetans bera öfgasinnuðu hugarfari íranskra ráðamanna skýrt vitni. „Þessa blöndu af öfgakenndri hugmyndafræði, veruleikafirringu og kjarnorkuvopnum getur alþjóðasamfélagið ekki samþykkt.“

Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, sagði að ríkisstjórn sín myndi kalla sendiherra Írans á sinn fund og gera honum óánægju sína rækilega ljósa. „Mér er engin launung á því að þetta mun hafa áhrif á samskipti ríkjanna og viðræður um kjarnorkumál,“ bætti Steinmeier við, þungur á brún. Talsmaður framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins tók í svipaðan streng.

Framganga hins herskáa Ahmadinejad er mjög á skjön við stefnu forvera hans, Mohammeds Khatami, sem hvatti til vingjarnlegra samskipta við Vesturlönd. Fjölmargir íranskir stjórnmálamenn eru forsetanum gramir fyrir ummælin en Ali Khameini, erkiklerkur og valdamesti maður landsins, er sagður láta þau sér vel líka.

**sveinng@frettabladid.is**







METSÖLULISTI
EYMUNDSSON
skáldverk / 14. des.

„**Það er kraftur í þessari frásögn**, sterk löngun til að segja frá sem smitar lesandann og heldur honum við efnið, dirfska til að takast á við erfiða hluti.“

Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„Engum blöðum um það að fletta að íslenskri bókmenntaflóru hefur bæst höfundur sem hefur mikið fram að færa og **kann galdurinn við að hrífa lesandann með sér**, ýta við honum og heilla hann upp úr skónum.“

Friðrika Benónýs / MORGUNBLAÐIÐ

„Þessi bók bæðir skemmtir lesandanum og snertir við honum.“

BIRTA

# Ferskasta bókin á þessu ári!

„**Blússandi húmor … fín saga** … langt síðan ég hef lesið jafn fallega frásögn af samskiptum mæðgna. Steinunn Ólína má vera stolt af frumraun sinni.”

Sigríður Albertsdóttir / DV

„**Maður er svolítið klökkur að lestri loknum.** Finnst maður hafa farið í gegnum þroskaferil og komið út sem betri manneskja. Í alvöru talað.“

Sólveig Anna Bóasdóttir / KISTAN.IS

„Steinunn stígur fram sem sterkur rithöfundur með **tæran texta og einstaklega skemmtilegan** frásagnarmáta, húmor og gáfur. Ég er stórhrifin.”

Sirrý Arnardóttir / FÓLK

„**Steinunn skrifar fallegan texta … Bernskuminningar hennar eru furðu litríkar** … með heppnari byrjendum á síðari tímum.“

Silja Aðalsteinsdóttir / Tímarit Máls og menningar

STEINUNN ÓLÍNA

## Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

**Bayonne skinka**

Jól á borðum allan desember!



1 kg 1.498 kr

**Hamborgarhryggur**

Fimm stjörnu hátíðarmatur



1 kg 1.498 kr    1 kg 1.998 kr úrbeinaður

**Malt & appelsín**



Malt 1/2 l 110 kr    Appelsín 2 l 199 kr

| | | |
|---|---|---|
| Freyju konfekt | 550 g | 1.295 kr |
| Mozartkúlur | 330 g | 599 kr |
| Lindukonfekt | 1 kg | 1.695 kr |
| Quality Street | 3 kg | 2.999 kr |
| Nammibar | 50% afsláttur fös–lau | |



Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16


Fórnarlamb skjálftans í Kasmír lifði á rotnuðum ávöxtum og seytlandi vatni:

# Fannst á lífi eftir tvo mánuði

**PAKISTAN** Fertug kona fannst á lífi um helgina í rústum húss sem hrundi í jarðskjálftanum mikla í Kasmír í októberbyrjun. Læknar segja að um kraftaverk sé að ræða.

Naqasha Bibi var í eldhúsinu í húsi sínu í Kamsar-flóttamannabúðunum, skammt frá höfuðstaðnum Muzaffarabad, þegar skjálftinn reið yfir. Næstu 63 daga hírðist hún í fósturstellingu og gat sig hvergi hrært. BBC hermir að talið sé að hún hafi getað teygt sig í rotnaða ávexti sem geymdir voru í eldhússkáp og sötrað lækjarvatn sem virðist hafa streymt þar hjá.



**NAQASHA BIBI** Þegar hún fannst eftir 63 daga hafði formlegri leit verið hætt fyrir löngu. NORDICPHOTOS/AFP

Þegar Bibi fannst svo á laugardaginn var talið að hún væri að deyja og því var henni stungið inn í tjald þar sem hún kúldraðist í tvo daga til viðbótar. Þar fann þýskur læknir hana og kom henni í skyndi á sjúkrahús í Muzaffarabad.

Læknar sem hafa meðhöndlað hana segja algert kraftaverk að Bibi sé enn á lífi. Hún var aðeins 35 kíló að þyngd og varð í fyrstu að gefa henni næringu í æð. Enn hefur ekki tekist að rétta úr stirðum fótleggjum hennar. Engu að síður segja geðlæknar hana við furðu góða andlega heilsu og þótt hún hafi enn ekki getað stunið upp orði brosti hún til læknanna í fyrradag.

**- shg**

Samstarf Landhelgisgæslunnar og Air Lift:

# Þyrluflugmaður til Pakistans

**HJÁLPARSTARF** „Maður kemst ekkert frekar í hann krappan í Pakistan heldur en hér,“ segir Þórarinn Ingi Ingason, þyrluflugmaður frá Landhelgisgæslunni, óbanginn. Á morgun mun hann halda til hamfarasvæðanna í Pakistan en þar bíður hans það hlutverk að fljúga með vistir og nauðsynjar upp í fjallaþorpin í kringum bæinn Abbottabad. Einnig mun hann flytja slasaða á sjúkrahús úr fjallaþorpunum.

Þó að aðstæður verði honum ókunnar mun þyrlan vera honum kunnugleg en hún er af gerðinni Super Puma rétt eins og Líf, stærri þyrla Landhelgisgæslunnar. „Ég er að leysa af og verð þarna í tvær vikur,“ segir Þórarinn Ingi sem búa mun við frábrugðið jólahald í ár ef af líkum lætur.



**ÞÓRARINN INGI INGASON ÞYRLUFLUGMAÐUR** Þórarinn er hvergi banginn þótt hans bíði harður heimur á hamfarasvæðunum í Pakistan. Þar verður hann meðan aðrir halda gleðileg jól á Fróni.

Það er norska fyrirtækið Air Lift sem sér um þessa flutninga í Pakistan en Landhelgisgæslan hefur haft nokkurt samstarf við það fyrirtæki á undanförnum árum.

„Nú er lagt allt kapp á það að koma fólki í skjól áður en vetur skellur á af fullum þunga. Ástandið er mjög viðkvæmt, það eru um þrjár og hálf milljón manna sem eru heimilislausar og þegar snjóar verða strax einhver dauðsföll,“ segir þyrluflugmaðurinn.

**- jse**


NISSAN X-TRAIL



EKKI FESTAST Í FRAMTÍÐINNI!

X-Trail Sport
Verð 2.690.000,-

X-Trail Elegance
Verð 2.890.000,-

Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk og 3 drifstillingar.

SKIPT_um væntingar

Fiton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00




Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa jólagjafirnar í ár.

Mikið úrval
af gjafakössum.

Lyf & heilsa
Kringlunni

Þýska ríkisstjórnin ver sig:

# Stóð rétt að máli al-Masri



**STEINMEIER** Utanríkisráðherrann segir ekkert benda til að upplýsingar þýsku leyniþjónustunnar hafi orðið til þess að al-Masri var rænt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BERLÍN, AP** Ráðherrar í þýsku ríkisstjórninni sögðust í umræðum á þýska sambandsþinginu í gær ekkert rangt hafa aðhafst í máli Khaled al-Masri, þýsks ríkisborgara sem var saklaus numinn á brott af bandarísku leyniþjónustunni CIA og fluttur til yfirheyrslna í Afganistan í árslok 2003.

Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra sem á þeim tíma var hermálaráðgjafi ríkisstjórnar Gerhards Schröder, ítrekaði að stjórnin hefði ekki haft hugmynd um málið fyrr en eftir að al-Masri hafði verið sleppt. Þá hefðu stjórnvöld farið fram á ítarlegar skýringar frá Bandaríkjamönnum. ■



**FRÁ TAVISTOCK SQUARE** Alls létust 56 manns í árásunum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breska ríkisstjórnin vegna árásanna í Lundúnum:

# Engin rannsókn gerð

**BRETLAND** Breska ríkisstjórnin hefur ákveðið að sérstök opinber rannsókn á hryðjuverkaárásunum á samgöngukerfi Lundúna 7. júlí síðastliðinn muni ekki fara fram. Í staðinn verður gefin út skýrsla um árásirnar sem byggð verður á þeim gögnum sem þegar eru til.

Ættingjar þeirra sem létust svo og talsmenn múslima og þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu ákvörðun stjórnarinnar harkalega í gær. „Ef við öflum ekki allra upplýsinga um málið munum við aldrei geta tekið á hinum raunverulega vanda,“ sagði Iqbal Sacraine, forseti Múslimaráðs Bretlands í samtali við BBC. ■





Opel. Þýski gæðingurinn.

JÓLIN NÁLGAST!
NÁÐU FORSKOTI Á NÝJUM OPEL.

Opel Astra Hatchback er fallegur og frábærlega smíðaður. Hann er líka vel búinn með ABS, skynvirku fjöðrunarkerfi, aksturstölvu og fjölda annarra skemmtilegra kosta. Hann er aflmikill en líka sparneytinn, lipur og rúmgóður. Astra fær fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

Hverjum Opel fylgir 100.000 kr. gjöf frá Bræðrunum Ormsson handa þeim sem þér þykir vænt um.



VERÐ FRÁ AÐEINS: 1.695.000 kr. | 10% ÚTBORGUN 169.500 kr.
AÐEINS 22.810 kr. Á MÁNUÐI*

Við hvetjum alla ökumenn til að aka varlega um hátíðarnar.

Glitnir

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

*Miðað við bílasamning Glitnis með 10% útb. og eftirstöðvar í 84 mánuði.

RANGE ROVER



ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 03/1998, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 102.000 þ.
~~Verð: 2.090.000~~
Tilboðsverð kr. 1.590 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 10/2000, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Blár,
Ekinn 71.000 þ.
~~Verð: 3.350.000~~
Tilboðsverð kr. 2.590 þ.

bílaland B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is
575 1230



LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr: 07/1996, 2500cc DIESEL
Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 288.000 þ.
~~Verð: 1.050.000~~
Tilboðsverð kr. 690 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 06/2000, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 70.000 þ.
~~Verð: 3.250.000~~
Tilboðsverð kr. 2.490 þ.



LAND ROVER RANGE ROVER HSE
Nýskr: 01/2000, 4600cc HSE
Sjálfskiptur, Dökkgrænn,
Ekinn 86.000 þ.
~~Verð: 2.890.000~~
Tilboðsverð kr. 2.290 þ.

Með bílinn handa þér

B&L, Grjóthálsi 1, umboðsaðili LAND ROVER á Íslandi.

LAND-ROVER GO BEYOND™

# Móttökuhátíð í Smáralind




***- Til hamingju Unnur Birna,***
***Ungfrú heimur 2005 -***

*Við hjá Fegurðarsamkeppni Íslands og BROADWAY óskum þér og fjölskyldu þinni hjartanlega til hamingju með glæsilegan árangur.*
*Þú stóðst undir öllum okkar væntingum og miklu meira en það.*
*Einnig viljum við nota tækifærið og þakka styrktar- og samstarfsaðilum sem gera okkur kleift að halda keppnina um UNGFRÚ ÍSLAND og HERRA ÍSLAND á ári hverju.*

***Í tilefni af heimkomu Unnar Birnu laugardaginn 17. desember, þá bjóðum við Íslendingum sem vilja heiðra MISS WORLD 2005 að hitta hana í Vetrargarðinum í Smáralind klukkan 17:00 ásamt Julia Morley eiganda MISS WORLD ORGANIZATION.***

*Arnar Laufdal Ólafsson*

*Arnar Laufdal*
*Veitingamaður og eigandi Fegurðarsamkeppni Íslands*

*Elín Gestsdóttir*

*Elín Gestsdóttir*
*Framkvæmdastjóri Fegurðarsamkeppni Íslands*

BROADWAY
Sími 533-1100 - www.broadway.is

Stafræna prentsmiðjan 2005


Normanns-
þinur
25%
afsláttur
Tollfrjáls




Útiseríur 50% afsláttur





Tiffany lampar, tvær stærðir 2900 og 3900

Hýasintuskreyting 499



# jólatré

fimmtudag-sunnudags

Afnemum tolla af innfluttum jólatrjám í 4 daga

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

Opið til 22.00 öll kvöld í Skútuvogi

Gjafa kort




Við útbúum jólapakkann fyrir þig!
Innihald pakkans er gjafakort á gleraugu, linsur eða sólgleraugu fyrir þá upphæð sem þú velur. Fallegur pakki sem allir kunna að meta.

OPTICAL STUDIO
GLERAUGNAVERSLANIR Í FREMSTU RÖÐ
SMÁRALIND 528 8500 / 528 8505 • KEFLAVÍK 421 3811
www.opticalstudio.is

Sögulegur dómur yfir stríðsglæpamönnum í Serbíu:

# Fjórtán í fangelsi

**BELGRAD, AP** Dómstóll í Belgrad dæmdi á mánudaginn fjórtán Serba í fangelsi fyrir stríðsglæpi í stríðinu á Balkanskaga árið 1991.

Serbarnir eru sakaðir um að hafa myrt um 200 króatíska stríðsfanga. Átta Serbanna fengu hámarksdóm, eða tuttugu ár í fangelsi. Hinir fengu dóma á bilinu fimm til fimmtán ár.

Dómurinn þykir sögulegur þar sem réttarhöldin voru talin prófsteinn á hvort serbneska réttarkerfið gæti tekið á voðaverkum sem framin voru í þessu hörmulega stríði. ■



**ÆTTINGJA MINNST** Ástvinir Króatanna stóðu fyrir utan dómsalinn og héldu á myndum af ástvinum sínum. MYND/AP

Eftirspurn eftir ungnautakjöti hefur aukist :

# Verð hefur hækkað

**NAUTAKJÖT** Verð á ungnautakjöti hefur hækkað í ár miðað við sama tíma í fyrra, heldur meira þó í heildsölu en til neytenda. Sláturleyfishafar greiddu bændum 345 krónur á kílóið í desember í fyrra en greiða nú 400 krónur fyrir kílóið. Ungnautakjöt kostar nú 1.298 krónur kílóið en kostaði 1.149 krónur í fyrra hjá Ferskum kjötvörum.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að skortur væri á innlendu nautakjöti og að stórir söluaðilar ættu ekki nautakjöt í hakk og hamborgara. Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir að aukin samkeppni og eftirspurn sé eftir nautakjöti. Salan hafi aukist um 1,9 prósent á síðustu tólf mánuðum. Kúabændur hafi framleitt 3.600 tonn af nautgripakjöti síðustu tólf mánuði og það sé 1,5 prósenta aukning frá fyrra ári.

„Þetta er nánast einsdæmi í aukningu á nautakjöti,“ segir hann og telur fráleitt að skyrdrykkja valdi skorti á nautakjöti. „Við myndum ekki geta aukið framleiðsluna ef við værum á sama tíma að halda í gripi vegna skyrsölunnar en það er góð kenning. Það er mikil eftirspurn eftir skyndibita. Íslenska þjóðin er að flýta sér og skyndibitastaðirnir koma sér fyrir víða. Nautakjötið kemur þar sterkt inn og við kappkostum að framleiða allt sem við getum fyrir fólkið í landinu.“

- ghs



**SNORRI SIGURÐSSON** Eftirspurn eftir nautakjöti hefur aukist gríðarlega á síðustu tólf mánuðum og er kannski þess vegna víða skortur. Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir framleiðsluna hafa aukist um 1,5 prósent á einu ári.



Beint flug: **Pétursborg í Rússlandi eða Tallinn í Eistlandi**

**Beint flug:** Pétursborg í Rússlandi eða Tallinn í Eistlandi. Páskar í apríl 2006. Frá Akureyri og Keflavík. Hin stórkostlega Pétursborg í Rússlandi eða miðaldaborgin Tallinn í Eistlandi. Flogið beint til Tallinn og keyrt þaðan til Pétursborgar.

**Tallinn**
Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimsminjalista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífið fjörugt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni

**Pétursborg**
Pétursborg er borg mikilfengleika og glæsileika, borg með glæsta fortíð, einskonar minnismerki um liðna tíð. Borgin hefur verið kölluð Feneyjar norðursins vegna margra síkja sem í henni eru. Rúmlega þrjá aldir eru liðnar síðan Pétur mikli byrjaði á því að reisa þessa stórkostlegu borg. Borgin hefur einhverjar fallegustu byggingar Evrópu. Fyrir áhugafólk um sögu og menningu er Pétursborg gullnáma.

| **Frá Keflavík:** | Pétursborg | Tallinn | **Frá Akureyri:** | Pétursborg | Tallinn |
|---|---|---|---|---|---|
| 8-15. apríl | uppselt | uppselt | 12-16. apríl | 57.700 kr. | 55.500 kr. |
| 15-20. apríl | 59.050 kr. | 57.500 kr. | 13-17. apríl | uppselt | uppselt |

*Innifalið: Flug, skattar, hótel, rúta og íslenskur fararstjóri*

Trans-Atlantic
Ráðhústorg 7 , Akureyri
Sími 5888900 www.transatlantic.is





Leikföngin á stuðverði í Bónus!
FJARSTÝRÐAR DROSSÍUR
MEÐ KRAFTA Í KÖGGLUM
2249 KR.
Merkt verð 2999kr.
25% afsláttur við kassann
*9.6v hleðslurafhlaða
*Hleðslutæki
*Tveggja hraða
*Demparar að framan og aftan
3749 KR.
Merkt verð 4999kr.
4499 KR.
Merkt verð 5999kr.
Öll leikföng með 25% afslætti við kassann til jóla!
Jólatréð!
1699 KR.
100-150sm
1899 KR.
150-225sm
Normannsþinurinn
Fæst í Bónus Skútuvogi
og í Holtagörðum
974 KR.
Merkt verð 1299kr.
STÓRAR HALLIR
OG GLÆSIVILLUR
Modern Villa
2249 KR.
Merkt verð 2999kr.
SERVÖRU VERSLANIR
Öll leikföng með 25% afslætti við kassann til jóla!
VELJIÐ SJÁLF
187 KR.
Merkt verð 249kr.
25% afsláttur við kassann
-og skórinn!
VELJIÐ SJÁLF
187 KR.
Merkt verð 249kr.
BUGS
CHESS SET HIGH-GRADE
BÓNUS
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS
ERAN/Landlist



**SMÁR EN KNÁR** Fullvaxnir andeskondórar eru þyngstu ránfuglar jarðar, 9-12 kíló, en Acatematzi litli á nokkuð í land með að ná slíkri þyngd. Hann fæddist 6. desember í dýragarðinum í Búenos Aíres og er strax farinn að leika sér með líkön að sér stærri fuglum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áskorun fjölmargra iðnfélaga til Alþingis:

# Iðnaðarmálagjaldið burt

**ATVINNUMÁL** Sex íslensk iðnfélög hafa sent Alþingi áskorun þess efnis að hætt verði að innheimta svokallað iðnaðarmálagjald enda séu rökin fyrir þessu þrjátíu ára gamla gjaldi úrelt og gert sé upp á milli iðnfélaga.

Gjaldið var sett á árið 1975 í þeim tilgangi að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu en gjaldið, alls um 214 milljónir króna, rennur óskipt til Samtaka iðnaðarins. Eru gerðar athugasemdir við að ríkið innheimti slíkt gjald fyrir einn hagsmunasamtök sem hafa þó ekki öll fyrirtæki í iðngeiranum innan sinna vébanda. Er þannig gert upp á milli samtaka sem mörg hver reiða sig eingöngu á félagsgjöld til rekstursins.

Í tilkynningu sem félögin sex, Félag pípulagningarmanna, Meistarafélag húsasmiða, Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Bílgreinasambandið og Félag íslenskra stórkaupmanna, hafa sent frá sér er þess krafist að gjaldið verði fellt niður hið fyrsta. Um óréttlátan nauðungarskatt sé að ræða auk þess sem bent er á að hæpið sé að lögin um gjaldið standist ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi. Að öðrum kosti verði leitað til Mannréttindadómstóls Evrópu. - aöe



**IÐNAÐARMÁLAGJALDIÐ BURT** Gjald það er ríkið innheimtir af iðnfyrirtækjum til að efla iðnað og iðnþróun í landinu fer að öllu leyti til Samtaka iðnaðarins á kostnað annarra samtaka.

Sænska stjórnkerfið:

## Ráðuneytisstjóri á útleið

**SVÍÞJÓÐ** Miklar líkur eru sagðar á því að ráðuneytisstjórinn í sænska forsætisráðuneytinu fái að fjúka vegna mistakanna sem áttu sér stað í sænska stjórnkerfinu eftir flóðbylgjuna á Indlandshafi um jólin í fyrra.

Ráðuneytisstjórinn er talinn hafa gefið Göran Persson forsætisráðherra rangar upplýsingar um atburðarásina en sjálfur hefur hann mótmælt því.

Svo virðist sem þrýstingurinn á að Laila Freivalds utanríkisráðherra segi af sér hafi minnkað en um tíma leit út fyrir að dagar hennar í embætti væru taldir. ■

Sænskur hórmangari:

## Dæmdur í 14 ára fangelsi

**SVÍÞJÓÐ** Sænskur karlmaður hefur verið dæmdur í fjórtán ára fangelsi fyrir að hafa niðurlægt sambýliskonu sína og selt hundruðum manna. Maðurinn neyddi konuna til að ganga með talstöð og beitti hana ítrekuðu ofbeldi, bæði einn og með mörgum öðrum körlum. Þannig var hún látin drekka þvag úr einum mannanna og þvinguð til að hafa hópsamfarir með allt að sextán mönnum í einu.

Á vefútgáfu Expressen kom fram í gær að konan hefði nokkrum sinnum reynt að fremja sjálfsmorð en ákveðið að lokum að kæra hórmangarann til lögreglunnar. Eftir að hún þorði að bera vitni höfðu fleiri konur samband við lögregluna og fyrrverandi sambýliskona ákærði hann. Hann hafði líka neytt hana til vændis. ■

Hjálmari Árnason:

## Vill leiðrétta misskilning

**STJÓRNMÁL** Í kjölfar ummæla Skarphéðins Þórissonar ríkislögmanns um að Hjálmar Árnason, hafi farið rangt með tímasetningu á ráðgjöf embættisins vegna starfsloka Valgerðar H. Bjarnadóttur, sendi þingflokksformaðurinn frá sér tilkynningu.



**HJÁLMAR ÁRNASON**

Þar segir Hjálmar að hann hafi talið að ríkislögmaður hafi veitt umrædda ráðgjöf fyrr en raun bar vitni. Hjálmar telur aðalatriði málsins engu að síður vera þau að embætti ríkislögmanns hafi veitt ráðgjöf þess að lútandi að á Valgerði H. Bjarnadóttur hafi ekki verið brotið. ■

# Lögbannið stendur enn þrátt fyrir dóm

**Héraðsdómur segir Fréttablaðið ekki hafa farið út fyrir þau mörk sem tjáningarfrelsinu eru sett. Blaðið birti upplýsingar úr tölvupósti Jónínu Benediktsdóttur. Hróbjartur Jónatansson, lögmaður hennar, segir lögbannið gilda áfram.**



**JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR OG HRÓBJARTUR JÓNATANSSON** Myndin er tekin í dómsal 101 í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar fram fór aðalmeðferð í lögbannsmáli Jónínu vegna birtingar frétta sem byggðu að hluta á tölvupóstsamskiptum hennar við aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**DÓMSMÁL** Lögbannskröfu Jónínu Benediktsdóttur á hendur Fréttablaðinu og 365 prentmiðlum var hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þá var refsikröfum á hendur Kára Jónassyni, ritstjóra Fréttablaðsins, hafnað og bæði útgáfufélag og ritstjóri sýknað af miskabótakröfu Jónínu.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu, segir málinu verða áfrýjað til Hæstaréttar og því gildi lögbannið áfram. „Áfrýjun frestar réttaráhrifum dómsins," segir hann.

Kári Jónasson, ritstjóri Fréttablaðsins, segir blaðið hins vegar fagna dómnum og kveðst búast við sömu niðurstöðu í Hæstarétti. „Auðvitað er fáránlegt að hægt sé að múlbinda fjölmiðla með þessum hætti," segir hann og telur með málatilbúnaðinum vegið að grundvallaratriðum frjálsrar fjölmiðlunar. „Enda mjög alvarlegt að sýslumaður geti komið inn á ritstjórnarskrifstofur og tekið vinnugögn fréttamanna." Þá bendir Kári á að vegna lögbannsins standi fjölmiðlar 365 samsteypunnar nú frammi fyrir því að geta ekki fjallað um „Jónínumálið" í áramótayfirliti.



**KÁRI JÓNASSON** Ritstjóri Fréttablaðsins fagnar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem lögbannskröfu Jónínu Benediktsdóttur var hafnað.

Lögbannið setti Sýslumaðurinn í Reykjavík á 30. september, en það bannar Fréttablaðinu og öðrum fjölmiðlum útgáfufélagsins að fjalla um aðdraganda svokallaðs Baugsmáls, með vísan til gagna sem um leið voru gerð upptæk, eða að vitna í fyrri skrif um málið.

Samkomulag varð milli lögmanna Jónínu og 365 prentmiðla um að gögnin yrðu ekki lögð fyrir dóminn sem dómsskjöl, en þau hafa ekki verið gerð opinber í heild sinni.

Sigurður H. Stefánsson, dómari í málinu, skoðaði hins vegar gögnin og gerir um þau bókun í dóminn. „Þau reynast hafa að geyma tjáskipti stefnanda og nokkurra nafngreindra einstaklinga og virðast á einhverjum tíma hafa verið prentuð út af tölvupósthólfi stefnanda," segir hann og kemst að þeirri niðurstöðu að með skrifum sínum hafi Fréttablaðið ekki farið út fyrir mörk sem tjáningarfrelsi eru sett, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár og laga um mannréttindasáttmála Evrópu.

Hróbjartur segir rangt lagt upp með grundvallaratriði í dómnum og telur hann alrangan. „En héraðsdómur er náttúrulega bara undirréttur, yfirleitt bara skipaður einum dómara og mál sem varða mikla hagsmuni fara venjulega til Hæstaréttar. Því er hvorki ástæða til að æsast af kæti, né brotna niður við niðurstöðu héraðsdóms," segir hann, en áréttar þó um leið að héraðsdómstigið sé gott og gilt og þar séu mörg mál útkljáð að fullu. „Án þess væru menn líka bara með eitt dómstig og fengist ekki sú endurskoðun dóma sem er í samræmi við tilgang áfrýjunarstigsins."

olikr@frettabladid.is






Hópur þekktra Svía:

## Styður hryðjuverkamann

**SVÍÞJÓÐ** Hópur þekktra Svía greiðir Ahmed Yusuf, manni sem er á lista Sameinuðu þjóðanna yfir grunaða hryðjuverkamenn, fyrir að koma fram þó að honum sé bannað að vinna. Dagens Nyheter segir að þar á meðal séu nokkrir fyrrverandi ráðherrar.

Yusuf Ahmed hefur verið á listanum í fjögur ár. Allir hans bankareikningar hafa verið frystir. Bandaríska alríkislögreglan hefur rannsakað hans mál en ekki fundið neitt sem styður grun um hryðjuverkastarfsemi eða samskipti við liðsmenn al-Kaída. ■

Tryggingastofnun ríkisins:

## Lokað á Þorláksmessu

**STOFNANIR** Lokað verður hjá Tryggingastofnun ríkisins á Þorláksmessu samkvæmt ákvörðun Karls Steinars Guðnasonar forstjóra.

Ekki er hefð fyrir því að ríkisstofnunum sé lokað á þessum degi, sem kemur upp á föstudegi í ár, en samkvæmt heimildum er þetta gert þar sem reynslan hefur sýnt að lítið er að gera þennan dag og að auki til að gefa starfsfólki lengra frí enda eru jólin að þessu sinni um helgi og lítið um frídaga þess vegna. - aöe

Leigubílstjórar á Spáni:

## Vilja að öryggi sitt verði aukið

**SPÁNN** Samtök leigubílstjóra á Spáni hafi krafist þess að öryggi bílstjóra sé aukið til mikilla muna eftir að leigubílstjóri sem skorinn var í háls í borginni Bilbao lést af sárum sínum um helgina.

Þykir öryggi bílstjóranna lítið miðað við það sem gerist víða annars staðar. Óalgengt er að öryggisskilrúm sé milli bílstjóra og farþega eins og víða þekkist og sjaldgæft er að þeir beri einhver vopn til að verja sig með ef á þá er ráðist. ■

### SVÍÞJÓÐ

**Fermingar gegnum netið** Sænskur söfnuður hefur ákveðið að bjóða upp á nýjung, fermingarfræðslu á netinu fyrir unglinga sem eru mjög uppteknir og hafa lítinn tíma til að sinna fermingarfræðslunni. Unglingarnir þurfa samt að hitta prestinn sinn af og til og mæta svo í kirkjuna á fermingardaginn.

### SEYÐISFJÖRÐUR

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ákvað á fundi sínum í gær að bjóða gjaldfrjálsa leikskólavist hálfan daginn fyrir börn á aldrinum eins til fjögurra ára frá og með áramótum. Þetta stendur foreldrum fimm ára barna til boða, en nú bætast 23 börn í þann hóp. Áætlaður kostnaður af hálfu sveitarfélagsins vegna þessa er um tvær og hálf milljón króna.







HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Hver ann




## „Magnaður seiður“

„**Raunverulegt listaverk** ... Guðrún Eva tekst á við flókið og erfitt söguefni með **meistaralegum hætti** ... Yosoy er sögð af mikilli list, skáldskaparlist.“
*Gauti Kristmannsson, RUV*

„**Magnaður seiður** ... lesturinn svo fallegur, lipur og vel skrifaður að **lesturinn verður tær nautn**.“
*Þórainn Þórarinsson, Fbl.*

„**Yosoy er metnaðarfullt verk**.“ *Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

„**Verulega vel skrifuð**. “ *Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*


Guðrún Eva Míneróvudóttir

„Blóðberg er **hörkuglæpasaga** þar sem blandað er saman morðrannsókn, samfélagskönnun og húmor í hárréttum hlutföllum.“
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljósið*

„Ákaflega snjöll hugmynd sem er unnið vel úr ... **fimlega unnin fléttan** gerir það að verkum að síðurnar rjúka hjá.“
*Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is*

„Ekki hægt annað en að **mæla eindregið með bókinni**.“
★★★★ *Jakob Bjarnar Grétarsson, DV*

„Ævar er orðinn **einn af aðalsakamálasöguhöfundum landsins**, ef ekki sá besti.“
*Þórarinn Þórarinsson, Fbl.*


Ævar Örn Jósepsson

1. prentun á þrotum

2. prentun væntanleg









„**Æsispennandi** glæpasaga sem gefur lesandanum færi á að taka þátt í að leysa flókna morðgátu“
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

„Góð glæpasaga ... þessi lesandi hérna var **eldfljótur að gleypa í sig Aftureldingu** og naut lestursins í hvívetna.“
*Ingvi Þór Kormáksson, bokmenntir.is*

„Viktor **grípur lesandann traustataki**, tekur á rás og gerir sig ekki líklegan til að sleppa.“
*Bergsteinn Sigurðsson, Fbl.*

**FRÁ HÖFUNDI FLATEYJARGÁTU!**

Viktor Arnar Ingólfsson

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
*Tilnefning*

## Forboðnar ástir og mikil örlög

Naaja elst upp í inúítaþorpi á Grænlandi á 15. öld. Eftir örlagaríka atburði hrekst hún burt, brennimerkt sem norn, og þarf að takast á við grimmasta mótlæti og lifa af.

Spennandi og áhrifarík skáldsaga um það sem gerist þegar örlög einstaklinga rekast á veggi fordóma og hefða.

„... **ástarsaga og hetjusaga** ... vel skrifuð ... umfram allt er bók þessi ágæt **sagnaskemmtun**.“
*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*


Vilborg Davíðsdóttir



# arri betri

„**Erlendur klikkar ekki** … Arnaldur Indriðason sækir í sig veðrið með hverri bók.“
*Þórarinn Þórarinsson, Fbl.*

„**Fléttan er þétt og vandlega unnin** og heldur lesandanum vel við efnið … Arnaldur sýnir hér mikla hæfni í sköpun andrúmslofts og stemmningar og minnir Vetrarborgin að því leyti á Mýrina og Grafarþögn.“
*Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is*

THE CWA Gold Dagger






Martin Beck verðlaunin 2005

Tilnefndur til IMPAC verðlaunanna 2005

1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir

1. sæti Allar bækur MBL 29. nóv. – 5. des.

1. sæti Allar bækur Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 30. nóv. – 6. des.




1. prentun á þrotum

2. prentun væntanleg

3. sæti Skáldverk Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 30. nóv. – 6. des.

3. sæti Skáldverk Mbl. 29. nóv. – 5. des.

„**Meistaralega vel sögð.**“
★★★★★ *Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„Rokland er að minni hyggju **sterkasta bók Hallgríms** …skrifuð af smitandi krafti og mælsku … útkoman er ótrúlegur texti." *Halldór Guðmundsson, Fbl.*

„Í Roklandi kraumar **frásagnargleði** og húmor.“
*Steinunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.*

„Rokland er **mikil skáldsaga**.“
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning








„**Frábærlega falleg bók**, áhrifarík og býður lesanda upp á háskalega og heillandi tilfinningalega rússibanaferð … **Sparibók** sem veitir lesandanum ósvikna ánægju, jafnt í rigningu sem sólskini."
*Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*

„Bók Steinunnar **hittir beint í hjartastað** … Það er í henni einhver innri ljómi.“
*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

„ Sólskinshestur í myrkrinu … **tekur í hjartað**.“
★★★★ *Sigríður Albertsdóttir, DV*

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning

2. sæti Skáldverk Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM 30. nóv. – 6. des.

4. sæti Skáldverk Mbl. 29. nóv. – 5. des.




1. prentun uppseld

2. prentun komin í verslanir




## Isabel Allende skrifar um Zorró

„Full af húmor og sagan svo kröftug að hún sveiflast í ljósakrónunum … stór og mikil saga sögð á fullkomin hátt. Isabel Allende tekst að blása nýju lífi í þessa fornu sögupersónu.“
*Miami Herald*

„Höfundur og viðfangsefnið passa fullkomlega saman.“
*Chicago Sun - Times*

Edda
edda.is

„ORÐRÉTT"

### Flókin veröld

**„Þeir hjá Vegagerðinni segja að forsvarsmenn Strætó hafi ekki viljað setja upp stoppistöð en þeir hjá Strætó segja að Vegagerðin hafi gleymt að setja upp stöðina."**

EINAR SÍMONARSON BÝR Í GRENND VIÐ GRÓÐRARSTÖÐINA LUND VIÐ VESTURLANDSVEG OG SAKNAR STRÆTÓS. FRÉTTABLAÐIÐ.

### Það er þá á hreinu

**„Þegar fullkomnu foreldrajafnrétti er náð, þá munu konur ná launajafnrétti á vinnumarkaði. Ekki fyrr."**

GÍSLI GÍSLASON, FORMAÐUR FÉLAGS ÁBYRGRA FEÐRA, Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær
tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SÉRA ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON

# Förum pent í sakirnar



„Það er allt gott að frétta úr Neskirkju. Það er góð tíð, mikið um að vera í kirkjunni og góður gangur í öllu starfi," segir séra Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirkju. Hann segir starfsálagið ekki aukast að ráði í kringum jólin. „Það eru auðvitað einhverjar sveiflur í þessu eftir mánuðum en dauðinn fer til dæmis ekkert í frí um jólin þannig að við prestar erum að sinna prestsverkum allt árið um kring." En gefur fólk sér tíma til að sækja kirkju í miðri jólaösinni? „Já, það hefur verið mikil og góð kirkjusókn í Neskirkju í desember og mikið fjölmenni í messum auk þess sem tónleikahald skipar aukin sess í kirkjulífinu í jólamánuðinum. Við erum glöð og hrærð yfir því hve margir leggja leið sína í kirkjuna. Ný aðstaða sem við höfum byggt inni í safnaðarheimili hefur líka aukið starfið og styrkt á margan hátt. Svo hefur líka fagnaðarerindið - orð Guðs - áhrif. Eins og Guð hefur lofað þá skilar það árangri og við verðum áþreifanlega vör við það í Neskirkju."

Hvernig skyldi svo Guðs maður eins og Örn haga sínum jólaundirbúningi? „Ég hef nú staðið í flutningum núna á aðventunni þannig að það hefur helst skapað hjá mér auknar annir en við höldum jól á ákaflega hógværum nótum. Við förum pent í sakirnar og njótum jólanna ekki hvað síst hið innra. Við gefum auðvitað gjafir eins og gengur en við erum ekki átta vikur að undirbúa jólin. Þetta er ein helgi með góðum mat þar sem við gleðjumst," segir Örn og gefur lítið fyrir neysluæðið sem grípur menn á hátíðarstundum. „Aðventan á að vera kyrrðartími og tími rólegheita og íhugunar. Á jólunum sjálfum á maður svo að fagna virkilega og gleðjast af hinu rétta tilefni. Ef maður veit ekki hver tilgangurinn er eða hlustar á og leggur sig eftir boðskap jólanna með einhverjum hætti þá er þessi jólahátíð nú fremur tilgangslítil."



**TVEIR Á TOPPNUM** Leikarinn Khairatkhan Sherkhakhan frá Kasakstan sést hér með örninn sinn á rauða dreglinum á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Dúbai. FRÉTTABLAÐIÐ/AP









# Guð er sá eini sem satt getur hungur hjartans

**Ingunn Huld Sævarsdóttir hefur sent frá sér ljóðabókina Hungr míns hjarta. Flest eru ljóðin hennar á trúuðum nótum enda ákvað hún ung að fylgja Jesú.**

„Ég hef ort síðan ég var lítil og man eftir mér tíu til tólf ára gamalli að gera vísur," segir Ingunn Huld sem nú er 22 ára. Hún telur áhugann á kveðskap vera frá pabba hennar og afa sem báðir hafa dundað sér við yrkingar án þess þó að hafa gefið nokkuð út.

Ljóðin í bókinni voru flest ort á síðasta ári en þá vann Ingunn Huld á gistiheimili austur í sveitum. „Ég vann í eldhúsinu og hafði mikinn tíma til að fara í göngutúra. Ég kom yfirleitt til baka með ljóð í vasanum," segir hún. Að sumarvinnunni lokinni fór hún í Biblíuskóla í Skotlandi og lagði lokahönd á verkið þegar hún kom aftur heim.

Trúin skipar ríkan sess í lífi og hjarta Ingunnar Huldar og flest ljóðin bera þess glögg merki. „Ég hef alltaf trúað á Guð og ákvað þegar ég var fimmtán ára að fylgja Jesú."

Hún er í Íslensku Kristskirkjunni sem er lúthersk fríkirkja og auk þess að rækta þar trúna hjálpar hún til í unglingastarfinu.

Titill bókarinnar er sóttur í eitt ljóðanna en það fjallar um stöðuga leit fólks að lífsfyllingu. Ingunn Huld veit hvar þá fyllingu er að finna. „Guð er sá eini sem getur satt hungur hjartans," segir hún ákveðin.

Ingunn Huld gefur bókina sína sjálf út og segir hún einmanalegt en skemmtilegt að standa í stússinu sem slíku fylgir. Hún reynir þó að hitta vini sína á milli vinnutarna enda hefur hún sérlega gaman af að vera með fólki. „Ég hef ríka þörf fyrir að vera með fólki," segir hún. Engin lognmolla ríkir á vinnustað hennar því hún afgreiðir á kaffistofu Háskólans í Reykjavík þar sem oft er þröng á þingi á mestu annatímum. Þegar um hægist gefur hún sér svo tíma til að setjast niður og pára pælingar sínar og ljóð á bréfpoka.

Ingunn Huld kemur fram á svonefndu kakókvöldi á Ömmukaffi í Austurstræti í kvöld og les þar upp úr bókinni sinni auk þess að flytja nokkur frumsamin lög við undirleik góðvina sinna. ■



**INGUNN HULD SÆVARSDÓTTIR** Ætlar að lesa úr nýútkomnu ljóðabókinni sinni á Ömmukaffi í Austurstræti í kvöld. Þar ætlar hún einnig að flytja nokkur frumsamin lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HUNGR MINS HJARTA**

*Hungur míns hjarta*
*eftir ósvikinni ást*
*eðal andans meðal*
*ást sem uppfyllir mig*
*en skilur ekki eftir sig*
*endalaust tóm*
*heldur mér fastri í klóm*
*og gerir mig háða því sem dugar ei til*
*að færa mér það sem ég vil*
*og mig vantar og þrái*

*Þorsti*
*hjarta mitt brostið*
*hungrað og hætt að reyna*
*að taka til greina*
*að elta eitthvað sem er óekta*
*og gerir mig svanga og svekkta.*

Hjálpum þeim kom í verslanir í fyrradag. Salan fer mjög vel af stað:

# Líklega metsöluplatan í ár

Endurgerð lagsins Hjálpum þeim, eftir Axel Einarsson og Jóhann G. Jóhannsson, í flutningi landsliðsins í poppi árið 2005 kom í verslanir í fyrradag. Viðtökur hafa þegar verið mjög góðar, að sögn Einars Ólafs Speight hjá Hagkaupi en diskurinn fæst í Hagkaupsverslunum, 10-11 og Bónus. „Þetta varð strax söluhæsti diskurinn hjá okkur," segir Einar Ólafur sem spáir að Hjálpum þeim verði söluhæsta plata ársins. „Hún verður örugglega í einu af toppsætunum," segir hann.

Einar Bárðarson sem stóð að undirbúningi útgáfunnar segist hafa fengið mjög góð viðbrögð frá almenningi og sömu sögu hefur Anna Ólafsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar að segja. Allir sem komu að útgáfunni gáfu vinnu sína og rennur söluandvirðið til bágstaddra í Pakistan og víðar. Þá er laginu ætlað að vekja athygli á jólasöfnun Hjálparstarfsins fyrir vatni. ■



**SUNGIÐ AF EINLÆGNI OG INNLIFUN** Tugir söngvara tóku þátt í hljóðritun Hjálpum þeim.

# Dæludagur á Sprengisandi







**-1kr**
til viðbótar

*Sæktu um lykil á*
**www.atlantsolia.is**

Í dag er dæludagur á Sprengisandi og veitum við því 2 kr. í afslátt af hverjum lítra. Þeir sem hafa Dælulykil fá svo 1 kr. í afslátt til viðbótar: samtals 3 krónur.

Nýttu þér daginn og fylltu á tankinn hjá Atlantsolíu, Sprengisandi í dag.

## - Ávallt ódýr -

hausverk / SÍA

**ATLANTSOLIA**

**Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is**

## Svona erum við

> Alþjóðlegur samanburður á árslaunum í iðnaði árið 2002 í evrum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: KYOTO-BÓKUNIN

# *Ætlað að hindra loftslagsbreytingar*



Nýlokið er loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Montreal í Kanada þar sem meginmarkmiðið var að framlengja þá bókun sem 157 aðildarríki gerðu í Kyoto í Japan árið 1997. Markmið þeirrar bókunar var að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum væri ekki stefnt í hættu.

**Hvað felur Kyoto-bókunin í sér?**
Markmiðið var að stuðla að alþjóðlegri samvinnu ríkja um að auðvelda aðlögun að loftslagsbreytingum en um leið leitast við að koma í veg fyrir eða minnka þau áhrif sem mannkynið hefur á loftslagskerfi heimsins. 157 ríki skrifuðu undir samninginn og skuldbundu sig til að minnka til muna útstreymi svokallaðra gróðurhúsalofttegunda.

**Hvað átti sér stað í Montreal?**
Þar leituðust sömu ríki við að ná samkomulagi um næstu skref en upprunalega samkomulagið sem gert var í Kyoto náði aðeins til ársins 2012. Í Montreal voru viðræður um næstu skref eftir það með það fyrir augum að ný markmið verði sett fyrir 2012.

**Af hverju eru Bandaríkjamenn ekki með?**
Sú staðreynd að stærsta iðnríki veraldar skuli ekki taka þátt, og raunar finna loftslagssamningum allt til foráttu, er meira pólitísk ákvörðun stjórnar George Bush en nokkuð annað. Fjölmörg ríki og fyrirtæki í landinu hafa sjálf tekið það upp hjá sér að minnka útblástur og mengun og því má segja að Bandaríkin séu með þó formlegt samþykki stjórnarinnar liggi ekki fyrir.



**TIL Í SLAGINN** Marlie Casseu, sextán ára, gekkst undir aðgerð í gær á Holtz-barnaspítalanum í Miami á Flórída. Þar átti að fjarlægja átta kílóa þungan vef af andliti hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30637 12/2005
Vodafone live!
Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun

Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR
Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.
og vodafone
Heyrumst!

Stökktu til Kanarí
17. janúar
frá kr. 29.990
Síðustu sætin
Kr. 29.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku 10. eða 17. janúar. Innifalið flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi /íbúð/stúdíó í viku 10. eða 17. janúar. Innifalið flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
10. janúar
Uppselt - aukaflug
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina til Kanaríeyja í janúar á frábærum kjörum. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

# Lítið vinnst án samstarfs við stórþjóðir

**Að lokinni loftslagsráðstefnunni í Montreal eru bundnar vonir við að þjóðir heims geti gengið í takt og samið um frekari takmarkanir á útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Líka þeir sem dregið hafa lappirnar eins og Bandaríkjamenn.**

George Bush Bandaríkjaforseti og þarlend stjórnvöld skapa bandarískum fyrirtækjum mikla óvissu með því að neita að taka þátt í viðræðum um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofts vegna þess að þjóðir heims líta svo á að slík afstaða samrýmist ekki hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Við þennan tón kveður í niðurlagi ritstjórnargreinar Washington Post í gær þar sem gerð er upp niðurstaða loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem lauk í Montreal í Kanada um síðustu helgi.




**GRÓÐURHÚSAÁHRIFUM MÓTMÆLT Í MONTREAL** Eftir loftslagsráðstefnuna í Montreal er vonast til að Bandaríkjamenn, og aðrir sem hafa ekki samið um frekari takmarkanir á útstreymi gróðurhúsalofttegunda, muni sammælast um slíkar takmarkanir. NORDIDPHOTOS/AFP

### Gaggað á hliðarlínunni

„Fyrirtækin vita ekki hvers þau eiga að vænta af bandarískum stjórnvöldum í framtíðinni þegar þau sem nú ríkja stíga af valdastóli. Hvernig eiga þau að taka skynsamlegar ákvarðanir um útstreymi gróðurhúsalofttegunda undir þessum kringumstæðum,“ er spurt.

Í upphafi greinarinnar er talað um auma stöðu Bush-stjórnarinnar sem skilin hafi verið eftir gaggandi á hliðarlínunni í lok loftslagsráðstefnunnar í Montreal.

Þess ber að geta að Bandaríkin eiga ekki aðild að Kyoto-bókuninni um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Aftur á móti eiga þau aðild að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna.

Fulltrúi Dana á ráðstefnunni vill ekki gefa bandarísk stjórnvöld upp á bátinn og lét hafa eftir sér á ráðstefnunni að þótt afstaða Bandaríkjanna, sem ábyrgð bera á um fjórðungi útstreymis gróðurhúsalofttegunda í veröldinni, sé ekki uppbyggileg, gæti það breyst í framtíðinni.

### Orð eru til alls fyrst

Hugi Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, sótti ráðstefnuna í Montreal. Hann telur heldur ekki ástæðu til þess að gefa upp von um að Bandaríkjamenn taki til óspilltra málanna. Hann segir að þótt þeir rekist illa í samfélagi þjóðanna sé margt að gerast. Í norðausturríkjum Bandaríkjanna finni menn til ábyrgðar og takmarki upp á eigin spýtur útstreymi gróðurhúsalofttegunda með svipuðum aðferðum og Kyoto-ríkin hafi tekið upp.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, sótti einnig ráðstefnuna í Montreal. Hann segir mest um vert að tekist hafi samkomulag um undirbúning að áframhaldandi samstarfi þjóðanna þegar gildistími Kyotobókunarinnar rennur út árið 2012. „Þetta skiptir miklu máli því ef þjóðir heims ætla að ná markmiðum sínum um að hefta gróðurhúsaáhrifin og takmarka loftslagsbreytingar af þeim völdum verður málið að fara fyrir þjóðþingin löngu fyrir árið 2012. Það tekur mörg ár að afgreiða þetta fyrir þann tíma,“ segir Árni.

Í öðru lagi tókst samkomulag í Montreal um aðkomu þróunarríkja og ríkja sem mögulega ráða miklu um heildarniðurstöðuna um takmarkanir á útstreymi eins og Kína og Indland og Bandaríkin. „Vandinn er viðurkenndur sem ógn við lífríki jarðar en Bandaríkin kvittuðu samt sem áður ekki undir neinar skuldbindingar,“ segir Árni.

### Hvað um Ísland?

„Þetta var árangursríkur fundur. Annars vegar náðu aðildarríkin að Kyoto-bókuninni árangri um framhald samningsins eftir árið 2012. Hins vegar samdist um viðræðugrundvöll allra ríkja heims, þeirra á meðal Bandaríkjanna. Það er í anda þess sem Stephane Dion, umhverfisráðherra Kanada, hafði lagt upp með fyrir ráðstefnuna en það var að fá þjóðir veraldar til að taka upp almennar viðræður um loftslagsbreytingar og útstreymi. „Það næst ekki árangur nema stórþjóðirnar eigi aðild að samningum,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra, en hún flutti boðskap íslenskra stjórnvalda á loftslagsráðstefnunni í Montreal.



**ÁRNI FINNSSON, FORMAÐUR NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA ÍSLANDS** „Mér fannst framlag Íslands á ráðstefnunni í Montreal ágætt.“



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR, UMHVERFISRÁÐHERRA** Mikilsvert er að fá Bandaríkin, Kína og Indland í viðræður um útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, tók málið upp á Alþingi fáeinum dögum áður en hún hélt til Kanada og vildi vita um stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Hann staldraði við gerólík viðhorf núverandi forsætisráðherra og forvera hans. Davíð Oddsson hefði á landsfundi Sjálfstæðisflokksins lýst miklum efasemdum um vísindalegan grunn Kyoto-bókunarinnar. Halldór Ásgrímsson hefði á hinn bóginn sagt um Norðurheimskautsskýrsluna að aldrei hefðu menn staðið frammi fyrir jafn örum loftslagsbreytingum á norðurhveli jarðar.

„Milli orða fyrrverandi forsætisráðherra úr öðrum stjórnarflokknum og yfirlýsinga núverandi forsætisráðherra úr hinum stjórnarflokknum, er himinn og haf,“ sagði Mörður.

Umhverfisráðherra sagði í umræðunum að stefna Íslands væri skýr og að þjóðin hefði meðal annars dregið úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda um sex prósent frá árinu 1990.

„Mér fannst framlag Íslands á ráðstefnunni í Montreal ágætt. Í ávarpi Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra var Ísland á sömu línu og Evrópuþjóðir og Norðurlöndin og það skiptir miklu máli,“ segir Árni Finnsson formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is


TILBOÐ
CANON iP4200
9600dpi
CHROMALIFE 100
Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár
ChromaLife 100
9600dpi UPPLAUSN
Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum
PIXMA
5 STÖK HYLKI
5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun
PRENTAR BEINT Á CD
Prentar í ljósmyndagæðum beint á geisladiskinn. Bara að stinga honum í CD bakkann
FULL BLÆÐING
Prentar í fullum gæðum út á jaðar pappírs allt að A4, prentar einnig sjálfvirkt báðu megin (Duplex)
HAGKVÆMUR
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit
VERÐ 14.900
VÍRUSVÖRN
TREND MICRO
Trend Micro PC-cillin 2006
ÖRUGG VÍRUSVÖRN
• Fullkomin vírusleitarvél
• Bætt vörn gegn Spyware
• Stöðvar upplýsingaþjófnað
• Stjórnun á heimaneti
• Vörn gegn netinnbroti
• Öflugur eldveggur
• Sjálfvirkt öryggismat
VERÐ 4.990
ZBOARD STARTER KIT
ZBOARD
GRUNNPAKKINN
ZBOARD samanstendur af venjulegu lyklaborðssetti og leikjaborði sem auðvelt er að breyta eftir þörfum
ZBOARD Í LEIKINA
Breyttu Zboard í sérhæft leikja lyklaborð með því að smella í leikjagrunnborði sem er hlaðið skot og flýtihnöppum
PAKKAVIÐBÆTUR
Hægt er að fá sérhannaðar leikjaviðbætur eins og Call of Duty 2, BattleField 2, World of Warcraft ofl.
VERÐ 4.990
WD HARÐIR DISKAR
320GB
WD
320GB Special Edition harðdiskur með Fluid Dynamic Bearing tækni sem skilar hljóðlátari og endingarbetri diskum, 7200RPM og 8MB buffer
VERÐ 14.900
ICYBOX HÝSING
ICY BOX
USB 2.0 utanáliggjandi RaidSonic ál harðdiskahýsing fyrir hámarkskælingu, hægt að stafla nokkrum saman
VERÐ 4.990
ÞRÁÐLAUS MÚS
Logitech
Logitech G7 þráðlaus Laser mús með nettum USB sendi, tveim rafhlöðum og hleðslutæki, frábær í leikina
VERÐ 9.990
IXUS ZOOM
Canon
• Nett stafræn myndavél 105gr
• 5 Megapixla upplausn
• 2.4x Optical Zoom linsa
• Góður 1.8" LCD litaskjár
• Tekur VGA myndskeið
VERÐ 29.900
BATTLEFIELD
VERÐ 2.490
VERÐ 3.990
VERÐ 3.790
FOOTBALL MANAGER
VERÐ 2.990
VERÐ 3.790
QUAKE 4
VERÐ 3 .990
VERÐ 2.990
60 DAGA WOW KORT
VERÐ 1.990
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur
TÖLVULISTINN
1 REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
2 AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
3 KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400

# Eigi tjaldar sorgin til einnar nætur

**Jólin eru syrgjendum erfið segir prestur sem hefur hjálpað fólki að glíma við sorgina í tvo áratugi. Hann segir mikilvægt að setja syrgjendum engin tímamörk því sorgin gerir það ekki.**

„Jólahátíðin er sá tími þegar fólk kemur saman með þeim sem það elskar mest og þykir vænst um. Ef það er svo höggvið skarð í þann hóp þá verður tómarúmið aldrei jafn mikið og á jólunum. Það verður svo áberandi að sá eða sú sem við söknum er horfinn frá,“ segir Halldór Reynisson, prestur og verkefnisstjóri fræðslusviðs á Biskupsstofu.

„Þar að auki er mikið af alls konar hefðum á þessum tíma og það getur verið til þess að minna fólk á þann sem það saknar. Svo eiga jólin líka að vera svo góður og gleðilegur tími. En þegar eitthvað bjátar á í lífi manns þá magnast vanlíðanin frammi fyrir ljósadýrðinni, gleðinni og kætinni sem er allt í kringum mann. Þar að auki þykir mörgum skammdegið erfitt og svo ef einhver harmur bætist þar við getur þetta orðið fólki nokkuð þungt,“ segir presturinn og hvetur menn til að lýsa upp skammdegið.

Hann hefur þó ráð til syrgjenda og aðstandenda þeirra. „Það er hollt, bæði fyrir syrgjendur og þá sem umgangast þá, að minnast þess að eigi tjaldar sorgin til einnar nætur, svo ég vitni nú í skáldið Hannes Pétursson. Í raun á sorgin sér engin tímamörk. Og ég veit dæmi þess að sumir hafi aldrei upplifað gleðileg jól eftir fráfall náins ástvinar, jafnvel þó áratugir hafi liðið. Eins verða syrgjendur að fá að vita af því að það sé eðlilegt að fara í gegnum allt tilfinningalitrófið við erfiðan missi. Sú tilfinning er meira að segja ekki óalgeng að syrgjanda finnist hann vera að ganga af vitinu.“



**HALLDÓR REYNISSON PRESTUR** Halldór segir dæmi þess að fólk hafi ekki getað upplifað gleðileg jól vegna ástvinamissis jafnvel þó áratugir hafi liðið.



**TORFHILDUR RÚNA GUNNARSDÓTTIR** Jólin færa Torfhildi Rúnu frekar harm en gleði eftir að maður hennar féll frá fyrir tveimur árum. Jólabarnið í henni er horfið en trúin lifir góðu lífi innra með henni.

# Treystir sér ekki til að skrifa jólakortin

**Þó að tvö ár séu liðin frá því að Torfhildur Rúna Gunnarsdóttir missti eiginmann sinn er hún ein af þeim syrgjendum sem kvíða jólunum. Tíminn einn og sér virðist ekki lækna sárin því jólin verða erfiðari með hverju árinu sem líður.**

„Ég var alltaf frekar lífsglöð manneskja en ég finn það núna þegar jólin nálgast að það færist yfir mig þungi sem engin leið er að losna við,“ segir Torfhildur Rúna. Maður hennar lést fyrir tveimur árum og var jarðsunginn fimm dögum fyrir jól.

„Fyrstu jólin var ég bara í hálfgerðu móki. Ég var ekki með sjálfri mér og gerði mér varla grein fyrir því sem var að gerast. Jólin í fyrra voru erfið en mér finnst sem þessi jól ætli að verða enn erfiðari, svo skrýtið sem það nú er. Þess vegna hélt ég að það væri eitthvað að hjá mér en ég verð bara að átta mig á því að þetta tekur allt sinn tíma. Það er svo skrýtið að það er eins og að eitthvað hafi komi yfir mig og brynjað mig gagnvart sársaukanum svona fyrst. Svo líður tíminn og allt í einu er maður berskjaldaðri og þá finn ég fyrir því þegar kvikan opnast við minnsta tilefni. Þá finnst mér ég vera alveg ein þó ég sé í raun umkringd fólki. Mér hefur verið sagt það af þeim sem hafa reynslu af þessu að þetta líði hjá og ég vona það svo sannarlega því það er afleitt að láta sér líða svona. En þeir segja það líka að það getur tekið eitt ár en það getur líka tekið tuttugu,“ segir hún.

### Upplifir aðventuna með hálfu hjarta

Torfhildur var það sem við myndum segja jólabarn. Hún naut þess manna mest að taka þátt í jólahaldi og vildi helst hafa fullt hús af fólki um jólin.

En það er af sem áður var. „Ég finn ekki þessa gleði sem ég fann hér áður. Í raun finnst mér aðventa svo stórkostlegur tími; allir sálmarnir, ljósin og maður sér að fólk er að gera svo mikið saman. Þetta veitir mér frekar sársauka núna enda vorum við vön að gera svo margt saman á þessum tíma. Ég hef til dæmis ekki enn treyst mér til þess að skrifa jólakortin. Ég reyndi að gera það en það vantaði nafnið hans og ég fann ekki fyrir nærveru hans eins og áður þegar við gerðum þetta saman og léttleikinn skein í gegnum skrifin.“

En það er ekki aðeins í einstaka athöfnum þar sem minningin hellist yfir. Aðventan var sem sameiginleg upplifun þeirra þar sem þau urðu að taka margar ákvarðanir varðandi jólahaldið og þau nutu þess að ræða þá hluti og velta þeim fyrir sér, segir Torfhildur. „Annars sakna ég nærveru hans mest. Að sitja heima í stofu við kertaljós og tala við hann um það hvernig við ætlum að hafa hlutina um jólin. Við áttum nefnilega svo vel saman, ég sagði oft að við hefðum bætt hvort annað upp. Hann var rólegur og jarðbundinn en ég svoddan óþekktarangi,“ segir hún og brosir við.

### Erfitt að standa frammi fyrir syrgjendum

Eitt af því sem syrgjendur þurfa að glíma við eru misjöfn viðbröð fólks í kringum sig. „Ég hafði aldrei leitt hugann að því hvernig það er að vera syrgjandi í þessu samfélagi fyrr en ég lendi í þessu sjálf. Það er mjög skrýtið.

Fyrst eftir andlátið er maður umvafinn fólki og svo kemur allt í einu tímabil sem maður er berskjaldaður og finnst sem maður sé alveg aleinn. Margt af því fólki sem var að hringja og kom til að huga að manni hverfur í sitt daglega amstur sem er bara eðlilegt.

Mörgum þykir erfitt að standa frammi fyrir syrgjendum því það veit ekki hvernig það á að hegða sér. Ég tók eftir þessu jafnvel hjá kunningjafólki mínu. Svo hugsa margir sem svo að á einhverjum ákveðnum tíma eigi sorgin að vera á bak og burt en það er bara ekki þannig. Þess vegna gætu einhverjum þótt sem svo að ég ætti að vera komin yfir þetta þar sem tvö ár eru liðin frá því að hann dó.

En börnin eru hins vegar ekkert að velkja vöngum yfir þessu og þess vegna geta þau verið hinn besti félagsskapur á svona stundum. Þau eru svo eðlileg og segja bara það sem þeim býr í brjósti.“

### Jólabarnið horfið

En hvernig myndi hún helst vilja hafa jólin núna? „Ef ég hugsaði bara um sjálfa mig myndi ég kjósa að vera bara ein í sumarhúsi í Skálholti yfir jólin en ég er viss um að ættingjarnir yrðu ekki ánægðir með það ef ég léti mig bara hverfa.“ Þessi óskajól Torfhildar eru mjög ólík þeim sem hún hélt þegar jólabarnið í henni réði ríkjum. En trúin lifir góðu lífi innra með henni. „Jesús Kristur er mitt haldreipi í þessu. Þegar söknuðurinn bærist í brjósti er gott að biðja til hans og minnast þess að með bæninni kemur ljósið, líkt og segir í lagi Páls Óskars Hjálmtýssonar og Brynhildar Björnsdóttur. Ég veit hreinlega ekki hvernig ég færi að án þess að trúa. Hún felur líka með sér þá trú mína að við finnumst aftur.“

## Ráð fyrir syrgjendur um jólin

Svandís Íris Hálfdánardóttir, hjúkrunarfræðingur á Líknardeild Landspítalans, hefur tekið saman nokkur ráð fyrir syrgjendur sem ættu að létta þeim raunirnar um jólin en það tímabil er allflestum þeirra einna erfiðast. Þau eru meðal annara:

Einbeitið ykkur að því að gera það sem þið treystið ykkur til. Ekki hugsa um hvað þið „ættuð“ að gera. Veitið sjálfum ykkur leyfi til að gera ekki neitt. Þegar þið sem fjölskylda hafið ákveðið hvernig þið ætlið að haga hátíðunum látið þá aðra vita.

Þegar jólin nálgast reynið þá að tjá einhverjum sem þið treystið tilfinningar ykkar, áhyggjur og þakklæti. Þiggið alla hjálp sem býðst. Frídagar verða oft til þess að tilfinning um missi margfaldast.

Leyfið ykkur að finna fyrir þeim tilfinningum sem koma.

Hugsið fyrirfram hvernig þið ætlið að bregðast við þegar fólk óskar ykkur gleðilegra jóla.

Ef til vill gerir það ykkur gott að þiggja matarboð hjá ættingjum eða vinum á hátíðunum. Ef þið ákveðið að halda matarboð heima hugleiðið þá hvort ástæða sé til að breyta aðeins út af venjunni, til dæmis hafa annað í matinn en venjulega.

Hugleiðið að fækka jólakortum í ár. Það er ekki nauðsynlegt að senda kort, sérstaklega ekki fólkinu sem þið hittið um hátíðirnar.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is



50 ár **LEGO** á Íslandi

**OPIÐ til kl. 22**
**öll kvöld til jóla**
í Skeifu, Smáralind, Kringlu.

# Nýtt leikfang á hverjum degi!



**6.999 kr**
verð áður 8.299.-
**LEGO**
prinsessukastali



**11.999 kr**
verð áður 17.999.-
**LEGO**
risa kastali



**8.999 kr**
verð áður 12.899.-
**LEGO**
flugvöllur með flugturni og flugvallartækjum



**4.999 kr**
verð áður 6.899.-
**LEGO**
víkingaskip og sæormur



**8.799 kr**
verð áður 10.999.-
**LEGO**
baráttan um Metru Nui



**LEGO**
Star Wars B-wing þota
**4.399 kr**

**LEGO**
General Grievous Chase
**2.899 kr**



**LEGO**
Star Wars TIE-óvinaþota
**2.999 kr**

**LEGO**
Star Wars V-orrustuþota
**1.799 kr**



**1.999 kr**
verð áður 2.999.-
**LEGO** riddarasett
2 stk. riddarar, sverð og gríma



**LEGO** kastali **8.499 kr**



**LEGO** Technic mótorhjól **5.799 kr**



**LEGO** fjarstýrður útibíll **11.499 kr**
Hleðslutæki og rafhlöður fylgja



**LEGO** Harry Potter draugaskip **6.799 kr**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# hagstæðustu he

## meira fyr










## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur - www.netto.is
Tilboðin gilda frá 15. til 18. desember. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# eildarinnkaupin

## rir minna




netto

## Útgjöldin

> Kílóverð á úrbeinuðum svínahamborgarhrygg í maí miðað við verðlag á öllu landinu




Heimild: Hagstofa Íslands

**neytendur**
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MARÍN GUÐRÚN HRAFNSDÓTTIR MENNINGAR- OG FERÐAMÁLAFULLTRÚI

# *Ljóðabókin og fyrsta íbúðin*

„Bestu og ánægjulegustu kaupin sem ég man eftir eru kaup á ljóðabók," segir Marín Guðrún Hrafnsdóttir menningarfulltrúi. „Það var frábær tilfinning að finna loks, í fornbókaverslun á Laugaveginum, frumútgáfu af ljóðabók Snorra Hjartarsonar Hauströkkrið yfir mér frá 1979. Eintakið var reyndar ekki til sölu og fornbókasalinn sagði mér að hann vildi halda bókinni fyrir sig. Ánægjan var því enn meiri þegar hann ákvað að selja mér bókina, en ég held að hann hafi skynjað hversu mikilvægt þetta var fyrir mig. Ég fékk bókina fyrir 1000 krónur og þetta er og verður uppáhaldsbókin mín. Ég tengi bókina minningu afa míns, Þóris Sigurðssonar, sem kenndi mér að meta snilligáfu Snorra og fleiri ljóðskálda.



Besta fjárfestingin er líklega fyrsta íbúð okkar hjóna sem við búum enn í. Við keyptum hana fyrir sex árum, rétt fyrir sprenginguna á fasteignamarkaðinum. Þessi kaup tengjast líka verstu kaupunum sem ég man eftir. Þá var ég í flísahugleiðingum og ætlaði að gera góð kaup á útsölum. Ég keypti fallegar baðflísar og taldi mig vera að gera hin bestu kaup.

Þegar við fórum í að flísaleggja baðherbergið kom í ljós að í einum kassanum voru sams konar flísar og í hinum kössunum en þó nokkru stærri. Það var ekki hægt að að skipta þeim og eftir nokkuð svekkelsi og pirring út í verslunina var ákveðið að skera hverja einustu flís sem átti eftir að fara upp á vegg í sömu stærð og þær sem komnar voru upp. Þessi flísakaup mín reyndust mjög kostnaðarsöm og breytingarnar á baðherberginu tóku allt of langan tíma."

## GÓÐ HÚSRÁÐ:
### SYKUR Á BOTNINN MEÐ HANGIKJÖTINU

■ *Úlfar Eysteinsson, eigandi veitingastaðarins Þriggja frakka, lumar á allnokkrum húsráðum þegar kemur að matargerð.*



„Mér dettur í hug af því margir eru með hangikjöt og uppstúf um jólin að gott ráð er að setja mjólk í pott og þegar hún hættir að hreyfast að strá þá sykri yfir. Hann fellur þá á botninn og einangrar mjólkina og kemur í veg fyrir að hún brenni. Annað sem mér dettur í hug varðar hvalkjötið okkar. Áður var vinsælt að geyma kjötið í mjólk til verndar tímabundið. Það virkar en gallinn er sá að mjólkin dreifist þá um kjötið og hefur áhrif á bragðið. Betra er að sleppa því og skera í staðinn af ysta lagið af kjötinu. Þannig haldast bragðgæðin og kjötið verður ekki gegnsýrt af mjólk.

■ **Hvað kostar... þinglýsing eignar**

## Tvískiptur kostnaður

Eflaust hyggur margur á fasteignakaup nú í desembermánuði. Einn óhjákvæmilegur fylgifiskur slíkrar fjárfestingar er þinglýsing sýslumanns. Kostnaðurinn sem því fylgir er í tvennu lagi. Í fyrsta lagi greiðir kaupandi fast þinglýsingargjald, sem er óháð verði eignarinnar, upp á 1.350 krónur. Í öðru lagi þarf svo kaupandi að greiða 0,4% af fasteignamatsverði eignarinnar.



Svo dæmi sé tekið, ef fest hefur verið kaup á eign að verðmæti fimmtán milljóna króna, þarf kaupandi að reiða fram 60.000 krónur sem hlutfall af fasteignamatsverði og 1.350 krónur fyrir fasta þinglýsingagjaldið. Þessi kaupandi þarf því að reiða fram samtals 61.350 krónur við þinglýsingu eignarinnar.











# Oftast ódýrast í Bónus en dýrast í Griffli

**Verðkönnun ASÍ á þeim bókum sem eru til sölu í 14 verslunum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri fyrir komandi jól leiðir í ljós að mikill verðmunur er á bókunum eftir verslunum. Í könnuninni var Bónus oftast með lægsta verðið en Griffill það hæsta.**



Verðkönnunin fór fram 13. desember. Af þeim bókum sem verðkönnunin náði til var mesti verðmunurinn á bók Einars Kárasonar, Jónsbók, um athafnamanninn Jón Ólafsson. Bókin kostaði 5.990 krónur í Pennanum-Eymundssyni en Nettó og Bónus voru með bókina til sölu fyrir 2.995 krónur.

Í könnuninni var bókin Hinir sterku eftir Kristján Þórð Hrafnsson sú bók sem minnstur verðmunur var á hjá verslununum, eða rúm 22 prósent.

Af þeim 36 bókum sem verð var kannað á, kom í ljós að 20 þeirra voru dýrastar í versluninni Griffli.

Margrét Grétarsdóttir, verslunarstjóri í Griffli, segir að verðkönnunin segi ekki alla söguna. „Í könnuninni er ekki tekið tillit til tilboðsins sem við bjóðum upp á, sem er að viðskiptavinurinn verslar þrjár bækur en greiðir bara fyrir tvær, ódýrasta bókin er þá ókeypis," segir Margrét. Hún segir að með því að gera viðskiptavinum þetta tilboð sé ekki verið að stjórna því með verðlagningu hvaða bækur fólk kaupi. „Tilboðið gildir fyrir allar bækur en ekki bara þessar vinsælu, fólk getur því ráðið því sjálft hvort það kaupir metsölubækur eða einhverjar aðrar þegar það nýtir sér tilboðið. Við erum frekar að stíla inn á að fólk nýti sér tilboðið og kaupi fleiri en eina bók."

Bónus bauð oftast lægsta verðið í verðkönnuninni. Óðinn Geirsson, verslunarstjóri Bónus í Kringlunni, segir að verslunin hafi það að leiðarljósi að vera ávallt með lægsta verðið á bókum. „Um leið og við komumst að því að aðrir hafa lækkað verðið á bókum niður fyrir það sem við bjóðum, þá breytum við verðinu. Hver einasta bók á að vera ódýrari hér en annar staðar," segir hann.

Bónus er ekki með svipað tilboð og Griffill býður upp á en Óðinn segir að það eigi ekki að koma að sök. „Ef einhverjar verslanir eru með tilboð þá förum við niður fyrir það. Þetta er náttúrlega bara leikur að tölum hjá verslunum og viðskiptavinurinn metur það hvað hann telur hagstæðast," segir Óðinn. **steinar@frettabladid.is**

**VERÐ Á VINSÆLUSTU BÓKUNUM**

| | Dýrast | | Ódýrast | |
|---|---|---|---|---|
| **Vetrarborgin** eftir Arnald Indriðason | Griffill | 4.590 kr | Bónus | 3.040 kr |
| **Þriðja táknið** eftir Yrsu Sigurðardóttur | Griffill | 4.590 kr | Bónus | 3.040 kr |
| **Rokland** eftir Hallgrím Helgason | Griffill | 4.590 kr | Bónus | 2.812 kr |
| **Sólskinshestur** eftir Steinunni Sigurðardóttur | Griffill | 4.190 kr | Bónus | 2.780 kr |
| **Ég elska þig stormur** eftir Guðjón Friðriksson | Penninn Eymundsson | 5.990 kr | Bónus | 3.893 kr |
| **Harry Potter og blendingsprinsinn** eftir J.K. Rowling | Griffill | 3.880 kr | Bónus | 2.582 kr |
| **Fíasól í Hósíól** eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur | Bókabúð Jónasar | 2.490 kr | Bónus | 1.615 kr |
| **Kapteinn Ofurbrók og líftæknilega...** Eftir David Pilky | Griffill | 2.680 kr | Bónus | 1.789 kr |
| **Jólasveinasaga** eftir Bergljótu Arnalds | Mál og menning | 2.480 kr | Bónus | 1.487 kr |
| **Minn tími er nóttin** eftir Mary Higgings Clark | Mál og menning, Penninn Eymundsson, Pennin-Bókval á Akureyri | 3.980 kr | Bónus | 2.529 kr |

*Bækur sem eru á metsölulista Pennans-Eymundsson og einnig í verðkönnun ASÍ*

Matvöruverslanir selja nýútkomnar bækur fyrir jólin:

# Skilareglur mismunandi



Matvöruverslanir bjóða margar ágætt úrval af bókum fyrir jólin og þeir eru ófáir sem kjósa að gefa góða skruddu í jólagjöf. Matvöruverslanirnar Bónus, Hagkaup, Krónan og Nettó selja allar bækur og í þessum verslunum er einnig hefð fyrir því að hægt sé að skila bókum eftir jólin.

Bónus býður viðskiptavinum að skila bókum, Til þeirra er hægt að skila jólabókunum til 10. janúar að því gefnu að bókin sé plöstuð og merkt versluninni með þar til gerðum límmiða.

Skilafresturinn í Hagkaupum er einnig til 10. janúar. Hagkaup tekur við öllum bókum sem eru í sölu fyrir jólin og þær þurfa ekki að vera merktar sérstaklega.

Í Nettó er hægt að skila bókunum á milli jóla og nýárs. Bækurnar sem þar eru í sölu eru ekki merktar sérstaklega og því tekur Nettó við öllum þeim bókum sem búðin hefur til sölu.

Krónan selur einungis bækur utan höfuðborgarsvæðisins en skilareglur verslunarinnar lágu ekki fyrir í gær. **- æþe**



# GLEÐIGJAFAR

GÆÐA RAFTÆKI FYRIR HEIMILIÐ

DēLonghi

ÍTÖLSK HÁGÆÐA HÖNNUN

NÝ SENDING KOMIN!



**DeLonghi EAM3400 RAPIDO**
Með tveimur kötlum, stafrænum skjá og minni til að stilla mismunandi aðferðir og uppáhalds stillingar.

**TILBOÐ**
**59.995**
FULLT VERÐ **69.995**





**DeLonghi**
Fullkomnar 1,8 lítra Espresso kaffivélar með kaffikvörn. Hægt að stilla hve fín mölunin er en vélarnar mala kaffibaunir og taka jafnframt malað kaffi. Þær búa til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te. Þær eru með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino.

**DeLongi** býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla.

DēLonghi

**DeLonghi EAM3200**
Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél með kaffikvörn og Cappucino System.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ **59.995**

DēLonghi

**DeLonghi EAM3500**
Með tveimur kötlum, minni til að stilla mismunandi aðferðir, uppáhalds stillingar, AUTO Cappucino System - Flóar mjólkina sjálfvirkt og setur í bollann.

**TILBOÐ**
**69.995**
FULLT VERÐ **79.995**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!**



**HARÐVÍTUG ÁTÖK Í HONG KONG** Rauðklæddir mótmælendur tókust á við svartklædda lögreglumenn í gær. Ertandi úði streymdi í stríðum straumum og urðu margir frá að hverfa til að láta þurrka óþverrann úr augum sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

Miele

Miele S371 Tango Plus ryksuga með 1800W mótór

Verð áður kr. 21.300

Tilboð: kr. 14.910

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

Miele ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN Glerárgötu 34, Akureyri

EIRVÍK – hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík

Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

# Handalögmál á WTO-fundi

**Í gær kom enn til átaka á milli lögreglu og mótmælenda á fundi WTO í Hong Kong. Ertandi úða var sprautað á fólkið en enginn var þó handtekinn.**

**MÓTMÆLI** Lögreglumenn og suðurkóreskir mótmælendur tókust á annan daginn í röð í Hong Kong í gær þar sem fundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO fer fram. Átökin í tengslum við fundinn eru þó langtum minni en orðið hafa á síðustu fundum stofnunarinnar.

Rétt eins og í fyrradag hófst gærdagurinn á friðsamlegri kröfugöngu gegn áformum WTO um að draga úr viðskiptahindrunum á þjónustu á milli landa en skömmu síðar létu Suður-Kóreumennirnir til skarar skríða. Margir höfðu vafið plastfilmu utan um höfuð sér til að verjast úða lögreglumanna en aðrir skýldu andliti sínu með klútum. Rauðklæddir mótmælendurnir virtust hafa skipulagt aðgerðir sínar vel því þeir æddu að lögreglunni í bylgjum og hörfuðu svo undir dynjandi trumbuslætti. „WTO er hinn illi öxull. Við erum harðákveðin í að berjast þar til WTO hefur verið knésett,“ sagði To Sung-hoon, kennari frá Seúl í samtali við AP-fréttastofuna.

Lögregla virtist sömuleiðis vera vel undir átökin búin. Óeirðalögreglumenn, gráir fyrir járnum, slógu skjaldborg utan um mótmælendur og sprautuðu ertandi úða í andlit þeirra sem gerðust of aðgangsharðir. Alfred Ma, formælandi lögreglunnar í Hong Kong, þvertók, í viðtali við blaðamann breska blaðsins Independent, fyrir að um piparúða væri að ræða, eins og í fyrstu var talið, heldur sagði hann efnið einungis valda vægri ertingu. Engu að síður blinduðust nokkrir mótmælendur um tíma. Ma sagði ennfremur að ákveðið hefði verið að handtaka engan til að koma í veg fyrir að ólgan yxi enn frekar.

Suður-Kóreumenn óttast mjög að eftir afnám viðskiptahindrana, svo sem tolla og niðurgreiðslna, muni þarlendir hrísgrjónabændur ekki geta keppt við innflutta framleiðslu. „Ef WTO heimilar innflutning á hrísgrjónum og öðrum matvælum munu allir hinna 3,5 milljóna bænda í landinu deyja,“ hefur AP-fréttastofan eftir einum þeirra. Suður-kóresku bændurnir hafa raunar látið til sín taka áður á WTO-fundum. Einn þeirra framdi sjálfsmorð á fundi stofnunarinnar í Cancun árið 2003 til að leggja áherslu á málstað sinn.

Á WTO-fundinum var ætlunin að reka endahnútinn á svonefnda Doha-samningalotu en markmið hennar er að jafna samkeppnisgrundvöll milliríkjaviðskipta sem mest með því að afnema tolla og niðurgreiðslur eins og frekast er kostur. Lítill árangur virðist hins vegar ætla að verða á fundinum þar sem ríkustu þjóðir heims eru tregar til að draga úr stuðningi við landbúnað og iðnað.

Þeir sem gagnrýna WTO segja að öll stefna stofnunarinnar mótist af hagsmunum stórfyrirtækja og ríku landanna í heiminum. Formælendur hennar benda á móti á að þriðja heiminum sé mestur hagur í sem frjálsustum viðskiptum því þá geti ódýrar vörur framleiddar þar keppt við óhagkvæmari framleiðslu Vesturlanda.

sveinng@frettablaðið.is

★★★★★

## „Ótrúlega magnaður DVD...stútfullur af hágæðaefni... þéttur og hlaðinn aukaefni...einstaklega vel heppnaður!“

– Hjörvar Hafliðason, Sirkus RVK




SAMTALS TÆPLEGA 4 KLST. AF FRÁBÆRU GRÍNI OG GLENSI.

**160 MÍNÚTUR AF AUKAEFNI**

Brot úr Extreme sýningunni (30 mín) • Brot úr Stöðvar 2 sýningu í Iðnó (11 mín) • Sjónvarpsauglýsingarnar (2 mín)
Baksviðs í viðtölum, þ.á.m. hjá Strákunum (27 mín) • Brot úr landsbyggðarsýningum (15 mín) • 5 skólar heimsóttir (18 mín)
Brot af því besta frá sýningum á Broadway í september 2004 (57 mín) • Ljósmyndasafn

Splunkuný og áður óséð heimildarmynd um ótrúleg ævintýri fyndnasta grínávalds heims á Íslandi. Brot af því besta úr sýningum hans hérlendis og viðtöl við fjölmarga Íslendinga sem tekið hafa þátt í sýningunum, um hvernig lífsreynsla það er að verða að stjörnu, koldáleidd uppi á sviði fyrir framan fjölda fólks. Auk þess yfir tveir tímar af krassandi og áður óséðu aukaefni.

BT



GEFÐU VEGLEGA JÓLAGJÖF

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Grundvöllur afkomu og efnahags er víða ótraustur.

## Vandi okkar allra

Við Íslendingar búum við góðæri um þessar mundir. Tekjum er að vísu misskipt eins og gengur í markaðsþjóðfélagi en flestir landsmenn njóta með einhverjum hætti uppsveiflunnar. Viðskiptahallinn við útlönd er ljóst dæmi um mikla eyðslu og neyslu í landinu. Grundvöllur afkomu og efnahags er þó ekki alls staðar traustur. Þetta á ekki síst við um sjávarbyggðirnar á norðan- og vestanverðu landinu, frá Snæfellsnesi að Vopnafirði. Tala ýmsir málsmetandi menn um „hallæri í góðærinu“ í því sambandi eins og lesa mátti í athyglisverðri fréttaskýringu Jóhanns Haukssonar hér í blaðinu í gær.

Svo einkennilega sem það hljómar eru það stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi, sem í fréttaskýringunni eru kallaðar „einhver stærsta og mikilsverðasta aðgerð í byggðamálum á síðari tímum“, sem draga með ákveðnum hætti máttinn úr byggðarlögunum á Vestur- og Norðurlandi. Þá er átt við að framkvæmdirnar hafi leitt til mótvægisaðgerða stjórnvalda og Seðlabankans, sem aftur hafi skapað sjávarbyggðunum vandkvæði. Hér er ekki síst átt við vaxtahækkanirnar og áhrif þeirra á gengi krónunnar.

Í blaðinu eru ýmis dæmi nefnd um hvernig fyrirtæki á landsbyggðinni eru að draga saman seglin og jafnvel flytja á brott vegna óviðunandi rekstrarumhverfis. Sum þessara fyrirtækja eru máttarstólpar sinna byggðarlaga þannig að áhrifin eru tilfinnanleg og afdrifarík. Þau eru ekki aðeins á leið á suðvesturhornið heldur íhuga sum að flytja starfsemi sína úr landi ef þau eru ekki þegar farin. Slíkt hefur áhrif á þjóðarhag. Það er með öðrum orðum ekki aðeins um hefðbundinn landsbyggðarvanda að ræða, þótt úti á landi séu erfiðleikarnir mestir, heldur einnig vanda landsins alls. Fram kemur enn fremur í Fréttablaðinu í gær að í nýrri skýrslu Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra, þar sem lagt er mat á þróun byggðaáætlunar undanfarin þrjú ár, sé niðurstaða helstu umsagnaraðila sú að aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum hafi ekki skilað nægum árangri. Skýrslan var lögð fram í þinglok og urðu því ekki umræður um hana eins og efni standa til.

Ekki blasa við augljósar lausnir. Kröfur um vaxtalækkun og jafnvel handstýrða gengisfellingu þykja ekki rökréttar þegar stærsti hluti hagkerfisins býr við þenslu. Að einhverju leyti kann hins vegar að mega mæta vandanum með aðgerðum í byggðamálum. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, bendir réttilega á að sveitarfélög á suðvesturhorninu njóti stóraukinna útsvarstekna vegna hagstæðra skilyrða í atvinnulífinu en ekki þurfi að fara langt út fyrir höfuðborgarsvæðið til að sjá jafnvel þokkalega fjölmenn sveitarfélög sem séu í kröggum vegna minnkandi útsvarstekna. Væntanlega er hann að gefa því undir fótinn að auknar tilfærslur í gegnum Jöfnunarsjóð komi til greina. Vilhjálmur gagnrýnir byggðastefnu stjórnvalda og talar um ákveðinn doða á því sviði. Engin stór skref hafi verið stigin ef stóriðjan á Austurlandi sé undanskilin. Í sama streng tekur Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, flokksins sem fer með byggðamálin í ríkisstjórninni. Kristinn stingur upp á því að tuttugu þúsund tonnum af fiskveiðikvóta verði úthlutað til sjávarbyggðanna.

Það er áhyggjuefni að á höfuðborgarsvæðinu virðast menn ekki veita vanda landsbyggðarinnar nægilega athygli og vilja jafnvel víkja sér undan því að ræða hann. Þótt vandinn sé að sönnu erfiður úrlausnar er mikilvægt að Alþingi, stjórnvöld og landsmenn horfist í augu við hann og viðurkenni að hann er vandi þjóðarinnar allrar.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vinir ráðherrans

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur ekki verið í hópi helstu aðdáenda fjölmiðlanna sem 365-fyrirtækið stendur að. „Baugsmiðlar“ er nafnið sem hann gefur þeim í pistlum sínum á netinu. Þess vegna má þykja frásagnarvert að í nýjum pistli á heimasíðu sinni hrósar ráðherrann tveimur dagskrárgerðarmönnum á síðdegisútvarpi Bylgjunnar og kallar þá meira að segja vini sína. Þetta eru þeir Þorgeir Ástvaldsson og Kristófer Helgason. „Mér finnst ágætt að ræða við þá félaga,“ skrifar Björn. „Þeir hafa líklega oftast rætt við mig af fjölmiðlamönnum um málefni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þeir hafa áhuga á lögreglu- og dómsmálum [og] sömu sögu er að segja um Svein Helgason, sem nú er umsjónarmaður morgunútvarps RÚV. Skiptir miklu í samtölum við fjölmiðlamenn, að þeir hafi þekkingu og áhuga á því, sem þeir vilja ræða.“



### Ólafur og Abramovich

Eftirfarandi mátti lesa á vefsíðu Eiríks Bergmanns Einarssonar stjórnmálafræðings og Samfylkingarmanns á sunnudaginn: „Eins og menn vita er Roman Abramovich einn alræmdasti ólígarki Rússlands, einn af þeim sem sölsuðu undir sig eigur almennings eftir hrun kommúnismanns með afar vafasömum hætti. En frægastur er hann þó fyrir að eiga enska knattspyrnuklúbbinn Chelsea. Í Fréttablaðinu í dag er flennimynd af Abramovich og eiginkonu hans á vellinum ásamt forseta Íslands og frú. Þessir fulltrúar Íslands voru í boði Abramovich á leiknum.“ Greinilegt að Eiríkur Bergmann er ekki hrifinn af félagsskapnum sem forsetinn er í.

### Lýðskrum

Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur leggur orð í belg um kjaramálin á bloggi sínu í gær: Honum finnst að ekki eigi að hækka láglaunastéttir sérstaklega nema „með samstilltu átaki margra stéttarfélaga“. Það sé „lýðskrum að halda því fram að samningar á borð við þá sem gerðir voru við ófaglærða starfsmenn borgarinnar geti ekki haft í för með sér hættu á víðtæku launaskriði og víxlverkunum kaupgjalds og verðlags“. Að benda á tekjuhæstu einstaklingana í tekjublaði Frjálsrar verslunar í þessu samhengi er líka lýðskrum, segir hann.

gm@frettabladid.is

## Er hægt að útrýma fátækt?

Í DAG
BARÁTTAN FYRIR BETRA LÍFI



ÞORVALDUR GYLFASON

*Þróunaraðstoð í friðu getur gert mikið gagn, þótt hún verði ekki með auðveldu móti metin til fjár. Hjálp í friðu – kristniboð, læknishjálp, lánveitingar – hefur m.a. þann kost, að henni er ekki auðstolið.*

Fátækt heimsins er að sönnu þyngri en tárum taki. Nú þarf 1,1 milljarður manna að gera sér að góðu innan við einn Bandaríkjadollara á dag. Fyrir aldarfjórðungi þurfti einn og hálfur milljarður manna að búa við svo kröpp kjör. Það hefur m.ö.o. tekizt að lyfta 400 milljónum manna upp úr örbirgð síðan 1980, en það er ekki nóg. Nú hafa 2,8 milljarðar manna innan við tvo dollara á dag að bíta og brenna: þetta er næstum helmingur alls mannkyns. Þar af eru tveir milljarðar manna í Asíu og hálfur milljarður í Afríku. Þrír af hverjum fjórum íbúum Afríku þurfa að gera sér að góðu innan við tvo dollara á dag. Tæpur helmingur allra Afríkubúa lifir á minna en dollara á dag, ef líf skyldi kalla. Þjóðartekjur Bandaríkjamanna nema hundrað dollurum á dag til samanburðar.

Er hægt að útrýma fátækt? Bandaríski hagfræðingurinn Jeffrey Sachs, sem er Sameinuðu þjóðunum innan handar um ráðgjöf um þróunarmál, stillir dæminu upp á einfaldan hátt. Hann spyr: hvað skyldi það kosta að lyfta allri heimsbyggðinni upp fyrir dollara á dag? Það er einfalt reikningsdæmi. Meðaltekjur þeirra, sem búa undir þessum tilteknu fátæktarmörkum, eru 77 sent á dag. Þeir þyrftu einn dollara og átta sent á dag (átta senta viðbótin stafar af gengisfalli dollarans undangengin ár), svo að þá vantar 31 sent á mann á dag til að brúa bilið, og það gerir 113 dollara á mann á ári. Við erum að tala um 1.100 milljónir manna, svo að heildarkostnaðurinn er þá 124 milljarðar dollara á ári. Hversu mikið fé er það? Fjárhæðin nemur 0,6 prósenti af samanlagðri landsframleiðslu iðnríkjanna, og það er lægra hlutfall en þau lofuðu hvort eð er fyrir löngu að leggja fram til þróunarhjálpar. Þess vegna segir Sachs: þetta er hægt, ef menn vilja.

Málið er samt ekki alveg svona einfalt. Það kostar sitt að koma öllu þessu fé í réttar hendur. Reynslan sýnir, að ílátin leka: féð, sem gefendur láta af hendi rakna, kemst ekki allt á leiðarenda. Til þess liggja ýmsar ástæður. Gefendur eru gjarnir á að binda ráðstöfun hjálparfjárins við eigin framleiðslu, svo að féð leysir þá aldrei landfestar. Ekki vilja Íslendingar, að fólkið í Mósambík noti íslenzkt fé til að kaupa pólsk skip – eða hvað? Við þetta bætist það, að viðtakendur þróunarhjálpar freistast stundum til að nota hjálparféð til annarra þarfa en til var stofnað, að ekki sé meira sagt, og nauðsynlegt aðhald og eftirlit kostar sitt. Skilvirk þróunarhjálp útheimtir skipulag, sem erfitt og dýrt getur reynzt að koma á og halda við. Almenna reglan er þessi: ef við reiðum fram 100 milljónir króna handa fátækum þjóðum, þá aukast tekjur þeirra um miklu minni fjárhæð en svo. Hversu miklu minni? Það veit enginn með vissu: þar er efinn.

Þróunaraðstoð í friðu getur gert mikið gagn, þótt hún verði ekki með auðveldu móti metin til fjár. Hjálp í friðu – kristniboð, læknishjálp, lánveitingar – hefur m.a. þann kost, að henni er ekki auðstolið. Tökum dæmi. Sumir halda, að bókstaflega allt hljóti að hafa gengið á afturfótunum í Kína undir stjórn Maós formanns, af því að hann var bandvitlaus og landið var í hers höndum öll þau ár. Eitt tókst þeim samt: þeir sendu lækna um landið til að hjálpa fólki. Berfættu læknarnir voru þeir kallaðir og fóru þorp úr þorpi og veittu fæðingarhjálp og gerðu einfaldar aðgerðir og björguðu með því móti miklum fjölda mannslífa. Þannig stendur á síminnkandi barnadauða í Kína allar götur síðan um 1960 og auknum ævilíkum. Árið 1960 gat nýfæddur Kínverji vænzt þess að verða tæplega fertugur. Nú getur hann vænzt þess að komast yfir sjötugt. Það er bylting.

Fátækustu löndin í heiminum standa við stiga, sem hangir yfir höfðum þeirra, og þau ná ekki upp í neðsta þrepið og sökkva því smám saman dýpra og dýpra í gljúpa jörð. Þau síga vegna þess, að fólkið þarna lifir bókstaflega frá hendinni til munnsins og getur ekkert lagt til hliðar af sínu nauma aflafé, svo sem nauðsynlegt væri til viðhalds og viðgerða á framleiðslutækjum, þótt ekki væri annað. Fjármagnið grotnar því niður smám saman og framleiðslan minnkar, og þess vegna sökkva fátækustu löndin dýpra og dýpra. Vöxtur framleiðslunnar er m.ö.o. neikvæður, og fólkið fær ekki rönd við reist af eigin rammleik. Þetta fólk þarf hjálp til þess að ná upp í neðsta þrep stigans, og þá getur það klifrað upp stigann af sjálfsdáðum. Það þarf hjálp til sjálfshjálpar. Þetta er áskorun til okkar allra.


KJÖR Á FORYSTU VR

**Samkvæmt lögum VR gerir uppstillingarnefnd tillögu um skipan í trúnaðarstöður félagsins.**

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til starfsmanns nefndarinnar, Elísabetar Magnúsdóttur á skrifstofu VR, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, eða á uppstillingarnefnd@vr.is, fyrir 22. desember 2005.

Uppstillingarnefnd mun stilla upp lista sem endurspeglar félagið eins og hægt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

**Kosið er um:**
Formann, 7 meðstjórnendur í stjórn VR og 3 til vara, 57 fulltrúa í trúnaðarráð og 25 til vara, 2 skoðunarmenn reikninga og 1 til vara.

**Uppstillingarnefnd**

www.vr.is Starf okkar **eflir** þitt starf **VR**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna viðskiptablaðið**



Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# ERTU AÐ LEITA?

## Yfir 20.000 titlar af tónlist, DVD og tölvuleikjum

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN...

| Titill | Verð |
|---|---|
| Katie Melua - Piece By Piece | 1.799 kr. |
| System Of A Down - Hypnotize | 1.999 kr. |
| Gavin DeGraw - Chariot | 1.999 kr. |
| Black Eyed Peace - Monkey Business | 1.999 kr. |
| Sissel Kirkjebö - Nordisk Winternatt | 1.999 kr. |
| Korn - See You On The Other Side | 1.999 kr. |
| Eminem - Curtain Call | 1.999 kr. |
| Johnny Cash - Ring Of Fire | 1.999 kr. |
| Il Divo - Ancora | 1.699 kr. |
| Madonna - Confessions On The Dancefloor | 1.999 kr. |

## DVD PAKKAJÓL...

| Titill | Verð |
|---|---|
| Desperate Housewives | 3.999 kr. |
| Rambo Trilogy | 2.999 kr. |
| Lethal Weapon - The Complete Series | 2.999 kr. |
| Star Wars Trilogy | 2.999 kr. |
| Joey - The Complete First Season | 3.999 kr. |

BaseCamp

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# Verðtrygging er okurstarfsemi

**UMRÆÐAN**
VERÐTRYGGING



**SIGURÐUR T. SIGURÐSSON**

Engin breyting virðist ætla að verða á afstöðu meirihluta alþingismanna til verðtryggingar á húsnæðislánum. Ennþá finnst þessum kjörnu fulltrúum fólksins í landinu sjálfsagt og eðlilegt að almenningur greiði hæsta lánskostnað sem þekkist í öllum hinum vestræna heimi og þó víðar væri leitað. Það er engu líkara en þeir séu sér þess ekki meðvitaðir að verðtrygging lána er verðbólguhvetjandi og heldur öllum almenningi í heljargreipum vaxtaokurs og öryggisleysis. Þar að auki gerir verðtrygging þá sem lánin taka að ánauðugum þrælum, sem engu fá ráðið um hve háar greiðslur þeim er gert að borga.

**Afsökun**

Hingað til hafa flestir þingmanna, sem mæla með verðtryggingu lána, haft það sem aðal afsökun að sveiflur séu svo miklar hér í hagkerfinu umfram það sem gerist hjá öðrum þjóðum að nauðsynlegt sé að verðtryggja lánin. Allir sem fylgjast eitthvað með þjóðmálum vita að þetta er alröng fullyrðing því sveiflur í íslenska hagkerfinu eru ekkert meiri en almennt gerist hjá nágrannaþjóðum okkar ef frá eru taldar rangar ákvarðanir stjórnvalda, sem ýta verðbólguskriðum af stað.

Þeim til viðbótar koma svo fjárfestingar hins frjálsa fjármagns í landinu, sem hugsar bara um að græða sem mest án tillits til hvaða áhrif það hefur á efnahagskerfi þjóðarinnar eða greiðslugetu almennings. Í stað þess að gera vel skipulagðar áætlanir um framkvæmdir til lengri tíma og sporna gegn þenslu eru ákvarðanir um verkefni og fjárfestingu teknar með stuttum fyrirvara og án tillits til afleiðinga sem af þeim hljótast. Síðan er almenningur látinn borga reikninginn.

**Afleiðingar**

Skyndiákvarðanir stjórnvalda verða til þess að verðbólga rýkur upp og veldur hækkun á afborgunum af lánum. Og ekki nóg með það, þessar hækkanir greiðir almenningur ekki í eitt skipti fyrir öll með hærri afborgunum í þeim mánuðum sem verðbólgan er í hæstum hæðum, heldur hækkar greiðslustofninn líka. Síðan er leikurinn endurtekinn 12 sinnum á ári með nýrri verðtryggingu og vöxtum ofan á fyrri skuld, sem sjálfkrafa vindur upp á sig ennþá meiri verðtryggingu, vöxtum og öðrum kostnaði. Þetta virkar eins og greiðandinn sé að taka nýtt og hærra lán í hverjum mánuði. Í stað þess að skuldin lækki þegar greitt er af láninu hækkar hún. Vegna þessara útreikningskúnsta greiða lántakendur verulega hærri upphæð en verðbólgan segir til um.

**Öfugmælavísa**

Það hljómar eins og öfugmælavísa að halda því fram að verðtrygging húsnæðislána leiði til minni verðbólgu. Þessu er öfugt varið. Verðtryggingin ýtir undir þenslu, því ráðamenn banka og sparisjóða vita að aukin verðbólga skilar meiri gróða. Og til að tryggja að ekkert fari á milli mála þá hafa þeir samráð sín í milli um lágmarks vexti og „hæfilega verðbólgu“ eins og margir þeirra kalla 3 til 4 prósent verðbólgu. Þessi okurlán eru síðan tryggð í bak og fyrir með veðum í húsum og eignum lántakenda. Hlutverk íslenska ríkisins, bankanna og annarra fjármagnseigenda er einungis að hirða gróðann, sem er að jafnaði tvöfalt til þrefalt meiri en hjá nágrannaþjóðum okkar. Hvað skyldu margar íslenskar fjölskyldur hafa orðið gjaldþrota, bara á síðustu 10 árum, vegna okurstarfsemi sem hérlendis er stunduð á lánum til íbúðarkaupa?

**Milljarðar á mánuði**

Það er engin tilviljun að bankastjórar og æðstu strumpar fjármálafyrirtækja fá margar milljónir króna í mánaðarlaun. En fyrir hvað? Jú, þeir fá það fyrir að sýna sem mestan hagnað. Meiri verðbólga þýðir meiri hagnað fyrir þá og þau fyrirtæki sem þeir stjórna. Og þess vegna er verðtryggingin í þeirra augum eins og heilagar kýr, sem ekki má hrófla við og allt gert til að viðhalda henni. Síðan er seilst ofan í vasa almennings, sem vinnur baki brotnu til að eiga fyrir afborgunum af verðtryggðum lánum sem hækka eftir því sem oftar er af þeim greitt. Það er ekki af snjallri fjármálastjórn sem íslenskar lánastofnanir skila margra milljarða hagnaði í hverjum mánuði, heldur er það að þakka okurlánastarfsemi sem stjórnvöld heimila að rekin sé hérlendis.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar.*

# Aldrei aftur, Jón Baldvin Hannibalsson

**UMRÆÐAN**
JÓN BALDVIN HANNIBALSSON



**ALBERT JENSEN TRÉSMIÐUR**

Nýlega skrifaði Kolbrún Bergþórsdóttir grein í bænarstíl, þar sem hún óskaði endurkomu Jóns Baldvins í stjórnmálin fyrir Samfylkinguna. Á hæla hennar kom svo Össur Skarphéðinnsson og bað í krafti trúar sinnar um það sama.

Til mikils er ætlast af Guði og hreinlega fáránlegt að búast við að hann verði við bænum sem innihalda svo mikið tillitsleysi við þjóðinna. Ef Jón kemst til baka, þarf það ekki að þýða sama og Guð hafi orðið við skrítnu kvabbi þessa fólks. Guð vill að fólk trúi á sig og hið góða í sjálfu sér og því mundi afturganga Jóns sanna, að Guð hefur húmor og væri að láta reyna á, hvort Samfylkingin þyldi álagið. Samfylkingin hefur nóg af erfiðleikum, þó eigi bætist fortíðardraugur þar við.

Engin frír Jóni vits en hann var ekki hugulsamur við þjóðina þegar hann hafði tækifæri til. Hún aftur á móti, hefur mulið undir hann, óverðskuldaðan. Fólk má ekki gleyma að Jón Baldvin átti stærstan þátt í að matarskatturinn alræmdi var lagður á. Í þessu sem fleiru, kom Jón verst fram við þá sem minnst höfðu. Hann kom bílagjaldinu á. Meðan hann réð Alþýðuflokknum, var stefnuskrá hans meiningarlaust plagg. Ekki bætir hann, glámskyggnin á ESB. Í því evrópska fyrirbæri, er hver höndin upp á móti annari. Eigingjarnar stórþjóðirnar, mismuna smáþjóðunum. Í grautarskál ólíkra þjóða ESB, yrði Ísland gleymt áhrifalaust jaðarþorp, í stað blómlegs sjálfstæðs menningarríkis.

Hjá Jóni Baldvini hef ég aldrei séð votta fyrir jafnrétti á borði, aðeins í orði. Alþýðuflokkurinn varð að engu í höndunum á honum og hvarf að lokum rúinn trausti í Samfylkinguna. Ég hef aldrei séð Jón leggja lægst launuðu stéttunum lið, þvert á móti lét hann sem þær hefðu nóg. Kvennastéttirnar urðu illa úti, sérstaklega þær sem eru í umönnun. Nú hefur borgarstjóri leiðrétt mismun sem myndast hefur undanfarin ár. Vonandi hafa verkalýðsfélögin þroska til að gera ekki þann óvinafagnað að hleypa öllu í bál og brand.

Það er vandséð hvar Jón hefur gagnast þjóðinni. Borðleggjandi er aðstoðin við Eystrasaltsríkin, en svo þarf að leita. Sýndarmennska, er leikaranna fag. Hvað er sá maður sem vill að þjóðin eigi auðlindir sínar og hinnsvegar afhenda þær erlendu valdi og þjóðina með. Jón hefur verið þjóðinni óþarfur í umhverfismálum og bændum fjandsamlegur. Þegar ég sé Jóni hampað, kemur í hugann sagan af Marbendli. Lengi vel hafði ég gaman af orðfærni hans, en það lagðist af þegar farið var að skilja hismið frá kjarnanum. Undir niðri hef ég þó gaman af líflegum ræðustíl hans og svörum, enda er maðurinn flugmælskur og á fárra færi við að eiga. ESB- og virkjunnarsinninn Jón Baldvin Hannibalsson, gæti því ennþá verið hættulegur íslenskum hagsmunum og náttúru landsins. Aðalatriðið er, að taka hann ekki alvarlega.







Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Kærkomin vellíðan

Ný glæsileg snyrtistofa sem sérhæfir sig í Kanebo meðferðum hefur opnað á Radisson SAS 1919 hótelinu í Pósthússtræti. Inngangur frá Tryggvagötu 28.

Kanebo á sér yfir 100 ára sögu og býr yfir þekkingu sem áunnist hefur á þeim tíma. Kanebo hefur tekist að sameina fornar japanskar hefðir og háþróaða tækni til að framleiða framúrskarandi snyrtivörur og húðmeðferðir sem meðal annars fela í sér:

**"Shiatsu" nudd ... sem sefar og endurnærir.**
**Heit handklæði ... sem veita slökun og vellíðan.**
**Umhyggju ... sem lætur þig njóta alúðar.**

Við mælum með heildrænni japanskri húðmeðferð sem tekur um 120 mínútur og endurnærir bæði sál og líkama. Hún felur m.a. í sér: Tvöfalda hreinsun, djúphreinsun, japönsk heit handklæði, heilnæmt japanskt nudd, augn og andlitsmaska, handarnudd, tveggja þrepa raka, augnkrem, fegrunardropa, slökunarnudd með silkipúðri, slökunartónlist og Kanebo te.

Kanebo INTERNATIONAL

Harmonising & Care

Líttu við eða hafðu samband. Við bjóðum uppá öðruvísi andrúmsloft og fjölbreyttar meðferðir ásamt spennandi tilboði vegna opnunar nú í desember.

*Gjafabréf frá Snyrtistofunni Jónu gleðja.*

SNYRTISTOFAN Jóna

Tryggvagötu 28 Sími 552-5005


**BRÉF TIL BLAÐSINS**

**Páll hringdi:**

Ekki er nema von að þeir skjálfi eins og hríslur, úrtölumennirnir sem spáð hafa Framsóknarflokknum feigð allt frá síðustu kosningum. Nú hefur Björn Ingi Hrafnsson gefið kost á sér í 1. sæti framsóknar í Reykjavík og þar með slegið vopnin úr höndum þeirra sem fullyrða að flokkurinn eigi ekki erindi við yngri kjósendur. Björn Ingi sannar, svo ekki verður um villst, að í flokksstarfinu á sér stað góð og nauðsynleg endurnýjun. Það væri heillaspor fyrir Framsóknarflokkinn að velja hann í 1. sæti, að ég tali ekki um fyrir borgarbúa að kjósa hann í borgarstjórn.

**Álfrún skrifar:**

Á þessum síðustu og verstu tímum offitu og velmegunarsjúkdóma finnst mér rétt að skjóta inn eftirfylgjandi athugasemd. Jólin eru sá tími sem fólk leyfir sér að belgja sig út af söltuðu kjöti með góðri samvisku. Heimili mitt var engin undantekning þar til fyrir sjö vetrum síðan þegar við hjónin ákváðum að venda kvæði okkar í kross og elda eingöngu fisk- og grænmetisrétti um jólin. Skemmst er frá því að segja að það lukkaðist svo vel að við höfum haft það að sið síðan og finnum ekki fyrir þeim þyngslum sem fylgja öllu kjötátinu. Gefum kjöti frí um jólin, við erum nú einu sinni fiskþjóð.

**Sverrir hringdi**

Mér finnst skrítið að sjá hvernig DV og Fréttablaðið fjalla um dómsmál Ástþórs Magnússonar gegn DV. „17 – 2“ segir í fyrirsögn DV og „90 prósent skrifa DV standa“ segir í Fréttablaðinu. Frá bæjardyrum hins almenna lesenda séð hefði ég haldið að fréttin væri sú að tvenn ummæli sem DV hélt fram um Ástþór voru dæmd dauð og ómerk. Ég get skilið hvers vegna æsingamennirnir á DV skyldu snúa þessu á haus, en að Fréttablaðið skuli hafa þurft að hygla „litla bróður“ svona finnst mér heldur verra.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 11.16 13.23 15.30
Akureyri 11.31 13.08 14.44
Heimild: Almanak Háskólans

# allt




FRÉTTABLAÐIÐ


*Góðan dag!*

Í dag er fimmtudagurinn 15. desember, 349. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Svava Hrafnkelsdóttir í uppáhaldsbuxunum sem ganga við allt.

# Mjög snúnar buxur

***Svava Hrafnkelsdóttir á snúnar gallabuxur sem henta við allt og alltaf. Hún er vanaföst og kaupir sér stundum tvær eins flíkur ef henni finnst þær flottar.***

Svava Hrafnkelsdóttir myndlistarmaður var í eftirlætisflíkinni sinni þegar blaðamaður hringdi til hennar. „Ég held mikið upp á Levi's gallabuxurnar mínar sem eru með snúnum skálmum. Þær eru stórar, víðar, þægilegar og passa við allt. Maður getur verið feitur í þeim eða mjór, þær henta dagsdaglega jafnt sem við hátíðleg tilefni og svo er hægt að bretta upp á þær ef það er sumar en hafa skálmarnar niður á veturna," segir Svava og klæðir sig úr þeim til að sjá númerið en finnur það ekki. „Þú getur séð þetta á netinu – þær eru með klofbót. Þetta eru bestu buxur sem ég hef nokkurn tímann átt. Ég sá konu úti í bæ í þeim síðasta sumar og keypti þær samdægurs."

Fyrir utan snúnu buxurnar er Svava ekki oft í gallabuxum. „Ég er 50 prósent í buxum og 50 prósent í pilsi. Pils eru svo skemmtileg og gaman að vera í. Konur eru alltof sjaldan í þeim nú til dags enda er svo kalt að vera í nælonsokkabuxum. Ég skil ekki hvernig hægt er að vera í næloni á Íslandi."

Blaðamaður spyr hvort Svava sé vanaföst. „Já, mjög! Ef ég sé eina flík sem mér finnst flott, kaupi ég mér kannski tvær hvora í sínum litnum."

Svava kveðst kaupa oft í Zöru því þar sé svo ódýrt. „Síðan kaupi ég basic föt í gæðabúðum eins og Polarn og Pyret. Annaðhvort kaupir maður ódýr föt og kannski svolítið „spicy" eða rosa dýra flík sem maður á lengi en hún verður þá að vera „basic"."

*mariathora@frettabladid.is*

# Dönsk hönnun slær í gegn



VERSLUNIN ILSE JACOBSEN Á GARÐATORGI HEFUR SLEGIÐ Í GEGN. EIGANDINN HEFUR VART UNDAN AÐ PANTA FLÍKUR OG SKÓ FYRIR ÍSLENSKAR TÍSKUDRÓSIR.

„Margir voru efins þegar ég valdi versluninni stað hér á Garðatorgi og ég bjóst ekki við svona góðum viðtökum," segir Ragnheiður Óskarsdóttir eigandi. Íslenskar konur hafa ekki látið staðsetningu verslunarinnar stoppa sig heldur flykkjast í Garðbæinn með þeim afleiðingum að flíkurnar rjúka út. „Ég hef ekki undan að panta. Búðin virðist spyrjast mjög vel út því að ég hef lítið auglýst." Í verslun Ragnheiðar eru auk fatnaðar frá Ilse Jacobsen meðal annars til sölu föt frá danska merkinu Baum und Pferdgarten og danska merkinu Nanja. „Þetta eru allt hönnuðir á uppleið," segir Ragnheiður ánægð með að hafa látið drauminn rætast í haust. Og íslenskar konur eru greinilega líka ánægðar með viðbótina í fataflóruna.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[HEIMLI TÍSKA HEILSA JÓL]**



**Jólaþorpið** í miðbæ Hafnarfjarðar er opið allar helgar fram að jólum. Sérstök söluhús mynda umgjörð þorpsins. Í þorpinu má kaupa alls kyns jólavörur, handverk og góðgæti. Á hverjum degi klukkan þrjú eru skemmtiatriði á sviði.

**Blóðbankinn** kallar á blóðgjafana sína. Birgðirnar eru ekki nægjanlegar, þó að ekki ríki neyðarástand er Blóðbankinn ekki langt frá því. Blóðgjafar eru hvattir til að gefa blóð á aðventunni. Áhyggjur Blóðbankans beinast aðallega að O-flokknum, sem er notaður sem neyðarflokkur, og eru O-birgðirnar orðnar heldur litlar.

**Neytendastofa** hvetur jólahaldara til að fara varlega með rafmagn á heimilinu. Á hverju ári verða eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kviknar í vegna bilunar en oftast veldur gáleysi í umgengni við rafmagn slysum eða íkveikju. Jólin eru hátíð ljóssins og er þá kveikt á fleiri ljósum og þau oft látin loga lengur en aðra daga ársins. Hluti af undirbúningi jólanna á að vera að ganga úr skugga um að þau ljós sem nota á séu í góðu lagi. Óvandaður, skemmdur og rangt notaður ljósabúnaður getur valdið bruna og slysum.

**Skóbúðin Aldo** hefur verið opnuð í Kringlunni á fyrstu hæð á móti Konfektbúðinni. Aldo-skómerkið er vel þekkt í Kanada, Bandaríkjunum og á Bretlandi. Hönnunin er klassísk og glæsileg, allt frá sandölum upp í vetrarstígvél. Skóáhugamenn og -konur ættu því að kíkja við og skoða framlag Aldo í skóflóru Íslands.






**Kápur** eru mjög mikið í tísku núna. Tilvalið er fyrir allar konur að fá sér einhverja fallega kápu fyrir jólin. Margar kápur ganga jafnt við eitthvað fínt og gallabuxur og geta því nýst í allan vetur.

VELÚRGALLAR
Fyrir konur á öllum aldri
stærðir frá 10 – 20
SNYRTIVÖRUVERSLUNIN
GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170

GÓÐ JÓLAGJÖF
Flott náttföt.
Buxur, hlýrabolur og flíspeysa.
Verð aðeins 3990.-
Mikið úrval af náttfatnði, sloppum og undirfötum.
Sjáumst!
Cos
s. 588-5575, Glæsibær



Góðar gjafir gleðja
VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is










JÓLAGJÖFINA HANDA HENNI
FÆRÐU HJÁ OKKUR
GJAFABRÉF FRÁ 3.400 KR
SNYRTISTOFAN
salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460



Kjóll með gylltum blúndum. Fæst í Vero Moda á 8.990 krónur.

Missíður kjóll með silfurskrauti. Spútnik, 7.500 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sixties-kjóll úr Vero Moda á 7.990 krónur.

Heklaður kjóll úr Spútnik á 7.500 krónur.

Kjóll með brotum sem mynda mynstur. Frá InWear á 9.900 krónur.

Eighties-kjóll með pallíettum og blúndum úr Spútnik á 8.500 krónur.

Síður kjóll úr krumpuefni. Fæst í Next á 8.290 krónur.

Kjóll sem tekinn er inn niður við faldinn. Fæst í Next á 4.990 krónur.

# Í svörtu um jólin

***Svartir kjólar verða áberandi um jólin, sér í lagi úr fínum efnum með ísaumuðu skrauti.***

Það verða fleiri svartir en jólakötturinn í ár. Þessi klassíski litur kemur sterkur inn fyrir jólin, sér í lagi í kjólum. Glamúr er í fyrirrúmi og eru efnin yfirleitt fín. Flauel, silki og siffon eru vinsæl ásamt pallíettum, silkiborðum og ísaumuðu munstri.

Vandamál í hársverði?
Virkar gegn:
• psoriasis
• exemi
• flösu
• skán
• hárlosi
• kláða
• feitum hársverði
BIO+ fæst á hársnyrtistofum og í apótekum.



lausnin er
BIO+

TEXTÍLGALLERY



SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Ilmurinn er svo lokkandi

Fötin komin á sinn stað, jólatréð skreytt í frystinum síðan í nóvember og aðeins eftir að ákveða hvaða ilmvatn eigi að nota. Svo geta jólin komið. En það er ekki svo einfalt að velja ilmvatnið í þeim frumskógi sem er í boði. Hver veit líka nema einhver sem stendur ykkur nærri hafi hugsað sér að færa ykkur guðdómlegan ilm fyrir jólin.

Ilmvatnsiðnaðurinn er ein mikilvægasta aukatekjulind tískuhúsanna. Varla er sá hönnuður sem vill vera tekinn alvarlega að hann skapi ekki sinn eigin ilm sem tákn fyrir tískuhús hans. Fyrir vikið er nóg af nýjum ilmum fyrir jólin enda er það mikilvægasti sölutími ársins. Meðal þeirra er hinn nýi ilmur Jean-Paul Gaultier, „Gaultier2“ en Gaultier er orðinn einn af ilmvatnskóngum tískuheimsins. Hin þrjú fyrri ilmvötn Gaultiers hafa komið tískuhúsi hans í hóp tíu stærstu ilmvatnsframleiðenda í heimi. Þetta er hins vegar það fyrsta sem er fyrir bæði kynin. Nú er ekki aðeins talað um „haute couture“ heldur „haute parfumerie“ í tískuheiminum. Og til þessa háilmvatns er til dæmis talið „Cuir Béluga“ frá Guerlain, þar sem er blandað saman mandarínu, vanillu og leðurilmi, sem er mjög mildur. Einnig má nefna ilminn frá Prada sem kom á markað fyrr á árinu sem Miuccia Prada hafði geymt niðri í skúffu í nokkur ár þar sem hún vildi ekki að markaðsetningin væri of mikið tengd tælingu og kynþokka eins og ilmvötn eru svo oft. Í þessu ilmvatni eru náttúruleg efni 40 prósent en algengt er að þau séu aðeins 10 prósent í ilmvötnum.

Narciso Rodriguez á nú sitt ilmvatn „For her“ en þetta er eitt af heitustu tískuhúsunum í dag. Svo er það Sarah Jessica Parker sem kannski er betur þekkt sem Carrie Bradshaw í „Beðmálum í borginni“, sem á heiðurinn af ilmi sem heitir „Lovely“. Hef ég nú grun um að þetta ilmvatn sé anda New York stúlkunnar og „fashion victims“ úr þáttunum frægu.

Fleiri mætti nefna sem senda nýja ilmi á markað fyrir jólin svo sem Calvin Klein, Cerruti, Moschino, Agatha Ruiz de la Prada (ekki rugla saman við Miuccia Prada), Thierry Mugler, Alexander McQueen og fleiri.

Svo eru auðvitað margir klassíkir eins og Chanel 5 eða Opium frá Yves Saint Laurent sem á hverju hausti stendur fyrir auglýsingaherðferð með fyrirsætunni sem lengi hefur verið tengd þessu ilmvatni, Kate Moss. Þetta árið kom þessi auglýsingaherferð YSL fyrir augu borgarbúa rétt á eftir að allir kepptust við að reka hana, þó ekki fyrir ópíumneyslu, heldur kókaín.




Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík

falleg föt
...hafðu þinn eigin stíl
Skinn inniskórnir komnir aftur
Tilvaldir til jólagjafa
pantanir óskast sóttar
Fata-prýði
GLÆSIBÆ
☎ 553-2347



bianca
— garðí og glæsileiki
Nýbýlavegi 12, Kópavogi
Sími 554 3533
Opnunartími í desember:
1.– 22. desember 10 – 20
23. desember 10 – 22
24. desember 10 – 12

jólin
SAND
WOMAN
nýjar vörur
nýjar töskur

JÓLAFÖTIN
merkjavara á 50-80% lægra verði

Herrar
Öll Jakkaföt 12.990
FRÍTT BINDI FYLGIR MEÐ
Skyrtur 990
Skór 3.990
Gallabuxur 3.490
Bolir 990
Peysur 1.990
Úlpur 1.990



Dömur
PersaDragtir 5.990
FRÍAR SOKKABUXUR FYLGJA MEÐ
Pils 1.990
Toppar 990
Peysur 1.990
Úlpur 3.990
Gallabuxur 1.990
Bolir 990

Matinique 4YOU STUDIO DIESEL Part Two mia MAO Levi's InWear

merki fyrir minna
s. 533 1710
www.ntc.is
OUTLET 10
FAXAFENI 10
opið
mán-fös 11-18
laugardaga 11-18
ath. sunnudag 12-18





Fallegir bolir úr ull/silki og ull/bómull.
Glæsileg nærfatasett.
15% afsl. af öllum vörum til jóla
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776
Opið virka daga kl. 11:00-18:00 • Opið laugardaga

TÍSKUVERSLUNIN Smart
NÝTT • JÓLAGJÖFIN Í ÁR
Leðurskór með flecce fóðri og mjúkum botni. Bæði fyrir hana og hann. Hægt að nota sem inniskó eða sem innlegg í skíðaskó. Tilvalið í leikfimi. Falleg gjöf.

Hafnarstræti 106, Akureyri, sími 462 4010
Ármúli 15, Reykjavík, 588 8050 • Grímsbæ v/Bústaðarveg S: 588 8488

nike
fyrir menn á öllum aldri


nike fæst í
Hagkaup, apótekum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.


Skart fyrir hina glæstu gyðju.

Skartgripunum fylgir poki með mynd af þeirri gyðju sem einkennir gripinn.

# Umhverfisvæn & skapandi

***Harpa Birgisdóttir er ung, fjölhæf kona sem nýverið hefur varið doktorsritgerð í Umhverfisverkfræði frá DTU í Danmörku. Eftir áralanga dvöl í Danmörku er hún að koma sér fyrir í miðbæ Reykjavíkur ásamt því að hefja störf sem umhverfisverkfræðingur hjá Línuhönnun. Við höfðum spurnir af því að Harpa stundaði annars konar hönnun í frístundum og tókum hús hjá henni og grennsluðumst fyrir um þessa sköpunarþörf hennar.***

Allt frá því að Harpa var ung að árum hefur hún dundað sér við að skapa með höndunum: „Ég hef eiginlega alltaf verið að búa eitthvað til, allt frá því ég var lítil stelpa og á mínum yngri árum stefndi ég á nám í fatahönnun.“.Af því varð nú ekki, en þess í stað hefur hún stundað nám í verkfræði undanfarin 10 ár.

Meðfram náminu hefur hún svalað sköpunarþörf sinni og þróað hönnun á handgerðum skartgripum fyrir konur. Upphafið af því ævintýri hófst af tilviljun fyrir tveimur árum. Harpa var sjálf að panta sér skartgripi af netinu sem létu eitthvað á sér standa. Óþolinmóð á biðinni fór hún að fikta sjálf við að útbúa sína eigin skartgripi, hálsmen og lokka. Sérstæðir og


Hver hlutur er handgerður og enginn er eins.


Einstakt skart fyrir glæstar gyðjur.

áberandi sem þeir eru, fóru þeir að vekja mikla athygli og fyrr en varði var hún farin að framleiða í eldhúsinu, komin með heimasíðu og selja eftir pöntunum. Eftirspurn eftir skartgripum hennar sem hún nefnir Gyðjuskart, hefur bara aukist og í kjölfar þátttöku hennar á sýningunni Hús og híbýli um miðjan nóvember hefur hún ekki undan að framleiða.

Gyðjuskart segir Harpa vera einstakt skart fyrir sannar gyðjur. Gyðjurnar eru sumar með trúarleg tákn til að mynda Búdda, Maríu mey og Jesú á krossinum. Hugsun Hörpu er að skartgripurinn veiti þeirri konu sem hann ber stuðning í hinu daglega amstri og minni hana á hvert hún geti leitað. „Ég hef tekið eftir því að sumar konur sem eignast Gyðjuskart bera það nánast daglega. Trúartáknin veita þeim stuðning og þær treysta þannig enn frekar á trúna.“

Efniviðurinn í menin, armböndin og lokkana er ýmist nýjar eða gamlar ferskvatnsperlur, glerperlur, steinar og kristallar. Lásar, vírar og skrautefni er allt úr silfri og gullhúðuðu messing og silfri. Það er áhugavert að Harpa sækir mikið á antíkmarkaði á erlendi grundu með það að markmiði að finna gamlar festar, nælur og skreyti með þeim tilgangi að gefa því nýtt líf. Hún endurnýtir sem sannur umhverfisverkfræðingur.

En hvert stefnir hún með þessa ástríðu og hvernig mun hún svara eftirspurninni? „Ég er búin að mennta mig í mörg ár í verkfræðinni og það er mitt starf og mun vera. Ég er ekki að fara fjöldaframleiða skartgripi. Hef hugsað mér að sérhanna hvern hlut og hanna í hjáverkum. Þetta er meira ástríða og þörf fyrir að svala sköpunarþörfinni frekar en að útfæra viðskiptahugmynd.“

*Gyðjuskart er hægt að nálgast í gegnum heimasíðuna www.gydjur.com eða í gegnum tölvupóst gydjur@gydjur.com*





cakewalk
Jólabónus
20% afsláttur af öllum vörum frá fimmtudegi til sunnudags.
Full búð af barnafatnaði, jólafatnaði og jólagjöfum.
Opnunartími:
fimmtud-föstud 16-18
laugard 12-18
sunnud 14-16
Verslunin er staðsett við Strandgötu 29 í Hafnarfirði


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV


HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



Gisele við opnun Louis Vuitton verslunar.

# Nýtt andlit

***Gisele Bündchen hefur tekið við af Umu Thurman sem andlit Louis Vuitton-línunnar.***

Gisele Bündchen verður hið nýja andlit Louis Vuitton samkvæmt tilkynningu frá Marc Jacobs. Bandaríski hönnuðurinn hefur einnig unnið með Scarlett Johansson, Jennifer Lopez, Chloe Sevigny, Christinu Ricci og nú síðast Umu Thurman en í þetta skiptið vildi hann fá ofurfyrirsætu. „Okkur langaði í tískuímynd fremur en stjörnu,“ sagði hann blaðamönnum við opnun á nýrri búð í Hong Kong á fimmtudag. „Okkur finnst Gisele sannarlega góð ímynd og hún er þekkt um allan heim sem hún sjálf. Enn fremur voru fötin kynþokkafull og litrík og við töldum að hún myndi undirstrika þennan styrk og hita í fatalínunni.“ Þó Gisele hafi verið valin í þetta skiptið þýðir það ekki endalok fyrir stjörnurnar. „Ég vil vinna með öllum tegundum fólks,“ segir Marc, sem hefur nú þegar bókað Meg White úr hljómsveitinni The White Stripes fyrir myndatöku á nýrri línu. ■


Látni ofurtöffarinn, Andy Warhol, lætur að sér kveða í tískuheiminum.

# Andy Warhol föt frá Levi‘s

***Frægasti gallabuxnaframleiðandi heims, Levi‘s, hefur fengið leyfi frá Andy Warhol-stofnuninni fyrir framleiðslu á fötum tengdri listsköpun Warhols.***

Línan mun bera heitið Warhol Factory X Levi‘s og mun hún koma á markað næsta vor. Warhol var þekktur á sínum tíma fyrir klæðast nær eingöngu buxum frá Levi‘s. Gallabuxurnar í nýju línunni munu meðal annars skarta nokkrum af frægustu myndum Warhols og aðrar munu tengjast hinu fræga listverkstæði Warhols, The Silver Factory. Í línunni verður einnig hægt að finna toppa, boli og jakka tengda verkum Warhols. Vörur í Warhol Factory X Levi‘s línunni verða flest allar vel yfir meðalverði Levi‘s í Bandaríkjunum en gallabuxurnar munu kosta frá 190 til 300 dollara sem er í íslenskum krónum um 12 til 19 þúsund.

Warhol Factory X Levi‘s línan kemur á markað eins og áður segir um vorið 2006 og verður hún til sölu í nokkrum vel völdum Levi‘s verslunum í Bandaríkjunum og jafnvel víðar.









HELENA RUBINSTEIN CLARINS PARIS LANCÔME PARIS
Glæsileg jólatilboð
fyrir dömur og herra
í þessum frábærum merkjum
Gullbrá Nóatún 17 s. 562-4217

belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Vertu
bella donna
um jólin
Vertu þú sjálf
– vertu Bella donna
Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15



...um mat
á föstudögum í Fréttablaðinu.

Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hverrar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lesefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

allt atvinna
Alla sunnudaga



Jóhanna Einarsdóttir hefur nóg að gera í verslun sinni í jólaösinni.



Töffaralegt belti er líka ofarlega á listanum. Belti frá All Saints.



Flott stígvél kæmu sér vel. Grá stígvél frá The Shoe Studio.

# Skór efst á óskalistanum

***Jóhanna Einarsdóttir, eigandi verslunarinnar Söstrene Grene, gaf sér tíma til að hripa niður óskalistann fyrir jólin þrátt fyrir miklar annir í nýju búðinni.***

Jóhanna hefur alltaf látið sig tísku miklu varða og kann að klæða sig í takt við tímann. Skór eru í miklu uppáhaldi hjá Jóhönnu eins og mörgum öðrum klassakonum og því segir hún það alltaf gaman að fá eins og eitt par í jólapakkaflóðinu.

„Flott stígvél kæmu sér vel en það væri líka gaman að fá gyllta eða soldið glamúrlega, hátíðlega hælaskó til að smella sér í um áramótin. Falleg blússa eða belti eru líka ofarlega á óskalistanum og svo er ég alltaf svolítið veik fyrir fallegum skartgripum.“

„Annars er lítill tími til að hugsa um jólapakkana þar sem ég er í búðinni nær allan sólarhringinn þessa dagana,“ segir Jóhanna en hún opnaði fyrsta íslenska útibú hinnar margfrægu dönsku verslanakeðju Söstrene Grene í Smáralindinni um síðustu mánaðarmót.

Verslunina rekur Jóhanna í samstarfi við Kristínu Reynisdóttur ásamt eiginmönnum þeirra beggja og viðtökurnar hafa verið framar björtustu vonum.

Vöruúrvalið er afar fjölbreytt og litríkt, mikið er um fallega heimilisvöru, barnadót, myndlistarvöru, gjafavöru, matvöru og allt er þetta á hreint ótrúlegu verði sem hæfir eflaust peningaveskinu vel. Falleg og ódýr lífsstílsbúð í notalegu umhverfi og róandi andrúmslofti.



Gylltir skór passa vel við áramótin. Skór frá The Shoe Studio.






# Hátísku Xbox

***Verslun í París hefur fengið nokkra heimsfræga tískuhönnuði og listamenn til þess að hanna tískuútlit á nýju Xbox 360 leikjatölvuna.***

Verslunin heitir Colette en frægasti hönnuðurinn sem fenginn var til verksins er án efa Karl Lagerfield. Það eru nefnilega ekki allir sem vita það að Lagerfield er víst tækjaóður og sem dæmi á hann meira en 70 Ipoda.

Aðrir sem koma að þessu furðulega uppátæki, sem er gert í tilefni af útgáfu nýju Xbox leikjatölvunnar, eru meðal annars Andrée Putman, Sonia Rykiel, Irina Volkonski og graffítí listamaðurinn Andre. Þessar einstöku útgáfur af Xbox 360 leikjatölvunni kosta mismikið en útgáfa Lagerfields kostar til dæmis 1000 evrur. Þær verða til sölu í þessari umræddu búð, Colette, og hægt er að fá frekar upplýsingar á heimsasíðu verslunarinnar colette.fr.



Útgáfa Karls Lagerfield af nýju Xbox 360 leikjatölvunni.


Þú færð fallegar gjafir fyrir bumbu konur
og noppies barnafötin á krílið í stærðum 50-92
Opið alla daga fram að jólum
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is


# Ný skókeðja til landsins

***Kanadísk keðja hefur opnað verslun hérlendis. Hún selur skó, leðurvörur og aukahluti.***

Skóverslanakeðjan Aldo er komin til landsins en hún sérhæfir sig í tískuskófatnaði og leðurvörum ásamt tískuaukahlutum.

Einkafyrirtækið Sera er sérleyfishafi Aldo á Íslandi en það hefur áratugareynslu af rekstri tískuverslana hér heima sem og erlendis.

Aldo Bensadoun stofnaði Aldo footwear and accessories í Kanada árið 1972 en í dag rekur fyrirtækið yfir 800 verslanir í 15 löndum. Hönnuðir og stílistar Aldo starfa í London, Mílanó, París, New York og Tókýó.

Verslunin hérlendis er staðsett á fyrstu hæð í Kringlunni.


Fyrirtækið Aldo er 33 ára gamalt.

Timberland Make it better.
Er barnið þitt þurrt á fótunum ?

Timberland Kringlunni • Sími 533-2290


Hálsmen eftir Dýrfinnu Torfadóttur, 24.000 kr.


Grænn silkiklútur eftir Sigríði Elfu. 9.000 kr.


Rauður jakki og taska eftir Sigríði Elfu, 16.800 kr. og 6.800 kr. Skór eftir Maríu K.

# Íslensk hönnun í Monu

***Lúxusleðurvara frá Belgrad, danskar flíkur og íslensk hönnun er blanda sem er á boðstólum í versluninni Monu.***

Í apríl á þessu ári opnaði kvenfataverslunin Mona á Laugavegi en hún selur vörur eftir íslenska hönnuði í bland við innfluttan fatnað. Hugmyndina að versluninni höfðu vinkonurnar Sigríður Elfa, Guðmunda, Unnur og Svanheiður gengið með í maganum um nokkra hríð, og þegar þær hittu svo fyrir Gordönu Ristic frá Serbíu fóru hjólin að snúast fyrir alvöru.


Stígvél hönnuð af Maríu K.

Gordana kynnti þær fyrir lúxusleðurvöru undir merkinu Mona frá Belgrad, þaðan sem nafn búðarinnar er dregið og í dag eru þessar vörur stór hluti af vöruúrvalinu ásamt íslensku vörunum, öðru serbnesku merki, P...S..., og danska merkinu 2- BIZ.

Íslensku flíkurnar í Monu bera sterkan þjóðarkeim, mikið er um þæfðar flíkur. Handgerðar perlur eftir Snúllu-Þorgerði Sigurðardóttur eru ofsalega fallegar og vel úr garði gerðar og nýju skórnir frá Maríu K. Magnúsdóttur standast fullkomlega samanburð við flottustu hátískuskóna á markaðnum.


Eyrnalokkar hannaðir af Snúllu 2.400 kr.


Handgerðar perlufestar eftir Snúllu 6.800-7.200 kr.

Aðrir hönnuðir sem selja vörur sínar í Monu eru Dýrfinna Torfadóttir, Sigríður Elfa, einn eigandinn, Aðalbjörg Erlendsdóttir-Budda, Elín Agla og Anna Gunnarsdóttir.

Góðar jólagjafir

Teppi
20% afsláttur
4.536 kr.


Rennd peysa með hettu
12.190 kr.


Rúnaspil
2.650 kr.


Salt og pipar
2.650 kr.


Ísmolar
2.980 kr.


RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19 | Sími 551 1122

**Silfurhnífapör**
þarf að fægja fyrir notkun ef þau hafa lengi verið óhreyfð. Ef ekki er til fægilögur á heimilinu má alltaf notast við tannkrem.







*Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.*

**Sófalist,**
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is





Mikið úrval af burstasettum og neistahlífa, ásamt ýmis konar aukahlutum.

Opið laugardaga kl. 10-16 og sunnudaga kl. 12-16 til jóla.

**Arinbúðin**
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is

**ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS**
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN



Rc Hus Grensásvegi 22. Sími. 511 5550. Veffang. www.rchus.is



Full búð af fallegum jólagjöfum!
Skoðið gjafalista á heimasíðu okkar www.virka.is

VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470

Alfi hitakanna
Tilboðsverð 4.990 kr



Villeroy & Boch
Kringlunni




Nordica poppkornsvél. Elko.



Nordica pizzaofn. Elko.



Nordica kartöfluskrælari. Elko.



Nordica ísmulningsvél. Elko.



Kenwood ísvél. Elko.



Clatronic ísformsvél. Elko.

# Sérhæfð heimilistæki

***Síðustu ár hefur úrval heimilistækja stóraukist og sífellt fleiri heimilistæki eru ætluð í aðeins eitt verkefni.***

Fyrstu heimilistækin voru flest þannig að þau átti að vera hægt að nota í fleiri en eitt verkefni. Hrærivelar áttu til dæmis að geta hrært, hnoðað og þeytt allt mögulegt. Nú fjölgar aftur á móti heimilistækjum sem nýtast aðeins í eitt ákveðið verkefni. Poppkornsvélar, kartöfluskrælarar og ísmulningsvélar eru meðal þess sem finna má í verslunum.



Nortro ommelettupanna. Byggt og búið.



Tristar hrísgrjónapottur. Byggt og búið.





Verum örugg um jólin

TILBOÐ: 1
Optískur reykskynjari
kr. 750

TILBOÐ: 2
Eldvarnarteppi
kr. 1750

TILBOÐ: 3
Léttvatns-slökkvitæki
kr. 5700
Duftslökkvitæki kr. 4500

* Öll verð miðast við staðgreiðslu

Nortek
Öryggisins vegna

Eirhöfða 13, Reykjavík, sími 587 7390, www.nortek.is


## námskeið }

### Gerðu upp gömul húsgögn

VINNUBRÖGÐ VIÐ AÐ GERA UPP GÖMUL HÚSGÖGN KENND.

Hjá Mími – símenntun verður boðið upp á námskeið á nýárinu þar sem helstu vinnubrögð við að gera upp gömul húsgögn eru kennd. Farið verður yfir hvernig best er að ná gömlu lakki af mublum, pússa gamlar borðplötur og margt fleira. Nemendur koma sjálfir með hluti sem þeir vilja láta gera upp og verður húsgagnið því að vera hæft til flutnings og ekki of stórt. Námskeiðið kennir ekki bólstrun. Kennt verður á mánudögum og miðvikudögum frá sex til níu í fjögur skipti. Kennari er Örn Sigurðsson.





Falleg jólaskreyting. Útiserían er þrædd á vírinn. Serían getur staðið ein og sér en auðvelt er að bæta við eplum, hnetum eða tilbúnu skrauti til að lífga upp á.

# Útiskreytingar fyrir jólin

***Auðvelt er að gera fallegar útiskreytingar fyrir jólin. Komdu upp einu vírneti og láttu hugarflugið svo ráða för.***

Fyrr í haust var fjallað um skemmtilegar útiskreytingar á síðum Allt í Fréttablaðinu. Nú eru jólin að koma og þá er ekki úr vegi að rifja upp gamalt föndur og sýna hvernig má gera skemmtilegar jólaskreytingar á einfaldan máta.



Hænsnanetið er notað til að móta jólatré og fyllt með englahári og trjágreinar.

Í slíka útiskreytingu þarf vír og hænsnanet. Vírinn er hengdur upp á króka og hænsnetið er notað til að búa til ýmis form. Föndurvír er notaður til að festa upp sjálft skrautið sem má vera allt milli himins og jarðar. Auðvelt er að þræða ljósaseríur á netið. Með fallegri útiskreytingu komast gestir og gangandi í jólaskapið strax í heimreiðinni.



Fyrr í haust birtust myndir af fallegum útiskreytingum. Nú eru jólin að nálgast og því þarf að skipta um stíl. Niður með haustskreytinguna og upp með hátíðarskapið.

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond
STRÖND EHF.

Fallegt skraut á jólatréð



Soldis
Silkitré og silkiblóm

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

&
NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Jólagjafir heimilanna

Gott úrval húsgagna á jólatilboði, vaxtalaust til áramóta!



**Borðstofu sett:** Handunnið gegnheilt tekk **410.500 15% jóla afsláttur** af öllum tekk vörum, skenkum sjónvarpsskápum og stólum.

Þægindi og gæði á góðu jólaverði.
Vaxtalausir samningar til áramóta.



NEW YORK Þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) með ekta THICK SHINY leðri. **kr. 276.500**

Í galleríi okkar stendur yfir sýning Torfa Harðarsonar

Opið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16

gallerí húsgögn
Dalvegi 18, Sími 554 5333



Heimilislán SPK
- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK

**Sparisjóður Kópavogs**
Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is
spk
















Hér má sjá margar mismunandi tegundir hnífa.

# Jólasteikarhnífarnir

***Á öllum heimilum verða að vera til góðir hnífar til hvers kyns verkefna. Rétt meðhöndlun hnífanna er hins vegar mikilvæg.***

Jólahátíðinni fylgir yfirleitt fjölbreytt eldamennska. Þegar að henni kemur eru hnífarnir nánast jafnmikilvægir og steikin sjálf.

Margir vita hins vegar ekki hvernig hnífa á að kaupa því hægt er að fá fjölmarga mismunandi hnífa í öllum stærðum og gerðum. Hin venjulegi steikarhnífur, sem einnig er kallaður kokkahnífur, er mikilvægastur þar sem hann nýtist við fjölbreyttustu og mikilvægustu verkin.

Stórir hnífar eru þægilegir þegar skera á kjöt eða annað stórt og til þess að saxa og hakka. Minni hnífar eru meðfærilegri og nýtast því ágætlega til minni verka. Einnig er hægt að fá margar aðrar gerðir hnífa eins og flökunarhníf, fiskihníf, kjöthníf, brauðhníf og fleiri. Nafnið á þeim gefur yfirleitt best til kynna til hvers á helst að nota þá.

Á heimasíðu verslunarinnar Kokku á Laugaveginum má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um bæði val og viðhald hnífa. Þegar kaupa á inn nýja hnífa er miklvægt að velja gæði umfram verð. Bitið á ódýrum hnífum getur horfið mjög fljótlega og þeir eiga það mjög oft til að vera mjög endingarlitlir. Slíka hnífa þarf að endurnýja mjög reglulega og þess vegna er ekki óvitlaust að fá sér gæðahníf sem endist í mörg ár.


Týpískir steikarhnífar sem hægt er að fá í mörgum stærðum og má nota við fjölbreytt verkefni í eldhúsinu.

Hnífarnir eru hins vegar einskis nýtir ef þeir eru ekki rétt meðhöndlaðir. Passa þarf að brýna þá reglulega, samt ekki of oft. Þrífa þarf þá strax eftir hverja notkun því matarleifar geta fest við hnífinn og jafnvel haft skaðleg áhrif á hnífinn. Best er að þrífa hnífa einfaldlega með vatni strax eftir notkun, þá er líka auðveldast að ná matarleifunum af. Löng bið í uppþvottavélum getur líka verið skaðleg fyrir hnífa auk þess sem mikil og sterk sápa getur tært upp hnífinn.

Nú er því tíminn til þess að huga vel að hnífunum sínum en hafa ber í huga að velja þarf hnífana og sinna þeim eftir notkun og þörfum hvers og eins. ■

## STELLIÐ: OSTINDIA

***Búáhöld í Kringlunni selur hið klassíska sænska Ostindia-stell.***

Ostindia-stellið hefur verið framleitt af fyrirtækinu Rörstrand frá 1931 og er til bæði í höllum og kotum Svíaríkis. Það á sér merka sögu. Mynstrið er nefnilega af kínversku postulínsbroti sem fannst eftir að Austurindíafarið Götheborg sökk við vesturströnd Svíþjóðar árið 1745 með mjög verðmætan farm. Mynstrið hefur lifað af allar tískusveiflur og póstulínið staðist tímans tönn, þrátt fyrir uppþvottavélar og hinar ýmsu gerðir þvottaefna. Ostindia-borðbúnaðurinn er ljósblár með blómamynstri og handmálaðri rönd. Hann fæst bæði fyrir mat og kaffi. ■


Könnur og bollar eru með dökkblárri rönd.

Bollinn er af þægilegri stærð.


Heimilislegt stell í háum gæðaflokki.



## *Hafðu ofan af fyrir börnunum*

***Þegar annríki er á heimilinu er oft erfitt að sinna bæði börnum og heimilisverkunum á sama tíma.***

Þurfir þú frið til að skrifa jólakortin, baka skinkuhornin, skreyta eða þrífa skaltu gefa þér tíma til að börnin fái verkefni sem hafa ofan af fyrir þeim. Afskipt börn geta orðið vansæl og pirruð og einstaka sinnum til vandræða. Einfalt er að útvega sér þykkan pappa eða pappír sem er límdur tryggilega á heilan vegg í íbúðinni. Börnin fá svo liti og frjálsar hendur til að mála jólalegar myndir á pappann. Mikilvægt er að brýna vel fyrir börnunum að halda sig innan pappaveggjarins. Eftir situr að börnin skemmta sér, þú færð frið til að sinna verkum þínum og heimilið eignast glæsilegt og risastórt málverk að degi loknum.



# Fjölskyldan mín

***Alíslensk glös með þjóðlegum myndum eru meðal nýjunga á markaðnum.***

Nýju glösin sem ganga undir nafninu Fjölskyldan mín eru sköpuð til að brjóta upp hversdagsleikann á heimilinu, að sögn hönnuðanna, Ingibjargar Hönnu Bjarnadóttur og Dagnýjar Kristjánsdóttur. Myndirnar minna á fortíðina, sveitina, húsdýrin og þjóðbúningana. „Við vildum huga að þeim rótum sem þjóðin er sprottin úr,“ segja listakonurnar ungu. Saman skipa þær hönnunarfyrirtækið Stella sem sérhæfir sig í grafík á gler og postulín. Glösin frá Stella þola uppþvottavélar.



Glösin eru skreytt þjóðlegum myndum og umbúðirnar minna á íslenska torfbæinn.


20% afsláttur
af öllum ljósum og gjafavörum fram til jóla




local
Húsgögn og gjafavara
Skeifan 3A við hlið Atlantsolíu 108 Reykjavík
Sími: 517 3600 • Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is
www.local1.is


# Jólahreingerningin

***Víst fylgir það jólum þörfin að hafa allt skínandi hreint á heimilinu.***

Ætlir þú að gera hreint fyrir jólin er ekki seinna vænna að hefjast handa. Þá er um að gera að ganga skipulega til verks og virkja alla á heimilinu.

Best er að skipta heimilinu upp í hluta og gera hreingerninguna á nokkrum dögum.

Byrjaðu á þeim hluta heimilisins sem kámugir litlir fingur eyða síður stundum og endaðu á barnaherbergjunum nokkrum dögum fyrir jól. Geymdu eitt herbergi eða svæði á heimilinu sem getur verið birgðastöð fyrir drasl fram að jólum. Þar inni má geyma pappakassa og þar má dreifa glimmeri yfir pakka en hvergi annars staðar. Þetta herbergi er svo þrifið síðast.

Ef þú ert komin(n) í tímaþröng skaltu sleppa því að þrífa skápa að innanverðu. Komist þú upp með að þurfa ekki að horfa á óhreinindin á aðfangadag þá geta þau þrif beðið. Gleymdu samt ekki silfrinu í borðstofuskápnum sem væntanlega þarf að pússa.

Umfram allt skaltu ekki fara offari. Jólin verða alveg jafn góð þó svo að nokkur rykkorn leynist hér og þar.



Lítið mál er að gefa heimilinu góðan ilm án þess að þurfa að demba sér í jólabakstur.

# Ilmurinn úr eldhúsinu...

***Hátíðarskapið kemur með fallegu skrauti, góðri tónlist og ljúfum jólailmi.***

Þó svo að heimilið sé alskreytt og jólatónar hljómi úr útvarpinu þá getur stundum vantað upp á jólaskapið. Þá grípa margir til þess að baka og fylla húsið af jólalegum ilmi. Samt er hægt að fá jólalega lykt án þess að þurfa að leggjast í stórbakstur. Klassíska ráðið er að stinga negulnöglum í mandarínu og dreifa um húsið. Annað ráð og ilmríkara er að setja negulnaglana í skál sem þolir vel hita og setja skálina yfir kerti. Innan skamms leitar ilmurinn út um allt. Einnig er lítið mál að skera niður nokkra eplabáta og hita á pönnu með kanil, bragðast vel og ilmar vel.


Við kaup á ALNO eldhúsinnréttingu
Velur þú þér jólagjöf:



United -LTV27 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp Verðmæti: kr.79.000,-
eða
Simens TK60001 Expresso kaffivél Verðmæti: kr.75.054,-



Jólagjöfin afhendist í desember og eldhúsinnréttingin eftir eigin ósk á næsta ári. Tilboðið gildir til 20.desember 2005

Láttu þér líða vel með ALNO



PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is
OPIÐ Virka daga kl. 10 - 18 Laugardaga kl. 11 - 14



**Jólapappír** má alveg nota milli ára ef hann er vel með farinn. Gamlan jólapappír er líka hægt að nota sem skraut á pakkana ef ekki er hægt að nota hann utan um þá.








Mjöll Hólm er mikið jólabarn í hjarta sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Verð eins og lítil stelpa á Þorláksmessu

***Þegar hangikjötsilmurinn fyllir húsið og jólakveðjurnar hljóma í útvarpinu þá kemst söngkonan Mjöll Hólm í algert jólaskap.***

„Ég er ekkert fastheldin á hefðir í sambandi við mat nema hvað hangikjötið verður að vera á borðum. Ég sýð það alltaf á Þorláksmessu á meðan ég dunda mér við að skreyta og hlusta á jólakveðjurnar. Þá verð ég eins og lítil stelpa og jólin hellast yfir mig,“ segir Mjöll hlæjandi þegar hún er innt eftir hvað helst komi henni í jólaskap. Karfa á borði með rauðum jólaeplum finnst henni líka ómissandi.

Þeir sem komnir eru til vits og ára muna eftir Mjöll sem vinsælli dægurlagasöngkonu. Það var hún sem gerði lagið Jón er kominn heim ódauðlegt. Þótt hún syngi orðið sjaldan opinberlega þá má bóka að hún syngur með þegar jólalögin hljóma í útvarpinu á aðventunni. Reyndar segir Mjöll desember hafa verið óvenjulegan á heimilinu því verið sé að setja nýtt gólfefni á stofuna og allt hafi verið á öðrum endanum út af því. „Þetta er eins og stríðsástand. Það er varla til óljólalegra hús. Maður er bara stálheppinn ef maður finnur stól til að tylla sér á,“ segir hún og skellihlær. Þegar litast er um kemur samt í ljós að eldhúsið hennar er með sannkölluðum hátíðarbrag. „Já, ég dreif mig í að setja upp jólagardínur í eldhúsið og eitthvað punt,“ segir Mjöll og bætir við. „Enda er ég mikið jólabarn í hjarta mínu.“



















# Gjafir undir Kringlutré

*Undir jólatrénu í Kringlunni er komið safn af pökkum. Í fyllingu tímans verður þeim úthlutað af Mæðrastyrksnefnd.*



Hvað er í pökkunum?

„Það er orðinn siður hjá mörgum sem kaupa leikföng til jólagjafa að kaupa tvennt og setja annað undir tréð," segir Hólmfríður á skrifstofu Kringlunnar þegar hún er spurð hverju þetta pakkafjall sæti. Hún segir komna hefð á þennan sið og afraksturinn fari til Mæðrastyrksnefndar sem síðan útdeili pökkunum til þeirra sem þurfi á þeim að halda. „Upphæðin sem menn leggja í þetta er algerlega frjáls og það eina sem þarf að gera er að merkja pakkann þannig að nefndin viti hvort hann hentar dreng eða stúlku og á hvaða aldri," segir Hólmfríður og bætir við að síðustu forvöð til að gefa sé þann 21. desember.



Jólatréð í Kringlunni er til mikillar prýði og þar fær gjafmildi landans líka útrás.

## jólaspurningin }

### Hvað ætlar þú að kaupa margar jólagjafir?

Ætli þær verði ekki svona tíu talsins.



Guðrún Helga Gísladóttir

## jólasveinar }



MYND ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Pottaskefill

*Sá fimmti, Pottaskefill,*
*var skrítið kuldastrá.*
*– Þegar börnin fengu skófir*
*hann barði dyrnar á.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Þegar börnin ruku svo til dyra til að sjá hver væri að banka á dyrnar tók Pottaskefill á rás, rauk inn í eldhúsið, flýtti sér að pottinum og fékk sér góðan verð upp úr honum. Pottaskefill situr um alla þá potta sem ekki er búið að þvo upp og sleikir skófirnar innan úr þeim. Pottaskefill ætlar að gefa í skóinn í kvöld og vonandi að hann hafi nægan tíma til að komast í einn eða tvo potta í leiðinni.

## á jóladöfinni }

### 15.desember

**Þvörusleikir** heimsækir Þjóðminjasafnið kl. 11.

**Jólahrollur í hádeginu** - Ævar Örn Jósepsson les úr bók sinni Blóðberg í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12.15.



**Jól í hjarta** - Aðventutónleikar verða haldnir í Hallgrímskirkju undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur kl. 20. Kórarnir sem fram koma eru: Gospelsystur Reykjavíkur, Stúlknakór Reykjavíkur, Vox Feminae og Vox Junior.





Ekki bara efni,
garn og náttföt........
....líka bækur!
Diza
Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga



Júmbó
Brauðtertur
Ótrúlegar 20 manna brauðtertur. Við bjóðum upp á þrjár ljúffengar tegundir, roastbeef, rækjur og skinku.

www.jumbo.is
Frí heimsending
Júmbó Samlokur
Pöntunarsími: 554-6999




Jólaföt
Jólagjafir
Afmælisgjafir
Sængurgjafir
IANA
Laugaveg 53, s. 552 3737 • Opið til 22 alla daga til jóla.



Ostakörfur ..
.. í öllum stærðum og gerðum fyrir jólin
Opið alla daga til jóla

Osta HÚSIÐ
Strandgötu 75 Hafnarfirði sími 565 3940
www.ostahusid.is




Jónas Guðmundsson hjá Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur í grænum faðmi fagurra trjáa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Græn og fögur Flugbjörgunarsveit

***Jólatrésala Flugbjörgunarsveitar Reykjavíkur hófst í vikunni. Salan fór vel af stað og greinilegt að fólk ætlar sér að vera snemma á ferðinni í trjáakaupum í ár.***

Jónas Guðmundsson hjá Flugbjörgunarsveitinni segir að salan þessa fyrstu daga hafi verið nokkuð meiri en þeir áttu von á. „Fyrstu dagarnir eru yfirleitt rólegir en við seldum nokkra tugi trjáa strax fyrsta daginn,“ segir Jónas. Flugbjörgunarsveitin er með til sölu íslensku jólatrén, bæði rauðgreni og furu og svo danskan normannsþin og segir Jónas trén vera sérstaklega falleg í ár.

Ágóðinn af jólatrésölunni fer í að styrkja starfsemi sveitarinnar svo að hún geti sinnt sínu hlutverki, en Flugbjörgunarsveitin lifir allt árið á bæði jóla- og flugeldasölunni sinni. „Við tökum ekki þátt í verðslagnum, við leggjum meira upp úr því að fólk styrki starfsemina okkar,“ segir Jónas sem er bæði vænn og grænn og hlakkar til að finna jólatrjánum sínum heimili um jólin.

# Bréf frá jólasveininum

***Þá eru jólasveinarnir búnir að læra á tölvur og opnuðu meira að segja heimasíðu. Svona eru þeir klárir, karlarnir. Jólasveinarnir eru byrjaðir að blogga og bjóðast til að senda þægu börnunum bréf.***

Jólasveinarnir ákváðu á sínum árlega undirbúningsfundi að opna heimasíðu sem þeir gáfu nafnið www.sveinki.is. Undir dálknum jólasveinatíðindum má lesa um hvernig jólaundirbúningurinn gengur og hvað er að gerast hjá sveinunum fram til jóla. Ákveðið var að Kertasníkir yrði gerður að ritstjóra þar sem hann fer síðastur til byggða. Kertasníkir sér einnig um að halda utan um bréfin sem jólasveinarnir fá og einnig er hægt að panta bréf frá uppáhaldsjólasveini barnanna sem Kertasníkir sér um að koma til skila. Valið er á milli fjögurra bréfsefna, skrifuð inn falleg lýsingarorð um barnið sem á að fá bréfið og svo sér Kertasníkir um afganginn. Falleg gjöf sem gleður bæði smáa og stóra.



Kertasníkir Leppalúðason, nýskipaður ritstjóri Jólasveinatíðinda, bíður spenntur eftir því að fá að skrifa góðu börnunum bréf.


Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum
Hvað get ég gert fyrir þig?
-20%
afsláttur
af heilsárs -og nagladekkjum
Smurþjónusta
Rafgeymar
Sækjum og sendum
Bremsuklossaskipti
Dekkjahótel

Vaxtalausar léttgreiðslur!
BÍLKÓ bilko.is - Betri verð!
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Séð úr lofti er jólatréð á Austurvelli eins og ljósavin í svartasta skammdeginu, skartgripur í barmi borgarinnar.

# Eitt lítið jólatré...

***Jólatréð á Austurvelli er fyrir mörgum miðpunktur aðventunnar.***

Í rúma hálfa öld hefur Reykjavíkurborg fengið að gjöf stórt og veglegt jólatré frá Osló sem hefur verið sett upp á Austurvelli og ljósum prýtt með mikilli viðhöfn. Fyrst í stað var alltaf kveikt á trénu fjórða sunnudag í aðventu eða síðasta sunnudag fyrir jól en sú tímasetning hefur færst framar, samferða jólaundirbúningnum sem hefst nú mun fyrr en á árum áður.

Jólatréð á Austurvelli er eitt helsta táknið um það að jólin séu í nánd. Margar fjölskyldur hafa það fyrir sið að bregða undir sig betri fótunum, fara saman niður í bæ og fylgjast með þegar ljósin eru kveikt á trénu og skemmtidagskránni sem alltaf fylgir í kjölfarið. Svo er farið á kaffihús þar sem rjúkandi heitt kakó og piparkökukarlar fá viðeigandi meðferð. Útvarpað hefur verið frá þessum viðburði til margra ára og þeir sem komast ekki á Austurvöll hafa getað hlýtt á hátíðahöldin. Jólatréð á Austurvelli setur jólasvipinn á bæinn. Hin síðari ár hafa birkitrén vaxið til samkeppni við Oslóartréð og í ár eru þau jafnvel enn meira áberandi en það í mikilli ljósadýrð. Ekkert slær þó út Oslóartréð á Austurvelli þegar jólaandinn er annars vegar því Það gerir jólin í Miðbænum að jólalegum jólum.



Oslóartré hefur prýtt Austurvöll á þessum árstíma allt frá því 1951.



Takið eftir því hve birkitrén eru miklu minni á þessari mynd...



Þessi mynd er tekin þegar kveikt var á trénu í ár og það er greinilegt hvað birkihríslurnar hafa vaxið.



Dansað kringum jólatréð á Austurvelli í fyrra í ljósaskiptunum.



Starfsmenn bæjarins setja upp jólatré á Austurvelli í ár en til þess þarf auðvitað þó nokkrar tilfæringar.





15%
JÓLAAFSLÁTTUR
Í DESEMBER



Hlýlegar jólagjafir, úlpur, kápur, jakkar og peysur.

Nánar á netsíðu
www.svanni.is

Sendum lista út og land.
Sími 567 3718

PÓSTVERSLUNIN SVANNI

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Flott á nýju ári
með hörðum pakka frá Hreysti

Ný tæki
Betra verð!

SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.

Handlóð - jógapakkar - dýnur - sippubönd - ökklaþyngingar - handgrip - laus lóð - fæðubótarefni

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 / Laugardaga frá kl. 11-16 / Sunnudaga frá kl. 12-16

**Jólastressið**
getur auðveldlega valdið veikindum hjá fólki ef það fer ekki varlega. Það er betra að reyna að taka það sæmilega rólega fyrir jólin svo þau verði ekki haldin í rúminu.
















Þorpið verður í um 400 metra hæð yfir sjávarmáli.

# Heilbrigður lífsstíll í heilsuþorpinu á Spáni

***Nokkrir athafnasamir Íslendingar hyggjast reisa heilsuþorp á Spáni. Þar á ekki að djamma og djúsa diskótekunum á heldur verður heilbrigður lífsstíll í fyrirrúmi.***

Trausti Valdimarsson læknir ætlar að taka þátt í uppbyggingu heilsuþorpsins af einskærum áhuga. Hann hefur unnið á heilsuhælinu í Hveragerði og segir meininguna að byggja upp eitthvað svipað á Spáni, kannski þó fyrir aðeins yngra og hressara fólk. „Þetta verður heilsueflandi og uppbyggjandi starfsemi,“ segir hann og lýsir henni nánar.

„Þarna getur fólk bæði verið í fríi í fallegu umhverfi og góðu loftslagi en samtímis verið að gera eitthvað fyrir heilsuna svo sem fara í göngutúra, leikfimi, sund og jóga.“ Trausti segir fyrirhugað að fólk geti farið í þolpróf og almenna skoðun á líkamsástandi þegar það komi og síðan verði reynt að laga það sem hægt er með góðu móti. Einnig verði hugsanlega gefinn kostur á námskeiðum, til dæmis í spænsku og öðrum tungumálum, heimspeki, sálfræði eða hverju sem er. „Annars er þetta allt á hugmyndastigi ennþá,“ bætir hann við. „Ég sé fyrir mér bæði andlega og líkamlega endurhæfingu, góðan mat og hóflega skammta af víni. Þetta verður ljúft líf og hollustan í hávegum höfð.“

Þorpið á að rísa í fjallahéraði á suðausturhluta Spánar, í um klukkustundar akstursfjarlægð frá Miðjarðarhafinu. Byrjað verður með um 200 íbúðir í heilsuþorpinu og þar gefst fleirum kostur á að dvelja en Íslendingum að sögn Trausta. Í nágrenni er þorp sem heitir Moratalla og allt um kring eru náttúruverndarsvæði með fjölbreyttum gönguleiðum. „Bæjarstjórinn í Moratalla er læknir og hann er mjög hrifinn af hugmyndinni um okkar um heilsuþorpið,“ segir Trausti. En hvenær þarf að panta? „Þetta verður tilbúið í fyrsta lagi eftir eitt og hálft ár,“ segir hann að endingu og hlakkar greinilega til að takast á við verkefnin þar syðra.



Trausti er magalæknir og ætlar að sjá til þess að maturinn í heilsuþorpinu verði hollur og góður.

*gun@frettabladid.is*

# Ólífan til bjargar

ÓLÍFUOLÍAN HEFUR VERIÐ NOTUÐ TIL NÆRINGAR OG LÆKNINGAR Í ÞÚSUNDIR ÁRA. NÚ ERU KOMNAR Á MARKAÐ SNYRTIVÖRUR SEM ERU UNNAR ÚR HREINNI ÓLÍFUOLÍU OG GERA KRAFTAVERK FYRIR BÆÐI HÚÐ OG HÁR.

Margir hafa það fyrir sið að setja nokkra dropa af ólífuolíu í baðið til að mýkja hörundið og létta lund enda hefur fólk mikla trú á jákvæðum áhrifum ólífuolíunnar.
Nú eru Olivia snyrtivörurnar frá gríska framleiðandanum Papoutsanis komnar í verslanir Hagkaupa í Smáralind. Olivia snyrtivörurnar eru allar unnar úr hreinni ólífuolíu og eru ætlaðar til næringar, lækninga og ummönnun líkamans. Vörurnar hafa reynst vel fyrir exem og pshoriasis sjúklinga og henta líka öllum þeim sem hafa ýmis húðvandamál, eru með viðkvæma húð og geta ekki notað hvaða snyrtivörur sem er. Í Olivia línunni má fá fljótandi handsápur, baðolíu, húðkrem og handáburð. Einnig er hægt að fá tvær gerðir af litlum sápum, báðar unnar úr ólífuolíu en önnur er einnig með Aloa Vera. Sápurnar má nota á allan líkamann og í hárið og virka vel gegn flösu.
Ólífuolían í snyrtivörunum inniheldur mikilvægar fitusýrur og vítamín sem eru nauðsynleg húðinni og vernda hana enda er ólífuolían fullkomin afurð fyrir umönnun líkama og hárs.



Olivia vörurnar eru unnar úr hreinni ólífuolíu og henta vel fyrir þá sem hafa viðkvæma húð.







# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR

IÐNVÉLAR
Traust samstarf við íslenskan iðnað

## Rafvirki – Vélfræðingur

Við þurfum að bæta við í viðhaldsdeildina og leitum að manni vönum að umgangast vélar, rafmagns – vélfræðings menntun æskileg.

Nýjasta tækni
Spennandi starf með góðum hóp.

IÐNVÉLAR er leiðandi fyrirtæki í þjónustu og sölu á á iðnaðarvélum – fyrir járn, trésmíði og almennan framleiðsluiðnað.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu: 565 5055 eða sendið tölvupóst með upplýsingum hulda@idnvelar.is

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Kennara vantar á RAFIÐNABRAUT; TREIÐNAÐARBRAUT OG LISTNÁMSBRAUT Fjölbrautaskólans í Breiðholti.**
**Um er að ræða 100% störf á Raf-og Tréiðnabraut, en hlutastarf á Listnámsbraut**

*Menntunar-og hæfniskröfur:*
Meistara-og kennsluréttindi eða sambærileg menntun á Raf-og Tréiðnaðarbraut.
Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi á Listnámsbraut.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2006
**Umsóknarfrestur er til 28. desember n.k.**
Laun skv. kjarasmaningi ríkisins og KÍ.

*Upplýsingar veita:*
Heimir Jón Guðjónsson í síma 898 5053 vegna Rafiðnaðarbrautar
Sigurður Þórarinsson í síma 692 7668 vegna Tréiðnaðarbrautar
Ingiberg Magnússon í síma 868 5628 vegna Listanámsbrautar,
og aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti Austurbergi 5
111 Reykjavík sími 570 5600
símbréf 567 0389 Tölvupóstur fb@fb.is

TILKYNNINGAR

# Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

FASTEIGNIR

eign.is

**Austurströnd 3 - Sími 533 4030**



**Seljavegur - Ný glæsiíbúð** Vorum að fá í sölu einkar glæsilega 3-4 herb. íbúð á 3 hæð. Íbúðin skiptist í tvær stofur og tvö góð svefnherb., baðherbergi með flísum og eldhús með nýrri eikar innréttingu. Eignin hefur nánast öll verið endurnýjuð, ný gólfefni, hvíttuð eik og Mustang flísar, nýjir ofnar og lagnir, nýtt eldhús o.s.frv. Það var endurnýjaað fyrir 2 árum. **Verð 21 millj.**
***Nánari uppl gefur Andres Pétur á eign.is fasteignasölu í síma 898-8738***
*Sigurður Gizurarson hrl. lögg. fasteignasali.*

allt bílar
Alla laugardaga

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# Yfir 150.000 gestir daglega.

# Stór-markaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Sýning næstkomandi laugardag kl. 14 - 17

Hóll

## Glæsilegar nýstandsettar íbúðir í lyftuhúsi í hjarta Akureyrar

Til sölu einstaklings og 2ja herbergja íbúðir í gamla Tónlistarskólahúsinu í Hafnarstræti á Akureyri

Stærð íbúðanna er frá 35 fm og uppí 70 fm
Allar íbúðirnar eru útbúnar glæsilegum innréttingum frá HTH (Hvítuð eik) með tækjum frá Rönning.
Baðherbergin eru með HTH innréttingum og góðum tækjum.
Parket og flísar eru á gólfum í öllum íbúðum og allur frágangur er fyrsta flokks.
Íbúðirnar skilast fullbúnar um miðjan desember 2005.
Frágangur að utan og lóð klárast næsta vor.











Nánari upplýsingar gefur
Hóll Akureyri
461-2010

**Einstaklingsíbúðir - Tilvalið fyrir skólafólk !**
Verðdæmi á 7 milljón kr eign
10% útborgun: 700.000.-
90% lán hjá lánastofnun : 6.300.000.-
Afborgun pr mán : 27.700 auk verðbóta

**2ja herbergja íbúð**
Verðdæmi 14 milljón kr. eign
10 % útborgun : 1.400.000.-
90 % lán hjá lánastofnun: 12.600.000.-
Afborgun pr mán : 55.440 auk verðbóta

• Ármann Sverrisson viðskiptafræðingur og lögg. fasteignasali

## KAUPVENJUR



Í dag kaupir Andri Fannar einungis föt frá Armani og Hugo Boss.

### *Tekur ábyrgar ákvarðanir með hægð*

Andri Fannar Ottósson, heimspekinemi og knattspyrnumaður, kaupir mikið af bókum til að slá á fíknina.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?** Heldur maður upp á búðir? Ég hef aldrei pælt í því.
**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?** Ég kaupi mest af bókum, en ekki vegna þess að það sé skemmtilegt, heldur vegna þess að það slær á fíknina. Eða kannski er þetta bara veiðimannaeðlið: að koma auga á bók, kaupa hana og koma henni í hús?
**Verslar þú í útlöndum?** Nei, það myndi ég aldrei gera! Frekar læt ég versla fyrir mig í útlöndum.
**Einhverjar venjur við innkaup?** Já, ég var vanur að kaupa alltaf notuð föt í Spútnik, Hjálpræðishernum eða Kolaportinu, en núna ven ég mig á að kaupa bara Armani og Hugo Boss (fáir vita að sá síðarnefndi gerði það gott í heimsstyrjöld nr. 2).
**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?** Ég hata allt skyndi. Ég tek skipulagðar, þaulhugsaðar, vel ígrundaðar og ábyrgar ákvarðanir með hægð.

## TOPP 5: SONIC YOUTH



**1. Daydream Nation** (1988). Kom út sem tvöföld vínylplata. Valin besta plata 9. áratugsins af Pitchfork Media. Koverið á plötunni er málverk eftir Gerhard Richter. Lagið Teenage Riot náði inn á vinsældarlista Billboards.
**2. Dirty** (1992). Spike Jonze gerði sitt fyrsta tónlistarmyndband við lagið 100% sem er á plötunni og Jason Lee lék í fyrsta skipti í því sama myndbandi. Lagið JC er tileinkað rótaranum fræga Joe Cole sem nýlega hafði verið myrtur er platan kom út. Var endurútgefin fyrir ekki svo löngu síðan í veglegri tveggja diska útgáfu.
**3. Sonic Nurse** (2004). Nýjasta plata hljómsveitarinnar. Seinasta plata Jim O'Rourke með hljómsveitinni, að sinni allavega. Átti fyrst að skarta mynd af Mariuh Carey á koverinu en lag um líf hennar er á plötunni.
**4. Evol** (1986). Fyrsta plata trommarans Steve Shelley með hljómsveitinni. Var einnig fyrsta plata Sonic Youth undir merkjum SST útgáfufyrirtækisins. Lee Ranaldo syngur í fyrsta sinn á plötunni lag eftir sjálfan sig.
**5. Goo** (1990). Fyrsta plata Sonic Youth undir merkjum plöturisans Geffens sem gaf þeim þar með mun breiðari aðdáenda- og hlustendahóp. Margir grunge-arar líta mikið upp til þessarar plötu, meðal annnars hélt Nirvana mikið upp á hana sem og annað efni með hljómsveitinni. Chuck D úr Public Enemy kemur fram í einu lagi á plötunni, Kool Thing, sem er jafnframt eitt frægasta lag hljómsveitarinnar fyrr og síðar. Var eins og Dirty endurútgefinn í sérstakri viðhafnar útgáfu fyrir stuttu síðan.

## SJÓNARHORN



Skip siglir inn Sundin FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA







# Sýnum samstöðu um nauðsynlegar breytingar

**UMRÆÐAN**
ÖRYRKJAR



**SIGURSTEINN MÁSSON**

Senn líður að jólum og vert er að huga að þeim fjölmörgu öryrkjum sem finna meira fyrir einmanaleikanum á þessum árstíma en öðrum. Í baráttu okkar fyrir bættum hag öryrkja gleymist stundum hvað hið einfalda skiptir líka miklu máli í lífinu.

Í fjölbýlishúsunum við Hátún 10 búa nærri þrjú hundruð öryrkjar. Flestir búa í litlum einstaklingsíbúðum og oft við félagslega einangrun. Ég heiti nú á aðstandendur öryrkja að huga vel að þeim um hátíðarnar. Sumir eru í þeirri stöðu að aðstandendur eru fáir eða nokkrir. Mikilvægt er að nærsamfélag þeirra hugi að þeim sem svo er komið fyrir. Vinkona mín hafði samband við mig um daginn og spurði hvort ég vissi um einhvern sem hefði í engin hús að venda um jólin. Þá vildi hún bjóða viðkomandi að verja jólunum með sér og fjölskyldu sinni. Í þessu boði felst inntak hins kristilega kærleiksboðskaps. Í þessu ætti líka að felast inntak jólanna sem fyrir mörgum er því miður löngu gleymt.

Hvernig það gat gerst að við gleymdum þeim sem minnst mega sín í samfélaginu? Þegar Danir og Svíar voru á fullri ferð í byrjun tíunda áratugarins að þróa framúrstefnulegar lausnir í málefnum fatlaðra og langveikra þá stöðnuðum við, sem er raunverulega afturför. Skýringarnar eru að hluta til pólitískar og að hluta til einhver værukærð sem gripið hefur um sig í þjóðfélaginu. Við urðum skyndilega svo upptekin af því að verða rík í landi tækifæranna. En tækifærin voru bara sumra og flestir eignuðust aðallega skuldir. Nú býr fatlað fólk og sjúkt við bágari kjör en í þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við til þessa.

Hið norræna velferðarkerfi á ekki við um Ísland nútímans og það staðfestir skýrsla Stefáns Ólafssonar prófessors. Þessu verðum við að breyta. Íslendingar hafa réttlætiskennd. Þeir vilja ekki að stórir hópar fólks verði útundan í samfélaginu. Þeir vilja ekki ameríska gervivelferð þar sem fólki er vísað út á guð og gaddinn. Á nýju ári skulum við taka höndum saman, öll sem eitt, um breytingar til bætts hags öryrkja.

Tvennt er mikilvægast að ganga í strax. Í fyrsta lagi þurfum við að breyta lögum um almanntryggingar og afnema ýmsar vondar reglugerðir sem Tryggingastofnun ríkisins vinnur eftir. Grunnbætur þurfa að hækka verulega, verða mannsæmandi og þær gerðar ótekjutengdar. Afnema þarf ýmsar aðrar tekjutengingar svo sem vegna lífeyrisréttinda og þá þarf að skapa hvata til atvinnuþátttöku. Hvað endurhæfingu og atvinnuþátttöku snertir þarf stórátak til að við stöndum jafnfætis hinum Norðurlandaþjóðunum. Svo vel takist til þarf að skapa samráðsgrundvöll Samtaka atvinnulífsins auk ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu.

Það á að geta orðið þverpólitísk sátt um uppbyggingu hins íslenska velferðarkerfis og ég treysti því að aðilar komi með opnum hug að þessu borði. Það verður eftir því tekið ef einhver skorast undan ábyrgð. Fyrir hönd ÖBÍ óska ég landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og gæfu á komandi ári.

*Höfundur er formaður Öryrkjabandalags Íslands.*

**AF NETINU**

### Verður það sama sagt um X-D?

Breski Íhaldsflokkur hefur lengi verið í tilvistarkreppu, í raun allt frá því járnfrúin sté úr hásætinu, en reynslan hefur sýnt að flokkar eru jafnan lengi að jafna sig eftir að sterkir leiðtogar víkja frá. Margir hafa reynt að blása lífi í Íhaldsflokkinn og gert tilraunir til þess að leiða flokkinn til sigurs, en án árangurs. Núna er hins vegar mikil bjartsýni ríkjandi meðal Íhaldsmanna og miklar vonir eru bundnar við hinn nýja leiðtoga.

**Erla Tryggvadóttir á tikin.is**

### Doktor í fegurðarsamkeppnum

Ég er ekki á móti fegurðarsamkeppnum. Raunar gæti ég verið dómari í slíkri keppni, svo vel hef ég stúderað þær. Mér finnst fegurðarsamkeppnir ekki síðri skemmtun en lestrarkeppni grunnskólanna, Ædolið eða spurningakeppni framhaldsskólanna. Svo fer það eftir hverjum og einum hvort viðkomandi finnst mest um vert að muna nafnið á höfuðborg Malawi, lesa vel, syngja ófalskt eða vera flínkur í að ganga á sundbol og brosa eðlilega.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**

### Hinn staðlaði inngangur

Hún er í hvimleið sú umræða um störf Alþingis sem grípur um sig í fjölmiðlum með reglulegu millibili og snýst um afköst þingmanna, ráðherra og starfstíma þingsins. Ætla mætti að fréttamenn og aðrir sem taka þátt í þessari undarlegu umræðu telji að magn og gæði löggjafarstarfs fari ævinlega saman þannig að landsmönnum farnist þeim mun betur sem fleiri lög eru samþykkt á Alþingi.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Helsta vandamál kaupmannsins

Eitt helsta vandamál margra verslunareiganda vill reynast vera skari af eirðarlausum krökkum og unglingum sem oft vill safnast saman fyrir framan verslun hans. Blessuð ungmennin eiga það til að fæla í burtu viðskiptavini sem vilja ekki eiga á hættu að verða fyrir áreiti eða hvers konar ónotum sem oft fylgir athyglissjúkum unglingum. Hvaða verslunareigandi í Kringlunni eða Smáralind óskar sér ekki tækis sem tekur af honum ómakið við að sussa í burtu krakkaskarann?

**Samúel T. Pétursson á deiglan.com**

### Sænskir dyntir

Laxness sækir sér innblástur í „þjóðardjúpið“ og er gagnrýninn og fær verðlaun. Það gerði Pinter líka og fékk verðlaun. Tolstoj og Gunnar gagnrýndu líka en fengu engin verðlaun. Rithöfundar mega hvorki vera menningarfjandsamlegir né dulúðlegir. En þeir mega vera róttæklingar og andófsmenn. Allt eftir duttlungum sænsku akademíunnar.

**Sverrir Ingi Gunnarsson á djoflaeyjan.com**

### Gamall boli

Valdís Borgarstjóri sem hefur átt nokkuð undir högg að sækja lyfti sér til flugs með aðsópsmiklu vængjataki þegar Borgarstjórinn tók afgerandi frumkvæði með aðdáunarverðum kjarasamningum við láglaunakonur í Borginni.
Pólitískir fjendur í ýmsum flokkum skóku skellum að Valdísi þegar í stað. Kristján Þór Júlíusson, íhald á Akureyri, virtist missa alla rökræna hugsun og kom í sjónvarp þar sem hann bölvaði einsog gamall boli kolfastur í mýri.

**Össur Skarphéðinsson á hexia.net/roller/page/ossur.**



# Svei þessu öllu saman!

UMRÆÐAN
LOKAÐIR TÓNLEIKAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS



ILLUGI JÖKULSSON

Ólafur Ragnar Grímsson á skilið mikið þakklæti þjóðar sinnar fyrir að hafa stöðvað fjölmiðlafrumvarpið á síðasta ári.

Þetta segi ég ekki vegna þess að það frumvarp hefði líklega komið illa því fyrirtæki sem rekur núna þessa sjónvarpsstöð og ég hef unnið fyrir allar götur síðan fjölmiðlafrumvarpið var á döfinni. Ég vona að enginn ætli mér þá skammsýni að taka afstöðu til mála á grundvelli þess – enda ætti ég vonandi ekki í vandræðum með að finna mér vinnu þótt þetta fyrirtæki væri ekki til.

Nei – það sem var þakkarvert við að Ólafur Ragnar stöðvaði fjölmiðlafrumvarpið var að með því kenndi hann nauðsynlega lexíu stjórnvaldi sem orðið var blint, firrt og grimmt. Stjórnvaldi sem taldi að ríkið, það væri fámenn valdaklíka sem gæti og ætti að ráðskast með alla hluti í samfélagi okkar eftir sínum eigin kenjum, fordómum og hagsmunum. Hann kenndi lexíu stjórnvaldi sem orðið var gegnsýrt af valdníðslu og valdhroka – og fyrir þá lexíu eigum við að vera Ólafi Ragnari Grímssyni þakklát, hvaða skoðun sem við kunnum að hafa á einstökum fjölmiðlum eða fjölmiðlakóngum.

Með því að neita að skrifa undir fjölmiðlafrumvarpið gerði Ólafur Ragnar þjóðinni mikið gagn – ef það hefði gengið í gegn, þá hefði valdaklíkan litið svo á að henni væri bókstaflega allt leyfilegt, heimilt og gerlegt. En í staðinn er nú svolítið farið að létta til eftir grimmþoku valdaklíkunnar.

*En hvað var Sinfóníuhljómsveit Íslands að gera í þessu kompaníi? Sinfóníuhljómsveitin er rekin af peningum skattgreiðenda og hver gaf stjórnendum hennar leyfi til að eyða tíma og orku og kannski peningum líka í að halda lokaða tónleika fyrir hið svokallaða fína fólk?*

En þá bregður svo við að Ólafur Ragnar Grímsson, þessi forseti sem í fyrra var bandamaður þjóðarinnar, hann virðist nú sjálfur genginn í einhver einkennileg björg og ráfa þar um í villu og svíma án tengsla við þjóð sína.

## Hinir nýju auðmenn

Því hvað á að kalla þá furðulegu uppákomu sem hér átti sér stað í síðustu viku þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt lokaða tónleika með einhverjum frægum og vafalaust frábærum velskum söngvara og enginn fékk að mæta nema sérstakir boðsgestir hljómsveitarinnar sjálfrar og svo KB banka sem kostaði uppátækið í einhverju dularfullu samkrulli við … já, embætti forseta Íslands.

Forsetinn bauð sínum eigin gestum á þessa fínu tónleika og allir áttu að mæta í sínu fínasta skarti og svo var haldið eitthvað fínt partí á eftir – dinner eða eitthvað – og forsetaembættið útvegaði sérstakan heiðursgest, sem var einhver barónessa frá Bretlandi, talsmaður bresku ríkisstjórnarinnar í lávarðadeildinni.

Nú er það svo að ég hef hneigst til að sýna hinum nýju auðmönnum Íslands ákveðið umburðarlyndi. Þó þeir séu stundum hallærislegir í sínum nýríka flottræfilshætti, þá hefur það ekkert káfað svo mjög upp á mig. Bæði vegna þess að ég fæ í allri einlægni ekki séð að þessir nýríku kappar allir stundi verulegt arðrán – þvert á móti verður því ekkert móti mælt að ýmsir þeirra virðast hreinlega hinir gagnlegustu menn. Og því er mér svosem alveg sama þótt þeir séu stundum dálítið eins og fílar í postulínssjoppu með alla peningana sína. Og það er altént fáránleg bábilja þegar sumir eru að fárast út í hina nýju auðmenn og tala þá eins og hinir fyrri auðmenn okkar Íslendinga hafi á einhvern hátt verið miklu kúltíveraðri og dannaðri og „betri“ auðkýfingar heldur en þessir nýju, sem séu svo dónalegir.

Eini munurinn er í hæsta lagi sá að ríku kallarnir núna eru líklega miklu ríkari en ríku kallarnir í gamla daga – annars eru ríkir kallar alltaf eins og engin ástæða til að fjargviðrast mikið yfir uppátækjum þeirra, þótt vissulega eigum við að hafa áhyggjur af vaxandi launamun í samfélaginu. En það sem ég vildi sagt hafa – ef ríku kallarnir í KB banka vilja eyða sínum peningum, eða réttara sagt peningum bankans, þeim peningum sem þeir hafa grætt meðal annars á viðskiptavinum sínum hér á landi, ef þeir vilja eyða þessum peningum í að halda fína tónleika og fínan dinner með fínum boðsgestum fyrir fínustu viðskiptavini sína, þá get ég svosem ekkert annað gert en yppt öxlum. Kannski viðskiptavinir KB banka hafi einhverjar athugasemdir við þetta, eða hluthafarnir, en mér er svosem sama.

## Sinfónían skuldar þjóðinni afsökunarbeiðni

En hvað var Sinfóníuhljómsveit Íslands að gera í þessu kompaníi? Sinfóníuhljómsveitin er rekin af peningum skattgreiðenda og hver gaf stjórnendum hennar leyfi til að eyða tíma og orku og kannski peningum líka í að halda lokaða tónleika fyrir hið svokallaða fína fólk? Sem alþýða manna hafði engan aðgang að? Sú alþýða sem litið hefur á það sem menningarlega skyldu sína áratugum saman að halda uppi þessari hljómsveit, jafnvel þótt séralítill hluti þjóðarinnar sæki tónleika hennar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skuldar þjóðinni skýringu á þessari dónalegu dellu og ekki bara skýringu, heldur afsökunarbeiðni líka. Það er svo fjarri því að hljómsveitin eigi að fá að komast upp með að gera svona snobbtónleika að árlegum viðburði, eins og boðað var; þvert á móti þarf Sinfóníuhljómsveit Íslands að strengja þess heit að gera þetta aldrei aftur. Og hún þarf helst að fá þennan ágæta velska söngvara hið fyrsta til landsins aftur og halda með honum ókeypis tónleika – í yfirbótarskyni.

Ella fæ ég ekki séð að þessi hljómsveit hafi neitt að gera á fjárlögum íslenska ríkisins, hún getur bara hunskast til þess að lifa á betli hjá ríka og fína fólkinu, ef það er hvort sem er þangað sem hljómsveitin leitar þegar hún vill mest við hafa.

En hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands gert í buxurnar með þessum tónleikum, þá er þó ekki nema vægur fnykur af því miðað við þá stækju sem þessi uppákoma hefur gert embætti forseta Íslands og Ólafi Ragnari Grímssyni persónulega.

Hvað var Ólafur Ragnar Grímsson eiginlega að hugsa þegar hann lagði nafn embættisins við þetta fáránlega snobbfíflerí? Það má Ólafur Ragnar altént vita að sá stóri hluti íslensku þjóðarinnar sem kaus hann til æðsta embættis þjóðarinnar gerði það ekki til að hann gæti blandað geði við fínt fólk á fínum tónleikum og fínum dinner – allt innan gæsalappa.

Á sínum tíma var talað um Séð og heyrt-væðingu forsetaembættisins, það var nú líklega að meira eða minna leyti óhjákvæmileg þróun – en þetta, þetta tekur út yfir allan þjófabálk. Upp á síðkastið hefur dufl og daður forsetaembættisins við eitthvert evrópskt aðalsfólk gert það að verkum að maður er farinn að fyrirverða sig fyrir embættið.

Evrópskt aðalsfólk á vorum dögum er, með varla nokkurri einustu undantekningu, eitthvert hæfileikalausasta og innihaldslausasta og tilgangslausasta fólk í veröldinni, og það er Ólafi Ragnari Grímssyni og embætti forseta Íslands til algerrar vansæmdar að vera hið minnsta að viðra sig upp við þetta fólk.

## Hingað streyma prinsessur

En hingað virðast nú streyma einhverjar Habsborgaraprinsessur og barónessur og forsetinn að drífa sig til útlanda í brúðkaup hjá þessu slekti – en hvað hefur hann til dæmis til málanna að leggja um málefni aldraðra á Íslandi sem svo mjög eru á döfinni þessa dagana? Hvað hefur Ólafur Ragnar Grímsson lagt af mörkum til aðstoðar íslenskum öryrkjum? Hvar hefur hann tekið til máls nýlega um kynferðisafbrot gegn börnum?

Hann hefur ekkert haft um þetta að segja nýlega, svo ég viti til.

Nei, hann hefur verið í Mónakó

*En hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands gert í buxurnar með þessum tónleikum, þá er þó ekki nema vægur fnykur af því miðað við þá stækju sem þessi uppákoma hefur gert embætti forseta Íslands og Ólafi Ragnari Grímssyni persónulega.*

að vera þar viðstaddur brúðkaup einhvers furstaræfils – forseti Íslands, einn þjóðkjörinna þjóðhöfðingja. Ekki sá Frakklandsforseti neina ástæðu til að heiðra þetta spilavítisskattaparadísarviðrini með nærveru sinni. Ekki einu sinni forseti Möltu mætti í gillið, og er þó smáríki eins og bæði við og Mónakó og með okkur á Smáþjóðaleikunum!

Nei, þarna kom bara eitthvert aðalshyski – og svo forseti Íslands.

Og svo bítur Ólafur Ragnar hausinn af skömminni með því að taka þátt í hinum lokuðu einkatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og KB banka fyrir fína fólkið á Íslandi! Og býður þangað sérstaklega breskri barónessu. Nú er það að vísu svo að umrædd barónessa er víst ekki fædd til þeirrar „tignar“ ef tign skyldi kalla, og er því kannski ekki alveg jafn feyskin og venjulegar kynbornar barónessur, heldur var hún sæmd þessum titli eftir dygga þjónustu við Tony Blair – en af hverju í veröldinni eru íslenskir skattgreiðendur að heiðra einhvern sérstakan talsmann Tony Blair í lávarðadeildinni með því að bjóða henni hingað til lands? Til hvers?

Forseti Íslands skuldar íslensku þjóðinni skýringu á því af hverju hann notaði fé hennar til að bjóða þessari konu til landsins. Og hann skuldar þjóðinni afsökunarbeiðni fyrir að hafa misst – vonandi bara um stund – svo illilega tengslin við þjóð sína að hafa látið sér detta í hug að þetta væri hlutverk embættis forseta Íslands.

Og reyndar – hver einasti ráðherra sem þarna mætti, með Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í broddi fylkingar, skuldar líka skýringu á þeim dómgreindarbresti að hafa látið sjá sig þarna. Svei þessu öllu saman!

*Pistillinn var áður fluttur á NFS.*



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Skuldar þjóðinni skýringu og afsökunarbeiðni á þessari „dellu“ að mati greinarhöfundar.







# EINSTAKT TILBOÐ!

## Ást og Í 6 skrefa fjarlægð frá Paradís ásamt heimildarmynd á DVD




2CD + DVD

2.499 kr.

**TILNEFND TIL ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNANNA!**

- Hljómplata ársins
- Söngvari ársins
- Lag og texti ársins: Ástin mín

**Úrvalið er í Skífunni!**

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

BaseCamp

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.349 **+0,81%**

**Fjöldi viðskipta:** 270
**Velta:18.303** milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KB banki** | **+1,91%** | **Jarðboranir** | **-1,23%** |
| **Kögun** | **+1,68%** | **Actavis** | **-0,80%** |
| **Marel** | **+1,09%** | **SÍF** | **-0,24%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,90 -0,80% ... Bakkavör 52,00 +0,60% ... FL Group 17,60 +0,60% ... Flaga 4,99 +0,80% ... HB Grandi 9,50 +0,00% ... Íslandsbanki 17,30 +0,00% ... Jarðboranir 24,20 -1,20% ... KB banki 695,00 +1,90% ... Kögun 60,60 +1,70% ... Landsbankinn 24,50 +0,00% ... Marel 64,90 +1,10% ... SÍF 4,17 -0,20% ... Straumur-Burðarás 15,70 +0,60% ... Össur 117,50 +0,40%

Tölur miðast við 14. des. kl. 14:55

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Hvað gerir rafvirkinn?

Milljón dollara spurningin þessa dagana hljóðar víst svona: Hvað gerir rafvirkinn? Rafvirkinn er viðurnefnið á Þórði Má Jóhannessyni og dregið af því að hann er forstjóri Straums. Baugur og Karl Wernersson eru komnir í eina sæng í hluthafahópi Íslandsbanka og nú er spurningin hvað Straumur gerir við sinn hlut. Nafn Ólafs Ólafssonar, stærsta eiganda Kers, SÍF og Samskipa, heyrist oftast nefnt þessa dagana. Þá er gert ráð fyrir að Straumur fái í staðinn bréfin sem Ólafur ræður yfir í KB banka. Straumur myndi þó ekki með því ná undirtökum í þeim banka þar sem fyrir er Exista með yfir fimmtungshlut. Hins vegar gæti Straumur átt í framtíðinni auðvelt með að selja þann hlut ef vel tekst til að kynna KB banka fyrir erlendum fjárfestum.



### Samkeppnisaðili verðlaunar

Jón Ásgeir Jóhannesson var kjörinn viðskiptamaður ársins af Scanorama, sem er tímarit SAS flugfélagsins og má lesa um borð í vélum félagsins. Þar er greint frá því að félag Jóns Ásgeirs, Baugur, selji matvöru, fatnað og leikföng í Bretlandi og félagið hafi nýverið haldið innreið sína í Danmörku. Lauslega er sagt frá kærumáli á hendur honum og sagt að málinu hafi verið vísað frá. Ekki er minnst á málið að öðru leyti. Hvergi er heldur minnst á það að Baugur er orðinn stór eigandi að helsta samkeppnisaðila SAS á Norðurlöndunum, Sterling, í gegnum eignarhlut Baugs í FL Group.

## Til Promens

Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrverandi forstjóri FL Group, hefur verið ráðin forstjóri Promens. Tekur hún við því starfi af föður sínum, Geir A. Gunnlaugssyni, sem verður starfandi stjórnarformaður.



**RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR, FORSTJÓRI FL GROUP**

Ragnhildur hætti skyndilega hjá FL Group í október og við starfi hennar tók Hannes Smárason.

Promens er í eigu Atorku og framleiðir vörur úr plasti. Félagið veltir um tíu milljörðum króna.

# Styrkja stjórn sína með samstarfi

**Jón Ásgeir Jóhannesson og Karl Wernersson hafa lagt hlutafé sem þeir ráða yfir í Íslandsbanka inn í sérstakt félag.**

„Við höfum áhuga á að styrkja aðkomu okkar að Íslandsbanka og í þeim tilgangi fengum við Baug til liðs við okkur í það verkefni,“ segir Karl Wernersson, stór hluthafi og stjórnarmaður í Íslandsbanka.

Milestone, sem Karl og systkini hans eiga, leggur allt hlutafé sitt í Íslandsbanka inn í sérstakt félag sem heitir Þáttur ehf. Jafnframt leggja systkinin hluti sína í tryggingafélaginu Sjóvá, samtals 66 prósent, inn í sama félag. Baugur leggur sitt hlutafé í bankanum einnig inn í Þátt, eða rúm 1,5 prósent, ásamt því að leggja fram reiðufé.

Eftir þessi viðskipti ræður Þáttur ehf. yfir tæplega tuttugu prósentum atkvæða í Íslandsbanka. Milestone-fjölskyldan ræður yfir 80 prósentum í Þætti en Baugur 20 prósentum. Munu því Karl Wernersson, stjórnarformaður Þáttar, og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, vinna sameiginlega að hagsmunum félagsins. Aðspurður segir Karl þetta gert með þessum hætti því Milestone sinni öðrum verkefnum en að eiga hluti í Sjóvá og Íslandsbanka. Baugur hafi ekki ætlað að eiga samstarf við þau um þá hluti. Því varð til samstarf í kringum Þátt.

FL Group ræður yfir um 6,7 prósentum hlutafjár í Íslandsbanka. Þekkt er samstarf Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, og Jóns Ásgeirs. Einar Sveinsson, stjórnarformaður bankans, hefur haft sömu áherslur í rekstri Íslandsbanka og Karl Wernersson. Séu hlutir FL Group og félags Einars taldir með hlutum Þáttar ræður þessi hópur yfir um 30 prósentum atkvæða í Íslandsbanka.

Í hluthafaskrá er Straumur fjárfestingabanki skráður fyrir 27,5 prósent hlutafjár. Ekki náðist í Þór Má Jóhannesson, forstjóra Straums, í gær til að spyrja hann út í samstarf stóru hluthafanna.

# Eiga ekki bréfin en taka alla áhættuna

Bæði Baugur Group og Oddaflug hafa gert afleiðusamninga við Landsbankann vegna þeirra hluta sem voru seldir til bankans til að bregðast við áliti Yfirtökunefndar. Hvort félag seldi fimm prósent. Samkvæmt afleiðusamningunum bera Baugur Group og Oddaflug fjárhagslega áhættu og njóta fjárhagslegs ávinnings af gengi umræddra hlutabréfa í FL Group en hafa ekki atkvæðisrétt af umræddum bréfum. „Við tökum áhættu og ávinning af þessum hlut en atkvæðisréttinn förum við ekki með,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri hjá Baugi. Það eru því seljendur bréfanna sem njóta góðs af hækkun þeirra en taka á sig skellinn ef gengið lækkar.

Er þetta málamyndagerningur? „Nei, alls ekki. Þetta er fyrirkomulag sem tekur á þessu ástandi sem Yfirtökunefndin hafði talið að væri til staðar og breytir því ástandi sem lýst er í álitinu,“ segir hann ennfremur. **- eþa**

# Baugur var yfirtökuskyldur í FL Group

**Baugur og Oddaflug sneiða hjá yfirtöku með því að selja tíu prósent til Landsbankans. Málinu lokið af hálfu yfirtökunefndar með sölu bréfanna.**



**HÖFÐU MEÐ SÉR SAMSTARF** Yfirtökunefnd telur að samstarf Baugs og Oddaflugs hafi verið með þeim hætti að eignarhlutur félganna fór yfir yfirtökumarkið. Félögin hafa brugðist við álitinu með því að selja tíu prósent í FL Group.

Tveir stærstu eigendurnir í FL Group, Oddaflug og Baugur Group, hafa selt samanlagt um tíu prósent hlutafjár í félaginu eftir að Yfirtökunefnd komst að þeirri niðurstöðu að Baugi Group væri skylt að gera yfirtökutilboð til annarra hluthafa í FL Group. Litið var svo á að Oddaflug og Baug hefðu gert með sér hluthafasamkomulag um stjórnun FL Group sem leiddi til yfirtökuskyldu.

Yfirtökunefnd lítur svo á að með sölu bréfanna sé yfirtökuskylda ekki lengur fyrir hendi.

Í kjölfar breytinga sem urðu á eignarhaldi og stjórn félagsins eftir hlutafjárútboð, sem fram fór um miðjan nóvember, fór samanlagður eignarhlutur Oddaflugs, eignarhaldsfélags í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, og Baugs upp í 49,68 prósent. Yfirtökunefnd komst að þeirri niðurstöðu að samstarf þessara aðila, ásamt öðrum stórum hluthöfum, við hlutafjáraukninguna hefði verið náið þar sem þeir skiptu með sér 28 milljörðum króna af um 44 milljörðum sem í boði voru. Í stjórn FL Group á þessum tíma hafi verið tveir fulltrúar frá Baugi ásamt Hannesi, sem þá var stjórnarformaður félagsins. Því hafi átt að líta á hlut félaganna sem einn.

Þá taldi nefndin að eignarhlutur Oddaflugs og Baugs að loknu útboði hefði verið það mikill að félögin hefðu getað tilnefnt eða sett af meirihluta stjórnar.

Þar sem Baugur jók hlut sinn í fyrrgreindu útboði hvíli tilboðsskylda á honum, jafnvel þótt Oddaflug hafi átt stærri hlut í FL Group eða 25 prósent.

Baugur og Oddaflug hafa brugðist við þessari niðurstöðu Yfirtökunefndar með því að selja hvort um sig fimm prósenta eignarhlut í FL Group til Landsbankans þannig að samanlagður hlutur stærstu eigenda fer undir 40 prósent.

Þetta er í annað skiptið á árinu sem Yfirtökunefnd kannar hvort yfirtökuskylda hafi myndast í FL Group. Fyrr á árinu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Oddaflugi væri ekki skylt að gera yfirtökutilboð eftir að miklar eignabreytingar áttu sér stað í FL Group um mitt ár. **eggert@frettabladid.is**

**TÍU STÆRSTU HLUTHAFARNIR Í FL GROUP ***

| | |
|---|---|
| Oddaflug ehf | 19,8% |
| Baugur Group | 19,2% |
| Landsbankinn | 11,7% |
| Íslandsbanki | 9,3% |
| Arion safnreikningur | 8,2% |
| Materia Invest ehf | 7,0% |
| Kaupþing banki hf | 2,8% |
| Straumur - Burðarás | 2,5% |
| Gildi -lífeyrissjóður | 1,1% |
| Saxbygg ehf | 1,1% |

* Án framvirkra samninga




# Niðurstaðan kom Baugi á óvart

„Niðurstaðan kom okkur á óvart,“ segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður FL Group og fulltrúi Baugs í stjórninni, vegna álits Yfirtökunefndar að Baugi hafi verið skylt að leggja fram yfirtökutilboð í FL Group.

Hann segir að Baugur hafi fengið álitið í hendur í fyrradag og brugðist við því með að selja hluta af eignarhlut sínum í FL Group. Hann lítur svo á að málið sé algjörlega úr sögunni og hefur ekki ástæðu til að ætla að aðrar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði takið málið til sín. **- eþa**



**SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON** Lítur á að málið sé úr sögunni með sölu á hlut í FL Group til Landsbankans.

# Yfirtökutilboð í Whittard lagt fram

## Julian Graves, sem er í meirihlutaeigu Baugs, hyggst kaupa Whittard á 2,4 milljarða

Breska verslunarkeðjan Julian Graves lagði í gær fram yfirtökutilboð í Whittard of Chelsea, sem rekur te-, kaffi- og gjafavöruverslanir því tengdar.

Yfirtökutilboðið hljóðar upp á 21,5 milljónir punda eða sem nemur 2,4 milljörðum króna.

Julian Graves rekur 265 verslanir á Bretlandseyjum í miðbæjum borga og verslunarmiðstöðvum. Baugur á sextíu prósenta hlut í Julian Graves, en aðrir eigendur eru Nicholas Shutts, stofnandi Julian Graves, og félög í eigu Jóns Scheving Thorsteinssonar og Pálma Haraldssonar, sem er stjórnarformaður Julian Graves.

Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Baugs í Bretlandi segir kaupin bjóða upp á ýmis tækifæri. „Whittard er vel þekkt og rótgróið vörumerki og hér er einstakt tækifæri til að byggja það upp með þeim krafti sem býr í Julian Graves,“ segir Gunnar.

Hann segir að með kaupunum sé verið að fara svipaða leið og gert var með því að sameina Oasis og Karen Millen sem tilheyra nú Mosaic Fashion. „Við erum að byggja upp fyrirtæki sem hafa bolmagn til að vaxa.“ Hann segist vonast til þess að hluthafar muni taka tilboðinu vel.

Nick Shutts, stofnandi Julian Graves, segir tækifærið spennandi og koma þegar fyrirtækið sé að hefja nýtt vaxtarskeið. Stefnt sé að opnun eitthundrað verslana á næstu tveimur til þremur árum. Hann segir tilboðið sýna svart á hvítu kosti þess að hafa Baug Group sem bakhjarl og að hann og hans fólk hefði skort sérþekkingu og bolmagn til að fylgja slíkum kaupum eftir án þess að það ylli truflun á rekstri Julian Graves. Julian Graves selur ýmiss konar lúxusskyndibita, hnetur og þurrkaða ávexti.

Gengi bréfa Whittard hefur lækkað mikið undanfarið ár. Stjórn félagsins hefur mælt með því að yfirtökutilboðinu verði tekið og kaupendur hafa tryggt sér stuðning 64 prósenta hluthafa Whittard. Teather and Greenwood, sem er í eigu Landsbankans, stóð að tilboðinu fyrir hönd kaupenda. -hh



**STJÓRNARFORMAÐUR JULIAN GRAVES** Pálmi Haraldsson er stjórnarformaður Julian Graves, sem hefur gert yfirtökutilboð Whittard of Chelsea. Julian Graves hefur opnað 90 búðir frá því að íslenskir fjárfestar komu að félaginu.

# M&S vinnur mál gegn ríkinu

Verslanakeðjan Marks & Spencer vann mál gegn breska ríkinu fyrir Evrópudómstólnum. Búist er við kröfu upp á þrjátíu milljónir punda (3,3 milljarða íslenskra króna) í kjölfar dómsins.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtækinu hefði verið heimilt að jafna tapi sem var tilkomið vegna útibúa í ESB sem höfðu hætt starfsemi, á móti hagnaði af starfsemi fyrirtækisins í Bretlandi.

Þó að um fordæmismál sé að ræða telja sérfræðingar í skattalögum ólíklegt að breska ríkið þurfi að punga út háum fjárhæðum vegna svipaðra mála. ■



**QANTAS ENDURNÝJAR FLOTANN**

# Qantas semur við Boeing

Ástralska flugfélagið Qantas hefur náð samningum við Boeing-flugvélaverkmiðjurnar um kaup á eitt hundrað og fimmtán 787 Dreamliner-flugvélum. Samningurinn hljóðar upp á rúma 1.100 milljarða íslenskra króna.

Qantas hafði uppi áætlanir um beint flug án millilendinga til áfangastaða í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Hvorki Boeing né Airbus, sem einnig gerði gerði tilboð í nýjan flugvélaflota Qantas, gat boðið upp á hagkvæma lausn á vélum með svo miklu flugþoli. ■



**ALAN GREENSPAN** Seðlabankinn hækkar eins og við var búist.

# Vaxtahækkun í Bandaríkjunum

Seðlabanki Bandaríkjanna hækkaði stýrivexti úr 4 prósentum í 4,25 prósent. Þetta er í þrettánda skipti í röð sem bankinn hækkar vexti.

Í tilkynningu frá Seðlabankanum kemur fram að þrátt fyrir hækkanir á orkuverði og afleiðingar fellibylja sé verðlag stöðugt. Aðgerða geti þó verið þörf til að viðhalda hagvexti og verðlagi í jafnvægi. Í framhaldi af tilkynningunni hækkaði verð hlutabréfa og skuldabréfa á markaði. ■




# Vandaðar í úrvali

OPIÐ til kl. 22
öll kvöld til jóla
í Skeifu, Smáralind,
Kringlu.



**Lampaskermur** leður, margir litir og gerðir verð frá **3.990 kr**

**Blaðagrind** margir litir og gerðir verð frá **4.990 kr**

**Lampi** leður margir litir og gerðir verð frá **4.990 kr**

**Bakkar** margir litir og stærðir verð frá **2.999 kr**

**Rammar** margir litir og gerðir verð frá **1.299 kr**



**Púðaver** 2 stærðir, margir litir — verð frá 699 kr
**Borðrenningur** 45x145 cm, margir litir — 1.499 kr



**Kertastjakar** úr leðri
margar stærðir — verð frá 2.799 kr



Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **10.999 kr*** á mán. í 12 mánuði
Verð 131.988,-

**Hornsófi** 2+h+2 bycast



Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **8.999 kr*** á mán. í 20 mánuði
Verð 179.980,-

**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Diskar** úr leðri, 3 stærðir, margir litir — verð frá 1.999 kr
**Rammar** leður eða skinn, margir litir — verð frá 1.299 kr



Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **7.499 kr*** á mán. í 20 mánuði
Verð 149.980,-

**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



Vaxtalaus verðsprengja! aðeins **7.199 kr*** á mán. í 20 mánuði
Verð 143.980,-

**Leðursófasett** 3+1+1 Boston



**Púðaver** 3 stærðir — verð frá 1.199 kr
**Rúmteppi** 180x260. 260x260 — verð frá 14.999 kr

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir á meðan birgðir endast.

# jólagjafir

**Allt úrvalið fæst í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og á Akureyri. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.**



Box
margar gerðir
verð frá
4.990 kr

**Allar vörurnar eru úr ekta leðri eða skinni**

ekta leður



**Spegill** skinn eða leður
verð frá **19.990** kr



**Lampar** úr skinni, margar gerðir — verð frá **5.990** kr
**Skermar** úr skinni, margar gerðir — verð frá **5.990** kr



**Borð** með blaðakörfu úr leðri 3 litir — **19.990** kr
**Borð** með blaðakörfu úr skinni — **29.990** kr



**Gólfmottur** úr skinni
verð frá **19.990** kr



**Lampar** úr leðri, margar gerðir — verð frá **4.990** kr
**Skermar** úr leðri, margar gerðir — verð frá **3.990** kr



**Gestabók** úr skinni
**4.990** kr

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

FREEMAN DYSON (1923-)
FÆDDIST ÞENNAN DAG

*„Það er betra að vera rændur en að lifa í ótta.“*

*Freeman Dyson er breskur eðlisfræðingur.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 15. DESEMBER 1791

Það var á þessum degi árið 1791 sem mannréttindahluti stjórnarskrár Bandaríkjanna, þekktur undir heitinu „Bill of rights“, varð að lögum.

Þegar stjórnarskrá Bandaríkja Norður-Ameríku var samþykkt árið 1789 þóttu réttindi á borð við trúfrelsi, prentfrelsi og friðhelgi einkalífsins svo sjálfsögð að þau voru ekki sett inn í stjórnarskrána. Þeir sem voru andstæðir því að stjórnarskráin yrði samþykkt sögðu að mannréttindi væru ekki hluti af henni vegna þess að ráðamenn vildu afnema frelsi íbúanna. Fylgjendur stjórnarskrárinnar sem kölluðu sig sambandssinna sögðu að áður en þing landsins kæmi saman yrði búið að bæta mannréttindaákvæðum við stjórnarskránna.



Þegar þingið kom saman voru flestir þingmanna sammála um að það þyrfti að bæta mannréttindaákvæðum inn í stjórnarskrána. Þeir voru líka sammála um að ákvæðunum yrði ekki bætt við upprunalegan texta stjórnarskrárinnar heldur yrði þeim bætt við sem stjórnarskrárbreytingu. Þetta var gert til að koma í veg fyrir að öll ríkin þyrftu að samþykkja alla stjórnarskrána upp á nýtt, en það hefði verið mikil fyrirhöfn og tekið langan tíma.

James Madison, sem síðar varð forseti Bandaríkjanna, var fenginn til að skrifa uppkastið að ákvæðunum.

Um sumarið 1789 lagði hann uppkastið fyrir þingið og hans tillaga var að tólf mannréttindaákvæðum yrði bætt við stjórnarskrána.

Það var svo í september sama ár sem þingið samþykkti uppkastið. Tíu þeirra hlutu samþykki ríkjanna. New Jersey var fyrst ríkja til að samþykkja ákvæðin og önnur ríki fylgdu í kjölfarið.

Hinn 15. desember 1791 urðu svo mannréttindaákvæði bandarísku stjórnarskrárinnar að lögum.

## MERKISATBURÐIR

**1891** James Naismith kynnir körfubolta til sögunnar.

**1939** Kvikmyndin Gone with the Wind frumsýnd í Bandaríkjunum.

**1945** Bandaríski hershöfðinginn Douglas MacArthur fyrirskipar að ríkistrú Japana, shinto, skuli aflögð.

**1961** Dómstóll í Ísrael dæmir Adolf Eichmann, nasistaforingja úr síðari heimsstyrjöldinni, til dauða fyrir sinn þátt í helförinni gegn gyðingum.

**1995** Bosman-reglan, sem segir að íþróttamenn innan evrópska efnahagssvæðisins geti leikið með hvaða liði sem er innan þess, verður að veruleika.

## ANDLÁT

**Anna Pedersen Ingebretsen** lést í Stavern, Noregi, miðvikudaginn 7. desember.

**Guðríður Svala Káradóttir**, frá Presthúsum í Vestmannaeyjum, lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi í Kópavogi, þriðjudaginn 13. desember.

**Guðrún Ruth H. Barker**, lést á heimili sínu, mánudaginn 14. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ómar Hlíðkvist Jóhannsson**, Ásbúð 31, Garðabæ, lést sunnudaginn 11. desember.

**Þorsteinn Þorsteinsson**, Skólavegi 27, Vestmannaeyjum, lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 9. desember.

**Þórunn Viðarsdóttir**, Eyjabakka 8, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi, föstudaginn 9. desember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Helgi Loftsson**, Krummahólum 57, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Ingimar Sigurðsson** járnsmiður, Kópavogsbraut 1b, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.00 **Katrín Sveina Pétursdóttir**, frá Engidal, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Ómar S. Zóphóníasson**, Fögruhlíð 5, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

14.00 **Steinunn Hafstað**, hótelstýra, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Fanney Andrésdóttir**, frá Þórisstöðum, Gufudalssveit, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

15.00 **Helgi Jósefsson Vápni**, Mávahlíð 13, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju.

## AFMÆLI

**Indriði Pálsson**, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, er 78 ára.

**Sigfús A. Schopka** fiskifræðingur er 62 ára.

**Kristinn Svavarsson** tónlistarmaður er 58 ára.

**Herbert Guðmundsson**, tónlistarmaður og íssali, er 52 ára.

**Birgir Þór Bieltvedt**, kaupsýslumaður í Danmörku, er 38 ára.

**Ármann Þorvaldsson**, yfirmaður hjá KB banka í Bretlandi, er 38 ára.

**Jón Atli Jónsson** rithöfundur er 33 ára.



**Katla Margrét Þorgeirsdóttir** leikkona er 35 ára.



**Gísli Örn Garðarsson** leikari er 32 ára.



**HAFSTEINN Á ELDINGU** Myndin er tekin í Reykjavíkurhöfn árið 1993, tveimur árum eftir að Hafsteinn hafði lokið siglingunni umhverfis jörðina.

HAFSTEINN JÓHANNSSON SIGLINGAKAPPI: ER SJÖTUGUR

# Aldrei vesen á sjónum

Hafsteinn Jóhannsson bindur ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamenn hans. Flestum stundum ævi sinnar hefur hann varið í siglingar eða bátasmíðar og komst hann meðal annars í heimsfréttirnar þegar hann sigldi umhverfis jörðina á 241 degi á heimasmíðuðu skútunni sinni Eldingu. Ferðin hófst í ágúst 1990 og lauk í apríl 1991. Ekki hafa aðrir Norðurlandabúar leikið afrek Hafsteins eftir. Hann hefur nú búsetu í Noregi en er á Íslandi þessa dagana.

„Mér var gefinn bátur og er að standsetja hann,“ segir Hafsteinn, sem býr í bátnum á meðan á dvölinni hér stendur. Hann veit ekki hversu langt stoppið verður en fjölmörg verkefni bíða. „Þegar þessu er lokið fer ég til Spánar og sigli Sóma 900 báti til Noregs.

Það verður tveggja mánaða túr. Svo þarf ég að koma hingað og sigla þessum báti til Noregs og að því loknu tekur við árssigling á Eldingu.“ Í þá siglingu ræðst Hafsteinn ásamt ungum norskum vini sínum. „Hann ætlaði að kaupa bátinn af mér en hafði ekki efni á honum þannig að hann verður að hafa mig með. Strákurinn kaupir nýtt segl og ræður ferð.“

Það kemur ekki á óvart að Hafsteini líður best á sjónum. „Þá er maður laus við allt vesen því það er aldrei vesen á sjó,“ segir hann. Spurður um hvað hann hugsi annað en báta svarar hann: „Bara um hvert verður farið næst.“

Hafsteinn Jóhannsson er lítið fyrir afmælisstúss og ætlar að verja deginum við hefðbundna vinnu. „Ég held aldrei upp á afmæli, hef aldrei staðið í svoleiðis veseni. Ég hefði ekki munað eftir afmælinu ef þú hefðir ekki minnt mig á það,“ segir hann blaðamanni.

Á æskuárunum var sjaldgæft að hann fengi afmælisgjafir vegna nálægðar afmælis hans við jólin. „Það var bara beðið með það allt saman,“ segir Hafsteinn, sem ver jólunum í ár um borð í bátnum góða sem hann gerir nú upp af kappi. ■



**HAFSTEINN JÓHANNSSON SIGLINGAKAPPI** Hefur aldrei haldið upp á afmælið sitt og hefði ekki munað eftir sjötugsafmælinu, sem er í dag, ef blaðamaður hefði ekki minnt hann á það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Kolbeinsson**

Stóra - Ási, Borgarfirði,

sem lést þann 5. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Reykholtskirkju laugardaginn 17. desember kl. 11.00.

**Þórunn Andrésdóttir**
**Andrés Magnússon** **Martha Eiríksdóttir**
**Kolbeinn Magnússon** **Lára Kristín Gísladóttir**
**Jón Magnússon**
**Halla Magnúsdóttir** **Hreiðar Gunnarsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**María Erla Kjartansdóttir**

Vogatungu 85a, Kópavogi,

lést 7. desember sl.
Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 16. desember kl. 15.00.

**Kjartan Árnason** **Edda Ólafsdóttir**
**Helga Aðalbjörg Árnadóttir** **Finnur Frímann**
**ömmubörn, systkini og fjölskyldur þeirra.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingimar Sigurðsson**

Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 15. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi, sími 560 4100.

**Guðrún Kristinsdóttir** **Helgi Stefánsson**
**Alexander Ingimarsson** **Edda Ástvaldsdóttir**
**Guðmundur S. Ingimarsson**
**Birna Rún Ingimarsdóttir** **Friðþjófur Thorsteinsson Ruiz**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# Tilfinningarnar fara aldrei í frí

Jólakvöði er efni fundar EA-samtakanna í Kórkjallara Hallgrímskirkju klukkan 18 í dag. EA-samtökin heita í raun Emotions Anonymous og á fundum ræða félagsmenn um tilfinningar sínar. „Við tölum um allt sem hvílir á okkur og þetta snýst um að hjálpa hverju öðru til að segja sannleikann,“ segir Kristbjörg Árnadóttir, einn félagsmanna. Samtökin hafa nú verið starfrækt á Íslandi í um þrjú ár.

Að sögn Kristbjargar berst vaxandi hópur fólks við mikinn jólakvíða, fólk sem til dæmis hefur misst ástvini á liðnu ári, hefur skilið, glímir við fjárhagsörðugleika, sjúkdóma eða fjölskylduvanda af einhverjum toga. Um 25 manns hafa sótt jólakvíðafundina undanfarin tvö ár en það eru talsvert fleiri en sækja reglulega fundi EA-samtakanna sem haldnir eru á hverjum fimmtudegi í Kórkjallaranum. „Það eru aldrei rauðir dagar hjá okkur því tilfinningarnar fara aldrei í frí,“ segir Kristbjörg.

Allir eru hjartanlega velkomnir á fundinn í kvöld.



**HALLGRÍMSKIRKJA** Fundir EA samtakanna eru haldnir í Kórkjallara kirkjunnar.



JÓLAGJÖFIN!
5 LAGA GEISLADISKUR + AÐGANGUR AÐ 50.000 LÖGUM
GJAFABRÉF
1 MÁNUÐUR
TONLIST.IS
VERÐ KR. 1.499,-
GJAFABRÉF
3 MÁNUÐIR
YFIR 50.000 LÖG!
TONLIST.IS
VERÐ KR. 2.999,-
JÓLATÖLVAN Í ÁR!
MEDION V8
8077IS
MEDION V8 X2
• 19" "gamerskjár"
• Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
• nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
• 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
• 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
• DVD skrifari 16x Dual Layer
• DVD drif 16x
• Medion Media Bay
• Innbyggt 10/100 netkort
• Þráðlaust lyklaborð og geislamús
POWERED BY DDR MEMORY
6600GT skjákort
300GB harður diskur
1024MB vinnsluminni
19"
Panasonic
MiniDv videóvél NVGS17B
Brjálaður kaupauki!
NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum.
DV tengi og USB2
Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar
FYLGIR
35.999
5.118*
Þú velur greiðsluform sem hentar þér
5.118* Tölvukaupalán 48 mán.
14.999** Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt
Með öllum tölvum í BT fylgir 3 mánaðar gjafabréf á Tónlist.is
BT
GJAFABRÉF
FYLGIR
Á HVAÐ ERT ÞÚ AÐ HLUSTA?
TONLIST.IS




Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

## STUÐ MILLI STRÍÐA Hin slæma móðir

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** VÆRI FÍNN PABBI



Ég komst að því í gær að ég þyki ekki mjög góð móðir, þegar ég fór í barnafataverslun, en væri fínn pabbi. Þar mætti mér brosandi og glaðleg afgreiðslukona og spurðist ég fyrir um jólaföt á son minn. Bros hennar hvarf og skuggi færðist yfir andlitið og með dimmri röddu tilkynnti hún mér að ég væri nú frekar seint á ferðinni. Að því sögðu leiddi hún mig, augljóslega nokkuð pirruð, um verslunina og tíndi til þær örfáu spjarir sem eftir voru. „Þetta er nú það eina sem ég á eftir, því miður,“ sagði hún og muldraði í hálfum hljóðum að ég gæti nú kíkt á gínurnar. Eftir að hafa fundið buxur sem eru alltof stórar á drenginn minn og jakka sem er alltof lítill á hann, sló ég á létta strengi með athugasemdum um hversu fyndinn hann yrði í fötunum. Konunni var ekki hlátur í huga og dró svo fram einhverja peysulufsu og sagði mér að kannski gæti ég eitthvað notast við hana. Ég steig tómhent út úr versluninni, og á meðan ég gekk að bílnum mínum varð mér hugsað til þess að sennilega hefði ég fengið allt annað viðhorf ef ég væri pabbi barnanna minna. Þá hefði mér verið mætt með meðaumkun og öllum þótt ægilega leitt að ég hafi misst af bestu flíkunum. Sennilega hefði verið settur saman leitarflokkur með hundum sem hefði farið á skipulagðan máta í gegnum lagerinn til að finna eitthvað flott á son þessa frábæra pabba sem fer einn í bæinn fyrir jól að kaupa föt á börnin sína. Góðir pabbar eru náttúrulega ómótstæðilegir. En ég, hin slæma móðir, hef aðeins níu daga til stefnu. Á þeim tíma get ég annaðhvort sent pabbann í bæinn eða hreinlega farið í fötin hans, leikið góða pabba og fundið hin fullkomnu jólaföt á drenginn, eins og ekkert sé. ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | | 4 | 1 | |
| | 8 | 3 | | 1 | | | | 7 |
| | | | 7 | | | | | 2 |
| | | | | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | 2 | | 3 | | 6 | 8 |
| | 7 | | | | | | | |
| 7 | | | | | 5 | | | |
| 4 | | | | 2 | | 8 | 3 | |
| | 2 | 8 | | | | | | 9 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 9 | 8 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 4 | 5 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 7 |
| 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 1 | 3 | 6 | 8 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

# Er samband piparsveinsins dauðadæmt?

**Lokaþátturinn í hinum íslenska Bachelor verður sýndur á Skjá einum í kvöld. Spennan er að sjálfsögðu mikil enda hefur mikið verið rætt og ritað um þennan fyrsta íslenska piparsveinaþátt.**



*Smiðurinn Steingrímur Randver Eyjólfsson hefur úr þokkadísunum Jenný Ósk Jensdóttur og Gunnfríði Björndóttur að velja og má búast við mikilli dramatík í kvöld. Hvort Steingrímur beri upp bónorðið í þættinum eður ei verður fróðlegt að sjá. Hvað sem því líður er ljóst að líkurnar eru miklar á því að samband hans við hina útvöldu endist ekki lengi ef miðað er við sambönd forvera hans úr hinum bandaríska piparsveinaþætti. Ekkert samband þeirra fimm sem við höfum fengið að fylgjast með til þessa hefur enst, en vonandi verður Steini sá fyrsti til að afsanna þá reglu. Við vonum alltént það besta, hvað sem síðar verður.*

**STEINGRÍMUR RANDVER EYJÓLFSSON**
Hverja velur Steingrímur í kvöld?



Piparsveinaævintýrið hófst árið 2002 með Alex Michel sem kaus Amöndu Marsh í lokaþættinum en valið stóð á milli hennar og Tristu Rehn. Eftir þáttinn fékk Alex einhverja bakþanka og tók upp á því að hringja í Tristu í tíma og ótíma. Þegar Amanda komst að þessu sparkaði hún honum umsvifalaust.

**ALEX MICHEL**



Næsti piparsveinninn, Aaron Grant Buerge, trúlofaðist Helen Eksterowicz í lokaþættinum, en sambandið náði aldrei neinu flugi. Lét hann hafa eftir sér nokkru síðar að hann hefði ekki tíma fyrir ástarsamband. Þannig fór um sjóferð þá.

**AARON GRANT BUERGE**



Þriðji piparsveinninn, Andrew Firestone, valdi Jen Schefft úr hópi föngulegra stúlka en þrátt fyrir það entist samband þeirra ekki lengi. „Við tókum þessa ákvörðun eftir langa íhugun. Við skiljum í góðu og þrátt fyrir að okkur þyki vænt hvort um annað höfum við áttað okkur á því að framtíðaráform okkar eru ekki þau sömu," sagði í yfirlýsingu þeirra. Amen.

**ANDREW FIRESTONE**



Sá fjórði í röðinni, Bob Guiney, naut mikilla vinsælda áður en þátturinn byrjaði því hann hafði áður tekið þátt í The Bachelorette þar sem hann varð ekki fyrir valinu hjá Tristu Rehn. Bob gaf Estelle Gardiner lokarósina en því miður stóð sambandið stutt yfir, rétt eins og hin fyrrnefndu. Bob er nú kvæntur leikkonunni Rebecca Budig, sem stjórnaði meðal annars aukaþáttum af The Bachelor.

**BOB GUINEY**



Samband síðasta piparsveinsins, fótboltakappans Jesse Palmer, og hinnar útvöldu, Jessicu Bowlin, stóð stutt yfir. „Við Jessica áttum saman ótrúlega rómantískar stundir í þættinum sem hófust með vináttu sem er ennþá mjög mikil. Við áttuðum okkur einfaldlega á því að við erum á leið hvort í sína áttina," sagði Jesse.

**JESSE PALMER**

Einu samböndin sem hafa enst eru sambönd piparmeyjanna fyrrverandi Tristu Rehn og Meredith Phillips sem tóku þátt í The Bachelorette. Trista giftist Ryan Sutter og fór athöfnin að sjálfsögðu fram fyrir framan sjónvarpsvélarnar. Meredith er ennþá með Ian McKee, að því er við best vitum, þó svo að einhver orðrómur hefur verið uppi um versnandi samband þeirra.

Trista segist ekki skilja hvers vegna sambönd allra piparsveinanna hafa farið út um þúfur en sambönd piparmeyjanna heppnist. „Ég veit ekki hvort það séu einhverjir töfrar þar á ferð. Kannski er það bara heppni að ég og Meredith skulum hafa valið rétta manninn. Kannski er einhver að fylgjast með okkur að ofan," sagði hún. „Kannski er þetta sjónvarpinu eða fjölmiðlafárinu sem á sér stað eftir keppnina um að kenna eða því hvort pörin hafi virkilega verið tilbúin að byrja í sambandi."



**TRISTA**



# Afgreiðslutímar Vínbúða yfir hátíðarnar



## Höfuðborgarsvæðið

| | Austurstræti | Dalvegur, Kóp. | Eiðistorg | Garðabær | Hafnarfjörður | Heiðrún |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. 19. des | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 09:00 - 18:00 |
| Þri. 20. des | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 09:00 - 18:00 |
| Mið. 21. des | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 13:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 09:00 - 19:00 |
| Fim. 22. des | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 19:00 | 13:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 09:00 - 19:00 |
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 12:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 09:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 13:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 09:00 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 12:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 09:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 |

| | Holtagarðar | Kringlan | Mjódd | Mosfellsbær | Smáralind | Spöngin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. 19. des | 11:00 - 18:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:30 |
| Þri. 20. des | 11:00 - 18:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:30 |
| Mið. 21. des | 11:00 - 19:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 18:30 |
| Fim. 22. des | 11:00 - 19:00 | 10:00 - 20:00 | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 18:30 |
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 10:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 12:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 09:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 11:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 12:00 - 20:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 10:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 10:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 |

## Landsbyggðin

| | Akranes | Akureyri | Keflavík | Selfoss |
|---|---|---|---|---|
| Mán. 19. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 |
| Þri. 20. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 |
| Mið. 21. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fim. 22. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 12:00 |



| | Borgarnes | Blönduós | Búðardalur | Dalvík | Djúpivogur | Egilsstaðir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 16:00 - 21:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 13:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 12:30 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 12:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

| | Fáskrúðsfj. | Grindavík | Grundarfj. | Hólmavík | Húsavík | Hvammstangi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 16:00 - 20:00 | 14:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 11:00 - 20:00 | 16:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | Lokað | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 11:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 16:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 13:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 16:00 - 19:00 | 14:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

| | Hveragerði | Hvolsvöllur | Höfn | Kirkjubæjarkl. | Neskaupsst. | Ólafsvík |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 14:00 - 22:00 | 14:00 - 20:00 | 14:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 12:00 - 18:00 | 12:00 - 18:00 | 12:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 12:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 12:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |

| | Ísafjörður | Patreksfjörður | Reyðarfjörður | Sauðárkrókur | Seyðisfjörður | Siglufjörður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 10:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 12:30 - 19:00 | 13:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 | 12:30 - 19:00 | 16:00 - 18:00 | 13:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 10:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

| | Stykkishólmur | Vestmannaeyj. | Vík í Mýrdal | Vopnafjörður | Þorlákshöfn | Þórshöfn |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 14:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | Lokað | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 14:00 - 18:00 | 12:30 - 19:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

VÍNBÚÐ
*lifum, lærum & njótum*

**Kl. 21.00**
*SjálfsElskuKvöld Kameljónsins, útgáfufagnaður Birgittu Jónsdóttur, verður í Alþjóðahúsinu. Birgitta les úr nýútkominni skáldsögu sinni,* ***Hjörleifur Valsson*** *og* ***Jón Sigurðsson*** *sjá um tónlistarflutning.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Salka heldur karlakvöld

Bókaútgáfan Salka er með nokkra karlkyns rithöfunda á sínum snærum og efnir í kvöld til karlakvölds á Súfistanum, þar sem þeir Guðlaugur Arason, Bruce McMillan, Kristian Guttesen og Þórhallur Heimisson kynna nýjar bækur sínar, sem Salka hefur gefið út.

Guðlaugur Arason rithöfundur segir frá bók sinni Gamla góða Kaupmannahöfn. Hann er manna fróðastur um gömlu höfuðborgina okkar og kann stórskemmtilegar sögur frá hverju götuhorni.



Bandaríkjamaðurinn Bruce McMillan er mikill Íslandsvinur og mun kynna barnabók sína Til fiskiveiða fóru en þar er sjómennska á Íslandi litin augum ungs drengs. Hann hefur samið og myndskreytt fjölda barnabóka, en þetta er sjötta bók hans um Ísland.

Kristian Guttesen gefur út sína sjöttu ljóðabók fyrir þessi jól. Hún ber nafnið Litbrigðamygla og er sannkölluð ljóðahrollvekja.

Loks kynnir séra Þórhallur Heimisson bók sína Hin mörgu andlit trúarbragðanna og útskýrir fyrir okkur landslag trúarbragðanna fyrr og nú, bæði hér og erlendis.

Karlakvöldið hefst klukkan 20 á Súfistanum við Laugaveginn, á efri hæð bókabúðar Máls og menningar. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## > Ekki missa af ...

... jólasöngvum **Skólakórs Kársness**, sem haldnir verða í Kópavogskirkju í kvöld. Stjórnandi er **Þórunn Björnsdóttir** en **Marteinn H. Friðriksson** annast undirleik.

... upplestri glæpasagnahöfunda í hádeginu á hverjum degi fram að jólum í Þjóðmenningarhúsinu. Í dag mætir **Ævar Örn Jósepsson** og les úr bók sinni, Blóðberg.



... hinum árlegu **Jólasöngvum Kórs Langholtskirkju**, sem haldnir verða í tuttugasta og sjöunda sinn núna um helgina. Einsöngvarar verða **Eivör Pálsdóttir, Garðar Thor Cortes** og **Ólöf Kolbrún Harðardóttir**.

# Ljóðagangur í draugahúsi

Litbrigðamygla er sjötta bók Kristians Guttesen. Hann kýs að lýsa henni sem ljóðahrollvekju og gerir ráð fyrir að hún sé sú fyrsta sinnar tegundar á íslensku.

„Aðdáendur Edgars Allans Poe kannast ef til vill við hugtakið en ég held að þetta sé fyrsta íslenska ljóðahrollvekjan," segir Kristian. „Það má líka kalla þetta drauma- eða draugabók, þar sem lifandi og framliðnir tala saman. En þetta er afskaplega persónuleg bók og til þess að geta verið fullkomlega einlægur ákvað ég að losa mig undan merkingu persónufornafnanna, þannig að ég, þú og hún, til dæmis, urðu afstæð hugtök og geta því átt við hvern eða hvað sem er."

Ljóðmælandinn í Litbrigðamyglu dvelur á draugasetri þar sem draumar og veruleiki verða eitt. Þar sem dauðir ríkja og enginn tími líður og Kristian segist vera að fást við þekkt stef í bókinni. „Þetta er hugmyndin um að um leið og þú kveður einhvern úr þessu jarðlífi, heilsarðu einhverjum öðrum. Með þessu á ég við að dauðinn er eins konar „böddí" sem maður fær sér stundum í glas með og lífið er einhver sem þú kynnist, kannski fyrir tilviljun, og hjálpar þér vonandi að komast heim."

Kristian segist vera trúr ljóðforminu og hafa því ekki uppi nein áform um að snúa sér að skáldsögunni eins og ljóðskáld hafa tilhneigingu til að gera. „Nei, ég segi nú bara eins og Jim Morrison: „Það er ekkert form eins fullkomið og ljóðaformið. Hver getur munað heila skáldsögu? En þú manst ljóð.""

Litbrigðamygla fór beint í 4. sæti sölulista ljóðabóka þegar hún kom út og mjakaði sér svo upp í það þriðja viku síðar þannig að skáldið getur ekki verið annað en ánægt og leyfir sér að brosa breitt. Nokkuð sem Jim Morrison gerði helst aldrei.



**KRISTIAN GUTTESEN** Leiðir saman lifandi og dauða í nýju ljóðabókinni sinni Litbrigðamyglu.

**hið fúla fræ**

*trúir þú á betri kodda spurði hann*
*já svaraði hún*
*og betri sæng og betra rúm*
*
*samasem tími afl og eða pláss (kannski pása*
*viltu að ég útskýri þetta nánar fyrir þér)*
meira pláss þýðir meiri ást
*
nóttin er græn gróin og ógeðfelld
ég er ógeðslega graður
þú ert ógeðslega flott


# Jólatónleikar

TÓNSPROTINN Í HÁSKÓLABÍÓI

LAUGARDAGINN **17. DESEMBER** KL. 14.00 – ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGINN **17. DESEMBER** KL. 17.00* – ÖRFÁ SÆTI LAUS



Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Kynnir ::: Halldór Gylfason
Einleikari á klarinett ::: Arngunnur Árnadóttir
Einleikari á trommur ::: Ingólfur Gylfason
Kór ::: Barnakórar frá Flúðum og Selfossi
Kórstjórar ::: Edit Molnar og Glúmur Gylfason
Dansarar ::: Nemendur úr Listdansskóla Íslands
Danshöfundur ::: Anna Sigríður Guðnadóttir

VISA ER BAKHJARL TÓNSPROTANS



Klassískt jólakonfekt úr ýmsum áttum

*Tónleikar utan áskrifta

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**

Fíton/SÍA FI015028


# Kúreki norðursins krufinn

**Fyrsta bókin um íslenskan kvikmyndagerðarmann sem gefin er út fjallar að sjálfsögðu um Friðrik Þór Friðriksson. Bókin heitir Kúreki norðursins og þar eru myndir Friðriks skoðaðar í þaula.**

„Friðrik er auðvitað höfundur sem er hægt að nálgast á mjög ólíkum forsendum," segir Guðni Elísson, ritstjóri bókarinnar. „Hann er bæði áhugaverður út frá fagurfræðilegri greiningu á kvikmyndum og svo er hann líka áhugaverður hugmyndafræðilega. Hann er búinn að vera lengi að vinna að sinni listgrein og það má merkja mjög áhugaverða þróun í hans kvikmyndun, en að sama skapi eru ákveðnir þættir í þeim sem eru gegnumgangandi alveg frá upphafi."

Bókin Kúreki norðursins er hluti af nýrri ritröð í kvikmyndafræðum sem ber nafnið Sjöunda listgreinin. Auk Guðna skrifa þeir Hákon Gunnarsson, Benedikt Hjartarson, Björn Þór Vilhjálmsson, Björn Ægir Norðfjörð og Eggert Þór Bernharðsson greinar í Kúreka norðursins.

Tvö önnur greinasöfn í þessari ritröð eru á leiðinni á næstu vikum, bæði með þýðingum á erlendum úrvalsritgerðum um kvikmyndir.

Í bókinni er kvikmyndagerð Friðriks krufin til mergjar og reynt að gefa sem fjölbreytilegasta mynd af þessum frægasta kvikmyndaleikstjóra Íslendinga. Meðal annars er birt ítarlegt viðtal við Friðrik og rýnt í leiknar kvikmyndir hans út frá ýmsum ólíkum fræðilegum sjónarhornum. Einnig eru tilraunamyndir frá upphafi ferils hans skoðaðar sérstaklega og einnig fjallað um heimildarmyndirnar Eldsmiðurinn og Rokk í Reykjavík.



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON** Í bókinni Kúreki norðursins upplýsir Friðrik Þór að hann hyggist gera kvikmyndir eftir Íslendingasögum á borð við Grettlu, Njálu og Laxdælu, strax og hann hefur lokið við að kvikmynda Óvinafögnuð Einars Kárasonar.

Guðni segir að líta megi á kröfuna um persónulega tjáningu sem rauðan þráð í kvikmyndagerð Friðriks.

„Þessi krafa brýst mjög gjarnan fram í glímu einstaklingsins við stofnanabákn samfélagsins. Við sjáum aftur og aftur hvernig einstaklingarnir reyna að leita tilgangs í persónulegum athöfnum og tengt því þá beinist sjónarhornið mjög oft að utangarðsfólki og glímu þess við samfélagið."

Þótt síðustu tvær myndir Friðriks, Fálkar og Niceland, hafi ekki hlotið jafngóðar viðtökur og sumar fyrri myndir hans vill Guðni engan veginn meina að Friðriki sé að fatast flugið.

„Ég er persónulega á því að það hafi verið tekið allt of hart á þessum tveimur myndum. Í Niceland eru til dæmis afskaplega flottir hlutir sem gagnrýnendur virðast hafa horft fram hjá, kannski af því þeir voru að leita eftir einhverju öðru."

Guðni bendir á að Friðrik hafi fyrir skemmstu gert samning um að gera mynd fyrir meira en milljarð eftir Óvinafagnaði Einars Kárasonar. Í viðtalinu, sem birt er í bókinni, upplýsir Friðrik ennfremur að næst ætli hann að snúa sér að því að kvikmynda Íslendingasögur, og nefnir þar Grettlu, Njálu og Laxdælu.

# Íslensku lögin í tangósveiflu

„Þetta eru lög sem flestir þekkja, en í alveg nýjum búningi," segir Hrafnhildur Atladóttir, fiðluleikari í hljómsveitinni L'amour fou. Hljómsveitin var að senda frá sér sína fyrstu plötu með tangóskotnum útsetningum á íslenskum dægurlögum. Í kvöld verða útgáfutónleikar haldnir í Þjóðleikhúskjallaranum.

Auk Hrafnhildar eru í hljómsveitinni þau Hrafnkell Orri Egilsson sellóleikari, Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari, Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari og Gunnlaugur Torfi Stefánsson á kontrabassa. Hljómsveitin var stofnuð árið 1999 en upphaflega kynntust þau öll í Tónlistarskólanum í Reykjavík.

„Það var fyrir mörgum árum," segir Hrafnhildur. „Núna búum við hvert í sínu landinu en komum yfirleitt saman árlega og höldum tónleika, oft um jólaleytið eða nýárið."

Sjálf býr Hrafnhildur úti í New York þar sem hún vinnur fyrir sér sem fiðluleikari, meðal annars sem íhlaupamanneskja í hljómsveit Metropolitan-óperunnar.

„Strákarnir, Hrafnkell og Gunnlaugur, eru á báðir á Íslandi, en Guðrún Hrund býr í Hollandi og Tinna í Danmörku."



**L'AMOUR FOU** Þessi íslenska tangóhljómsveit heldur útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

Í kvöld verða þau þó öll saman komin í Þjóðleikhúskjallaranum og flytja lögin sem finna má á disknum, sem flest eru á meðal eftirminnilegustur og vinsælustu dægurlaga 6. og 7. áratugarins. Þar má nefna lög á borð við Vegir liggja til allra átta, Dagný, Frostrósir, Tondeleyo, Þú og ég og Litli tónlistarmaðurinn.

„Við höfum leikið mörg þessara laga áður, en það er hann Hrafnkell sem hefur útsett þau öll fyrir okkur. Hann er aðalmaðurinn í þessu."

# LÁTTU GARMIN RATA Í JÓLAPAKKANN




## Garmin nüvi

Garmin nüvi er ferðafélagi sem vit er í. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukkur, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti.



## Garmin GPS 18

Breyttu fartölvunni þinni í leiðsögutæki.







## Garmin StreetPilot 2720

Það allra öflugasta í bílinn.

## Garmin iQue M5

Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.

## Garmin StreetPilot i3

Smátt en knátt á við um þetta tæki.







## Garmin Quest

Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða á mótorhjólið.

## Garmin GPS 10

Þráðlaust GPS tæki fyrir PC og handtölvur með Bluetooth.

## Garmin StreetPilot c310

Vinsælasta StreetPilot tækið, leigubílatækið í ár.

www.garmin.is

GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum allar stærðir og gerðir af tækjum, fyrir jólapakkana, sem henta fyrir hvers konar veiði, útivist og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.

R.SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri**: Haftækni · **Blönduós**: Krákur · **Egilsstaðir**: Bílanaust · **Grundarfjörður**: Mareind · **Ísafjörður**: Bensínstöðin **Reyðarfjörður**: Veiðiflugan · **Selfoss**: Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar**: Geisli · **Reykjavík**: Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota Aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 520 0000 | www.rs.is

Björgvin Halldórsson Árögöld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970-2005
3CD
Stórkostleg safnplata í næstu verslun

ÖSKUBUSKA
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Rétta leiðin · Woyzeck

Stóra svið
SALKA VALKA
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
WOYZECK
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 21
KALLI Á ÞAKINU
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14
Su 15/1 kl. 14
CARMEN
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ
GILDA ENDALAUST

Nýja svið/Litla svið
ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV
Nemendaleikhúsið, aðeins í desember
Fö 16/12 kl. 20 Lau 17/12 kl. 20
Su 18/12 kl. 20 Þr 27/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20
MANNTAFL
Mi 28/12 kl. 20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar!
SÖNGLIST
Létt og skemmtilegt jólaleikrit með söngvum og dönsum. e. Erlu Rut Harðardóttur í leikstjórn Gunnars Helgasonar.
Miðaverð 700- kr.
Lau 17/12 kl. 14 og kl. 16
Su 18/12 kl. 14 og kl. 16

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.
EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00 nokkur sæti laus.
TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumsýning mán. 26/12 uppselt, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumsýn. fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Í dag fim. 15/12 uppselt, lau. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 uppselt, sun. 18/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fim. 22/12 kl. 13:00 uppselt, mið. 28/12 kl. 13:00 uppselt, aukasýning kl. 15:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 uppselt.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld fim. 15/12 kl. 21:00 Útgáfutónleikar L'Amour fou - Íslensku lögin.
Fös. 16/12 uppselt og lau. 17/12 örfá sæti laus - Jólahlaðborð Leikhúskjallarans.
Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum.
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Leitin að Drakúla

Vampíran, með sjálfan Drakúla greifa í broddi fylkingar, er eitt lífseigasta og skemmtilegasta fyrirbæri afþreyingarmenningarinnar samanlagðrar. Blóðsugan hafði lifað í munnmælasögum hjátrúarfulls almúga um allan heim öldum saman þegar rómantísku skáldin fluttu hana inn í bókmenntirnar en þaðan áttu vampírurnar síðar greiða leið í kvikmyndirnar.

### Óféti og aðalsmaður

Drakúla greifi mætti tannhvass og blóðþyrstur til leiks í skáldsögu Brams Stoker, Dracula, árið 1897 en frumdrögin að þessum skæða aðalsmanni komu fram nokkru fyrr. Sumarið 1816 voru samankomin við Genfarvatn rómantísku skáldin og villingarnir Shelley og Byron lávarður ásamt ungri eiginkonu þess fyrrnefnda, Mary, og John Polidori sem var í slagtogi með Byron. Það mun hafa verið að undirlagi Byrons sem fjórmenningarnir ákváðu að semja draugasögur eitthvert drungalegt rigningarkvöld og afraksturinn varð tvö frægustu skrímsli menningarsögunnar. Mary Shelley byrjaði þarna á sögu sinni um Frankenstein og óskapnað hans og Polidori lagði drögin að blóðsugusögu og virtist byggja óvættina



**DRAKÚLA GREIFI** Christopher Lee túlkaði Drakúla með miklum tilþrifum á sínum tíma. Blóðsugugreifinn fer hamförum í Sagnfræðingnum eftir Elizabeth Kostova og hrellir fræðimenn á 20. öldinni.

á sjálfum Byron. Hingað til höfðu vampírur verið drullug og ókræsileg kvikindi sem nærðust á blóði fólks en nú var komið fordæmi að illgjörnum aðalsmanni sem biti fólk í hálsinn og drykki úr því allt blóð. Þessi skaðvaldur tók svo á sig fullkomna mynd hjá Stoker löngu síðar.

### Saga ólánssömu arftakanna

Elizabeth Kostova blandar saman sögulegum fróðleik og skáldskap saman við hugmyndir úr bók Stokers í sinni fyrstu skáldsögu, Sagnfræðingnum, sem fjallarum leit nokkurra sagnfræðinga að Drakúla á 20. öldinni. Sagnfræðingurinn hefst árið 1972 þegar ung kona, sem stefnir á sagnfræðinám, finnur dularfulla bók í hillum föður síns. Í bókinni liggja bréf sem hefjast á orðunum: „Kæri ólánssami arftaki minn". Bréfritara er greinilega ekki um sel og virðist fullviss um að yfirnáttúruleg og ill öfl séu á hælum sínum og muni einnig elta þá sem feti slóð hans. Stúlkan gengur á föður sinn, sem er virtur sagnfræðingur og diplómat, og togar hægt og bítandi upp úr honum sögu sína og lærimeistara síns, prófessors Rossi, en báðir höfðu þeir freistað þess að elta sjálfan Drakúla uppi með skelfilegum afleiðingum.

Rossi hóf leitina upp úr 1930 en færði lærisveini sínum blóðugt keflið upp úr 1950. Skömmu síðar hverfur Rossi á dularfullan hátt og faðir sögukonunnar dregst inn í furðulega og skelfilega atburðarás þegar hann einsetur sér að finna kennara sinn og rekur slóð hans til Tyrklands, Ungverjalands og Búlgaríu. Faðir stúlkunnar týnist svo aftur á móti eftir að hann byrjar að fræða dóttur sína um eltingarleikinn við Drakúla árið 1972 og þá hefur hún sína leit, bæði að föður sínum og Drakúla.

### Stjaksetjarinn ógurlegi

Sagnfræðingurinn er 800 blaðsíðna doðrantur og hreint sælgæti fyrir vampírista og aðdáendur Drakúla en sagnfræðingarnir þeytast út um allan heim og víða að sér fróðleik um Drakúla og þá fyrst og fremst hinn raunverulega Drakúla, Vlad Tepes, sem var hinn versti harðstjóri og níddist á andstæðingum sínum sem og þegnum sínum, ekki síst sér til ánægju og yndisauka.

Vlad var mikill vígamaður og helgaði líf sitt varnarbaráttu gegn Tyrkjum sem herjuðu á lönd hans og þegar vel bar í veiði safnaði hann saman stríðsföngum sínum og lét stjaksetja þá í hektaratali en hans er einmitt fyrst og fremst minnst í mannkynssögunni fyrir miskunnarlausar stjaksetningarnar. Þessi grimmi aðalsmaður og saga hans er bakgrunnur Drakúla eins og við þekkjum hann úr bókum og bíómyndum og framan af snýst Sagnfræðingurinn fyrst og fremst um þennan raunverulega illvirkja. Kostova heldur sig því lengst af á sviði hins raunverulega og mögulega en samt grúfir alltaf einhver ókennileg ógn yfir sögunni og fantasían tekur svo völdin þegar líður á söguna og hinn eini sanni Drakúla birtist í öllu sínu veldi.

### Bergmál af Stoker

Sagnfræðingurinn kallast á við Dracula eftir Stoker og Kostova byggir bók sína upp á svipaðan hátt og Stoker gerði fyrir rúmum 100 árum. Stoker rakti sögu Drakúla í sendibréfum, dagbókarfærslum og hljóðritum persóna sinna og unga konan sem er sögumaður Sagnfræðingsins raðar bréfum föður síns, kennara hans og ýmsum textabrotum saman í þessa skemmtilegu heild sem greinir frá leitinni að greifanum vonda á þremur tímabilum á síðustu öld.

Þar fyrir utan minnir margt í fari persónanna á persónur Stokers og hér kemur meira að segja sjóaður vampírubani við sögu sem er jafn fimur með stikuna og Van Helsing forðum. Það má segja að sjálfur Drakúla hafi verið aukapersóna í bók Stokers. Hann kemur sjaldan fram í eigin persónu en gnæfir samt yfir allri frásögninni og sömu sögu er að segja hér. Sagnfræðingurinn fjallar um leitina að Drakúla þannig að hann er fjarverandi lengst af en slagkraftur hans er slíkur að ógnin sem stafar af honum er alltaf til staðar.

Sagan er spennandi, krydduð krassandi lýsingum á illvirkjum Vlads, og til þess að tryggja að lesandinn missi ekki athyglina í öllum sagnfræðiþvælingnum er reglulega bitið í hálsa og blóð drukkið. Sagnfræðingurinn er læsileg og spennandi bók sem býður upp á þrælskemmtilegt ferðalag í gegnum ákveðið tímabil í sögu Evrópu með aðaláherslu á sögur af illvirkjum Drakúla í Transylvaníu. Bókin er þó fyrst og fremst spennusaga og þó Drakúla sé höfuðpáfi hryllingsbókmenntanna er vart hægt að flokka Sagnfræðinginn sem hrylling. Þetta er spennusaga sem sver sig á vissan hátt í ætt við Da Vinci lykilinn og getur því skemmt öllum þó blóðþyrstir vampíristar fái vissulega mest fyrir sinn snúð.

**Þórarinn Þórarinsson**




**SAGNFRÆÐINGURINN**
HÖF: ELIZABETH KOSTOVA

**ÚTG:** Jentas
**Niðurstaða:** Sagan er spennandi, krydduð krassandi lýsingum á illvirkjum Vlads og til þess að tryggja að lesandinn missi ekki athyglina í öllum sagnfræðiþvælingnum er reglulega bitið í hálsa og blóð drukkið.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
24. sýn. 28. des.
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Leikhópurinn Á senunni kynnir:
ÆVINTÝRIÐ UM AUGASTEIN
Sýnt í Tjarnarbíói Tjarnargötu 12.
Miðasala er hafin í síma 861 9535 og á senan@senan.is
mið. 14. des. kl. 10.00
fim. 15. des. kl. 10.00
lau. 17. des. kl. 17.00
sun. 18. des. kl. 14.00
sun. 18. des. kl. 16.00
ATH - AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!
www.senan.is

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA
fim. 15.12 laus sæti
fös. 16.12 laus sæti
lau. 17.12 laus sæti
þri. 27.12 örfá sæti laus
mið. 28.12 laus sæti
fim. 29.12 uppselt
GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**DESEMBER**

12 13 14 **15** 16 17 18

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Músíkvatur** og **Örvar Þóreyjarson Smárason** heyja einyrkjaeinvígi í Nýlistasafninu í jólaseríu Tilrauneldhússins. Síðan taka þær við, **Hildur Guðnadóttir** og **Ingibjörg Birgisdóttir**.

☐ 20.00 **Stórsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar** heldur létta sveiflutónleika í Hafnarborg ásamt **Kristjönu Stefánsdóttur** söngkonu.

☐ 20.30 Árlegir **jólasöngvar Skólakórs Kársness** verða í Kópavogskirkju. Kórinn fagnar í ár 30 ára starfsafmæli og hefur jafnan sungið jólasöngva fyrir velunnara kórsins á aðventunni. Stjórnandi kórsins er **Þórunn Björnsdóttir** og **Marteinn H. Friðriksson** annast undirleik.

☐ 21.00 Í tilefni af útgáfu geisladisksins Íslensku lögin heldur hljómsveitin **L'amour fou** tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Terry Gunnell** sér um kynningu fyrir enskumælandi fólk og ferðamenn á íslensku jólasveinunum og öðrum jólasiðum í Þjóðminjasafni Íslands.

### BÆKUR

☐ 12.15 **Ævar Örn Jósepsson** les úr spennusögu sinni, Blóðberg, í bókasal Þjóðmenningarhússins í hádeginu. Súpa í boði á veitingastofunni.

☐ 20.00 Fjórir höfundar frá Bókaútgáfunni Sölku, þeir **Guðlaugur Arason, Bruce McMillan, Kristian Guttesen** og **Þórhallur Heimisson**, kynna bækur sínar á Súfistanum, Laugavegi 18.

☐ 21.00 **SjálfsElskuKvöld Kameljónsins**, útgáfufagnaður **Birgittu Jónsdóttur** verður í Alþjóðahúsinu. Birgitta les úr nýútkominni skáldsögu sinni, **Hjörleifur Valsson** og **Jón Sigurðsson** sjá um tónlistarflutning.

**hvar@frettabladid.is**

## Happdrætti Bókatíðinda 2005

Árlegt happdrætti Bókatíðinda er í fullum gangi en eitt númer verður dregið út daglega fram að jólum. Happdrættisnúmerið er að finna innan á kápubaki Bókatíðinda. Vinninga er hægt að vitja í næstu bókabúð gegn framvísun númersins. Hver vinningshafi fær bækur að eigin vali að upphæð 10.000 kr.

| | |
|---|---|
| 1. des. | 80830 |
| 2. des. | 102216 |
| 3. des. | 37782 |
| 4. des. | 89546 |
| 5. des. | 99701 |
| 6. des. | 24160 |
| 7. des. | 78604 |
| 8. des. | 55009 |
| 9. des. | 52268 |
| 10. des. | 96479 |
| 11. des. | 56130 |
| 12. des. | 58994 |
| 13. des. | 94269 |
| 14. des. | 14075 |
| 15. des. | 96301 |


## AÐSTANDENDUR ALDRAÐRA

**Í dag, 15. desember kl. 20.00 verður haldinn að Álfafelli við Strandgötu í Hafnarfirði (íþróttahúsið), undirbúningsfundur að stofnun félags aðstandenda aldraðra.**

Eftirtaldir flytja ávörp:

**Margrét Margeirsdóttir,** formaður Félags eldri borgara í Reykjavík
**Guðmundur Gunnarsson,** formaður Rafiðnaðarsambandsins
**Sigþrúður Ingimundardóttir,** hjúkrunarforstjóri Sólvangs í Hafnarfirði
**Guðjón Baldursson,** læknir á slysa- og bráðadeild Landsspítala, Fossvogi
**Margrét Guðmundsdóttir,** innanhússarkitekt og myndlistarmaður
**Reynir Ingibjartsson,** kortaútgefandi, Hafnarfirði.

Fundarstjóri verður: **Jóhann G. Bergþórsson,** verkfræðingur

Við hvetjum alla sem eiga aldraða foreldra
eða nákomna ættingja til að mæta.

OFT VAR ÞÖRF EN NÚ ER NAUÐSYN

Undirbúningshópurinn.






JÓLABALL Samtakanna 78
Laugardaginn 17. desember
Á KAFFI REYKJAVÍK





DJ PÁLL ÓSKAR
Lesbíur
& hommar
fjölmennum!
Miðaverð 1000 kr.
fyrir félaga
Samtakanna 78 og FSS
1.200 kr fyrir aðra
Ballið hefst kl. 23.30
& stendur fram á rauða nótt
EINN LÉTTUR ÍSKALDUR
FAXE
www.samtokin78.is







**Shox Andalucia**
Hæsti gæðaflokkur
í fjölþjálfun.

Leiðb. verð kr. 16.990.-

Shox í hæl, frábær dempun og stöðugleiki

Max loftpúði að framan

WOMEN'S

Útilíf - Sportver - Ozone





**Air Devotion Mid**
Léttur og þægilegur eróbikkskór
með góðri öndun. Mjúkur en
stöðugur Phylon millisóli

Leiðb. verð kr. 8.490.-

Loftpúði í hæl

WOMEN'S

Sportver - Toppmenn - K-sport - Fjölsport - Maraþon





**Glimmer Mid**
Léttur og þægilegur eróbikkskór
með góðri öndun. Mjúk en stöðug
Phylon dempun

Leiðb.verð kr. 6.490.-

WOMEN'S

Útilíf - Sportver - Fjölsport - Íþróttabúðin



Michael: *My father is no different than any powerful man, any man with power, like a president or senator.*

Kay Adams: *Do you know how naive you sound, Michael? Presidents and senators don‘t have men killed.*

Michael: *Oh. Who‘s being naive, Kay?*

Michael Corleone útskýrir fyrir eiginkonu sinni Kay hvernig kaupin á eyrinni ganga fyrir sig í fyrstu Guðföðurmyndinni.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Óþekkt stórstjarna

Andy Serkis telst varla venjulegur leikari. Þó hann eigi vissulega myndir á borð við 13 going 30 og 24 hour Party People þá er hann þekktastur fyrir magnaða túlkun á Gollum og Smeagal í Hringadrottinssögu. Leikarinn fékk frábæra dóma fyrir leik sinn en gengið var framhjá honum þegar tilnefnt var til óskarsverðlauna þau þrjú ár sem föruneytið var á ferðinni. Kvikmyndaakademían taldi óhæft að töluvgerð persóna fengi tilnefningu. Reyndar er þetta í annað skiptið sem slíkt gerist því mörgum fannst Robin Williams eiga skilið tilnefningu fyrir „leik“ sinn sem andinn í Disney teiknimyndinni Aladdin árið 1993. Það verður þó að setja spurningamerki við dómgreind akademíunnar í tilviki Serkis því Peter Jackson taldi nauðsynlegt að Gollum væri leikin af manneskju. „Það er ekki hægt að hafa tölvuteiknaða persónu með tölvurödd af því að þá nærðu engum persónulegum tengslum við hana,“ sagði leikstjórinn. Hlutverkið útheimti mikla vinnu fyrir Serkis en hann þurfti allan tímann að vera í búningi með punktum sem tölvur gátu notað til að nema hreyfingar hans. Röddin er ekki síður eftirminnileg en Serkis sagðist hafa notað köttinn sinn þegar hann hóstar upp hárbolta sem fyrirmynd hennar. Serkis var meðal þeirra fyrstu sem komu til liðs við Jackson og var sá allra síðasti sem yfirgaf tökustaðinn. Það þarf síðan varla að hafa fleiri orð um velgengni Hringadrottinssögu. Peter Jackson var ekki í vafa um hver ætti að verða „skærasta“ stjarnan þetta árið enda ætlaði að hann að beita sömu tækni við gerð King Kong. Serkis var búinn að ná fullkomnum tökum á henni og því í raun bara formsatriði að fá hann í liðið. Hvort leikarinn festist sem tölvugerð persóna verður að koma í ljós en meðal verkefna sem eru á dagskrá hjá honum er mynd með Mickey Rourke og Ewan McGregor.



**ANDY SERKIS** Mætir hér til frumsýningar King Kong í New York. Hann verður að teljast einhver skærasta stjarna kvikmyndanna þótt fáir viti deili á honum. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



### > Ekki missa af...

... Tim Burton‘s Corpse Bride. Stórkostleg brúðuskemmtun með magnaðri tónlist Dannys Elfman. Stórleikararnir Emily Watson, Helena Bonham-Carter og Johnny Depp fara með helstu raddhlutverk. Myndin er stútfull af skemmtilegum aukapersónum en Corpse Bride er ein þeirra mynda sem nýtur sín best á hvíta tjaldinu. Ágætt að hafa þessa í bakhöndinni þegar uppselt er á King Kong.

# King Kong og fjölskyldan Stone

**Það er komið að stóru stundinni. King Kong er loksins kominn til landsins eftir langa bið og mikla spennu kvikmyndaáhugamanna.**

Þegar Peter Jackson var tólf ára fékk hann myndbandsupptökuvél að gjöf frá foreldrum sínum. Hann fór út í garð og reyndi að endurgera King Kong. Tilraunin mistókst en Jackson gleymdi aldrei þessu loðna skrímsli sem hafði látið hann gera sín fyrstu mistök á sviði kvikmynda. Fyrir níu árum hugðist Jackson svo endurnýja vinskap sinn við King Kong en þá datt inn á borðið hjá honum Hringadrottinssaga. Hann gat ekki ýtt því verkefni til hliðar enda einstakt tækifæri. Líkt og áður gleymdi Jackson ekki górillunni sinni og þegar allt æðið í kringum Föruneyti hringsins var yfirstaðið fór Jackson í megrun og kvikmyndaði loksins æskudrauminn.

Útkoman er ótrúleg ef marka má dóma erlendra miðla. Þeir mega vart vatni halda yfir þessari endurgerð en hún var ekki ókeypis. Kvikmyndin var 32 milljónum dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir. Jackson lét það ekki stöðva sig heldur pungaði sjálfur út því sem upp á vantaði. Universal-kvikmyndaverið, sem á mestan heiðurinn af því að myndin fór í framleiðslu, var heldur ekkert að kippa sér upp við aukinn kostnað enda eru forráðamenn þess eru skýjunum yfir útkomunni. Í stað þess að gera sömu mistök og kvikmyndagerðarmennirnir sem mynduðu Godzilla brenndu sig á hélt Jackson sig við New York árið 1933. Væntanlega hefði ekki mikið verið eftir af borginni ef nokkrar Harrier-þotur og flugskeyti þeirra hefðu reynt að tortíma górillunni.

Í stuttu máli er söguþráðurinn á þá leið að kvikmyndaleikstjórinn Carl Denham fer með tökulið sitt til Hauskúpueyjar ásamt leikskáldinu Jack Driscoll og leikkonunni Ann Darrow. Þar lenda þau í klónum á frumbyggjum sem vilja fórna Darrow. Kvikmyndaleikstjórinn telur sig auðvitað vera lentan í gullnámu og kvikmyndar allt sem fyrir augum ber. Þegar loks tekst að bjarga leikkonunni úr klóm ófreskjunnar er górillan lokkuð í gildru og flutt í kynningarskyni til New York með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Það eru Jack Black, Adrien Brody og Naomi Watts sem leika aðalhlutverkin auk Andy Serkis sem ljáir górillunni hreyfingar sínar. Þess má geta að Peter Jackson fékk nýverið Golden Globe-tilnefningu fyrir bestu leikstjórn og James Newton Howard fyrir bestu frumsömdu tónlistina.

Sarah Jessica Parker hreppti óvænt Golden Globe-tilnefningu fyrir leik sinn sem hin ofursnobbaða Meredith Morton í kvikmyndinni The Family Stone. Myndin segir frá því þegar áðurnefnd Morton kemur með verðandi eiginmanni sínum til jólaboðsins hjá tengdafjölskyldu sinni. Sú fjölskylda er frekar erfið í umgengni og Morton fær ekkert sérstaklega hlýjar móttökur. Hún bregður því á það ráð að fá systur sína, hina elskulegu Julie, til að koma sér til aðstoðar. Áður en hún veit af hefur þó allt farið fjandans til og jólahaldið það árið er í stórkostlegri hættu. Auk Parkers fara þau Diane Keaton, Claire Danes, Craig T. Nelson, Luke Wilson og Dermot Mulroney með aðalhlutverkin auk nýstirnisins Rachel McAdams.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**KING KONG OG ANN DARROW** Myndarinnar um górilluna og leikkonuna hefur verið beðið með mikilli óþreyju en Peter Jackson hafði ætlað að gera hana fyrir níu árum.

**FRUMSÝNDAR Í VIKUNNI**

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



| **The Family Stone** | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 5,8 / 10 |
| Metacritic.com | 8,5 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 75% / fersk |



| **King Kong** | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,0 / 10 |
| Metacritic.com | 8,7 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 86% / fersk |




# ÚTSALA ÚTSALA
# 50 – 70 % AFSLÁTTUR
## Meiri verðlækkun

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Rúllukragapeysa | 6.000.- | 2.900.- |
| Marglit peysa | 7.200.- | 2.900.- |
| Jakkapeysa | 6.200.- | 2.900.- |
| Flís-jakkapeysa | 5.300.- | 1.900.- |
| Blúndutoppur m/rós | 4.000.- | 1.900.- |
| Dömuskyrta | 4.900.- | 1.900.- |
| Ullarblaser | 6.600.- | 2.900.- |
| Gallajakki | 5.300.- | 2.500.- |
| Úlpa m/hettu og skinni | 5.800.- | 2.900.- |
| Mokkajakki | 10.800.- | 4.900.- |
| Pelsjakki | 7.900.- | 3.900.- |
| Kjóll m/perlum | 7.300.- | 2.900.- |
| Gallapils | 4.800.- | 1.900.- |
| Teinóttar buxur | 3.600.- | 1.800.- |
| Kvartbuxur | 4.700.- | 1.900.- |
| Gallabuxur | 5.400.- | 2.700.- |
| Leðurstígvél | 15.200.- | 4.900.- |
| Silfur sandalar | 5.400.- | 1.900.- |

Einnig fantaður á kr. 500.- og kr. 990.-
Og margt margt fleira

**Opið virka daga 10:00 – 18:00**
**og Laugardaga 10:00 – 16:00**

friendtex

Síðumúla 13 • 108 Reykjavík • Sími 568-2870


# Clooney sigurvegari

Þrátt fyrir að Brokeback Mountain hafi hlotið sjö tilnefningar er árangur leikarans George Clooney ekki síður merkilegur. Tvær kvikmyndir sem hann kemur nálægt eru tilnefndar til sex verðlauna en þetta eru myndirnar Syriana, sem Clooney bæði leikur í og framleiðir og svo Good Night and Good Luck en þar er leikarinn allt í öllu; leikstýrir, skrifar, framleiðir og leikur eitt aðalhlutverkanna. „Ef einhver hefði sagt við mig í janúar, þegar ég var að ljúka vinnu við Syriana og byrja á Good Night, að þessar myndir ættu eftir að njóta slíkrar velgengni hefði ég hlegið,“ sagði Clooney við blaðamenn þegar tilnefningarnar höfðu verið tilkynnntar á þriðjudaginn.

Lengi leit ekki út fyrir að Clooney tækist að slá í gegn en eftir að hafa landað hlutverki Dougs Ross á bráðavakt Michaels Crichton hefur leið hans nánast eingöngu legið upp á við. Eftir þátttökuna í Batman & Robin, sem flestir gagnrýnendur hömuðust við að tæta í sig og áhorfendur sniðgengu, ákvað Clooney að nú væri komið nóg af froðusnakki. Hann kynntist Steven Soderbergh og þeir félagar tóku upp náið samstarf sem hefur skilað sér í myndum á borð við Out of Sight, Ocean‘s myndunum tveimur auk þess sem þeir hafa verið duglegir við að aðstoða unga leikstjóra.

Í stað þess að krefjast milljóna dollara í laun hefur Clooney farið þveröfuga leið. Hann hikar ekki við að setja peninga sína í óhefðbundnar og pólitískar myndir. Syriana fjallar til að mynda um viðskiptin í olíuheiminum og Good Night er um heim fréttamennskunnar í kringum sjötta áratuginn. Hún stendur Clooney mjög nærri því faðir hans, Nick, var þulur á þessum tíma og var sá fyrsti sem sá myndina. „Hann sagði að við hefðum náð umhverfi fréttastofunnar mjög vel,“ sagði Clooney er hann var spurður um hvernig pabbanum hefði þótt myndin.

George Clooney er nú kominn aftur til starfa með Soderbergh en saman ætla þeir að gera The Good German sem gerist í seinni heimstyrjöldinni.

**-fgg**



**GEORGE CLOONEY** Hefur ríka ástæðu til að brosa þessa dagana enda eru tvær kvikmyndir sem hann kemur nálægt tilnefndar til sex Golden Globe-verðlauna.


GÓÐAR MYNDIR Á DVD
TEARS OF STONE
INCLUDES THE ORIGINAL SOUNDTRACK
DOWNFALL
Der Untergang
Lopez Fonda
MONSTER-IN-LAW
Michael Vartan
Wanda Sykes
GÓÐ JÓLAGJÖF
ÆVINTÝRAFERÐIN
ÍSLENSKT TAL
GRÍMAN 2
SONUR GRÍMUNNAR
the office
the christmas specials
BÚI & SÍMON
ÍSLENSKT TAL
CRACKING THE DA VINCI CODE
GÓÐ SKEMMTUN
BITTI NÚ
sögur úr sveitinni
Fiskurinn Snjalli
Bjarni
Bubbi Byggir
Á KAFI Í SNJÓ
Maggi
Mörgæs
3
FÁANLEGAR Í NÆSTU VERSLUN
MYNDFORM
Trönuhraun 1, 220, hfj. Sími: 534-0400, www.myndform.is
DVD
VIDEO



Ekki gleyma

...að setja hjartað í jólabakst-urinn.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN VALGEIR GUÐJÓNSSON TÓNLISTARMAÐUR

## Lýsið klikkar aldrei



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** „Ég held ég verði að segja mjólkurmatar í þessu tilliti. Hann bara kemur svo víða við.“

**Hver er besta máltíð sem þú hefur fengið?** „Flatbrauð með hangikjöti og malt eftir göngu á Gölt, sem er fjall staðsett vestur á fjörðum, eða nánar tiltekið við Súgandafjörð, árið 1981. Hún er allavega sú máltíð sem er hvað mest lifandi í minningunni.“

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** „Já, kæst skata er ómeti en annars þyki ég ósmekklega frjálslyndur í matarmálum.

**Hvað leynist í eldhússkápunum?** Þar finnst gjarnan appelsínusafi og skyr. Þar gætir þú örugglega einnig komið auga á nokkrar tegundir osta.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?** „Hnetur. Ég er einstaklega sólginn í hnetur, sérstaklega eftir að ég komst að því að þær eru svona hollar.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** „Ég á alltaf til lýsi í mínum skáp. Það klikkar aldrei.“

**Ef þú yrðar fastur á eyðieyju, hvaða mat myndir þú taka með þér?** „Ég myndi hiklaust taka með mér indverskt take-away.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** „Það mun vera þegar við fórum til Kína um árið. Þar borðuðum við það skrýtinn mat oftar en einu sinni að við þorðum ekki að spyrja hvað þetta var. Ennfremur þorðum við ekki að hugsa um hvað þetta ómeti var og höfum reynt að bægja þeim hugsunum frá okkur núna samfellt í nítján ár.

## TOMMASI: *Skorar hátt í víntímaritum*



Það má með sanni segja að Tommasi-vínin hafi slegið í gegn hér á landi undanfarin ár. Hver kannast ekki við Tommasi Rafael, Tommasi Soave, Tommasi Ripasso og svo ekki sé minnst á Tommasi Amarone. Öll þessi vín hafa unnið hug og hjörtu landsmanna og fyrir löngu orðin góðkunningjar svignandi veisluborða. Undanfarin misseri hafa Tommasi-vínin skorað hátt í víntímaritum um allan heim eins og t.d. Wine Spectator og Decanter. Jólavínið í ár er að sjálfsögðu Tommasi Ripasso. Það passar vel með reyktum mat eins og t.d. hamborgarhrygg og gaman er að smakka Tommasi Ripasso með hangikjötinu. Tommasi Ripasso er eitt af hátíðarvínum vínbúða og óhætt er að segja að viðbrögðin hafi stórkostleg.

Kynningarverð á hátíðardögum í vínbúðum 1.690 kr.






Hlynur Sigurðsson sjónvarpsmaður kýs að hafa einfaldleikann að leiðarljósi í eldhúsinu.

# Einfaldast er oft best

Hlynur Sigurðsson sjónvarpsmaður segist hafa mikla ánægju af því að matreiða og borða góðan mat. „Ég elda reyndar ekki jafn oft og konan en á móti kemur að ég vinn mikið. Ég tek þó góðar skorpur á sumrin, þá grilla ég út í eitt.“ Hlynur segist þó hafa snemma verið nokkuð liðtækur í eldhúsinu. „Ég fékk einhverra hluta vegna þá flugu í höfuðið þegar ég var um það bil fimmtán ára að ég ætlaði mér að verða bakari. Þá gerði ég lítið annað en að baka í eldhúsinu. Það tímabil stóð þó reyndar stutt yfir. Ég hef þó löngum þótt góður pylsugerðarmaður,“ segir Hlynur og bætir því við að hann sé einfaldleikinn oft bestur þegar kemur að matargerð. „Þá er það reyndar þannig á mínu heimili að bróðir minn er yfirmatreiðslumeistari á veitingastaðnum Argentínu og um leið og hann birtist fer ég að vera óöruggur í eldhúsinu.“ Aðspurður hvað honum finnist ómissandi hráefni í mat stendur ekki á svari. „Mér finnst alveg nauðsynlegt að eiga hvítlauk og klettasalat. Það eru eiginlega uppáhalds hráefnin mín. En ég verð eiginlega að segja að það sem mér finnst skemmtilegast að elda er kjöt á grilli. Það er eiginlega ekkert flóknari en það. Það að fara út á góðu sumarkvöldi algjörlega afslappaður og í góðum fíling, mögulega með bjór í hendi, er alveg yndislegt.“

Hlynur segist vera nokkuð smeykur við að reyna nýjungar í eldhúsinu. „Ég verð eiginlega að viðurkenna að ég er stundum frekar hugmyndasnauður í eldhúsinu. Eins og ég hef mikla ánægju af að borða góðan mat þá er það nú eiginlega bara synd hve erfitt ég á með að fá hugmyndir að framandi réttum. Einfaldleikinn er þó reyndar ekkert endilega verri en hvað annað.“ Hlynur tekur dæmi um góðan, einfaldan og fljótlegan rétt sem auðvelt er að elda. „Þú eldar kjúklingastrimla á pönnu og blandar saman við klettasalat, tómata, jarðarber, eða bara grænmeti almennt. Einnig er hægt að setja edik og feta-ost með og þar með er málið dautt. Þetta verður varla einfaldara og og er alveg ótrúlega bragðgott.“

### KJÚKLINGASALAT Á EINFALDA MÁTANN

Bakki af kjúklingastrimlum
Poki af kletta- og/eða lambasalati
Askja af kirsuberjatómötum
1 paprika
1 rauðlaukur
Grænar ólifur
Feta-ostur í olíu
(Ferskur parmesan)

Málið er einfalt - salatið skolað og sett í skál. Tómatar, paprika og rauðlaukur skorinn niður og bætt út í. Ólífum og feta- eða parmesanostinum bætt út í. Tilvalið er að borða með þessu heitt baguette-brauð. Þetta er fljótlegur og góður réttur.

Það má bæta fleiru í réttinn eftir smekk, t.d. jarðaberjum, balsamik-ediki eða hverju því sem fólki þykir gott.

## Hluthafafundur Mjólkurfélags Reykjavíkur hf.

LÍFLAND

Áður boðuðum hluthafafundi Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. sem vera átti þriðjudaginn 20. desember nk. er frestað til föstudagsins 30. desember nk. Fundurinn verður haldinn á Grand Hotel Reykjavík og hefst hann kl. 11.00
Fyrir fundinum liggur tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins. Lagt er til að stjórn þess fái heimild til útgáfu nýs hlutafjár og að ákvæði um forkaupsrétt hluthafa að því falli niður. Jafnframt að stjórn skipi þrír menn og einn til vara. Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu félagsins frá og með miðvikudeginum 21. desember nk.

**Dagskrá fundarins verður sem hér sem hér segir:**

1. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
2. Kosning stjórnar.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

**Stjórn Mjólkurfélags Reykjavíkur hf.**

## FRANCOIS D'ALLAINES: *Jóla pinot noir*



Bourgogne pinot noir frá François d'Allaines er dæmigert rauðvín frá Búrgundí, það er bragðmikið og elegant, með skógarilm og keim af lakkrís og trufflum. Þetta er einfaldlega mjög gott vín á góðu verði, gott með nauta- og lambakjöti. Auðvitað er Bourgogne Pinot Noir frábært með villibráð, enda nóg af kanínum, villisvínum og dádýrum í Búrgundí! Pinot noir-þrúgan er mjög viðkvæm. Veðurfarið er mjög breytilegt í Búrgundí og því er nauðsynlegt að fylgjast með henni mjög vel til að njóta einstaks karakters hennar og sérstöðu. Það gerir Francois d'Allaines. Búrgundí er lítið hérað, stærð þess er um 5% af víngerðarsvæði Frakklands, en státar af 25% af staðarheitum landsins (eða appellation). Í dag eru aðallega ræktaðar þar tvær þrúgur, pinot noir fyrir rauðvínið og chardonnay fyrir hvítvínið. Þótt lítið sé eru þar um 5000 vínframleiðendur. Verð í vínbúðum 1.490 kr.

## SCOTTISH LEADER:

# Mikil aukning í vinsældum




Sala á viskíinu skoska, Scottish Leader, hefur aukist mest miðað við önnur viskí undanfarin 3 ár í vínbúðum hérlendis. Nemur aukningin 58% og er Scottish Leader orðið næstmest selda skoska viskíð hér á landi.

Scottish Leader viskí var fyrst blandað af Ross Bros, fyrirtæki sem seldi vistir og vín í hinum fræga viskíbæ Dumbarton í Skotlandi. Fyrirtækið var stofnað árið 1817 en byrjaði ekki að blanda viskí fyrr en um 1860 og þótti

Scottish Leader bera höfuð og herðar yfir annað blandað víski og náði strax miklum vinsældum. Scottish Leader er framleitt hjá Deanston Distillery, sem staðsett er á bökkum Teith, hinnar kristaltæru ár í Skotlandi.

Scottish Leader er til í nokkrum aldursflokkum, allt að 25 ára. Hið mjúka en ríka bragð hefur gert Scottish Leader að einu þekktasta og mest selda skoska viskíi í dag og er það flutt út til yfir 40 þjóðlanda, bæði mikilla viskílanda á borð við Frakkland, Bretland og Bandaríkin sem og fjarlægra landa.

Scottish Leader hefur unnið til margra alþjóðlegra verðlauna í sínum flokki, ekki síst hefur það verði áberandi í verðlaunaveitingum fyrir hagstæð kaup. Léttur eikarkeimur einkennir það og í bragði má greina ríkt og sætt hunangsbragð með mjúkri fyllingu og góðu jafnvægi. Eftirbragðið er langt og þurrt með góðu eikarbragði.

Scottish Leader fæst í fjölmörgum umbúðum í vínbúðum, allt frá 350 ml hálfflöskum upp í 4,5 lítra risaflösku.

## VEITINGASTAÐURINN

## EINAR BEN



## *Hlýlegur og jólalegur*

**Stemningin:** Það fer ekki framhjá neinum sem heimsækir veitingastaðinn Einar Ben að hin rómaða klassíska stemning er í hávegum höfð. Hinir fjölmörgu salir veitingahússins gefa möguleika á því að upplifa staðinn aftur og aftur þar sem þeir eru svo gjörólíkir. Blái salurinn minnir á íslensku ræturnar með málverkum af athafnamanninum Einari sem prýða veggina auk annarra skreytinga í salnum, svo sem uppstoppuðu hreindýri. Rauði salurinn gefur þeim bláa lítið eftir þar sem blandað er saman fegurð og fágun sem gerir það að verkum að maður vill helst ekki mæta á svæðið nema í sínu fínasta pússi. Aðrir salir staðarins eru minni en ekki síður glæsilegir og má sérstaklega nefna barinn á efri hæðinni sem rúmar um 100 manns. Hann nýtur mikilla vinsælda því það er gott að geta tyllt sér eftir vel heppnaða máltíð og fengið sér kaffi og koníak.

**Matseðillinn:** Matseðillinn er nokkuð breytilegur eftir árstíðum . Á haustin er villibráðin í algleymingi og svo tekur jólamatseðillinn við með tilheyrandi forréttum, aðalréttum og eftirréttum. Yfir sumartímann fær léttleikinn að njóta sín Einnig eru sérréttamatseðlar og hópmatseðlar í boði. Meðal rétta á sérréttamatseðlinum má nefna kjúklingabringu með parmaskinku og rósmarín-hvítvínssmjörsósu og hreindýrasteik með rösti-kartöflu og morel-sveppasósu.

**Vinsælast:** Fiskmetið er vinsælast, sérstaklega hjá útlendingunum sem koma hingað til lands til þess að fá góðan fisk. Villibráðin kemur líka sterk inn, þá sérstaklega hreindýrið sem er alltaf jafn vinsælt.

**Réttur dagsins:** Einar Ben býður ekki upp á sérstaka rétti dagsins en eins og áður segir eru þeir með sérstakan sérréttamatseðil sem er í gangi allan ársins hring. Vert er að minnast á vínlista staðarins sem er einkar glæsilegur. Þar er hægt að fá margar frábærar víntegundir svo sem Chateau-neuf du Pape 2000 og hið frábæra Chateau Lynch-Bages Grand Cru 1999.



fjörið... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**THE SHNEEDLES** Aukasýningin verður haldin þann 28. janúar.

## *Aukasýning með The Shneedles*

Aukasýning með fjölleikahópnum The Shneedles verður haldin í Austurbæjarbíói 28. janúar, daginn eftir fyrri sýninguna.
Á sýningunni er blandað saman fimleikum, látbragðsleik, trúðslátum og töfrabrögðum og þykir útkoman engu lík. Sýningin byggir ekki á töluðu máli og því höfðar hún til allra aldurshópa.
Nánast er uppselt á fyrri sýninguna og því var ákveðið að efna til annarrar sýningar. Miðasala á aukasýninguna hefst í dag klukkan 10.00. Fer hún fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á event.is.



**VALGERÐUR MATTHÍASDÓTTIR: FÆR ÁHORFENDUR FRÁ INNLITI/ÚTLITI**

Vala Matt færði sig yfir á Sirkus eftir að hafa gert Innlit/útlit að einum vinsælasta þætti landsins á Skjá einum. Veggfóður hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi ef marka má áhorfstölur en hann lenti langt á eftir samkeppnisaðilanum á Skjá einum í síðustu könnun. Það er þó ekki laust við að fyrrverandi samherjar Völu finni til með henni og þeir hafa því staðið fyrir söfnun og náð að nurla saman til að gefa henni áhorfendur enda veitir víst ekki af...

**DAVÍÐ ODDSSON: FJÖGURRA MYNDDISKASAFN MEÐ RÆÐUM STEINGRÍMS J. SIGFÚSSONAR**

Davíð Oddsson hefur látið af störfum sem stjórnmálamaður og sest að í Seðlabankanum. Þar er töluvert rólegra en á Alþingi og stjórnarandstaðan er nánast ekkert að atast í honum. Þó að í fljótu bragði virðist þetta vera það besta í stöðunni gæti Davíð fljótlega farið að leiðast þófið og viljað komast í hasar á ný. Nýir menn standa hins vegar við stjórnvölinn og því verður Davíð bara að láta sér nægja að horfa á úr fjarlægð. Auðvitað hafa velgjörðarmenn Davíðs áhyggjur af því að hann fái enga útrás og hafa því tekið saman allar bestu ræður Steingríms J. Sigfússonar, ræðukóngs Alþingis. Um er að ræða fjögurra diska safn með öllu því besta sem þingmaðurinn hefur látið út úr sér á ferli sínum. Stórgóð skemmtun fyrir landsföðurinn fyrrverandi sem nú getur látið sér hlaupa kapp í kinn hvenær sem er.



# Sælla er að gefa...

Fræga, fína og valdamikla fólkið fær líka pakka undir tréð hjá sér á jólunum. Það getur þó verið þrautin þyngri að finna réttu gjöfina handa fólki sem á kannski allt. Þá reynir fyrst á hugmyndaflugið en eins og ávallt er það hugurinn sem skiptir mestu máli. Dýrar jólagjafir eru því ekki alltaf lausnin heldur fleytir ímyndunaraflið okkur oft hálfa leið.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR: PÁFAGAUKUR, LEPPUR OG SJÓRÆNINGJAFÁNI**

Björk okkar Guðmundsdóttir er einstök. Hún er einhver ríkasti listamaður okkar tíma og því er eflaust erfitt að finna jólagjöf handa henni... og þó. Björk tók nýlega pungapróf enda ætlar hún að sigla um höfin blá. Í pakkanum hennar þetta árið verður því páfagaukur sem hún getur haft á öxlinni, leppur fyrir augað og sjóræningjafáni sem blaktir við hún á úthöfunum. Sérstakur kennsludiskur frá Johnny Depp fylgir gjöfinni en þar kennir hann áhorfendum hvernig þeir geta orðið sjóræningjar að hætti Jacks Sparrow í Pirates of the Carribean.

**HANNES SMÁRASON: YOGA NÁMSKEIÐ OG SLÖKUNADISKUR**

Viðskiptamaðurinn knái hefur farið hamförum í viðskiptalífi landsins á þessu ári. Verið eins og stormsveipur eða fellibylur eftir því hvernig litið er á málið. Vinir og vandamenn vilja hins vegar að hann fái smá ró og næði á hátíð ljóss og friðar. Þess vegna hafa þeir fjárfest í sérstökum jóga-tíma hjá Guðjóni Bergman sem aðstoðar Hannes við að komast í nána snertingu við alheimskraftinn og sjálfið í sér. Í kaupbæti fylgir Töfrandi andrúmsloft eftir Friðrik Karlsson en sá diskur á víst að hjálpa til við slökun og „stuðlar að jafnvægi og hugarró í hraða nútímans,“ svo vitnað sé til leiðbeininganna.





**DORRIT MOUSSAIEFF: FÆR AÐGANG AÐ SAUMAKLÚBB**

Forsetafrúin okkar er ein sú glæsilegasta í heimi. Meira hefur hins vegar borið á glingri að undanförnu og er skemmst að minnast lokaðra hátíðartónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar þar sem barónessa mætti til að heiðra „aðalinn“ með nærveru sinni. Dorrit þráir hins vegar ekkert heitar en að komast á ný í kynni við almúgann sem er henni svo hjartfólginn og því fær hún í jólagjöf boðskort í saumaklúbb úti á Nesi. Þar fær hún eldskírn í prjónaskap en hann ætti ekki að vefjast fyrir Dorrit þar sem hún las Njálu nánast á fyrsta degi sínum hér á landi. Þar að auki verður henni gefin uppskrift að ekta íslenskri jólaköku og kleinum. Það verður ilmur úr eldhúsinu á Bessastöðum um jólin og húsfreyjan Dorrit mun ráða þar ríkjum eftir þessa gjöf.




**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR: ÁRITUÐ ÆVISAGA LINDU PÉ**

Unnur Birna verður á ferð og flugi allt næsta ár. Þvælst verður með hana til hundrað borga þar sem margvíslegum góðgerðarstörfum verður sinnt. Þá er ekki úr vegi að vera vel græjuð. Litla gjöfin í skóinn verður Blackberry-sími sem getur tekið á móti tölvupósti og gerir vinsælasta bloggara landsins kleift að halda þeim titli við. Mikilvægust verður þó árituð ævisaga Lindu Pé. Það er bók sem verður ávallt með í för á hinum fjölmörgu hótelum sem fegurðardrottningin okkar þarf nú að gista. Unnur Birna getur lært mikið af þessari bók enda er margt sem ber að varast úti í hinum stóra og hættulega heimi en freistingarnar eru margar fyrir jafn unga og saklausa stúlku og Unnur Birna er.


Nýtt Líf
er komið út




KONA ÁRSINS 2005

HÁTÍÐ Í BÆ
– glitrandi glamúr,
– sniðugar gjafir og skreytingar
– girnilegur hátíðamatur

10 FYRRUM KONUR ÁRSINS
Eins og þú hefur aldrei séð þær!

292 síður
Aldrei stærra!

SVAVA á tímamótum

Áskrift: 515 5500 / www.frodi.is


# Mjúkur desemberbúkur

Það er fátt auðveldara en að láta jólaösina og stressið sem fylgir henni koma niður á líkamanum. Hver kannast ekki við að skrópa í ræktinni og hafa engan tíma til að dúlla við sig. Á álagstímum er þó afar mikilvægt að gleyma ekki búknum. Ef enginn tími er í líkamsrækt eða nuddtíma er um að gera að gefa sér hálftíma á dag í að slaka á heima hjá sér. Eitt af því sem er alltaf jafn gott er að bera á sig ilmandi góð body-lotion fyrir svefninn. Farðu í bað, reyndu að tæma hugann og njóta stundarinnar. Þegar upp úr baðinu er komið skaltu taka þér góðan tíma í að maka á þig kremum og nudda þeim vel inn í húðina. Þegar þú ert búin að því er gott að láta makann eða börnin bera krem á bakið á þér. Elizabeth Arden og Versace eru með krem í stíl við ilminn, Crystal Noir og Provocative Woman, sem skilja eftir ljúffengan angan.




**FRÍSKLEGT** Provocative woman bodylotion frá Elizabeth Arden er sjúklega frískandi og gott.



**LÁTTU MAKANN NUDDA ÞIG** upp úr ilmandi og róandi kremum og upplifðu sanna slökun.

**DÁSAMLEGUR ILMUR** Ilmurinn Crystal Noir frá Versace er einn söluhæsti ilmurinn á Íslandi. Bodylotionið og sturtusápan eru heldur ekki síðri og hressa svo sannarlega upp á dimman desember.

# Áttunda plata Mary J. Blige

Áttunda plata söngkonunnar Mary J. Blige, The Breakthrough, kom nýverið út. Platan hefur að geyma sautján lög, þar á meðal dúett með Bono þar sem þau taka U2-lagið One. Einnig syngur Blige dúett með Jay Z á plötunni.

Fyrsta plata Blige, What´s the 411, kom út fyrir þrettán árum. Síðan hefur hún hlotið þrenn Grammy-verðlaun og selt plötur sínar í milljónum eintaka. Hefur hún verið nefnd díva hiphop- og sálartónlistarinnar í Bandaríkjunum. ■



**MARY J. BLIGE**
Söngkonan vinsæla hefur gefið út sína áttundu plötu.

# Vel heppnað jólaskraut

**[UMFJÖLLUN]**
**TÓNLIST**

Með plötunni Jólaskraut vildu útgefendurnir gera gömul og góð jólalög af plötunum Jól alla daga og Í hátíðarskapi aðgengileg nýrri kynslóð Íslendinga án þess endilega að reyna að slá þau út í flottheitum. Vinsælir flytjendur og skemmtikraftar voru fengnir til að feta í fótspor Helgu Möller og allra hinna og má vel una við útkomuna.

Jónsi kemst vel frá hinu sígilda Jól alla daga og einnig frá Gleðileg jól (allir saman), sem þó er ekki næstum því eins skemmtilegt lag. Heiða syngur Aðfangadagskvöld og Minn eini jólasveinn, bæði gullfallega, og Birgitta nær Heima um jólin mjög vel. Útgáfa Nylon af Hátíðarskapi er einnig ljúf og þægileg. Friðrik Örn sýnir góða takta í Allt það sem ég óska og sérstaklega í Ég verð heima um jólin. Sannarlega góður söngvari þar á ferð.

Helst fannst mér Sveppi ekki passa inn í þetta einvalalið söngvara. Þrátt fyrir að syngja lög sem reyna lítið á takmarkað raddsviðið þá er röddin hans því miður bara svo langt frá því að vera hljómfögur.

Jólaskraut er yfirhöfuð fín jólaplata með eftirminnilegri frammistöðu hjá Friðriki Ómari og Heiðu. Þessi gripur á örugglega eftir að koma fólki í réttu stemninguna.

**Freyr Bjarnason**




**SVEPPI, NYLON, JÓNSI, HEIÐA, BIRGITTA OG FRIÐRIK ÓMAR: JÓLASKRAUT**

NIÐURSTAÐA:

**Jólaskrautið** á örugglega eftir að koma fólki í réttu stemninguna mitt í allri jólaösinni. Friðrik Örn stendur upp úr en fast á hæla hans kemur Heiða. Sveppi hefði mátt missa sín.

# Leiðrétting

Ævintýrið um Augastein er að sjálfsögðu sýnt í Tjarnarbíói en ekki í Þjóðleikhúsinu eins og ranglega var fullyrt hér í Fréttablaðinu í gær. Ævintýrið verður sýnt klukkan 16 í dag, klukkan 17 á laugardag og klukkan 14 og 16 á sunnudag. Þetta verða einu sýningarnar í ár. Nánari upplýsingar má fá á vefsíðu leikfélagsins Á senunni, www.senan.is.



















# SVARTASTI MAÐURINN Í HOLLYWOOD

Erfitt er að finna myndir með Richard Pryor á videóleigum þessa dagana. Pryor lést síðastliðinn laugardag, og svo virðist sem margir hafi kosið að minnast hans með því að skella sér út á leigu. Þær tvær myndir sem voru í boði á Laugarásvideó voru frá afar mismunandi tímabilum.

Live and Smoking er uppistandsmynd frá 1971, þar sem Pryor er áberandi taugaveiklaður, og stendur fyrir framan hvítan áhorfendahóp sem ekki er á eitt sáttur, enda er fólk að ganga út í gríð og erg. Pryor er fyndinn til að byrja með en virðist svo gefa húmorinn upp á bátinn og einbeita sér að því að segja sögur úr fátækrahverfum Bandaríkjanna, ungur, reiður og afar hæfileikaríkur.

Hin myndin er Brewsters Millions frá 1983. Hér er Pryor orðinn einhver hæst launaði gamanleikari Bandaríkjanna. En svo virðist sem allur metnaður sé horfinn, hann reynir varla að vera fyndinn lengur. Og öll þjóðfélagsádeila er á bak og burt. Hér leikur hann mann sem erfir 30 milljónir dollara og þarf að eyða þeim öllum til þess að fá enn stærri arf. Að eyða og að græða var jú einmitt 9. áratugurinn í hnotskurn, og Pryor hefur hér lítið annað til málanna að leggja en að segja að hafnabolti sé heiðarlegri en stjórnmál, og hvetja fólk til að kjósa ekki. Pryor hafði mikil áhrif á gamanleikara eins og Eddie Murphy, Chris Rock og Arsenio Hall, en einnig Robin Williams og David Letterman. En samt var eins og Hollywood vissi aldrei hvað hún átti að gera við hann.



**WHICH WAY IS UP** Pryor lék þrjú hlutverk í myndinni.

### Frá vændishúsinu á sviðið

Pryor ólst upp í hóruhúsi ömmu sinnar í smábænum Peoria. Meðal kúnna voru borgarstjórinn, og móðir hans, sem hann hafði oft þurft að horfa á stunda viðskipti sín, yfirgaf hann þegar hann var 10 ára. Pryor skráði sig í herinn 18 ára gamall og var þar í tvö ár, en vann eftir það fyrir sér með uppistandi. Í fyrstu var grín hans meinlaust og áhorfendavænt í anda Bills Cosby, en þegar hann stóð í klúbbi í Vegas fyrir framan fullt hús árið 1967 spurði hann í hljóðnemann: „Hvern fjandann er ég að gera hér?“ og gekk út.

Upp frá þessu byrjaði hann að nota blótsyrði óspart, sem hann blandaði saman við beinskeyttar þjóðfélagsádeilur um stöðu svartra í Bandaríkjunum. Einnig átti ömurleg æska hans eftir að birtast í gríninu, svo sem þegar hann var misnotaður af kúnnum móður sinnar. Árið 1974 gaf hann út gamanplötuna That Nigger's Crazy, sem sópaði til sín verðlaunum og seldist vel. Nú voru Pryor allir vegir færir og Hollywood beið. Hann hafði leikið píanóleikara Diane Ross í Lady Sings the Blues, en nú bættust við Car Wash, Which Way Is Up og Greased Lightning, sem var drama er fjallaði um fyrsta svarta kappakstursmanninn. Einnig lék hann aftur á móti Díönu Ross í The Wiz, þar sem hann fór með hlutverk galdrakarlsins í Oz. Hins vegar var hætt við þáttaröðina Richard Pryor Show, þar sem hann þótti of hneykslandi og óútreiknanlegur. Hann hafði einnig notað kókaín í stórum stíl allan áratuginn og kvæntist sjö sinnum.



**EDDIE MURPHY** Varð fyrir miklum áhrifum frá Pryor og saman léku þeir í Harlem Nights.

### Verksmiðjumenn og ofurmenni

Áhugaverðust af myndum hans frá 8. áratugnum er þó líklega Blue Collar, sem er leikstýrð af handritshöfundi Taxi Driver, Paul Schrader. Þar leikur Pryor ásamt Harvey Keitel starfsmann í bílaverksmiðju sem blandast inn í átök verkalýðshreyfingar og yfirmanna, og hafa báðir leikarar sjaldan verið betri. Einnig lék hann aukahlutverk í Gene Wilder-myndinni Silver Streak. Myndin sjálf væri ekki eftirminnileg ef ekki væri fyrir sterka innkomu Pryors, sem lyftir henni á annað plan þegar hann og Wilder sleppa sér lausum. Þeir léku seinna saman í myndinni Stir Crazy, sem naut mikilla vinsælda árið 1980.

Sama ár kveikti Pryor í sér í eiturlyfjavímu, og var í sex vikur á spítala nær dauða en lífi. Þremur árum seinna var hann þó orðinn vinsælli en nokkurn tímann fyrr, fékk fjórar milljónir dollara fyrir að leika í Superman III sem þá þótti óheyrilega há upphæð, og skrifaði undir 40 milljóna dollara samning við Columbia-kvikmyndaverið.

### Milljónir Pryors

En svo virtist sem Pryor hafði misst metnaðinn. Myndir hans, eins og Brewsters Millions, Critical Condition og Moving, urðu sífellt slakari. „Hann er latur, tekur peninginn og er alveg sama,“ sagði ein fyrrverandi eiginkvenna hans. Bestu myndir hans frá tímabilinu eru uppistandsmyndin Live At Sunset Strip (1982), og hin sjálfsævisögulega Jo-Jo Dancer Your Life Is Calling, sem báðar fjölluðu um brunann mikla. Árið 1986 greindist Pryor með sjúkdóminn MS. Þremur árum síðar lék hann á móti aðdáanda sínum, Eddie Murphy, í Harlem Nights, sem þótti fremur misheppnuð.

Undir lok ferilsins gerði hann tvær myndir með Gene Wilder. See No Evil náði ekki fyrri hæðum en Another You, sem var síðasta stóra hlutverk hans, er fremur sorgleg en fyndin, enda Pryor þá orðinn áberandi veikur. Hann dró sig að mestu leyti í hlé eftir þetta, og hans síðasta hlutverk var í David Lynch-myndinni Lost Highway frá 1997. Hann lést í Encino, Kaliforníu, 65 ára að aldri. Eitt af hans síðustu verkefnum var að framleiða mynd um sjálfa sig, sem enn er væntanleg. Leikstjóri er Walter Hill, sá sami og gerði Brewsters Millions, en hinn óþekkti Caleb Kane fer með aðalhlutverk.

# Tónleikar í kvöld



GUITAR ISLANCIO Heldur í kvöld tónleika á Draumakaffi í Mosfellsbæ klukkan níu. Miðasala verður við innganginn.

Klukkan níu í kvöld heldur Guitar Islancio tónleika á Draumakaffi í Mosfellsbæ. Á dagskrá sveitarinnar verða lög af öllum plötum hennar en þó verður lögð megináhersla á nýja diskinn, Icelandic Folk, sem tríóið gaf út á dögunum. Þar má finna gömul íslensk þjóðlög í nýjum búningi en meðal laga sem tríóið hefur tekið upp á sína arma eru Sofðu unga ástin mín og Krummi svaf í klettagjá. Á disknum njóta þeir liðsinnis hins vestur-íslenska trompetleikara Richard Gillis en góður rómur hefur verið gerður að samstarfi þeirra og tríóið spilað töluvert með honum í Kanada.

Það eru sem fyrr Björn Thoroddsen gítarleikari, Jón Rafnsson kontrabassaleikari og Gunnar Þórðarson gítarleikari sem skipa tríóið. Það var stofnað haustið 1998 og hefur nú þegar gefið út fimm geisladiska en fjórir þeirra hafa innihaldið djassaðar útgáfur af íslenskum þjóðlögum. Tríóið hefur verið duglegt að ferðast og hefur spilað meðal annars í Bretlandi og Bandaríkjunum. ■

NASA
FÖSTUD. 16. DES. 2005
IDOL Idol
STJÖRNULEIT
FÖSTUD. 16. DES. 2005
...FRÁ KL. 24.00
JÓLAGRAUTUR
HJÁLMAR
MUGISON
& TRABANT
1000 KALL INN
HÚSIÐ OPNAR KL. 24.00
LAUGARD. 17. DES. 2005
GUS
LOKSINS GUS
MIÐAVERÐ 1200 KR. Í FORSÖLU
1500 KR. Í HURÐ
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ATH!
GAMLÁRSKVÖLD
SÁLIN
FORSALA MIÐA
HEFST FÖSTUD. 16. DES. FRÁ KL. 13-16 Á NASA
MIÐAVERÐ 2900 KR.
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA
VATIKANIÐ

Gefðu jólagjöf sem vex




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4800

Framtíðarreikningur fyrir hrausta krakka



- Bestu vextir sparireikninga bankans
- Verðtryggður reikningur
- Auðvelt og þægilegt að spara reglulega
- Bundinn þar til barnið verður 18 ára

Flottur Latabæjarbolur í jólapakka fylgir Framtíðarreikningi*

Þú færð Framtíðarreikning í næsta útibúi Íslandsbanka og á isb.is.

ÍSLANDSBANKI | 100%

*3.000 kr. lágmarksupphæð.









# Persónulegir útgáfutónleikar

Jónsi heldur útgáfutónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan 21.00 vegna fyrstu sólóplötu sinnar sem heitir Jónsi.

Á tónleikunum mun hann flytja lög af plötunni ásamt jólalögum og öðrum lögum sem hafa verið honum efst í huga undanfarin ár. Jónsi er mjög spenntur fyrir því að syngja í Fríkirkjunni. „Þetta er mjög persónuleg plata sem ég gaf út og mér finnst Fríkirkjan vera mjög persónulegur staður," segir Jónsi, sem býst við þó nokkurri jólastemningu. „Við förum ekki varhluta af því að þetta er um jólatíðina og líklegast munum við verða í góðum jólafíling," segir hann. Tónleikarnir í kvöld verða þeir einu hjá Jónsa fram að jólum en hann mun þess í stað halda áfram sínu striki með hljómsveitinni Í svörtum fötum.

Sama fjögurra manna hljómsveit og leikur á plötunni kemur fram með honum á tónleikunum, en hana skipa Karl O. Olgeirsson á píanó sem jafnframt er hljómsveitarstjóri, Ómar Guðjónsson á gítar, Tómas Tómasson á bassa og Birgir Baldursson á trommur.

Plata Jónsa hefur verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum Poppplata ársins og Jónsi er jafnframt tilnefndur sem Söngvari ársins. ■



**JÓNSI** Útgáfutónleikar Jónsa verða haldnir í Fríkirkjunni í kvöld.








**GARÐAR THÓR CORTES** Fyrsta sólóplata tenórsins hefur selst vel yfir 5000 eintökum.

# Gull-Garðar

Fyrsta sólóplata tenórsins Garðars Thórs Cortes hefur selst í vel yfir 5000 eintökum og er því komin í gull.

Garðar fékk plötuna afhenta í Íslandi í dag í gær og við sama tækifæri var sýnt frá tveimur tónleikum sem hann hélt í Grafarvogskirkju. Tónleikarnir verða á dagskrá Stöðvar 2 á jóladag.

Garðar var á dögunum tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna og svo virðist sem hann hafi unnið hug og hjörtu Íslendinga með þessari fyrstu plötu sinni. ■



**KATIE MELUA** Söngkonan vinsæla heldur tónleika í Laugardalshöll 31. mars.

# Miðarnir að seljast upp

Uppselt er á þrjú svæði af fjórum á tónleika söngkonunnar Katie Melua í Laugardalshöll 31. mars.

Innan við 300 miðar eru eftir.

Katie Melua, sem er 21 árs, hefur heldur betur slegið í gegn undanfarið. Hún á m.a. fjórðu mest seldu plötu erlends listamanns á Íslandi um þessar mundir, Piece By Piece. Þar er að finna hið vinsæla lag Nine Million Bycicles.

Miðasala fer fram í Skífunni, BT úti á landsbyggðinni og einnig á concert.is. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Vilhjálmur prins hefur tilkynnt að hann ætli sér að taka sér frí frá herþjálfun sinni til þess að horfa á enska landsliðið í knattspyrnu næsta sumar þegar baráttan um heimsmeistaratitilinn hefst í Þýskalandi í júní. Að sögn hefur hann ákveðið þetta þrátt fyrir að hann viti að hann muni missa mikið úr skóla vegna þessa.



Tónlistarmaðurinn Boy George og fyrrum nektarfyrirsætan Anna Nicole Smith, hafa bæði samþykkt að taka þátt í næstu seríu af raunveruleikaþáttunum Celebrity Big Brother í Englandi. George, sem var fyrir nokkrum mánuðum ákærður fyrir að geyma fíkniefni á heimili sínu, ætlar að vera með í þáttunum umdeildu þrátt fyrir ákærurnar.



Kate Beckinsdale hefur viðurkennt að hún dansi nektardans fyrir eiginmann sinn, leikastjórann Len Wisemann, í gegnum vefmyndavél þegar hann er í burtu frá henni löngum stundum vegna vinnu. Þetta sagði hún í samtali við Playboy-tímaritið. „Þetta var hugmynd Len's og hann setti upp myndavélarnar. Hann segir mér hvernig ég á að vera klædd á hverju kvöldi. Þetta hefur hjálpað mikið í sambandi okkar."



Scarlett Johansson hefur samþykkt að taka að sér hlutverk í kvikmynd Christophers Nolan sem ber heitið The Prestige. Aðrir sem hafa nú þegar samþykkt að taka þátt í myndinni eru Christian Bale, Michael Caine, Hugh Jackman og David Bowie. Verður þetta næsta verkefni leikkonunnar og munu tökur hefjast í janúar á næsta ári og standa fram í mars.

# Eitt lag best

**[ TÓNLIST ]**

**UMJFÖLLUN**

Sign spilar rokktónlist sem var vinsælust á níunda áratugnum þegar hárfagrar hetjur sungu með skrækum rómi lög og vælandi gítarsóló voru í tísku. Ragnar Zolberg hefur reyndar ekki jafn skrækan róm og margar þessar hetjur en lagasmíðarnar eru engu að síður af svipuðum toga. Margir rokkarar líta til þessa tímabils með hryllingi en ekki Sign.

Ragnar er flottur rokkari með góða rödd og kann alla taktana upp á hár. Hljóðfæraleikurinn og hljómurinn er einnig til fyrirmyndar en lögin á þessari þriðju plötu Sign eru aftur á móti æði misjöfn og í raun ekkert sem grípur mann að ráði nema A Little Bit, sem er langbesta lag plötunnar. Hin lögin eru því miður ekkert eftirminnileg nema þá helst fyrsta lagið Lift Me Up, sem er ágætis rokkari, og ballaðan Breathe.

Ef Sign ætlar að halda áfram í þessari tónlistarstefnu verður sveitin að semja meira grípandi lög og vera jafnvel aðeins frumlegri því annars annars nær hún aldrei almennilega upp á yfirborðið. Efniviðurinn er til staðar en hún þarf að gera einhverjar breytingar ef einhver á virkilega að leggja við hlustir í framtíðinni.

**Freyr Bjarnason**




**SIGN:**

THANK GOD FOR SILENCE

**Niðurstaða:** A Little Bit er langbesta lag þessarar þriðju plötu Sign. Hin lögin eru flest hver lítt eftirminnileg og bara alls ekki nógu grípandi.

HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is










**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 2-4-6-8-10 | B.I. 12 |
| KING KONG VIP | KL. 2-6-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 1.50-5-8.10 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 2-4-6-8 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| THE EXORCISM OF EMILY ROSE | KL. 10 | B.I. 16 |
| INTO THE BLUE | KL. 8 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 9 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 | B.I. 10 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4.20-8-11.40 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8-10.10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN




| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5-7-9-11 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 8-10.15 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6 | |
| NOEL | KL. 6-8 | |
| LORD OF WAR | KL. 10 | B.I. 16 |

Háskólabíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Orðrómur er uppi um að írski leikarinn Colin Farrell hafi farið í meðferð vegna þess að hann tók inn of stóran skammt af eiturlyfjum. Var hann fluttur í bráðamóttöku í Uruguay á föstudag eftir að hafa tekið skammtinn. Útvarpsstöð í Uruguay sagði að leifar af



marijúana, kókaíni og öðru efni hefðu fundist í blóði hans. Talsmaður Farrells hefur harðlega neitað þessu og segir að hann sé einungis háður verkjalyfjum og sé örmgagna eins og áður hefur komið fram.

Poppprinsessan Britney Spears segir að eiginmaður sinn Kevin Federline hafi ekki talað illa um hjónaband þeirra, sem margir telja að standi á brauðfótum.



Í viðtali við In Touch Weekly er haft eftir Federline að hann geti ekki búið með henni því hún sé alltaf að ráðskast með hann. Talskona Spears segir að fréttin sé hrein lygi. Spears og Kevin séu eins og hvert annað par sem rífist en nái síðan sáttum.

Fyrirsætan Rachel Hunter, fyrrverandi eiginkona rokkarans Rod sStewart, var flutt á bráðadeildina á sjúkrahúsi í London á dögunum með



mikla magaverki. Eftir að hafa gengist undir læknisrannsóknir var hún útskrifuð. Bíður hún nú niðurstaðanna og heldur sér á meðan gangandi með því að nota sterkar verkjatöflur.

Stúlknasveitin The Sugababes mun hita upp fyrir strákabandið Take That á þrennum risatónleikum á Þúsaldarvellinum í Cardiff, Manchester Stadium og á Wembley í júní á næsta ári. Meðlimir Take That vonast til að Robbie Williams stígi á svið með sínum gömlu félögum á síðustu tónleikunum.



# Fernir tónleikar

Í tilefni af útkomu plötunnar Attempted Flight By Winged Men mun hafnfirska rokksveitin Úlpa halda ferna tónleika fyrir jól.

Sveitin spilar á Prikinu í kvöld en annað kvöld heldur hún tvenna tónleika. Þeir fyrri verða í plötubúð Smekkleysu klukkan 17.00 og þeir síðari á Grand Rokki ásamt Worm is Green. Miðaverð á þá tónleika er 500 krónur. Á laugardag spilar Úlpa síðan á Dillum með plötusnúðnum 9 sec. ■



**ÚLPA**
Rokksveitin Úlpa gaf nýverið út plötuna Attempted Flight By Winged Men.

# Bjart yfir Svölu

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Svala Björgvinsdóttir fór fyrir nokkrum árum til Bandaríkjanna þar sem átti að gera hana að stjörnu, en því miður fyrir hana fuku þær áætlanir út í veður og vind.

Hún kom út úr því ævintýri með dýrmæta reynslu sem hún ákvað að nýta sér við gerð þessarar plötu. Í þetta skiptið fékk hún að ráða öllu sem hún vildi án þess að þurfa að hlíta fyrirmælum erlendra hljómplötumógúla. Hún fékk pabba sinn Björgvin til að stjórna upptökum, auk þess sem hann syngur bakraddir í nokkrum lögum. Krummi, bróðir Svölu, kemur einnig við sögu í laginu We´re All Grown Up. Sem sagt, mikil fjölskyldustemning þarna í gangi.

Eins og nafnið gefur til kynna er Svala frjáls sem fuglinn á þessari plötu og virðist njóta sín vel fyrir framan míkrafóninn. Hið einlæga We´re All Grown Up er eitt besta lag plötunnar þar sem Krummi kemur sterkur inn og hljómar um leið ótrúlega líkt og faðir sinn. Fleiri lög sem stóðu upp úr sem grípandi popplög voru fyrstu þrjú lögin: Midnight Sun, Sweet Things og Watch Out, sem hafði þó aðallega að geyma öflugt viðlag. Auk þess stóðu Dreams Come True og Coming Around Again vel fyrir sínu. Hin lögin skildu frekar lítið eftir sig.

Það er bjart yfir þessari nýjustu plötu Svölu og margt mjög vel gert. Um helmingur plötunnar er hlaðinn ágætis poppi og þar sannast að Svala er hæfileikaríkur tónlistarmaður sem á framtíðina fyrir sér.

**Freyr Bjarnason**



**SVALA: BIRD OF FREEDOM**

NIÐURSTAÐA:

**Það** er bjart yfir þessari nýjustu plötu Svölu. Um helmingur plötunnar er í fínu lagi og þar sannast að Svala er hæfileikaríkur tónlistarmaður.

**Jeppa- og vélsleðagalli**

*Jakki og buxur á* **18.600** *kr.*




**Gjöf fyrir þann sem þér er hlýtt til.**

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS

05-0062 KC



## Björgvin í 28. sæti

Skíðafólkið Björgvin Björgvinsson og Dagný Linda Kristjánsdóttir voru bæði á ferðinni á stórsvigsmóti á Ítalíu. Björgvin varð í 28. sæti en Dagný Linda kom í mark á fertugasta besta tímanum.

# sport

sport@frettabladid.is

B-LIÐ KR Í KÖRFUBOLTANUM: MÆTIR GRINDAVÍK Í SEXTÁN LIÐA ÚRSLITUM BIKARKEPPNINNAR

# *Bumban slær í gegn í bikarkeppninni*

Framganga B-liðs KR í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar hefur vakið mikla athygli en í síðustu viku lagði liðið 1. deildarlið Stjörnunnar í 32-liða úrslitum. KR-b liðið, sem gárungar kalla Bumbuna, mætir Grindavík í sextán liða úrslitum keppninnar 7. janúar næstkomandi og segir Lárus Þór Árnason, gömul kempa hjá KR en núverandi forsvarsmaður Bumbunnar, að hann og félagar hans í liðinu séu staðráðnir í að stríða Grindvíkingum.

„Við þekkjum náttúrlega til Friðriks Inga (Rúnarssonar) þjálfara og það kæmi mér ekki á óvart ef hann bætti við sig mönnum fyrir leikinn gegn okkur," sagði Lárus kíminn við Fréttablaðið í gær. Í Bumbunni er að finna mörg kunnugleg nöfn, svo sem Birgi Mikaelsson og Hermann Hauksson, sem augljóslega kunna ennþá sitthvað fyrir sér í íþróttinni. Að sögn Lárusar er nafnið á liðinu tilkomið vegna misjafns líkamlegs ástand leikmanna, en hjá nokkrum er ístran farin að ná örlítið yfir beltisstað. Það aftraði liðinu þó ekki frá því að vinna 83-78 sigur á Stjörnunni, sem meðal annars er með öflugan Bandaríkjamann í sínum röðum.

„Þetta byrjaði fyrir nokkrum árum síðan og hefur smám saman verið að vinda upp á sig, gamlir leikmann hafa verið að koma inn og í dag æfum við einu sinni til tvisvar í viku og spilum í 2. deildinni. En í svona bikarkeppni fá menn alltaf aukinn kraft og í leiknum gegn Stjörnunni náðum við að hanga í þeim fram á síðustu mínútu. Þá getur allt gerst og að lokum skilaði reynslan okkur sigri," segir Lárus og bætir því við að Bumban óttist ekki úrvalsdeildarlið Grindavíkur.

„Að sjálfsögðu eigum við séns en ég held að við þurfum að koma upp með einhverja snilldarlega hernaðaráætlun til að eiga möguleika. Við erum í samningaviðræðum við Pál Kolbeinsson og Ólaf Jón Ormsson um að koma til okkar og með þá innanborðs eigum við að geta staðið í Grindvíkingum," sagði Lárus að lokum.

## > Indriði vinsæll

Stoke City í Englandi er ekki eina liðið sem hefur hug á því að krækja í landsliðsmanninn Indriða Sigurðsson hjá Genk í Belgíu því að sögn Ariel Jakobs, yfirmanns knattspyrnumála hjá Genk, hafa lið frá Frakklandi og Tyrklandi spurst fyrir um Indriða. „Samningur Indriða við okkur rennur út í lok tímabilsins en það er möguleiki á framlengingu svo að við sjáum til hvað verður. Ég talaði við Indriða á þriðjudaginn og tjáði honum að það væri áhugi frá Frakklandi og Tyrklandi," segir Jakobs. „En það er allt opið og við erum tilbúnir að ræða við alla þá sem hafa áhuga á Indriða."



Héðinn Gilsson, aðstoðarþjálfari HK í handknattleik:

# Fékk tveggja leikja bann

**HANDBOLTI** Héðinn Gilsson, aðstoðarþjálfari HK, var í gær dæmdur í tveggja leikja bann fyrir hegðan sína í leik HK og Hauka 6. desember sl. Í úrskurði aganefndarinnar segir að Héðinn hafi sýnt grófa óíþróttamannslega hegðun en hann var mjög ósáttur með dómgæsluna í leiknum og endaði á því að fá rauða spjaldið fyrir kjaftbrúk.

„Ég átti alveg von á þessu fyrst ég missti mig í þessa vitleysu og verð að taka afleiðingum þess," sagði Héðinn við Fréttablaðið í gær. „En hins vegar stend ég alveg við það sem ég sagði um dómgæsluna á þessum tíma." - vig









# Bætti við fimmtánda heimsmetinu á árinu

**Kristín Rós Hákonardóttir var í gær útnefnd íþróttakona ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra. Kristín setti eitt heimsmet á árinu og á nú í heildina fimmtán heimsmet í sínum fötlunarflokki.**

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** „Þetta var svona frekar rólegt ár hjá mér en það gekk nú samt vel á öllum mótum," sagði sundkonan Kristín Rós Hákonardóttir eftir að hún tók á móti verðlaunum fyrir að vera valin íþróttakona ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra, tólfta árið í röð.

Kristín Rós, sem er grafískur hönnuður að mennt og starfar nú sem sérkennari við Öskjuhlíðarskóla, tók þátt í einu alþjóðlegu móti á árinu en það var Opna þýska meistaramótið, og setti hún þar eitt heimsmet og tvö Íslandsmet. Kristín keppir í flokki hreyfihamlaðra S7 og á öll Íslandsmetin í greinunum í hennar flokki.

Það eru mörg krefjandi verkefni framundan hjá Kristínu Rós á komandi ári. „Ég mun fara í þrígang að keppa á erlendum vettvangi fyrripart árs, og svo er heimsmeistaramótið í desember."

Aðspurð um það hvort hún stefni enn einu sinni að því að bæta árangur sinn á næsta ári, segist hún ekki vera farin að hugsa út í það. „Ég gef nú aldrei upp mín markmið en það verður bara að koma í ljós hvernig gengur hjá mér," sagði Kristín jarðbundin.

Afrekaskrá Kristínar er löng, en hún á heimsmet í níu greinum í 25 metra laug og sex í fimmtíu metra laug. Sannarlega glæsilegur afrekalisti það.

**HEIMSMET KRISTÍNAR RÓSAR:**

**25 METRA LAUG:**

50 OG 100 METRA SKRIÐSUNDI, 50, 100 OG 200 METRA BAKSUND OG 50, 100 OG 200 BRINGUSUND. AÐ AUKI Á HÚN METIÐ Í 100 METRA FJÓRSUNDI.

**50 METRA LAUG:**

50, 100 OG 200 METRA BAKSUND OG 50, 100 OG 200 BRINGUSUND.



**KRISTÍN RÓS HÁKONARDÓTTIR** Árið í ár var frekar rólegt hjá Kristínu Rós en hún keppti aðeins einu sinni á erlendum vettvangi og setti þar eitt heimsmet og tvö Íslandsmet. FRETTABLAÐIÐ/E.ÓL

Erna Maríusdóttir fékk Guðrúnarbikarinn að þessu sinni en þann bikar gaf Össur Aðalsteinsson til minningar um eiginkonu sína, Guðrúnu Pálsdóttur, árið 2000. Bikarinn er afhentur árlega konu sem starfað hefur sérlega vel á liðnu ári í þágu fatlaðs fólks, en Erna hefur verið keiluþjálfari og aðstoðarkeiluþjálfari í um fimmtán ár hjá íþróttafélaginu Ösp. Hún hefur að auki verið fararstjóri og þjálfari á vegum Íþróttasambands fatlaðra á ólympíuleikum og margoft á mótum hérlendis.

Erna fékk bikarinn ekki síst fyrir að beita sér fyrir þátttöku þroskaheftra í golfi, en hún hefur lengi verið mikill hvatamaður fatlaðra í golfi. magnush@frettabladid.is



**JÓN ODDUR HALLDÓRSSON** Jón Oddur ætlar sér stóra hluti á næsta ári en heimsmeistaramótið fer fram í september í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Jón Oddur Halldórsson valinn íþróttamaður ársins:

# Frábært ár hjá Jóni Oddi

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** „Ég er mjög sáttur með árangur minn á þessu ári. Ég hef æft samviskusamlega og vonandi næ ég að bæta mig enn meira á næsta ári. Ég stefni að góðum árangri á heimsmeistaramótinu sem fer fram í september á næsta ári," sagði frjálsíþróttamaðurinn Jón Oddur Halldórsson en hann var í gær valinn íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

Jón Oddur leggur gríðarlega hart að sér við æfingar og segir hann að fátt annað komist að hjá honum en skólinn og æfingar. „Dæmigerður dagur hjá mér er að vakna, fara í skólann, æfa seinni partinn og fara svo að sofa. Þannig er þetta eiginlega alltaf hjá mér. Æfingarnar eru einn og hálfur til tveir klukkutímar."

Jón segist eiga mikið inni og ætlar hann sér að ná fram því besta á heimsmeistaramótinu sem fer fram í Hollandi í september á næsta ári. „Ég fer á tvö eða þrjú opin mót en þau eru eins konar undirbúningsmót fyrir stóra mótið í september. Þar ætla ég að reyna að ná fram mínu besta og mínar æfingar miðast við það. Ég hef notið leiðsagnar frábærra þjálfara, Stefáns Jóhannssonar hjá Ármanni og Kára Jónssonar landsliðsþjálfara, og það er að sjálfsögðu stefna mín að ná enn lengra." - mh

# Fær hundurinn þinn í skóinn?



Landsins mesta úrval af spennandi jólavörum fyrir öll gæludýr!

**DÝRARÍKIÐ**

Grensásvegi s:5686668
Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is









**HVAÐ ER AÐ GERAST?** Dómarar og þjálfarar standa hér yfir tímavarðarborðinu þegar leikklukkan í Austurbergi gaf sig. Hún fór í gang aftur tíu mínútum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Haukarnir of sterkir fyrir ÍR

**Það var hart tekist á þegar bikarmeistarar ÍR tóku á móti Íslandsmeisturum Hauka í Austurbergi.**

**HANDBOLTI** Það var búist við tilþrifum og miklu fjöri þegar ÍR tók á móti Haukum í gær. Sú varð raunin en eftir ágæta byrjun heimamanna tóku gestirnir úr Hafnarfirði völdin og þeir slepptu þeim aldrei. Fór svo að Haukar unnu öruggan sigur, 28-33.

Heimamenn í ÍR byrjuðu leikinn miklum mun betur, voru sprækir í sókninni og vörnin var þétt. ÍR komst í 6-4 en Haukarnir jöfnuðu 6-6. Þá tók leikklukkan öll völd, sló út og sá til þess að tíu mínútna töf varð á leiknum. Heimamenn virtust einnig hafa orðið fyrir einhverju losti því skömmu síðar hrundi leikur liðsins og Haukarnir skoruðu sex mörk í röð og breyttu stöðunni úr 9-8 í 9-14.

Haukarnir keyrðu yfir ÍR-ingana í upphafi síðari hálfleiks og náðu mest sjö marka forystu, 19-26. Eftir það voru úrslitin ráðin og leikurinn fjaraði út í rólegheitum.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| ÍR-HAUKAR | 28-33 (14-18) |
|---|---|

**Mörk ÍR:** Ragnar Helgason 5, Ísleifur Sigurðsson 5, Hafsteinn Ingason 5/3, Tryggvi Haraldsson 5, Björgvin Hólmgeirsson 4, Ólafur Sigurjónsson 2, Sigurður Magnússon 1, Karl Gunnarsson 1, Leifur Jóhannesson 1.

**Varin skot:** Gísli Guðmundsson 12, Lárus Ólafsson 2.

**Mörk Hauka:** Guðmundur Pedersen 8/8, Árni Þór Sigtryggsson 6, Samúel Ívar Árnason 4, Arnar Pétursson 3, Kári Kristjánsson 3, Freyr Brynjarsson 3, Jón Karl Björnsson 3, Andri Stefan 2, Gísli Jón Þórisson 1.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 18.

SS-bikarinn:

# Haukar taka á móti Fram

**HANDBOLTI** Það var mikil spenna þegar dregið var í undanúrslit SS-bikars karla í gær. Undanúrslitarimmurnar eru verulega áhugaverðar en Íslandsmeistarar Hauka taka á móti hinu spræka liði Fram.

Í hinni viðureigninni tekur Stjarnan á móti ÍBV en með Stjörnunni leika fyrrum leikmenn ÍBV, Roland Eradze og Tite Kalandadze. Leikirnir fara fram 11. og 12. febrúar.



**ÁFRAM ÍSLAND** Stefnt er að því að fjölmenna á EM í Sviss í janúar.

EM í Sviss:

# Hópferð með HSÍ til Sviss

**HANDBOLTI** Það styttist óðum í Evrópukeppnina í handbolta sem fram fer í Sviss í lok janúar. Nokkur stemning er að myndast fyrir mótinu og þess vegna hefur HSÍ brugðið á það ráð að standa fyrir hópferð á mótið.

Flogið er út 26. janúar með beinu flugi til Zürich í Sviss en gist er í þrjár nætur á fjögurra stjörnu hóteli í miðbæ Zürich.

Pakkinn kostar 59.900 kr. og innifalið í verðinu er morgunverðarhlaðborð og miðar á leikina þrjá hjá Íslandi í riðlakeppninni. Flogið er heim eftir lokaleikinn gegn Ungverjum. Þeir sem hafa hug á að skella sér með verða að hafa hraðar hendur því bóka þarf fyrir föstudag. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 585-4000 eða á hsi@hsi.is.





hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm

gæðahúsgögn

HÖFUM OPNAÐ NÝJA GLÆSILEGA VERSLUN AÐ

# DALSHRAUNI 1

Hafnarfirði



**DALSHRAUN 1 HAFNARFIRÐI**

**SÍMI. 565 1234**

draumagolf

JÓLAGJÖF GOLFARANS
www.draumagolf.is
GOLFEINKAÞJÁLFUN

- kennsla hjá PGA golfkennara
- aðhald sem gefur árangur
- sveiflan á einkasvæði
- tölfræðin á einum stað
- árangursríkar æfingar, vetur og sumar/inni og úti

GJAFAKORT
FYRIR ALLA KYLFINGA

JON KARLSSON PGA
GOLFKENNARI

Sími: 511-2812




# Fram hefur komið mest á óvart

**Ágúst Jóhannsson, þjálfari kvennaliðs Vals í handbolta, segir Íslandsmótið hafa verið virkilega skemmtilegt það sem af er og vonast eftir áframhaldandi spennu. Hann telur Fram hafa komið liða mest á óvart.**

**HANDBOLTI** „Mér finnst Íslandsmótið hafa verið virkilega skemmtilegt í ár. Breytingin á leikjafyrirkomulaginu hefur virkað ágætlega og félögin hafa náð að skapa betri umgjörð um leikina en oft áður,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals í DHL-deild kvenna.

Keppni í DHL-deild karla hefur verið jöfn og spennandi það sem af er vetri en nokkur lið hafa komið skemmtilega á óvart. „Fram hefur komið verulega óvart í vetur. Skipulagið á leik liðsins er til fyrirmyndar og það á bæði við um vörn og sókn. Valsliðið hefur að mörgu leyti líka komið á óvart því handboltinn sem liðið spilar er hraður og skemmtilegur. Þar eru ungir strákar að leika stórt hlutverk og það er gott fyrir íslenskan handbolta. Þá hafa ungir íslenskir markverðir tekið miklum framförum. Strákar eins og Gísli Guðmundsson, Hlynur Morthens og Pálmar Pétursson eru nú orðnir virkilega góðir markmenn.“

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Handknattleikssamband Íslands, er ánægður með framvindu mótsins sem það er af er og segir hann flest félögin í deildinni standa prýðilega að því að skapa góða stemningu á deildarleikjunum. „Ég hef séð marga leiki í vetur og mér finnst stemningin í húsunum oftast hafa verið einstaklega lífleg og þá hefur oftast nær verið spilaður skipulagðari og betri handbolti heldur en oft áður. Þá eru margir ungir leikmenn að láta að sér kveða í deildinni og það á eftir að skila sér vel til framtíðar.“

Valur er nokkuð óvænt í fyrsta sæti í deildinni eftir að hafa leikið þrettán leiki en Fram kemur næst, stigi á eftir. Ágúst er viss um að lið Hauka eigi eftir að koma sterkt til leiks seinni part móts, en liðið er nú í þriðja sæti og á meðal annars leik til góða á Val. „Mér finnst eins og þátttakan í Evrópukeppninni hafi setið svolítið í leikmönnum Hauka en lykilmenn liðsins, Andri Stefán og Árni Sigtryggsson, eiga heilmikið inni. Ég spái því að þeir komi sterkari til leiks í seinnihluta móts.“

magnush@frettabladid.is



**BALDVIN ÞORSTEINSSON** Baldvin hefur leikið einstaklega vel með Valsmönnum það sem af er Íslandsmóti og er markahæsti leikmaður DHL-deildarinnar með 93 mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## TÖLFRÆÐI DHL-DEILD KARLA

### MARKASKORUN:

| | |
|---|---|
| **1.BALDVIN ÞORSTEINSSON, VAL** | **93 MÖRK** |
| 2.MLADEN CUCIC, ÍBV | 87 |
| **3.VLADIMIR CURIC, SELFOSS** | **85** |
| 4.MOHAMADI LOUTOUFI, VALUR | 81 |
| **5.VALDIMAR ÞÓRSSON HK** | **81** |
| 6.ERNIR HRAFN ARNARSON AFTUREL. | 77 |
| **7.GORAN KUZMANOSKIM ÍBV** | **74** |
| 8.EINAR INGI HRAFNSSON AFTUREL. | 72 |
| **9.HEIMIR ÁRNASON, FYLKIR** | **71** |
| 10.AIGARS LAZDINS, ÞÓR | 69 |

### OFTAST ÚTAF Í TVÆR MÍNÚTUR:

| | |
|---|---|
| **1.BJÖRN FRIÐRIKSSON, STJARNAN** | **19** |
| 2.ÞORRI BJÖRN GUNNARSSON, FRAM | 18 |
| **3.SVERRIR BJÖRNSSON, FRAM** | **18** |
| 4.PÁLMI HLÖÐVERSSON, FH | 16 |
| **5.SINDRI HARALDSSON, FH ÞÓR** | **16** |
| 6.GUÐLAUGUR ARNARSSON, FYLKIR | 15 |
| **7.KARL GUNNARSSON, ÍR** | **15** |
| 8.INGVAR ÁRNASON, VALUR | 15 |
| **9.HJALTI PÁLMASON, VALUR** | **14** |
| 10.MICHAL DOSTALIK, ÍBV | 13 |

### STAÐAN Í DHL-DEILD KARLA:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **13** | **10** | **1** | **2** | **407:362** | **21** |
| FRAM | 13 | 9 | 2 | 2 | 365:343 | 20 |
| **HAUKAR** | **11** | **8** | **1** | **2** | **324:288** | **17** |
| FYLKIR | 13 | 7 | 2 | 4 | 356:328 | 16 |
| **KA** | **12** | **6** | **3** | **3** | **324:316** | **15** |
| STJARNAN | 12 | 5 | 3 | 4 | 337:321 | 13 |
| **AFTURELDING** | **13** | **5** | **2** | **6** | **328:336** | **12** |
| ÍR | 12 | 5 | 1 | 6 | 396:379 | 11 |
| **ÍBV** | **13** | **5** | **1** | **7** | **383:418** | **11** |
| HK | 12 | 4 | 2 | 6 | 337:342 | 10 |
| **FH** | **13** | **4** | **1** | **8** | **364:370** | **9** |
| ÞÓR AK. | 13 | 3 | 3 | 7 | 358:383 | 9 |
| **SELFOSS** | **13** | **3** | **1** | **9** | **359:406** | **7** |
| VÍK/FJÖL | 13 | 2 | 1 | 10 | 350:396 | 5 |

Riley stýrði Miami til sigurs:

## Riley sigraði í fyrsta leik

**KÖRFUBOLTI** Pat Riley stýrði liði Miami Heat í gær í fyrsta sinn síðan hann tók við stjórn liðsins af Stan Van Gundy, sem hætti af persónulegum ástæðum fyrir skömmu. Miami Heat vann Chicago Bulls 100-97 í leiknum og fagnaði Riley ógurlega að leik loknum. Riley var um árabil einn af virtustu þjálfurum NBA-deildarinnar og hann var glaður að vera kominn í þá stöðu að nýju. „Ég mun þurfa langan tíma til þess að venjast starfinu á nýjan leik en ég get ekki leynt því að mér líður dásamlega núna.“

Shaquille O'Neal, miðherji Miami, var ánægður með úrslitin. „Þetta var góður sigur og það var mikilvægt fyrir Riley að byrja á sigri.”

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

12 13 14 **15** 16 17 18

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Haukar** og **Breiðablik** mætast í Iceland Express-deild kvenna.
- 19.15 **ÍR** og **Þór** mætast í Iceland Express-deild karla..
- 19.15 **Snæfell** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild karla..
- 19.15 **Höttur** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla..
- 19.15 **Fjölnir** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild kvenna.
- 19.15 **Keflavík** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland Express-deild karla..

### SJÓNVARP

- 10.10 **Heimsmeistarakeppni félagsliða** á Sýn. Liverpool og Deportivo Saprissa mætast.
- 16.20 **Heimsmeistarakeppni félagsliða** á Sýn. Liverpool og Deportivo Saprissa mætast.
- 19.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 21.00 **NBA** á Sýn. Detroit Pistons og Sacramento Kings.
- 23.55 **Heimsmeistarakeppni félagsliða** á Sýn. Liverpool og Deportivo Saprissa mætast.

Liverpool leikur sinn fyrsta leik á HM félagsliða í dag:

## Eigum að vinna þetta mót

**FÓTBOLTI** „Við getum orðið heimsmeistarar félagsliða og það kemur ekkert annað til greina en að vinna þetta mót,“ sagði Jamie Carragher við opinbera vefsíðu Liverpool í gær, en Liverpool mætir í dag Deportivo Saprissa frá Kostaríka á heimsmeistaramóti félagsliða sem fram fer í Japan.

Liverpool er óneitanlega sterkasta liðið sem keppir í mótinu en mörg liðin sem taka þátt eru með óþekkta leikmenn innanborðs sem ekki hafa látið mikið að sér kveða á alþjóðlegum vettvangi. „Ég geri kröfu um að við vinnum þetta mót. Það má þó ekki vanmeta liðin sem taka þátt í mótinu því þau eru öll sterk. Við höfum verið að leika einstaklega vel að undanförnu og ef við höldum áfram á sömu braut er liðið líklegt til þess að ógna Chelsea í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar,“ sagði Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, en hann leggur mikla áherslu á þessa keppni og vonast til þess að Liverpool sanni fyrir stuðningsmönnum sínum að Evrópumeistaratitillinn í vor hafi ekki verið nein tilviljun.

- mh



**JAMIE CARRAGHER** Carragher hefur leikið stórkostlega með Liverpool á leiktíðinni og verður eflaust í byrjunarliði Englands á HM í Þýskalandi ef hann heldur áfram á sömu braut. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON** Kemur heim um áramótin.

Þórður Guðjónsson:

## Laus frá Stoke

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Þórður Guðjónsson er laus allra mála hjá Stoke City eftir að hafa náð samkomulagi við forráðamenn félagsins um starfslokasamning. Nú er ekkert því til fyrirstöðu að hann gangi til liðs við ÍA strax eftir áramót og nái þar með stærstum hluta undirbúningstímabilsins.

Eins og kunnugt er átti Þórður í deilum við stjórn Stoke um starfslokasamning og leit á tímabili út fyrir að hann myndi ekki koma til móts við félaga sína hjá ÍA fyrr en um mitt næsta sumar.

- vig

Lazio borgar sektina af fasistakveðju Paolo Di Canio:

## Ég mun halda áfram að heilsa svona

**FÓTBOLTI** Ítalski knattspyrnumaðurinn Paolo Di Canio hjá Lazio kveðst munu halda áfram að heilsa stuðningsmönnum sínum að sið nasista, þrátt fyrir að hafa verið ávíttur af ítalska knattspyrnusambandinu vegna þessa í annað skiptið á skömmum tíma. Di Canio rétti fram beina hendi í átt að stuðningsmönnum sínum þegar hann gekk af velli í leik Lazio og Livorno um síðustu helgi, andstæðingum fasisma til mikils ama. Lazio hefur verið sektað um 600 þúsund krónur vegna uppátækis Di Canio en sjálfur hlaut leikmaðurinn enga refsingu.



„Með þessari kveðju er ég að staðfesta veru mína í hópi fólks sem trúir á ákveðin gildi í samfélaginu. Ég er stoltur af því að tengjast slíkum hópi og mun halda áfram að votta honum virðingu mína með þessum hætti,“ segir Di Canio, sem hlaut 800 þúsund króna sekt fyrir að gera slíkt hið sama í leik gegn Roma fyrir tveimur mánuðum síðan. Ítalska knattspyrnusambandið er sagt vera að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að refsa Di Canio með fjársekt eða jafnvel leikbanni.

„Ef svo er fer ég fram á að forseti Lazio verji mig fram í rauðan dauðann. Að sjálfsögðu býst ég við 100 prósenta stuðningi frá mínu félagi og verð mjög sár ef það bregst,“ segir Di Canio, sem hefur aldrei farið leynt með skoðanir sínar.

- vig



**FASISTINN** Paolo Di Canio hefur í tvígang veifað til áhorfenda að sið fasista og hefur hann í kjölfarið verið mikið gagnrýndur. Hann segir sér þó ekki geta staðið meira á sama.




VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR HEIMS ER NÚNA Á SIRKUS.
HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Hello?... Yes. There is a beautiful woman in my bed, and a dead man in my bath.“**

**Svar:** Jacques Clouseau úr kvikmyndinni The Pink Panther Strikes Again frá árinu 1976.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HATAST VIÐ BANDARÍKJAMENN.

## *Kanagrýlan drepur gott efni*

Bretar standa öllu þjóðum freamar í gerð úrvalsjónvarpsefnis en bandarískt sjónvarpsefni er illu heilli langmest áberandi í íslensku sjónvarpi. Það gerist þó alltaf af og til, á svona tuttugu ára fresti, að Kaninn hittir í mark og sendir frá sér gamanþætti sem jafnast á við það besta frá Bretanum. Þættirnir um löggufautann Sledge Hammer náðu þessum hæðum á níunda áratugnum en fengu svo litlar undirtektir í heimalandinu að framleiðslu þeirra var hætt eftir tvö ár. Þá horfði Kaninn mest á Cosby Show hroðann.

Nýjasta dæmið um þetta eru snilldarþættirnir Arrested Development sem Stöð 2 sýnir um þessar mundir. Þættirnir fjalla um kengruglaða fjölskyldu sem þykir oft ýkt í Ameríku með allar sínar hneigðir og veilur og þættirnir hafa því verið slegnir af. Árgangarnir verða aðeins þrír og sá síðasti meira að segja styttri en upphaflega var gert ráð fyrir.

Á meðan er Arrested tekið tveim höndum í Evrópu en við verðum að sætta okkur við það að í þessi fáu skipti sem Bandaríkjamenn hitta virkilega naglann á höfuðið þá eru þeir svo vitlausir að þeir fatta það ekki.

Amerískir sjónvarpsáhorfendur eru því miður upp til hópa fífl sem búið er að mata svo lengi á rusli að þeir kunna ekki gott að meta. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur munu væntanlega feta sömu braut en enn er von. Skopskyn okkar er ekki alveg gelt ennþá og á meðan Kaninn fattar ekki djókið í þáttunum og afskrifar þá sem bull horfum við á þetta eins og Innlit/útlit og finnst við vera fluga á vegg í íbúð nágrannans. Það er náttúrlega óþolandi hvað þessi þjóð í vestri hefur mikil áhrif á líf okkar hinna með því að kjósa ítrekað yfir sig fífl fyrir forseta og drepa gott sjónvarpsefni með sömu músarholusjónarmiðum og ráða því hvernig hún ráðstafar atkvæðum sínum.



**ARRESTED DEVELOPMENT** Bandarískir snilldarþættir sem hafa verið slegnir af í heimalandinu.



▶ 20.50 *Gaman*

SVONA VAR ÞAÐ



▶ 21.10 *Drama*

FOOTBALLER'S WIVES



▶ 21.40 *Spenna*

SMALLVILLE



▶ 20.00 *Raunveruleiki*

ÍSLENSKI BACHELORINN



▶ 21.00 *Körfubolti*

NBA TV DAILY

### SJÓNVARPIÐ

**16.30** Handboltakvöld **17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (14:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Stundin okkar **18.25** Latibær

**18.50** **Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (15:24)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.25** **Nýgræðingar (88:93)** (Scrubs)
▶ **20.50** **Svona var það** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.
**21.15** **Launráð** (Alias IV)Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Blackpool (4:6)** Breskur myndaflokkur. Ripley Holden rekur leiktækjasal í Blackpool og ætlar sér að efnast vel. En það syrtir í álinn fyrir Holden þegar ungur maður finnst látinn í fyrirtæki hans.

**23.25** Aðþrengdar eiginkonur (17:23) **0.10** Kastljós **1.00** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (17:145) **10.20** Josie and the Pussycats

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Blue Collar TV **13.30** Fresh Prince of Bel Air **13.55** The Block 2 (e) **14.40** Two and a Half Men **15.05** What Not to Wear **16.00** Barnaefni Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Ísland í dag**
**19.05** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Galdrabókin (15:24)** Nýtt íslenskt jóladagatal.
**19.45** **The Simpsons (4:22)**
**20.10** **Strákarnir**
**20.40** **Eldsnöggt með Jóa Fel (8:8)** Bakarameistarinn Jói Fel kann þá list betur en margir aðrir að búa til einfaldaen girnilega rétti. Hann heldur uppteknum hætti og kitlar bragðlauka sjónvarpsáhorfenda sem aldrei fyrr.
▶ **21.10** **Footballer's Wives (8:9)** (Ástir í boltanum 4) Bönnuð börnum.
**22.00** **Afterlife (6:6)** (Framhaldslíf) Bönnuð börnum.
**22.50** **Hitcher 2: I've Been Waiting** (Puttalingurinn 2) Stranglega bönnuð börnum.

**0.20** The 4400 **1.05** Six Feet Under **2.00** Alien (Str. b. börnum) **3.50** Twenty Four 3 (14:24) (e) **4.35** Silent Witness (5:8) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**18.55** **Fashion Television (7:34)**
**19.20** **Ástarfleyið (8:11)**
**20.00** **Friends 5 (13:23)** (Vinir)
**20.30** **Sirkus RVK (7:30)** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
**21.00** **Ástarfleyið (9:11)**
▶ **21.40** **Smallville (1:22)** (Crusade) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville. Í Smallville býr unglingurinnClark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd.
**22.25** **Girls Next Door (7:15)** (Just Shoot Me)
**22.50** **So You Think You Can Dance (11:12)**

**23.40** Rescue Me (11:13) **0.25** Friends 5 (13:23) (e) **0.50** The Newlyweds (9:30) **1.15** Tru Calling (9:20)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Sirrý (e)

**19.20** **Fasteignasjónvarpið (e)** Umsjón hafa Hlynur Sigurðsson og Þyri Ásta Hafsteinsdóttir.
**19.30** **Complete Savages (e)**
▶ **20.00** **Íslenski bachelorinn – úrslitaþáttur**
**21.00** **Íslenski bachelorinn – bein útsending**
**22.00** **Silvía Nótt – tvöfaldur** Frægasta frekjudós landsins snýr aftur í haust og heldur áfram að stuða áhorfendur með sínum óútreiknalegu uppátækjum og dekurstælum. Egóið hefur aldrei verið stærra enda sló þessi margumtalaða pabbastelpa rækilega í gegn á nýliðnu sumri og þátturinn hennar var einn af vinsælustu þáttum sumarsins.

**23.00** Jay Leno **23.45** Jamie Oliver's School Dinners (e) **0.35** Cheers (e) **1.00** NÁTTHRAFNAR **1.00** Everybody loves Raymond **1.25** Da Vinci's Inquest **2.10** Fasteignasjónvarpið (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**10.10** FIFA World Cup Championship 2006

**15.30** X-Games 2005 (1:1) **16.20** FIFA World Cup Championship 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur.
**19.00** **NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**19.30** **A1 Grand Prix** Ítarleg umfjöllun um heimsbikarinn í kappakstri.
**20.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notaða bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu.
▶ **21.00** **NBA TV Daily 2005/2006** (Detroit – Sacramento)(Aukaleikur af NBA TV)Útsending frá NBA deildinni.

**23.00** Tiger Woods (3:3) **23.55** FIFA World Cup Championship 2006

### STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Serendipity **10.00** Wild About Harry **12.00** Sounder **14.00** Big Fat Liar **16.00** Serendipity **18.00** Wild About Harry **20.00** **Sounder** Fjölskyldufaðirinn er fundinn sekur um glæp og sendur í fangelsi. **22.00** **Love Liza** (Með ástarkveðju Liza) Gráglettin verðlaunamynd semfjallar um vefhönnuð sem ánetjast bensínsniffi. **0.00** Drugstore Cowboy (Bönnuð börnum) **2.00** Dancing at the Blue Iguana (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Love Liza (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** The Soup UK **14.00** High Price of Fame **15.00** High Price of Fame **16.00** 50 Steamiest Southern Stars (1) **17.00** 50 Steamiest Southern Stars (2) **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **22.00** Superstar Money Gone Bad **22.30** Party @ the Palms **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Superstar Money Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** W.B.A. – Man. City frá 10.12 **16.00** Man. Utd. – Wigan frá 14.12 **18.00** Everton – West Ham

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“**
**21.00** **Man. Utd. – Everton frá 11.12**

**23.00** Chelsea – Wigan frá 10.12 **1.00** Tottenham – Portsmouth frá 12.12 **3.00** Dagskrárlok


www.expressferdir.is

## ROBBIE WILLIAMS Í GAUTABORG!

### 02.- 05. JÚLÍ

Express Ferðir hafa tryggt sér nokkra miða á stórtónleika Robbie Williams í Gautaborg næsta sumar. Tónleikarnir verða 2. júlí á hinum glæsilega Ullevi-leikvangi. Hvernig væri að skella sér út og sjá hinn eina sanna Robbie Williams fara á kostum?

RISATÓNLEIKAR Í GAUTABORG!
56.900 kr.
INNIFALIÐ:
Flug, gisting í 3 nætur með morgunverði og miði á tónleikana. Þrjú hótel í boði. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

## CHELSEA - CHARLTON

### 21.- 23. JANÚAR

Stemningin á Stamford Bridge er alltaf mögnuð. Þann 21. janúar mæta Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton á Brúnna og munu án efa gera allt sem í þeirra valdi stendur til að framkvæma það sem fæstum tekst; að leggja Eið og félaga í Chelsea á heimavelli.

MÖGNUÐ BOLTAFERÐ
59.900 kr.
INNIFALIÐ:
Flug og skattar, 2 nætur á Chelsea Village hótelinu (4 stjörnur) með morgunverði, miði á leikinn og þriggja rétta máltíð með hálfri flösku af víni hússins. Dagskrárblað leiksins er einnig innifalið. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á www.expressferdir.is

Express Ferðir

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Eldsnöggt með Jóa Fel Stöð 2 kl. 20.40

*Bakarameistarinn Jói Fel*



### *Idol dómararnir í jólaboði*

Bakarameistarinn Jói Fel kann þá list betur en margir aðrir að búa til einfalda en girnilega rétti. Hann heldur uppteknum hætti og kitlar bragðlauka sjónvarpsáhorfenda sem aldrei fyrr. Þetta eru réttir sem henta við öll tækifæri en hráefnið er af ýmsum toga. Í þessum lokaþætti ætlar Jói að elda ekta jólamat fyrir dómnefndina í Idol-stjörnuleit; sveppasúpu, hamborgarhrygg með rauðvínssósu og heimalöguðu rauðkáli og ís í eftirrétt. Hvað dóma fá jólakræsingar Jóa?



▶ **09.00**

***Fréttir***

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

## NFS

**7.00** Ísland í bítið ▶ **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþr

**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.
**20.10** Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**22.30** **Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.**

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.15** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **14.00** Snooker: UK Championship York **16.30** Football: UEFA Cup **17.30** Cross-country Skiing: World Cup Canmore Canada **18.30** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **19.30** Cross-country Skiing: World Cup Canmore Canada **20.45** Snooker: UK Championship York **22.30** Football: UEFA Cup **0.00** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** The Good Life **12.30** Butterflies **13.00** Miss Marple **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Last of the Summer Wine **19.30** 2 point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Strictly Come Dancing **22.30** What I Wish I'd Known When I Was 20 **23.00** Strictly Come Dancing **23.20** The Big Impression: Euro 2004 Special **0.00** Wild Africa **1.00** Great Railway Journeys of the World **2.00** Discovering Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Spider Power **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Hogzilla **16.00** Alien Big Cats **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Evolution **19.00** Spider Power **20.00** Inside 9/11 **21.00** Elephant Rage **22.00** Wild Sex **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Elephant Rage **1.00** Evolution

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Wild Indonesia **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Killer Crocs of Costa Rica **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Killer Crocs of Costa Rica **2.00** The Snake Buster

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See MTV **14.00** Pimp My Ride **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** Punk'd **20.00** Wonder Showzen **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Switched On MTV **23.00** Superock **0.00** Just See MTV

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **20.30** Fortune Files 2 **21.00** Hogan Knows Best **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** The Fabulous Life of... **0.30** VH1 Hits

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Laufskálinn **9.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.24** Augl. **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Undarleg ósköp að vera kona: Nóra eftir að hún skildi

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Snow Patrol **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying




NÝTT

Kaffilituð spónlögð eik

veggeining 199.000 stgr
sófasett 3+2+1 169.000 stgr
sófaborð 49.000 stgr
barborð 19.900 stgr

KOMDU Á ÓVART

Stækkanlegu borðstofuborðin komin aftur
Nýkomið mikið úrval af sófum og sófasettum

fyrir þá sem versla fyrir 100.000 eða meira
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
fram að jólum

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-18 sunnudaga 13-18

mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300
WWW.MIRAART.IS












Borð m/stækkun

L220 B110 H 76 79.900 stgr
L200 B100 H 76 69.900 stgr
L180 B 90 H 76 64.900 stgr
L160 B 90 H 76 59.900 stgr

Stóll m/leðuráferð 11.900 stgr

KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fá hönnuðirnir María Ólafsdóttir og Sunneva Vigfúsdóttir sem hannað hafa smekklegan kvenfatnað úr íslensku loðskinni en fötin eiga að gera konum kleift að klæða af sér íslenska veðráttu með stæl.*

## AÐ MÍNU SKAPI SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Thelma, Brynja, Chopin og Aida*



**TÓNLIST** Góð tónlist er að mínu mati sú tónlist sem hefur góð áhrif á mig. Það getur jafnt verið endurreisnartónlist, píanókonsert eftir Chopin, ballaða með George Michael, fönk eða óperuaríur. Allt eftir því í hvaða skapi ég er þann daginn. Undanfarið hef ég mest hlustað á kvikmyndatónlist frá sjöunda og áttunda áratugnum í tengslum við nýju plötuna mína, Melodiu.

**BÓK** Ég vildi óska að ég gæti nefnt eitthvað menningarlegt afþreyingarefni, en því miður gefst mér afar sjaldan tími til að lesa. Það eru helst skólabækurnar sem hafa fengið athygli mína undanfarið, en ég er í kennaranámi við Listaháskóla Íslands. Sú síðasta sem ég gluggaði í heitir „Stefnur og straumar í uppeldissögu“. Annars langar mig mikið í góðar bækur í jólagjöf og hef til dæmis áhuga á sögu Thelmu Ásdísardóttur; Myndinni af pabba.

**BÚÐ** Ég er algjör ísæta og væri ekki samkvæm sjálfri mér ef ég nefndi ekki einhverjar af ísbúðum landsins. Verslunin Brynja á Akureyri býr til einn besta ís sem ég hef smakkað. Ég get ekki farið norður án þess að kaupa mér ís í Brynju og helst fleiri en einn. Svo er það að sjálfsögðu Ísbúðin á Hagamel. Þessar tvær eru alveg toppurinn í mínum huga.

**BÍÓMYND** Það er eins með bíómyndir og bækur að ég hef ekki gefið mér tíma undanfarið til að fara í bíó eða horfa á sjónvarp. Það vill oft verða svo þegar börn eru komin í spilið að maður endar á barnamyndunum og hef ég ákveðið að fara með börnin á Litla kjúllann fyrir jól. Væri líka til í að sjá heimildarmyndina um mörgæsirnar „La marche de l'empereur“. Ég sá sýnt úr henni og það var mjög skondið.

**BORG** Í fyrra fór ég í menningarreisu til Vínarborgar með skólafélögum úr Listaháskólanum og þar fórum við á nokkrar óperusýningar og tónleika. Merkasta afrekið var þó fyrsta skiptið til Bandaríkjanna þegar ég heimsótti New York og Chicago. Það var mjög skemmtileg upplifun en ég sá söngleikinn Aidu á Broadway og kíkti í nokkur af hæstu háhýsum heimsins. Annars er Reykjavík alltaf í uppáhaldi. Þar býr fjölskyldan mín og flestir vinir mínir.

**VERKEFNI** Það sem stendur hæst þessa dagana er nýútkomin sólóplata mín Melodia, sem ég vann í samstarfi við Samma bróður. Svo er ég að leggja lokahönd á próf og verkefnaskil í Listaháskólanum þannig að jólagjafakaup, bakstur og jólakortaskrif hafa alveg setið á hakanum, enda er ég ákveðin í að stressa mig ekki um of fyrir þessi jól og láta góða skapið halda sér.



**LÁRÉTT**
**2** drykkur **6** í röð **8** flan **9** stansa **11** 2 eins **12** japla **14** bragðbætir **16** skóli **17** rotnun **18** kærleikur **20** gangþófi **21** yfirbragð.

**LÓÐRÉTT**
**1** vond **3** rykkorn **4** páfagaukur **5** þrá **7** þokast **10** for **13** meðal **15** krydd **16** blástur **19** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** kakó, **6** lm, **8** ras, **9** æja, **11** kk, **12** maula, **14** krydd, **16** ma, **17** fúi, **18** ást, **20** il, **21** stíl. **LÓÐRÉTT: 1** slæm, **3** ar, **4** kakadúi, **5** ósk, **7** mjakast, **10** aur, **13** lyf, **15** dill, **16** más, **19** tí.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Hong Kong
2. Stanley Tookie Williams
3. Theo Walcott

## STEFÁN MÁNI: ÓSÁTTUR VIÐ EDDU ÚTGÁFU

# Segir hana draga lappirnar í þýðingu Svartur á leik

Það virðist hafa kastast í kekki milli rithöfundarins Stefáns Mána og útgáfufélagi hans, Eddu. Rithöfundurinn er ómyrkur í máli hvað samstarfið varðar og telur sig ekki njóta sannmælis.

Fyrir þessi jól kom út bókin Túristi sem Stefán Máni vill meina að sé hálfgert olnbogabarn í öllu jólabókaflóðinu. „Þetta var bók sem þeir hjá Eddu vildu ekki gefa út en létu til leiðast svo að þeir misstu mig ekki,“ segir Stefán. Hann bendir á að bókin hafi nánast ekkert verið auglýst og útgáfan hljóti því að hafa fengið harkaleg viðbrögð frá rithöfundum hjá þeirri útgáfu en Túristi fjallar einmitt um heim bókmenntanna hér á landi. „Ég veit ekki hvað vakir fyrir þeim,“ bætir rithöfundurinn við og er augljóslega mjög sár yfir þessari meðferð.

Þá segir Stefán Máni farir sínar ekki sléttar hvað þýðingu skáldsögunnar Svartur á leik varðar en hún er tilnefnd til Glerlykilsins, Norrænu glæpasagnaverðlaunanna. „Þeir eru hættir við að þýða hana sem getur þýtt að hún verði alls ekki tilnefnd,“ segir Stefán Máni en bókin seldist mjög vel á sínum tíma og verður að öllum líkindum kvikmynduð innan tveggja ára.

Rithöfundurinn útilokar ekki róttækar aðgerðar og segir ekki lokum fyrir það skotið að hann hætti hjá Eddu. „Þetta gengur ekki til lengdar og þeir verða að hífa upp um sig buxurnar ef þeir ætla ekki að klúðra þessu endanlega,“ lýsir Stefán yfir.



**STEFÁN MÁNI** Er reiður yfir þeirri meðferð sem nýjasta bókin hans, Túristi, hefur fengið. Hann útilokar ekki að hætta hjá Eddu útgáfu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**KRISTJÁN B. JÓNASSON** „Bókin Túristi hefur ekki fengið góða dóma eða viðtökur í það heila,“ segir Kristján.

Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri hjá Eddu útgáfu, var mjög leiður yfir því í hvernig farvegi þetta mál væri nú komið en sagði fullkomlega eðlilegar skýringar á þessu öllu. „Bókin Túristi hefur ekki fengið góða dóma eða viðtökur yfir í það heila,“ útskýrir hann og segir að þeir hafi mætt ákveðnum mótbyr. „Það breytir því ekki að ég hef fulla trú á Stefáni Mána og tel að hann eigi öll sín bestu verk eftir,“ segir hann.

Kristján viðurkennir á hinn boginn að þýðingin á bókinni Svartur á leik sé erfiðleikum bundin. „Þegar aðrar bækur hafa verið tilnefndar til þessara verðlauna hafa útgáfusamningar verið fyrir hendi og menn því getað samnýtt þá. Svo er ekki í þessu máli og því verður Edda að standa allan straum af kostnaðinum við þýðinguna,“ segir Kristján en telur af og frá að þeir séu búnir að loka á alla möguleika heldur verði leitað

allt tilboð
Alla föstudaga

STÓR HUMAR
RISARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Lagahöfundar berjast

Vegleg forkeppni fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva verður haldin í byrjun næsta árs. Að sögn Jónatans Garðarssonar, talsmanns keppninnar, er þetta gert vegna þess að á næsta ári verða tuttugu ár liðin síðan Icy-tríóið steig á sviðið í Björgvin og flutti lagið Gleðibankinn. „Ríkisjónvarpið fagnar einnig fjörutíu ára afmæli og því var ákveðið að gera keppnina sem veglegasta,“ segir hann. Alls voru send inn 226 lög til valnefndar og heldur Jónatan að aldrei hafi borist jafnmörg lög. „Valnefnd, skipuð fimm aðilum frá FÍH, FTT og RÚV, sjá um að velja lögin en nöfn þeirra verða ekki gefin upp,“ útskýrir Jónatan en leyndin tryggir þeim frið fyrir hvers kyns áreiti. Keppnin á næsta ári verður með óvenjulegu sniði en um er að ræða þrjár forkeppnir þar sem átta lög berjast um fjögur laus sæti hverju sinni. Fyrsta keppnin verður 21. janúar og sú síðasta tveim vikum seinna. „Tólf lög keppa því pottþétt í lokakeppninni 18. febrúar en við verðum einnig með svokallað „Wildcard“ sem þýðir að við getum tekið lög inn sem eiga kannski fyllilegt erindi inn í keppnina,“ útskýrir Jónatan og því er ekki öll von úti hjá þeim sem koma vel út úr atkvæðagreiðslunni en lenda ekki í fjórum efstu sætunum.



**JÓNATAN GARÐARSSON** Er ánægður með þann fjölda sem sendi inn lög fyrir forkeppni söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

Margir góðkunningjar keppninnar komust áfram í gegnum niðurskurðinn og má þar nefna Önnu Mjöll Ólafsdóttur, Eyjólf Kristjánsson og Þorvald Bjarna Þorvaldsson. Jónatan segir hópinn þó vera góða blöndu af reynsluboltum og nýgræðingum. „Það sem kom mér mest á óvart var hversu fjölbreytt lögin voru.“

Nú tekur við blóðug barátta hjá lagahöfundum að finna flytjendur fyrir lagið en endanlegri útgáfu verður að skila fyrir 15. janúar. „Það vilja auðvitað allir að söngvarinn eða söngkonan syngi bara þeirra lag.“ Að sögn Jónatans hefur ekkert verið ákveðið hvort þessi keppni verði hér eftir árviss atburður en það ráðist auðvitað mikið af því hvernig til tekst. „Það hefur verið rætt að halda forkeppni af þessu tagi á tveggja til þriggja ára fresti,“ sagði hann.

freyrgigja@frettabladid.is



SOFÐU VEL UM JÓLIN
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu
Chiropractic®
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi
Jólatilboð
Signature Queen kr. 119.900.-
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
Einstök þrýsitjöfnun og réttur stuðningur
Jólatilboð
Queen stærð
kr. 129.900.-
Gerðu samanburð
iq-care.com
Nýr fjölstillanlegur Wallhugger
S-CAPE
WALLHUGGER
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-
Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla
BIFLEX
Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-
Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Large kr. 7.490.-
Medium kr. 6.990.-
Small kr. 5.990.-
Vinsælasta jólagjöfin
Amerískar heilsudýnur
SLEEP & HEALTH
FLIPFREE
Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.-
Sleep Series
FLIPFREE
Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.-
Queen 153x200 69.900.-
Leður Hægindastólar
Kr. 54.000.-
Svefnsófar
Verð frá kr. 79.900.-
Úrval af húsgögnum
Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.
Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000





Björgvin Halldórsson Árin öld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970–2005
Stórkostleg safnplata í næstu verslun




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## *Jólahugvekja*

Nú eru jólin á næsta leiti. Ég verð alltaf glaður að sjá þegar jólaljósin byrja að koma upp. Sjálfur hef ég reyndar ekki gaman af að hengja upp jólaseríur. Mér leiðist að hanga úti í glugga með teiknibólur og límband og fá seríuna til að passa í gluggann. Flestir jólaseríuframleiðendur virðast líka ganga út frá því að fólk sé með rafmagnsinnstungur í gluggakistunum hjá sér. En mér finnst gaman að horfa á jólaseríur hjá öðrum.

**VIÐ** höldum jólin hátíðleg til að minna okkur á ljósið í svartasta skammdeginu. Það minnir okkur á sumarið og að það mun koma aftur, þótt maður eigi oft erfitt með að trúa því. Ljósið minnir okkur á það að eftir hverja nótt kemur dagur. Það er fyrirheit um betri tíma. Og grenigreinarnar minna okkur á græna lit sumarsins.

**ÉG** fæ samt stundum kvíðahnút þegar ég fletti „jólagjafahandbókunum" sem ég fæ sífellt inn um lúguna heima. Er fólk virkilega að gefa börnunum sínum 50 og 100.000 kall í jólagjöf? Bara í morgun fékk ég enn eina jólahandbókina þar sem var verið að selja tölvu á jólatilboði á 240.000 kall. Hver gefur 240.000 í jólagjöf? Ég kaupi mér bíla á 240.000! Af hverju er fólk að gefa svona dýrar gjafir? Hefur fólkið kannski slæma samvisku? Getur verið að því líði illa yfir hvað það hefur talað lítið saman og eytt litlum tíma með börnunum sínum? Getur verið að verð jólagjafarinnar sé í nokkuð jöfnu hlutfalli við stærð samviskubitsins? Þegar það er komið yfir 200.000 þá er nú eitthvað mikið að!

**JÓLIN** eru táknræn fæðingarhátíð Jesú Krists. Þau eru tækifæri fyrir okkur til að gefa af okkur og gleðja aðra sem kannski búa við myrkur inni í sér. Við höfum tækifæri til að koma með ljós inn í líf þeirra. Og það þarf ekkert mikið. Það þarf engar flugeldasýningar. Það er nóg að gefa kertaljós af kærleika. Kertaloginn er þeim göldrum gæddur að hann minnkar ekki þótt maður gefi af honum.

**ÞAÐ** dýrmætasta sem við höfum að gefa öðrum, sérstaklega börnum okkar og fjölskyldu, er einfaldlega tími okkar og athygli. Það er ómetanlegt. Sá sem gefur börnum sínum tíma sinn fær hann margfalt til baka. Það er mikið sælla að gefa en þiggja. ■


# Glæsileg gjöf




**15 tonn af ÍSLANDSATLAS Eddu seldust upp á aðeins þrem vikum.**

**Tryggðu þér eintak af atlasinum úr næstu prentun á kynningarverðinu 19.990 kr.** (fullt verð 24.990 kr.) **með GJAFAKORTI og fáðu bókina Hugmyndir sem breyttu heiminum að gjöf með.**

**Kaupauki - Frítt með!**

**GJAFAKORT að ÍSLANDSATLAS Eddu ásamt bókinni Hugmyndir sem breyttu heiminum frítt með**
**Á AÐEINS 19.990 kr.**
**verðmæti 29.980 kr.**

Önnur prentun af Íslandsatlas Eddu verður til afhendingar 1. febrúar 2006.

Penninn | Eymundsson – svör við öllu | Bóka Búðir Máls og menningar

Pöntunarsími: 511 1130



*60% loftmengunar í Reykjavík er vegna nagladekkja og tjöru!*

VELJIÐ BRIDGESTONE LOFTBÓLUDEKK

**15%–20% AFSLÁTTUR NÆSTU DAGA**



*Ekki nokkur vafi á að loftbóludekkin frá Bridgestone er ein merkasta nýjung sem fram hefur komið í þróun hjólbarða síðustu árin!*

... segir **Gunni Gunn**, margfaldur Íslandsmeistari í torfæruakstri. Hann hefur um árabil rekið hjólbarðaþjónustu í Keflavík.

**Helstu söluaðilar fyrir BRIDGESTONE:**

**REYKJAVÍK & NÁGRENNI:** ORMSSON, Lágmúla 9, Rvík. • Bílaáttan, Smiðjuvegur 30, Kópav. • Smurstöðin Klöpp, Vegmúli 4, Rvík. • ESSO, Geirsgötu 19, Rvík. • Smur, Bón og Dekk, Sætúni 4, Rvík. • Smur- og dekkjaþj. Breiðholts, Jafnaseli • Hjólbarðaþj. Hjalta, Hjallahr. 4, Hafnarf. **SUÐURNES:** Hjólbarðaþj. Gunna Gunn, Keflavík • Bílaþj. Vitatorg, Sandgerði **VESTMANNAEYJAR:** Áhaldaleigan **VESTUR- & NORÐURLAND:** Hjólbarðaviðgerðin, Akranesi • Bifreiðaþjón. Borgarnesi • Guttormur Sigurðsson, Ólafsvík • Bílagerði, Hvammstanga • Hjólbarðaþj. Óskars, Sauðárkróki • Dekkjahöllin, Akureyri • Bílaleiga Húsavíkur **AUSTURLAND:** BB Ljósaland, Fáskrúðsfirði • B.S. Bílaverkst. Neskaupstað • Bílaverkst. Ásbjörns. Eskifirði

**15%–20% AFSLÁTTUR**

ORMSSON
DEKKJAÞJÓNUSTA • LÁGMÚLA 9
SALA 530-2842 / 896-0578
VERKSTÆÐI 530-2846 / 899-2844